Árið 1240 lauk innanlandsófriði þeim sem staðið hafði í Noregi með hléum allt frá falli Sigurðar konungs Jórsalafara 1130. Reyndar var ríkiserfðalögunum frá 1162 ætlað að binda enda á borgarastyrjöldina en friður komst ekki á fyrr en með falli Skúla Bárðarsonar og ætt Sverris konungs Sigurðssonar hlaut fullkominn sigur. Kirkjan átti undir högg að sækja á valdatíð Sverris konungs en eftir dauða hans 1202 tók smám saman að léttast til í samskiptum við konungsvaldið. Endanlegar sættir tókust svo árið 1247, þegar Vilhjálmur kardín-áli af Sabína kom til Noregs, sendur af Innocentiusi IV. páfa, til að vígja Hákon Hákonarson konung. Næstu fjóra áratugi unnu kirkja og konungur saman að því að efla norska konungdæmið.

Hákon gamli Hákonarson lést í Kirkjuvogi á Orkneyjum árið 1263 í herför til að reyna að styrkja ríki sitt. Við völdum í Noregi tók Magnús sonur hans sem reyndar var krýndur konungur árið 1261. Hann lét fljótlega af þeirri stefnu föður síns að þenja út ríkið og lét Skotakonungi eftir Mön og Suðureyjar árið 1266 í skiptum fyrir yfirráðarétt yfir Orkneyjum og Hjaltlandi. Magnús hóf þessu næst að endurskoða lög í Noregi og er hann nefndur *lagabætir* í Oddaverjaannál (*Islandske Annaler*:484).⁹ Það er ekki ófyrirsynju, enda tókst honum á fáeinum árum að koma á réttareiningu í Noregi, löngu áður en slíkt náði fram að ganga t.a.m. í Danmörku eða Svíþjóð (Helle 1974:125–126, 134–135, Ólafur Lárusson 1958:200–201, Bøe 1966:231–237). Lengi hefur tíðkast að deila endurskoðun laganna á tvö tímabil og skal hér getið helstu atriða þeirrar tvískiptingar.

Á seinni hluta 13. aldar voru fjögur lögþing í Noregi. Þau elstu voru Gulapþing og Frostapþing frá 10. öld, þá kom Eiðsivapþing (Upplönd) sem Ólafur helgi setti um 1021 en yngst var Borgarþing og er þess fyrst getið í heimildum árið 1224 (Bøe 1965:178). Þessi þing höfðu sérstök lög sem hafa varðveist að hluta til (*NgL* I:1–110, 121–258, Jón Jóhannesson 1958:16, 89–90, Bøe 1966:231); telja sumir að á yngri þingunum tveimur hafi sömu lög gilt að einhverju leyti (Seip 1957:149, Knudsen 1958:526). Í fyrri umferð lagaendurskoðunar Magnúsar konungs lét hann semja ný landshluta- og samþykka á lögþingunum, fyrst á Gulapþingi 1267 og ári síðar fyrir Upplönd og Víkina (Eiðsiva- og Borgarþing) (Helle 1974:136). Árið 1269 voru hin nýju landshluta- og samþykka borin upp á Frostapþingi og þar mætti konungur andstöðu Jóns rauða erkibiskups í Niðarósi sem vígður hafði verið til stóls ári áður. Erkibiskup krafðist þess að endurskoðunin næði ekki til kirkjulaga en kristinréttur fylgdi báðum lögbókunum frá 1267 og 1268. Jón rauði fékk sínu framgengt en Magnús konungur hlaut samþykki „allra Frostvþingsmanna at skipa *sva* Frostv þings bók *vm* alla lvti þá sem til *ver*alldar héyra *ok konvngdómsins*. *sem honom sýndiz* bezt bera“ (*Islandske Annaler*:138). Reyndar kemur hvergi fram að konungur hafi fengið samþykkt sérstök Frostapþingslög á þessu þingi og um það eru fræðimenn raunar ekki á eitt sáttir (Ólafur Lárusson 1958:201, 225, Björn Þorsteinsson og Sigurður Líndal 1978:41,43). Búast má við að landshluta- og samþykka hafi verið samræmdari að efni en hin fornu lögdæmalög en um það er flest á huldu þar sem lítið hefur varðveist af þessum lögum.

⁹ Þess ber að geta að þessi annáll er talinn skráður á seinni hluta 16. aldar en styðst nokkuð við eldri annála sem varðveist hafa (sbr. Jakob Benediktsson 1967:492–493, Jón Jóhannesson 1958:227).

Andstaða Jóns rauða erkibiskups varð ekki til þess að Magnús konungur hætti endurskoðun sinni á landslögum og á árunum 1271–1274 lét hann semja ný, sem svo voru samþykkt á lögþingunum. Lögbækurnar voru eftir sem áður kenndar við lögþingin (þ.e. Gulapingsbók, Frostapingsbók o.s.frv.). Efni þeirra var þó samhljóða nema þingfararbálgur sem hlaut að vera mismunandi fyrir hvert lögþing (Ólafur Lárusson 1958:226–227, Jón Jóhannesson 1958:20). Að viðbættum Landslögum Magnúsar lagabætis lét konungur endurskoða og samþykka Bæjarmannalög (Bjarkeyjarrétt) árið 1276 og Hirðskrá (lög hirðarinnar) á árunum 1273–1277 (Helle 1974:136). Af þessu lagastarfi hlaut réttareining í Noregi, nema í kristinréttarmálum. Jón rauði taldi það skýlausan rétt kirkjunnar að semja kristinrétt án afskipta ríkisvaldsins; hélt Magnús konungur fast í þá skoðun að konungdómur og kirkja skyldu hafa samráð í kirkjulegri lagasetningu.

Jón rauði var vígður erkibiskup í Niðarósi árið 1268 og gegndi embætti til 1282, þegar hann lést í útlegð í Svíþjóð. Hann barðist ötullega fyrir réttindum norsku kirkjunnar, s.s. lagasetningar- og dómsvaldi í kristinréttarmálum, og má heita helsti málsvari klerkastéttarinnar fyrir stefnu alþjóðakirkjunnar í heimalandinu. Jón tók fljótlega eftir heimkomu úr vígsluför til við að rétta hlut kirkjunnar. Fyrsta sigur í þeirri baráttu vann hann á Frostapingi 1269, svo sem fyrr var nefnt, þegar hann kom í veg fyrir að konungur fengi að endurskoða kristinrétt hinna fornu Frostapingslaga. Hóf erkibiskup sjálfur að taka saman nýjan kristinrétt reistan á almennum lögum kirkjunnar, kanónískum rétti, en þann kristinrétt viðurkenndi Magnús Hákonarson aldrei (Helle 1974:137–138).¹⁰ Á valdatíð Magnúsar naut kirkjan í Noregi þó meiri velvildar en áður og var konungi umhugað um að halda frið í ríki sínu.

Árið 1272 sendi Gregorius X. páfi út boð um almennt kirkjuþing í Lyon sem haldið skyldi 1274. Þessu boði fylgdi páfabréf með tilmælum um að Jón rauði hefði með sér á kirkjuþingið samantekt um þau mál er þörfnuðust úrlausnar í erkibiskupsdæmi Niðaróss. Bréfið nýtti erkibiskup sér til þess að ná fram lausn í deilum kirkju og konungsvalds. Afraksturinn var sættargerð milli erkibiskups og konungs um takmörkun andlegs og veraldlegs valds (*DI* II: 100–106, *NgL* III:455–462). Samningurinn var gerður á höfðingjafundi í Björgvin og þar viðurkenndi konungur m.a. dómsvald kirkjunnar í klerka- og kristinréttarmálum og frjálsan kosningarétt um klerkleg embætti. Í staðinn gaf Jón rauði eftir kröfur um íhlutunarrétt í konungskjöri sem kirkjan hafði öðlast

¹⁰ Kristinréttur Jóns rauða er prentaður í öðru bindi *Norges gamle love* eftir sjö handritum en þar er AM 65 4to lagt til grundvallar (*NgL* II:340–386).

á valdatíð Magnúsar Erlingssonar en konungsvaldið raunar aldrei viðurkennt (Magnús Stefánsson 1978:138, Helle 1974:138–139, Jón Jóhannesson 1958:90).

Sættargerðin frá 1273 þurfti staðfestingu páfa til að öðlast gildi en á kirkjuþinginu í Lyon ári síðar batt páfi samþykkt sína ýmsum skilyrðum sem konungur gat ekki gengið að. Varð niðurstaðan sú að erkibiskup og konungur gerðu með sér nýjan samning árið 1277 á höfðingjafundi í Túnsbergi (*DI* II:139–155, *NgL* III:462–477). Sú sættargerð var í flestum tilvikum samhljóða þeirri fyrri frá 1273 en nú var ekki leitað samþykkis páfa, heldur tók samningurinn samstundis gildi. Með sættargerðinni í Túnsbergi voru ýmis réttindi sem kirkjan hafði barist fyrir endanlega viðurkennd. Er þar helst að nefna dómsvald í klerka- og kristinréttarmálum, skattfrelsi kirkjunnar manna og ýmissa leikmanna í þjónustu kirkjunnar, frjálsan kosningarétt um kirkjuleg embætti og að erkibiskup og biskupar skyldu skipa klerka við kapellur konungs. Ýmis af þessum réttindum voru forn en höfðu fram að þessu aldrei hlotið opinbera staðfestingu. Það er því ekkert efamál að kirkjunni var hagur að sættargerðinni. Hún má þó varla kallast stórfelldur sigur kirkjuvaldsins eins og mönnum hætti til að kalla hana áður (Jón Jóhannesson 1958:90), enda var löggjafarvald kirkjunnar í kristinréttarmálum ekki viðurkennt. Um þetta atriði náðist ekki samkomulag milli Jóns rauða og Magnúsar konungs áður en sá síðarnefndi lést hinn 9. maí 1280. Enginn vafi leikur þó á að Jón rauði taldi kirkjuna óefað hafa sjálfstætt löggjafarvald í málum sem hana vörðuðu og fylgdi kirkjan einhliða kristinrétti erkibiskups eftir sættargerðina í Túnsbergi (Magnús Stefánsson 1978:170–171, Helle 1974:139–141). Við fráfall Magnúsar urðu hins vegar mikil umskipti. Nýir valdhafar fylgdu annarri stefnu í samskiptum við kirkjuna og beið hún skjótt ósigur.

2.2. Járnsíða

Endurskoðun Magnúsar konungs á norskum lögum náði til Íslands þar sem Íslendingar höfðu gerst þegnar Noregskonungs með samþykkt Gamla sáttmála á árunum 1262–1264. Reyndar er þess hvergi getið í heimildum að Íslendingar hafi gefið Magnúsi lagabæti leyfi til að endurskoða lög landsins líkt og Þrændir gerðu á Frostþingi 1269. Í annarri grein Gamla sáttmála segir: „Hier j mot skal konungr lata oss naa fridi og jslenskum laugum“ (*DI* I:620). Þetta ákvæði hafa flestir skilið þannig að Íslendingar hafi áskilið sér aðild að löggjafarvaldi með konungi:

Með þessu ætluðu landsmenn að tryggja sér það fyrst og fremst, að hér yrði ekki dæmt eftir öðrum lögum en íslenskum, þ.e. löglega settum lögum handa Íslandi. En í þessum fyrirmælum getur líka falizt fyrirvari um það, að hér megi eigi önnur lög gilda en þau, sem landsmenn sjálfir samþykkja (Einar Arnórsson 1945:328).¹¹

Gunnar Karlsson (1991:53, 73–74) hefur dregið þetta í efa og telur að ákvæðið þýði ekki annað en að konungur skuldbindi sig til að halda uppi lögum og reglu á landinu; að dæmt skuli eftir gildandi lögum á Íslandi án þess að ákveðnar reglur hafi gilt um stjórnskipulega stöðu landsins eða löggjafarvald.

Frá samþykkt Gamla sáttmála og fram að lögtöku Járnsíðu er lítið vitað um stjórnskipun landsins en gera verður ráð fyrir að Grágás hafi gilt þar til ný lög leystu hana af hólmi. Frumkvæði að ritun Járnsíðu kom frá konungsvaldinu; studdist hún að mestu við norsk lög og giskaði Ólafur Lárusson á að aðalheimildin væri annað hvort Gulapingslögin frá 1267 eða Frostapingslögin frá 1269 en í 24 köflum af 141 í bókinni væri efni sótt í Grágás (1958:203, 1923:7–8). Járnsíða tilheyrir því fyrra tímabili endurskoðunar laga í Noregi (1267–1269). Réttareining sú sem var að skapast í Noregi á þessum tíma náði ekki til Íslands því að Járnsíða er talin ólík landshlutaögunum að mörgu leyti (Magnús Már Lárusson 1962:567).

Nafnið Járnsíða kemur fyrir í Resensannál en Lögmansannál getur þess að út hafi komið norræn lög (*Islandske Annaler*:28, 259).¹² Árna saga greinir svo frá:

Á þessu sumri sendi virðuligr herra Magnús konungur til Íslands Þorvarð Þórarinnsson ok Eindriða böggul, hirðmann sinn, þar með Sturlu Þórðarson með lögbók norræna (*ÍF XVII*:27).

Hvorki er getið í sögunni né í annálum um höfund Járnsíðu en í Guðmundar sögu eftir Arngrím ábóta Brandsson segir að Magnús lagabætur hafi látið rita bókina eftir „ráði ok tillögu“ Sturlu Þórðarsonar (*Biskupa sögur II*:162).

Það væri ofsögum sagt að Íslendingar hafi tekið Járnsíðu vel en ekki er getið viðlíka flokkadrátta og á alþingi 1281 (þ.e.a.s. hóparnir þrír: biskup og

¹¹ Sjá rækilega greinargerð fyrir þessari söguskoðun hjá Gunnari Karlssyni (1991:53–58).

¹² Aðrir annálar geta aðeins um „lögbók“ án þess að nefna hana Járnsíðu eða kenna sérstaklega við norræn lög (*Islandske Annaler*:49, 68, 138, 331).

klerkar, handgengir menn og bændur).¹³ Lögbókin var lögð fram á alþingi sumarið 1271 og var aðeins „játat þingfararbæli ok tveimur kapítulum ór erfðabæli; um festarkonu börn ok um arfleiðing ok þegngildi um allt land, en eigi fleira.“ Þetta sama ár stóð Skálholtsbiskup í stappi við andstæðinga sína í fyrri lotu staðamála hinna síðari (sjá hér að neðan); ritaði Árni þá Magnúsi konungi lagabæti og óskaði fulltingis hans í deilum við leika höfðingja. Konungur tók erindi biskups vel og hét stuðningi sínum fengist Árni til að vinna hinum nýju lögum brautargengi. Það gerði biskup og á þingi árið 1272 var „lögtekin öll bók sú er konungurinn hafði utan sent nema erfðabálkr var eigi lögtekinn nema tveir kapítular er hit fyrra sumarit var játat“ (*ÍF* XVII:27, 29, 43). Rúmu ári síðar (11. nóvember 1273) var erfðabálki Járnsíðu loks játað.¹⁴ Þá hafði gengið dómur í staðamálum á höfðingjafundi í Björgvin sem lægði öldurnar um hríð.

3. Árni biskup Þorláksson

Árni Þorláksson var fæddur árið 1237, sonur Þorláks Guðmundssonar og Halldóru Ormsdóttur í Holtum. Foreldrar hans voru lítt efnum búnir en Árni var stórættaður. Hann rakti kyn sitt aftur til Síðu-Halls Þorsteinssonar sem af voru komnir lærdómsmennirnir Sæmundur fróði Sigfússon og Ari fróði Þorgilsson, auk biskupanna Jóns Ögmundarsonar og Magnúsar Einarssonar. Langafi Árna var Jón Loftsson í Odda, faðir Páls Jónssonar Skálholtsbiskups og mesti höfðingi landsins á sinni tíð (*ÍF* XVII:xii, 3–4).

Árni var fyrstu árin með föður sínum en komst snemma í læri hjá Brandi Jónssyni ábóta Ágústínusarklaustursins í Þykkvabæ. Hann var vel lærður á kirkjunnar lög (s.s. algengt var meðal munkareglunnar), mikilhæfur þýðandi og bar oft sáttarorð á milli þeirra sem deildu í ófriði Sturlungaaldar.¹⁵ Brandur

¹³ Elsta handrit Járnsíðu er Staðarhólsbók, AM 334 fol, annað aðalhandrit Grágásarlaganna. Þar er eyða í textanum sem ekki verður fyllt því að aðrar uppskriftir Járnsíðu eru runnar frá Staðarhólsbók (eftir að blöðin glötuðust) nema hugsanlega AM 125 4to sem varðveitir útdrátt úr lögbókinni (*ÍF* XVII:27 nm., Jón Helgason 1958:20).

¹⁴ Sjá einnig frásögn annála af þessum atburðum (*Íslandske Annaler*:29, 49, 68, 138–139, 331). Frásögn Konungs- og Fornaaunnála líkist mest þeirri í Árna sögu en aðrir annálar eru fáorðari. Í Gottskálksannál segir t.a.m. aðeins við árið 1272: „laga skipti aa Islandi.“

¹⁵ Brandur ábóti þýddi m.a. Alexanders sögu og er ennfremur talinn líklegur þýðandi Gyðinga sögu. Um Brand, sjá t.a.m. *Íslenzkt fornbréfasafn* (DI I:519–522), Tryggvi Þórhallsson (1923: 46–64). Annar ágætur lærdómsmaður tengdur Árna biskupi vinarböndum var Grímur Hólmsteinsson prestur í Kirkjubæ. Hann setti saman Jóns sögu baptista einhvern tímánn á árunum 1264–1298. Þar er mjög talið á höfðingja sem fara með leikmannavald. Sveinbjörn Rafnsson

var áhrifamesti klerkur landsins á sinni tíð og lærifaðir þeirra þriggja manna sem hófu réttindabaráttu kirkjunnar á loft seint á 13. öld: Árna Þorlákssonar, Runólfs Sigmundarsonar ábóta í Verum og Jörundar Þorsteinssonar Hólabiskups. Árna saga greinir frá vitnisburði Brands um þremmenningana; kveðst hann aldrei hafa haft eins minnugan lærisvein og Jörund, engan svo kostgæfinn og sem legði jafn góðan hug á nám sitt sem Runólf en til Árna „talaði hann svá at hann skildi þá marga hluti af guðligum ritningum er hann þóttiz varla sjá hví svá mátti verða“ (*ÍF* XVII:7).

Brandur var vígður Hólabiskup árið 1263. Árni fór með ábóta í vígsluförina til Noregs, þá djákn að vígslu; tókust kærleikar með honum og Magnúsi konungi lagabæti er héldust meðan báðir lifðu (*ÍF* XVII:8). Brandur lést ári síðar. Tók Árni þá við staðarforráðum á Hólum og hlaut ennfremur prestvígslu skömmu síðar. Hákon erkibiskup í Noregi vígði Jörund Þorsteinsson Hólabiskup árið 1267 og fluttist þá Árni í Skálholt. Þar gerðist hann trúnaðar- og aðstoðarmaður Sigvarðar biskups Þéttmarssonar sem kominn var að fótum fram fyrir elli sakir. Sigvarður lést 1268 og var Árni vígður eftirmaður hans í Skálholti af Jóni rauða erkibiskupi í Niðarósi hinn 30. júní 1269 (*ÍF* XVII:9–13).

Árni átti í deilum við veraldlega höfðingja á biskupstíð sinni í svonefndum staðamálum síðari eins og áður var vikið að. Hér er ekki í ráðum að rekja staðadeilur Árna og leikra höfðingja, nema þær fléttist saman við sögu kristinréttarins. Verður þá vikið að þeim þegar svo ber undir. Þó ber að nefna að þessum deilum er gjarnan skipt í tvær lotur (1269–1273 og 1280–1289) og segja má að deilur Árna biskups við íslenska höfðingja eigi það sammerkt, hvort sem þær snerust um staðakröfur, skattfrelsi kirkjunnar manna, einlífi klerka eða lagasetningu og dómsvald kirkjunnar, að þær voru háðar í skjóli kirkjulaga. Höfundur Árna sögu velkist aldrei í vafa um að biskupinn krafðist aðeins löglegra réttinda heilagrar kirkju — hann hafði m.ö.o. lögin sín megin en leikmenn ógnarmál (*ÍF* XVII:59–60, sbr. xxxiii). Almenn kirkjulög fóru hins vegar oft fjarri hugsunarhætti leikra manna úti á Íslandi á seinni hluta 13. aldar — og jafnvel lengur. Þeir báru jafnan fyrir sig fornan landssíð og töldu sig ekki ná fram lögum fyrir ofríki biskups (*ÍF* XVII:10–11, 127–128 o.v., sbr. Sig-

(1996:74–75) hefur þó þrengt líklegan ritunartíma til árána 1284–1295 og sett efni sögunnar í sambengi við staðadeilur Árna og leikra höfðingja úti á Íslandi. Í sögunni útskýrir Jóhannes skírari atríði úr kanónískum rétti „og er þetta heimfært að því er virðist upp á íslenskt samfélag í lok 13. aldar.“ Um Jóns sögu baptista hefur Sverrir Tómasson einnig fjallað (1992b:447–451).

urður Líndal 1997:253). Eftir siðbreytingu hlaut málstaður höfðingja samúð sem lýsir sér best í orðum Páls Vídalíns (1854:292); taldi hann víst að

alt fastagóz þessa lands hefði lagt undir *clercum pontificium*, ef ei hefði guð uppvakið Rafn Oddsson [oddvita staðamanna] til að mótstanda óslökkvandi ágirnd og óseðjanlegri metorðagirnd Árna biskups.

Svipuð afstaða ríkti í garð Árna í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og urðu fáir til að ljúka lofsorði á biskupinn. Þá var enda kirkjuvaldsstefnan illa þokkuð og talin ganga gegn sjálfstæði landsins. „Ofríki og yfirgangur biskupanna byrjaði þar með Þorláki Þórhallssyni (1170), og magnaðist undir Árna Þorlákssyni frá 1269, og einkum eptir það hann gaf út kristinrjett sinn“, skrifuðu Fjölnismenn um miðja 19. öldina (*Fjölnir* 1844:6–7). Þeir sögðu Árna jafnframt hafa varið ævinni í að efla prestaveldið með vitsmunum, harðfylgi og ófyrirlátsemi.¹⁶ Þorkell Bjarnason prestur á Reynivöllum var sammála Fjölnismönnum en kallaði Árna biskup þó einn hinn merkasta mann á Norðurlöndum á sinni tíð (1878:9).

Helsti bakhjarl Árna í deilunum úti á Íslandi var Jón rauði erkibiskup í Niðarósi. Sem fyrr getur barðist hann ötullega fyrir réttindum norsku kirkjunnar og var skeleggasti málsvari kirkjuvaldsstefnunnar (*Libertas ecclesiae*) á Norðurlöndum. Með stuðningi Jóns hlaut Árni sigur í ýmsum málum en skórin tók að kreppa að eftir að erkibiskup gerðist landflótti og lést í útlegð árið 1282. Á meðan erkibiskupslaust var í Noregi þæfði Árni staðamál og deilur uns Jörundur erkibiskup (vígður í embætti 1288) bauð árið 1289 allar kirkjur og eignir þeirra aftur heimtar undir Skálholtsbiskup og kallaði Árna „lögligan dómanda allra afbrota í sínu byskupsríki“ (*ÍF* XVII:192). Staðamálum Árna Þorlákssonar lauk svo með sættargerðinni í Ögvaldsnesi 2. maí 1297. Þá sættist konungur á það með ráði erkibiskups

at þeir stadir i skalaholltz biskupsdømi. sem kirkiur eigu allar. skulo uera undir biskups forrædi. en þær sem leikmenn eigu halfar edr meir skulo leikmenn hallda med þuilikum kennimanna skyllidum sem sa hefir skilt er gaf. enn luka af ecki framar (*DI* II:324).

¹⁶ Tímenn frá lokum 13. aldar og fram að siðaskiptum kalla þeir Fjölnismenn „gullöld prestanna“ (*Fjölnir* 1844:11).

Hvergi er þó minnst á þá staði sem kirkjan átti að hálfu eða meira. Árni Þorláksson naut sættarinnar ekki lengi því hann lést 17. apríl 1298 í Noregi. Hann var jarðaður að Munklífi sem var Benediktínaklaustur í Björgvin (*ÍF* XVII:246, Páll Eggert Ólason 1948:76).

4. Aðdragandi og setning kristinréttar Árna 1275

Þegar Árni hafði tekið vígslu af Jóni rauða í Niðarósi og bjó sig til heimferðar veitti erkibiskup honum að vinargjöf kirkjulagasafn með skýringum, *de-cretales cum apparatu* (*ÍF* XVII:13).¹⁷ Sigurður Líndal (1997:254) hefur slegið því föstu að hér sé um að ræða *Liber extra* frá 1234 og hugsanlega einnig *Decretum Gratiani*.¹⁸ Árni kom svo út haustið 1269 með bréfum erkibiskups og flutti Íslendingum þegar boðskap Jóns rauða:

At allir menn knéfalli með upphaldandi höndum þann tíma í messunni er haldit er upp holdi ok blóði várs herra ok svá þá er borit er til sjúkra manna.

¹⁷ Til eru fleiri dæmi um gjafir af þessu tagi: Eilífur erkibiskup gaf árið 1328 séra Agli Eyjólfssyni, sendimanni Lárentíusar biskups, kirkjulögbók þá er Tancredus hét (kennd við læri-meistarann Tancredus frá Bologna). Hefur því erkibiskupum í Niðarósi sýnilega verið umhugað um kirkjulagaþekkingu íslenskra klerka (sbr. *ÍF* XVII:13 nm., 423).

¹⁸ Um 1140 steypiti munkurinn Gratianus saman í eina skrá miklu safni páfaskipana, samþykktu kirkjuþinga og kennisetninga kirkjuféðranna. Hann reyndi að samræma reglur kirkjunnar, enda ekki vanþörf á. Ritið, sem jafnan er nefnt *Decretum Gratiani*, fékk aldrei staðfestingu sem lögbók, enda var það upphaflegur tilgangur Gratianusar að taka saman eins konar kennslu- og handbók í kirkjurétti. Þar er að finna tilvitnanir í páfabréf, samþykktir kirkjuþinga og ýmis rit kirkjuféðranna. Smám saman eflidist kirkjan og árið 1234 gaf Gregorius IX. páfi út *Liber extra* (Viðaukabókina) sem er safn skipana sem settar voru eftir að *Decretum Gratiani* birtist og var tekin saman af kirkjuréttarfræðingnum Raymond frá Pennaforte. Páfi sendi bókina með bréfinu *Rex pacificus* til háskólanna í Bologna og París með þeim tilmælum að hún skyldi nú lögð til grundvallar í framkvæmd og fræðum en með *Liber extra* eignaðist kirkjan fyrstu formlega staðfestu lögbók sína. Árið 1298 var *Liber sextus* aukið við þetta safn að frumkvæði Bonifaciusar VIII páfa og loks kom út árið 1317 tilskipunasafnið *Clementinae*. Um 1580 fengu svo þessi lagaverk heitið *Corpus juris canonici* og er það safn hliðstætt hinu veraldlega lagasafni *Corpus juris civilis* sem myndað var úr rómverskum lögum á tíð Justini-anusar keisara (527–565). Tímabil 12. og 13. aldarinnar má því heita eitt mesta framfararskeið kirkjunnar og stóðu kirkjuréttarfræðingar rýnendum veraldlegs réttar mjög jafnfætis allt frá seinni hluta 13. aldar (sjá t.a.m. Sigurður Líndal (1997:247, 251–253, 1978:8, 14), Reynolds (1986:395–413), Chodorow (1986:413–417, 1984:122–130), Brundage (1995: 44–69), Pennington (1992:333–334, 342–346).

Svá ok at engi maðr festi sér mey eðr konu til eiginorðs áðr en lýst væri í kirkju þrim sinnum.

Svá ok at frillumenn skulu fyrirbjóðaz at taka Krists líkama at páskum utan þeir festi frillur sínar til eiginorðs eðr skilji við þær fullkomliga.

Svá ok at allir staðir ok tíundir skyldi gefaz í byskups vald.

Svá ok at enginn skyldi byggja dautt fé á leigu (*ÍF XVII:16–17*).¹⁹

Af Árna sögu að dæma tóku landsmenn fyrstu þremur greinunum vel en seinlega þeim er vörðuðu staðamál og okur. Biskup gerði þegar tilkall til staða í Sunnlendingafjórðungi og fékk forræði yfir minni kirkjum en ábúendur stærri staða voru fastari fyrir. Fljótlega kastaðist í kekki með Árna og Steinvararsonum í Odda sem neituðu að verða við kröfum biskups og kölluðu jörðina kaupaland. Biskup krafðist þá dóms alþingis í málinu sem féll honum í vil; var Oddi þar dæmdur „kirkju eign ok svá þar með slíkar eignir sem henni bárur“ (*ÍF XVII:18*). Á sama þingi krafðist biskup staðar í Hítardal og bjóst til að bannsetja ábúandann, Ketil Loftsson, þegar hann neitaði að gefa staðinn upp. Fór svo að Ketill samþykkti að lokum að reiða af hendi fé staðarins en skaut um leið málinu „á konungs dóm, en byskup jáði því ef hann yrði samþykkir erkibyskupi“ (*ÍF XVII:19*). Þegar til kastanna kom þvertók Ketill fyrir að láta Hítardal af hendi og hlaut að launum bannsöng biskups. Samkomulag tókst að lokum og sór Ketill af sér staðinn og hét að kalla ekki eign sína fram-
ar nema konungur og erkibiskup dæmdu svo. Steinvararsynir sömdu einnig við Árna: Biskup skyldi þola staðarhald bræðranna uns dómur gengi í málinu en þeir tregðalaust uppgefa staðinn ef sá úrskurður kæmi af hendi konungs og erkibiskups „ad biskup ætte þeirra kyrckiu ad rada og hennar fie“ (*DI II, 92*).

Þessi samningar voru gerðir vorið 1271. Sumarið áður hafði biskup riðið um Austfirðingafjórðung og víða verið játað stöðum, rétt eins og forvera hans Þorláki Þórhallssyni tæpri öld fyrr (*Byskupa sögur 2:248–250*). Sá var þó munurinn á að Árni fól klerkum varðveislu staðanna í stað þess að fá höfðingjum þá að léni eins og Þorlákur hafði gert (*Magnús Stefánsson 1978:130*). Við svo búið sigldu Árni biskup og andstæðingar hans í staðamálum til Nor-
egs til að hlíta úrskurði konungs og erkibiskups. Eins og fyrr getur féll dóm-

¹⁹ Þrjár fyrstu greinarnar er að finna í skipun eignaðri Árna Þorlákssyni í *Íslenzku fornbréfasafni* og er hún þar tímasett í september 1269 (*DI II:24, 26–27*). Tvær síðustu eru úr almennum kirkjulögum (*DI II:52–55, 56–58*). Þessi boðskapur er að miklu leyti tekinn upp í kristinrétt Árna (sjá *NgL V:23, 33–38, 53–54*).

urinn biskupi í vil þegar Jón rauði dæmdi hinn 24. júlí 1273 Oddastað og Ólafskirkju í Vatnsfirði „undir Árna byskup í Skálaholti ok hans lögliga eptirkomendr, honum ok þeim eilíflika fyrir at ráða“ (*ÍF* XVII:41). Lýkur hér fyrri lotu staðamála.

Vegna málsins dvaldi Árne veturinn 1272–1273 í Noregi; sótti hann jafnan fundi með Jóni rauða og voru þar einkanlega rædd kirknamál á Íslandi. Kemur að því að þeir ræða setningu nýs kristinréttar en handritum Árna sögu ber ekki saman í frásögn af þeim viðburði.²⁰ Í uppskriftum Reykjarfjarðarbókar segir:

Ok þegar Jón erkibyskup vissi hans girnd lét hann upp fyrir honum allan sinn vilja svá at hann bannaði leikmönnum lög at segja um kristin rétt. Gjörðu þeir svá meðan þeir lifðu (*ÍF* XVII:31–32).

Í AM 220 VI fol er þessi frásögn nákvæmari:

Árne byskup vissi ok at Jón erkibyskup ætlaði nýjan kristin rétt at skipa, sem hann gerði, ok hann hafði boðit honum með þeim hætti fram at fara á Íslandi sem hann fór fram í Nóregi. Girntiz hann ok af sjálfum erkibyskupi at heyra hvat <hann> vildi nýta láta ór hinum forna kristnum rétti á Íslandi eða hvat hann vildi ór láta eða eptir hverjum bókum þat skyldi saman setja sem í varð at leggja. Ok þegar er erkibyskup vissi hans girnd, lét hann uppi fyrir honum allan sinn vilja, svá ok at hann bannaði leikmönnum at segja lög um kristin rétt. Gerðu þeir svá meðan þeir lifðu (*ÍF* XVII:31–32).

Í AM 220 VI fol er frumkvæði að setningu kristinréttar Árna eignað Jóni rauða. Það er reyndar gert víðar því að kristinréttur Árna í AM 350 fol, Skarðsbók Jónsbókar, hefst á þessum orðum: „her býriar upp hinn nýja cristins doms rett þann er herra ion erch(*ibyskup*) saman setti ok lögtekinn er vm skalh(*olts*)

²⁰ Árna saga er varðveitt í 40 handritum og handritabrotum. Þennan fjölda handrita má rekja til þess að sagan var tekin upp í annað aðalhandrit Sturlungusafnsins, Reykjarfjarðarbók (AM 122b fol). Þorleifur Hauksson (*Árna saga biskups*:vii) telur líklegt „að þessi aðalheimild um sögu Íslands á síðara hluta 13. aldar væri nærri glötuð með öllu, ef ritari R[eykjarfjarðarbókar] hefði látið hjá líða að skrifa hana upp.“ Aðeins eru varðveitt þrjú skinnblöð úr Reykjarfjarðarbók og tvö úr AM 220 VI fol. Þær uppskriftir Árna sögu sem varðveittar eru nú eru hins vegar allar runnar frá Reykjarfjarðarbók, gerðar skömmu fyrir miðja 17. öld á meðan bókin var heilli en nú (*ÍF* XVII:v, lii–lvi).

biskups dæmi“ (bl. 107va).²¹ Þetta varð m.a. til þess að kristinréttur Árna var áður fyrr eignaður, ýmist að hluta til eða að öllu leyti, Jóni rauða.²²

Vart þarf að fjölyrða um að kristinna laga þáttur var á méli Árna Þorlákssonar (og reyndar nokkru fyrr) orðinn úreltur. Þar var engin hjúskaparlöggjöf og annað samræmdest illa almennum lögum kirkjunnar; biskup hafði t.a.m. ekki forræði yfir kirkjum og eignum þeirra eins og gert var ráð fyrir í almennum lögum kirkjunnar (*DI* II:52–55).²³ Þá hefur kristindómsbálkur Járnsíðu tæpast átt að leysa kristinna laga þátt af hólmi, enda er hann stuttur og að stórum hluta norsk ríkiserfðalög (*Járnsíða*:10–18). Það þarf því ekki að koma á óvart að Árni, sá mikli kirkjulagafræðingur og fylgismaður kirkjuvaldsstefnunnar, hafi viljað endurskoða (eða semja frá grunni) kirkjulög Íslendinga.

Í 2. bindi *Íslenzks fornbréfasafns* er nokkuð af skipunum eignuðum Árna Þorlákssyni. Flestar eru þær heimfærðar til ársins 1269 — ýmist eftir Árna sögu (með mismiklum rökum) eða þá því „annað var ekki vísara“ (*DI* II:42, sjá skipanirnar bls. 23 o.áfr.). Erfitt er að skera nákvæmlega úr um aldur skipananna eða hafna tímasetningu Jóns Þorkelssonar en getið um statútugerð Árna í sögu hans (*ÍF* XVII:23–25 o.v.).²⁴ Skipanirnar eru flestar varðveittar í ungum handritum en Jakob Benediktsson (1972:71) hefur stungið upp á því að þær tengdust undirbúningi kristinréttarins og þá er tímasetningin að minnsta kosti ekki fjarri lagi.²⁵

Veturinn 1273–1274 setti Árni „fullkomliga saman kristindómsbálk með

²¹ Thorkelín (*JusEcccl*:1) prentar þessa setningu í upphafi útgáfu sinnar.

²² Páll Vídalín (1854:491) kallar hann t.a.m. kristinrétt „þeirra Jóns erkibiskups og Staða-Árna“.

²³ Þar eru prentaðar nokkrar greinar úr kirkjulögum um rétt yfir kirkjum og eignum þeirra. Jón Sigurðsson taldi þær efalaust vera frá tíma Árna Þorlákssonar (sbr. *DI* II:52).

²⁴ Þó verður ekki undan því vikist að draga í efa tímasetningu í *Íslenzku fornbréfasafni* á skjali nr. 15: „Skipan Árna biskups Þorlákssonar eða samþykkt lærdra manna um ýmislegt í kirkjulögnum.“ Jón Sigurðsson taldi í athugasemd við skrána að líklegast væri um að ræða einhvers konar ágrip úr kristinrétti, enda er efnið allt runnið þaðan. Jóni Þorkelssyni fannst þetta hins vegar allt eins geta verið úr statútu sem nú væri að öðru leyti týnd og heimfærði hana til ársins 1269. Fyrir þessu eru engar heimildir. Þvert á móti ber kristinréttinn fyrst á góma í Árna sögu veturinn 1272–1273 og þá heimild notar Jón Þorkelsson yfirleitt til að tímasetja aðrar skipanir eignaðar Árna Þorlákssyni (sbr. *DI* II:58, skráin er prentuð á bls. 58–61).

²⁵ Lára Magnúsdóttir (1998:212) telur bæði skipanirnar og kristinréttinn standa í beinu samhengi við þróun kanóníks réttar hér á landi. Skipanirnar eru meðal annars varðveittar í AM 344 fol, AM 350 fol, AM 351 fol, AM 354 fol, AM 135 4to, AM 138 4to, AM 148 4to, AM 151 4to, AM 173 d C 1 4to, AM 174 I c 4to, AM 175 a 4to, AM 671 b 4to, AM 687 a 4to, AM 687 c I–II 4to, AM 688 b 4to, AM 42 a 8vo, AM 48 8vo og AM 456 12mo (sjá Magnús Lyngdal Magnússon 2002:232). Þær eru stundum eignaðar Árna í handritum og stundum ekki. Þessar skipanir varða að nokkru hin sjö sakramenti kaþólsku kirkjunnar eins og Sigurður Línal (1974:279–283) hefur gert ágæta grein fyrir.

ráði Jóns erkibyskups er hann lét síðan fram halda“ og í 32. kafla Árna sögu segir frá samþykkt hans á alþingi:

Þetta sumar [1275] reið virðuligr herra Árni byskup til alþingis ok með hans flutningi var lögtekinn hinn nýi kristindómsbálkr utan fá capitula þá sem menn vildu eigi samþykkja fyrrum, en herra Magnús konungr ok Jón erkibyskup gjörði þat statt hversu þau skyldi standa svá sem þeir vóru beðnir af almúganum (*ÍF* XVII:48, 49).

Þetta segir fjarska lítið annað en að Árni hafi á alþingi talað fyrir setningu kristinréttar sem hlaut samþykki að mestu leyti. Hér greinir hvorki frá valdsviði laganna (hvort kristinrétturinn gildi um allt land eða aðeins í Skálholtsbiskupsdæmi) né heldur hvaða kaflar það voru sem fengust ekki samþykktir. Áður en vikið er að ráðasviði kristinréttarins þykir vel hlýða að athuga efnisskipan hans nánar og kanna þannig hvort hún geti sagt eitthvað til um upphaflega gerð hans.

5. Efni kristinréttar Árna

Kristinrétti Árna, eins og hann birtist í AM 49 8vo (Magnús Lyngdal Magnússon 2002:148–193), má skipta í nokkra efnishluta.²⁶ Er sú leið valin hér að telja þá nú:

- I. (1.–7. kafli) — kristindómsbálkur Járnsíðu.
- II. (8.–10. kafli) — Ákvæði um barnsskír, faðerni og fermingu; forsendur þess að komast í kristið samfélag.
- III. (11.–15. kafli) — Vald biskups, kirkjur og kirkjubyggingar, eignir kirkna, klaustra og klerka, þyrmsl klerka og kirkjugrið.
- IV. (16.–22. kafli) — Erfðaskrá og reglur varðandi hana, heit og ölmusur, tíundargjörð og tíundargreiðsla.
- V. (23.–28. kafli) — Hjúskaparlöggjöf.
- VI. (29.–30. kafli) — Skriftröf og eiðrof, meinsæri.
- VII. (31.–39. kafli) — Helgidagahald, ósóknardagar, föstur, undanþáguákvæði helgidaga, skriftagangur, hvaða dýr má leggja sér til munns.

²⁶ Magnús Stefánsson (1978:151–153, 254) gerir slíkt hið sama. Hér er að hluta til stuðst við skiptingu hans en þess ber að geta að Magnús fylgir þeirri gerð kristinréttar Árna sem prentuð er í *Norges gamle love* (*NgL* V:16–56).

- VIII. (40.–42. kafli) — Eiðar, dómsvald kirkjunnar og okur.
IX. (43.–46. kafli) — Kaflar úr almennum kirkjulögum sem eru í lausum tengslum við kristinrétt Árna og teknir upp í örfáum handritum.

Hlutarnir eru nokkuð skýrt afmarkaðir en vafi leikur á hvort fyrsti hlutinn og þeir tveir síðustu geti talist til upphaflegs kristinréttar Árna; taldi Jón Sigurðsson slíkt ólíklegt. Hann segir meðal annars um efni handritsins AM 346 fol:

1) brot úr Járnsíðu, sem er konungseiðr, lendra manna og bænda, og hefir þessi bók verið ein af þeim, sem hefir haft upphaf Járnsíðu sem inngang til Kristinréttar Árna biskups, og munu slík handrit vera upp komin á árunum 1271–1280. Hér fylgir þá einnig: 2) Kristinrétt Árna biskups, og er þar upphafsstafr ekki stærri en við kapitula skipti, en með allnýrri hendi er hér rituð kapitulatala á spáziu, og eru hér taldir 34 kapitular í þessum Kristinrétti (*DI I:99*).²⁷

Annars staðar í *Íslenzku fornbréfasafni* giskaði Jón á að kristinrétturinn hefði aldrei verið í fleiri en 35 köflum (þ.e. II.–VIII. hluti) og jafnvel aðeins í 32 (þ.e. II.–VII. hluti) (*DI I:432 nm, 441–442*). Grímur Thorkelín var sama sinnis í útgáfu sinni frá 1777. Þar prentar hann kristinrétt Árna í 35 köflum. Að auki birtir hann 12 kafla í viðauka sem greinar úr almennum kirkjulögum (*JusEccl: 4–211*).²⁸ Árni Magnússon virðist hafa verið sammála þessu. Latnesk þýðing hans á kristinrétti Árna biskups í handritinu Don var 1 fol Barth. F (V) er í 35 köflum (*AnnEccl:786–821*). AM 182 a 4to og AM 182 b 4to, pappírshandrit frá því um 1700, varðveita ennfremur kristinrétt Árna biskups. Þessi handrit hafa líklega bæði verið skrifuð undir tilsjá Árna Magnússonar og síðar verið lesin saman (collationeret) við aðra texta kristinréttar eftir fyrirsmælum hans. Á 182 a er kristinrétturinn í 35 köflum en í 39 á 182 b. Við síðustu kaflana á 182 b eru þó ýmsar athugasemdir með hendi Árna Magnússonar sem benda til þess að hann hafi ekki talið efni þeirra heyra til kristinréttar Árna biskups. Við 38. kafla á handritinu skrifar Árni t.a.m. á spássiú: „Þefse Cap: ftendr i Skards Membrana [AM 350 fol] abfolute og ä hvergi vid“ (bl. 40v, sbr. Magnús

²⁷ Svipaðar athugasemdir Jóns gefur t.a.m. að líta um AM 50 8vo (*DI I:149–150 o.v.*).

²⁸ En á bls. 2 er trúarjátningin (1. kafli skv. útgáfunni í *NgL*), tekin úr NKS 1930 a 4to og prentuð með smærra lettri. Eiginlegur kristinréttur í útgáfu Thorkelíns er því kaflar 8–43 í útgáfu *Norges gamle love*. Viðaukakaflarnir eru á bls. 213–233. Undir þetta hefur m.a. Már Jónsson tekið (1993:36).

Lyngdal Magnússon 2003:42–47). Varðveisla kristinréttarins í miðaldahandritum bendir til að það sé rétt ályktun en útgefendur kristinréttar Árna í *Norges gamle love* prenta 46 kafla (*NgL V*:16–56).²⁹

Reyndar standa nánast allir þessir kaflar, þ.e. I.–IX. hluti, í elsta handritinu, AM 49 8vo, en fyrsta hlutann (1.–7. kafli) er aðeins að finna á innan við 10% miðaldahandrita. Áttunda hlutann (40.–42. kafli) er víðar að finna á miðaldahandritum eða í rúmum helmingi tilvika (þ.e. ef báðar gerðir 41. kafla eru lagðar saman); níundi hlutinn (43.–46. kafli) er hins vegar sjaldgæfur, þrír af fjórum köflum eru aðeins á 4% miðaldahandrita (Magnús Lyngdal Magnússon 2002:228–229).

Kristindómsbálkur Járnsíðu er aðeins sjö kaflar; þar eru auk trúarjátningarinnar greinar um konungaerfðir og eiða. Hann reiðir sig (nánast orðrétt) á kristinrétt nýrri Gulaþingslaga en tekur þaðan einungis upphafið sem þó má kalla með réttu nokkurs konar inngang að kristinréttinum sjálfum. Þar er ein grein (2. kafli) býsna mikilvæg:

Nv af þui at guðs miskunn ser til þess þorf hversdaglega utolulegs lyðs, oc imis fiolmennis, þa hever hann skipat tueim sinom þionom at vera augsynilega hans umboðs menn um þessa helga tru, oc hans heilag logmal, goðom monnom til rættinda, en vandom monnom til refsingar oc reinsanar. Ero þeir tueir, annar(r) konongr, en annar(r) byscop, hever konongr af guðe veralldlegt valld til veralldlegra luta, en byscop andlect valld til andlegra luta, oc a hvarr þeirra at styrkia annars valld til rættra luta oc loglegra, oc kannaz við sek, at þeir hava valld oc yfer boð af sialvom guðe, en æigi af ser; oc fyr þui at þeir ero guðs umboðs menn, hins oc annars at þat sia aller, at þeirra ma a enga lund missa, þess ins þriðia at sialfr guð virðiz at kalla sek með þeirra nofnom, þa er sa i miklum haska sannlega við guð, er þa styrker eigi með fullkominne ast oc ræzlo til sins valldz, þess er guð hever þeim til skipat, þar sem þeir bera sua mikla ahyggio firer landz folkino, oc abyrgiaz firi guðe, allra hellzt þar sem login vatta með staðom eða merkiom sua, at hvarke mege hofðingiarnir, ef þeir geyma þess, anauðga eða þyngia folkino, oc með of mikille aðyngð, oc at eigi megi favittrir menn synia hofðingionum loglegrar þegnskylldo fire þriozku saker eða skamsynnar uvizku (*Járnsíða*:12–13).

²⁹ Þess ber þó að geta að hér eru kaflar tölusettrir með tvenns konar hætti. Sé tekið mið af tölum innan sviga hefur lesandi undir höndum 35 kafla gerð kristinréttar Árna.

Þessi grein er undirstaða skilnings á sambandi ríkis og kirkju á miðöldum; hugmyndin um að hinn andlegi og veraldlegi stjórnandi hefði þegið vald sitt af guði hefur verið rakin aftur til Gelasiusar I. páfa (492–496). Hún hljóðar svo:

Duo quippe sunt, imperator auguste, quibus principaliter mundus hic regitur: auctoritas sacrata pontificum, et regalis potestas. In quibus tanto gravior est pondus sacerdotum, quanto etiam pro ipsis regibus hominum in divino reddituri sunt examine rationem. (Þeir eru tveir, Ágústus keisari, sem fara með stjórn heimsins: klerkar með andlegt vald [auctoritas] og konungur með veraldlegt vald [potestas]. Ábyrgð klerka vegur þyngra þar sem þeir svara fyrir konunga manna fyrir guðdómnum).

Þessi grein var víða tekin upp í lagasöfn, þ.á m. *Decretum Gratianusar* (Bagge 1987:114 nm.). Gelasius hafði að hluta til að leiðarljósi kenningar Ágústínusar kirkjuföður (354–430) sem hugði tilveruna tvískipta milli guðsríkis (civitas dei) og jarðríkis (civitas terrena). Hann skilgreindi þó ekki kirkjuna sérstaklega innan guðsríkis né heldur veraldlega stjórnendur innan jarðríkis (Tierney 1988:9–10, Synan 1982:654–655); á slíkri túlkun á verkum Ágústínusar fór að bera í skrifum guðfræðinga á 12. og 13. öld. Þeir álitu að páfinn, staðgengill Kristis á jörðinni, þægi bæði andlegt og veraldlegt vald af guði; hann færi þó aðeins með hið andlega en fengi ríkisvaldinu hið veraldlega; þannig hlaut að vísu ríkið vald sitt af guði en aðeins með milligöngu páfans. Ríkisvaldið heyrði því að sönnu undir kirkjuna og bar að beita valdi sínu í samræmi við óskir hennar. Var þessu tvískipta valdi gjarnan líkt við sverðin tvö (*Lúk:* 22.38).³⁰

Magnús Stefánsson álitur að Jón rauði erkibiskup hafi fylgt þessari stefnu, að kirkjan stæði ofar en ríkisvaldið, og til marks um það nefnir hann að í kristinrétti hans sé kaflann um völd konungs og biskups ekki að finna (þ.e. kristindómsbálk Járnsíðu); Árni hafi staðið í skjóli Jóns rauða, auk þess sem saman fóru hagsmunir kirkju og konungsvalds á Íslandi við að

koma á þeirri skipan milli andlegs og veraldlegs valds, sem þegar var löngu komin á í Noregi og viðurkennd ... [því] var ekkert sem mælti gegn því, að hann [Árni] setti í kristinrétt sinn ákvæði [þ.e. kristindómsbálk Járnsíðu] um jafnrétti konungdóms og kirkju (1978:156).

³⁰ „Herra, sjá, hér eru tvö sverð. Og hann sagði við þá: Það er nóg.“

Þetta er vafasamt og skal vikið að því nánar. Í fyrsta lagi stendur kristindómsbálkur Járnsíðu, eins og fyrr getur, aðeins á örfáum miðaldahandritum kristinréttar. Magnús styðst við útgáfu Norges gamle love en þar er textinn aðeins gefinn út eftir sex skinnhandritum (af 50). Af þeim hefur aðeins eitt þeirra, NKS 1930 a 4to, þessa fyrstu sjö kafla; á AM 49 8vo eru þeir flestir³¹ en á AM 351 fol og GKS 3270 4to standa þeir að hluta til.

Í öðru lagi er augljóst að kristindómsbálkur Járnsíðu var ekki borinn upp til samþykktar á alþingi árið 1275 sem hluti af kristinrétti Árna. Hann var gildandi lög, enda samþykktur þegar menn lögðu blessun sína yfir þann hluta lögbókarinnar á alþingi árið 1272 (*ÍF* XVII:29). Aðstæður Árna og Jóns voru því ólíkar: Á Íslandi giltu lög um kristna trú þegar Skálholtsbiskup hóf að taka saman kristinrétt sinn. Á Frostabíngi var engum kristinrétti goldið jáyrði — eða lögum er vörðuð kristna trú af nokkru tagi — og því hóf Jón rauði að semja sinn kristinrétt frá grunni, að hluta til með gömlu Frostabíngslögin í huga en þó aðallega eftir almennum lögum kirkjunnar, kanónískum rétti.

Magnúsi lagabæti var á stjórnarárum sínum umhugað að halda frið við kirkjuna. Hann hélt þó fast í þá skoðun að það væri hlutverk beggja, konungdóms og kirkju, að efla guðsríki. Jón rauði taldi aftur á móti kirkjuna eiga fullan rétt á að semja kristinrétt án afskipta ríkisvaldsins. Eftir að erkibiskup náði fram vilja sínum á Frostabíngi ríkti því óvissa um kristinréttarlöggjöf uns sætt tókst (tímabundið) með konungsvaldi og kirkju í Túnsbergi árið 1277. Hlýtur því að teljast eðlilegt að setja kristindómsbálk Járnsíðu í samhengi við þessar deilur konungs og kirkju í Noregi um löggjafarvald í kristinréttarmálum og er þá komin skýring á því hvers vegna hann er ekki lengri og ýtarlegri en raun ber vitni.³²

Það verður því að teljast ærið ólíklegt að kristindómsbálkur Járnsíðu hafi verið hluti af upphaflegum kristinrétti Árna Þorlákssonar. Líklegra er að hann hafi verið tekinn upp í handrit hans sem komin voru upp á þeim árum sem Járnsíða var í gildi (1271–1281) eða í afskriftir þeirra (s.s. AM 128 4to), eins og Jón Sigurðsson benti á og greint var frá hér að framan.

³¹ Í AM 49 8vo eru 6. og 7. kafli nokkuð stytir og auk þess skeytt saman (sbr. Magnús Lyngdal Magnússon 2002:151–152). Kristindómsbálk Járnsíðu er ennfremur að finna á AM 128 4to. Hið merkilega er þó að stafsetning á NKS 1930 a 4to og AM 49 8vo bendir til þess að kristindómsbálkur Járnsíðu á hvorugu handritinu sé runnin frá aðalhandritinu, Staðarhólsbók (AM 334 fol, bl. 92v–108r).

³² Lára Magnúsdóttir hefur reyndar aðra skoðun á þessu: „Engin ákvæði voru um kristinrétt í Járnsíðu, sem er undanfari bæði kristinréttar hins nýja og Jónsbókar vegna þess að ákvörðunin um skiptingu valdsins hafði verið tekin. Þörfin fyrir kristinréttarákvæði í veraldlegri lögbók var þar af leiðandi ekki fyrir hendi“ (2001b:204 nm.). Þetta er ónákvæmt. Engin

Miklu erfiðara er að gera sér grein fyrir því hvar upphaflegur kristinréttur Árna hefur endað. Á elsta handritinu, AM 49 8vo, eru kaflar 43–46 greinilega viðbót úr kristinrétti Jóns.³³ Þetta eru eins konar viðbótarákvæði við það sem þegar stóð í kristinrétti Árna: 43. kafli er viðauki við 23. kafla; 44. kafli er viðauki við 28. kafla; 45. kafli er viðauki við 38. kafla; aðeins 46. kafli geymir efni sem ekki er fyrir í kristinrétti Árna. Ef þessir kaflar eru dregnir frá auk kristindómsbálks Járnsíðu standa eftir 35 kaflar (þ.e. II.–VIII. hluti).

Sem fyrr greinir taldi Jón Sigurðsson upphaflegan kristinrétt Árna jafnvel aðeins hafa verið 32 kafla; taldi hann því leika vafa á að kaflar 40–42 hefðu hlotið samþykki á alþingi 1275. Sé haft í huga að kaflar 43–46 eru hrein viðbót úr kristinrétti Jóns rauða (sem standa á afar fáum miðaldahandritum) er ekki ósennilegt að orð Árna sögu um að kristinrétturinn hafi fengist samþykktur „utan fá capitula“ (*ÍF* XVII:49) eigi við 40.–42. kafla. Jón Jóhannesson gat sér til að efni þessara ósamþykktu kafla hefði vafalaust snert takmörk andlegs og veraldlegs valds; leiddi hann getum að því í framhaldi að alþingissamþykktin frá 1253 (aftast í 16. kafli) hafi hugsanlega verið ein þeirra greina sem ekki fékkst játað á þinginu; taldi Jón samþykktina raunar dauðan bókstaf (1956:109,110,261).³⁴ Skál þetta ekki dregið í efa. Aftur á móti er rétt að benda á að alþingissamþykktina er að finna á öllum miðaldahandritum kristinréttarins (þar sem 16. kafli stendur annars vegar) en 40.–42. kafli ekki. Þeir eru aðeins á ríflega helmingi handritanna; gæti slíkt bent til þess að ekki hafi menn verið á eitt sáttir um gildi þeirra. Ennfremur snerta þessir kaflar sann-

ákvörðun lá fyrir af hálfu konungsvaldsins í Noregi á þessum tíma um aðskilnað andlegra og veraldlegra laga. Þvert á móti vildi Magnús lagabætur hafa samráð ríkis og kirkju um setningu nýs kristinréttar. Aftur taldi Jón rauði erkibiskup það í valdi kirkjunnar og ekki konungsmanna að semja lög er vörðuðu kristna trú. Þessu má ekki rugla saman, enda er ekki svo að sjá að aðskilnaður veraldlegra og geistlegra laga hafi ríkt á áratugunum eftir 1280.

³³ Jón Þorkelsson giskaði á að Árni hefði reynt að fá „ýmsar greinir úr Kristinrétti Jóns, sem stafa mun frá biskupaþinginu 1280, lögtekna, en það mun hafa gengið treglega eða alls ekki“ (*DI* II:226, sjá einnig 219, 221–225, 229, 232). Meðal þessara greina eru 43.–46. kafli kristinréttar Árna (sbr. *NgL* V:54–56). Fyrir þessu eru engar heimildir og varðveisla kaflanna í miðaldahandritum bendir til þess að þetta sé ólíklegt.

³⁴ Reyndar er harla lítið vitað um þessa samþykkt annað en að hún var gerð á tíð Sigvarðar biskups Þéttmarssonar (1238–1268). Í deilum um lögtöku Jónsbókar á alþingi 1281 bar Árni biskup hana fyrir sig og sagði þetta hafa verið „lögtekkit hér í lögréttu yfir allt vart land með góðu samþykki allra landsmanna“ (*ÍF* XVII:95). Jón Jóhannesson taldi að samþykktin hefði aðeins verið nýmæli og því aldrei fullgild lög. Þar með væri hún dauður bókstafur, enda hefðu höfðingjar sem ekki voru á alþingi þetta sumar talið sig óbundna af samþykktinni, sbr. þá reglu að nýmæli hafi ekki bundið aðra en þá sem samþykktu það sjálfir (Sigurður Línadal 1984:145; Jón Jóhannesson 1956: 258–260; 1958:91–92.).

arlega takmörk veraldlegs og andlegs valds; ekki hvað síst 41. kafli sem kveður á um dómsvald kirkjunnar í öllum kristinréttarmálum, bæði þau sem vörðuðu kirkjuna og almenning. Slík réttindi fékk norska kirkjan að öllum líkindum ekki staðfest endanlega fyrr en 1277, svo sem fyrr er getið, þó svo að forvígismenn hennar hafi talið sér sjálfstæða dómsögu frá miðri 13. öldinni (Bagge 1987:151–152). Tæplega hefur íslenska kirkjan orðið þeirri norsku fyrri til að fá þessi réttindi viðurkennd.³⁵

Að vísu hefur því verið haldið fram að á meðal þeirra greina sem ekki fengust samþykktar á alþingi 1275 hafi verið sú um völd biskups yfir kirkjum, 11. kafli kristinréttar Árna.³⁶ Hér virðist þó gildistöku og framkvæmd kristinréttar ruglað saman. Tveimur árum áður (1273) hafði Árni biskup unnið fullan sigur í fyrri lotu staðamála og fengið viðurkenndan yfirráðarétt yfir stöðum á höfðingjafundi í Björgvin. Erkebiskup kvað upp dóminn að viðstöddum konungi. Tæplega hafa íslenskir höfðingjar því getað sett sig upp á móti þeim ákvæðum kristinréttar Árna sem einmitt voru grundvölluð á þessum málalokum. Hitt er svo annað mál að eftir að ríkisráðið tók við völdum í umboði Eiríks konungs árið 1280 breyttust allar forsendur í staðamálum; réttindi norsku kirkjunnar (og þ.a.l. þeirrar íslensku) voru þá afnumin að stórum hluta og útilokað hefur verið að framfylgja þessum ákvæðum kristinréttar Árna.

Ekki er því ólíklegt að 32 köflum kristinréttar Árna en ekki fleiri hafi verið játað á alþingi árið 1275, þ.e. köflum 8–39. Hugsanlegt er að 40.–42. kafli sem lögrétta synjaði þá hafi smám saman öðlast gildi en ákvæði Jóns rauða (kaflar 43–46) hafa aldrei verið hluti af kristinrétti Árna (sbr. Már Jónsson 1991:151).³⁷ Þá er ósennilegt að kristindómsbálkur Járnsíðu hafi nokkurn tímann tilheyrt kristinréttinum, heldur aðeins verið í lausum tengslum við hann sem nokkurs konar inngangur. Þessir kaflar giltu enda aðeins í réttan áratug því árið 1281 leysti Jónsbók Járnsíðu af hólmi sem lögbók Íslendinga. Tæplega hefur kristindómsbálkur Járnsíðu gilt áfram sem hluti af kristinrétti Árna — hvorki sem hluti né laustengdur inngangur — enda er í Jónsbók kristindómsbálkur ekki ósvipaður þeim í Járnsíðu og hefur hann væntanlega tekið við hlutverki inngangskafla kristinréttar Árna (*Jónsbók*:17–30).

³⁵ Þessu er t.a.m. Már Jónsson sammála (1993:30).

³⁶ Sjá t.a.m. Lára Magnúsdóttir (2001b:207 nm.) og Finnur Jónsson (1774:10–11).

³⁷ Már nefnir dóm frá þriðja áratugi 16. aldar þessu til stuðnings (*DI XII*:621). Þar féll Guðrún Jónsdóttir til óbóta með föðurbróður sínum samkvæmt upphaflegu ákvæði í 27. kafla kristinréttar Árna; slíkt hefði ekki komið til hefði ákvæði Jóns rauða í 43. kafla haft einhverja þýðingu.

Því má heldur ekki gleyma að enda þótt íslenska kirkjan hafi tekið stakka-skiptum á síðustu áratugum 13. aldar, öðlast nokkurt frelsi og fengið viður-kennd ýmis réttindi alþjóðakirkjunnar, var hún langt frá því að vera orðin full-burða stofnun — ríki í ríkinu — eins og kirkjan var víða á meginlandi Evrópu um þetta leyti (Cantor 1993:487–505).³⁸ Vel má heita svo að kirkjunnar menn á dögum Árna Þorlákssonar hafi litið á kirkjuna sem eina heild og komið fram í nafni hennar sem stofnunar en ekkert bendir til þess að leikmannahöfðingjar íslenskir hafi skilið hlutverk kirkjunnar með þeim hætti (Magnús Stefánsson 1978:140, Sigurður Línadal 1997:253, Lára Magnúsardóttir 1998:217).³⁹ Hér hlaut því að fylgja eins konar málamiðlun og skýrasta dæmið er vitanlega lögtaka kristinréttar Árna sem goldið var jáyrði í lögrétta rétt eins og um veraldleg lög væri að ræða. Hitt ber þó að hafa í huga að þótt bæði kristinna laga þáttur Grágásar og kristinréttur Árna hafi verið samþykktir með þessum hætti var sá munur á að kristinréttur forni var hluti landslaganna; kristinréttur nýi stóð hins vegar sjálfstæður; var lögbók kirkjunnar og geymdi reglur og viðurlög er vörðuðu kristið lífern og kristnihald. Þrátt fyrir nán tengsl við Jónsbók á miðöldum — kristinréttur Árna fylgir víða Jónsbókarlögum á skinnhandritum — varð hann aldrei hluti hennar í þeim skilningi sem kristinna laga þáttur tilheyrði Grágás (sbr. Gunnar F. Guðmundsson 2000:97).⁴⁰

6. 1275 eða 1354?

6.1. Lögtaka í Skálholtsbiskupsdæmi?

Eins og greint var frá hér að ofan er Árna saga býsna fáorð um gildistöku hins nýja kristinréttar. Þar segir aðeins að biskup hafi fengið hann samþykktan á alþingi sumarið 1275 „utan fá capitula“ sem menn vildu láta konung og erki-biskup skera úr um hvað standa skyldi (*ÍF* XVII:49). Í Árna sögu er hvergi

³⁸ Almennt er talið að vald kaþólsku kirkjunnar í Vestur-Evrópu hafi náð hámarki um 1300, þ.e. þegar kirkjulög höfðu náð útbreiðslu í löndum álfunnar, sjá Lára Magnúsardóttir (2001b:201 og tilvísanir þar).

³⁹ Lára Magnúsardóttir telur að íslenska kirkjan hafi verið orðin stofnun á þessum tíma og komið fram sem slík þrátt fyrir ólíkan skilning klerka og leikmanna á lögum (1998:217 nm.).

⁴⁰ Lára Magnúsardóttir hefur orðað þetta ágætlega: „Við lögtöku hins nýja kristinréttar varð aðskilnaður ríkis og kirkju að veruleika“ (2001b:200). Hún tekur þó skýrt fram að hann hafi verið með allt öðru sniði en tíðkast á vorum dögum. Aðskilnaðurinn hafi falist í andlegum hluta laganna (kristinrétti) og þeim veraldlega (Járnsíðu og síðar Jónsbók) og þeim skilningi að þörf væri fyrir yfirvöld á báðum þessum sviðum.

getið um hvort kristinrétturinn var lögtekin í báðum biskupsdæmum og á samþykkt hans er heldur ekki minnst í annálum, utan einnar setningar við árið 1276 í Skálholtsannál: „Lögtekin kristins doms balkr inn nýi“ (*Íslandske Annaler*:194). Því verður að leita annarra heimilda til að skera úr um hversu víðtækt vald fólst í hinum nýja kristinrétti.

Í tveimur handritum er gildistaka kristinréttar Árna bendluð við Skálholtsbiskupsdæmi eitt. Hér áður var minnst á upphaf kristinréttar í Skarðsbók Jónsbókar (AM 350 fol.) en í annálsgrein í Skálholtsbók eldri (AM 351 fol) segir einnig: „Anno domini .m.cc.lxx.v. var kristins doms balkr hinn nýi lögtekin vm skalholltz biskups dæmi j logrettu a islandi“ (bl. 116vb). Við þetta bætist svo brot úr bréfi Árna biskups og höfðingja sunnanlands, sent Magnúsi konungi haustið 1275 og skýrir frá gildistöku hins nýja kristinréttar á alþingi. Þar segir meðal annars:

Virdvligum herra sinvm magnvsi konvngi hinvm korvnada senda arne biskvp j skalaholti og ... avll hirdin sv sem j skalahollzt biskvps dæmi er Q[vediu] c[uds] og sina skylldvga þionvztv.

vier vilivm ydr kvnngit giora at kristins doms balk þann sem samidr var til jslandz med radi virduligx herra jons erkibiskvps. havfvn vier med samþykct alþydu j skalaholldz biskupsdæmi laugtekid a almennelegu þingi j laugriettu. og sa skal standa þar til er þier og herra erki-biskup j nidarose hafid honum audru viis skipad (*DI II*:125).

Bréfið er aðeins varðveitt í miklu yngra eftirriti (í AM 174 a 4to frá um 1500) en er getið í Árna sögu (*ÍF XVII*:54–55). Loks er varðveitt bréf (einnig í ungu eftirriti, ÍB 221 4to frá 18. öld) Magnúsar konungs Erlingssonar frá árinu 1354 sem fyrirskipar að „sá kristindómsréttr, sem geingr sunnan lands, at hann gangi um alt landit“ (*DI III*:98).

Á þessum heimildum hefur sú skoðun verið reist að kristinréttur Árna hafi aðeins verið lögtekin í Skálholtsbiskupsdæmi árið 1275 og ekki í Hólabiskupsdæmi fyrr en með konungsbréfinu frá 1354, hartnær átta áratugum síðar. Flestir fræðimenn hafa hallast að þessari kenningu.⁴¹ Nokkrir hafa látið nægja

⁴¹ Sjá t.a.m.: Jón Pétursson (1863:16–17), Magnús Stefánsson (1975:68, 1978:111, 150, 168, 207, 234–235, 2000:16), Jón Jóhannesson (1958:110), Chr. Westergaard-Nielsen (*Skálholtsbók eldri*:14), Sigurður Líndal (*Skarðsbók*:35), Björn Þorsteinsson og Sigurður Líndal (1978:29, 33, 43, 76), Björn Þorsteinsson og Guðrún Ása Grímsdóttir (1989:62), Magnús Már Lárusson (1964:306), Gunnar F. Guðmundsson (2000:89, 2001:213), Jesse Byock (2001:312), Páll Sigurðsson (1971:168, 1992:286), Már Jónsson (1993:28, 31), Konrad

að geta þess að kristinréttur Árna hafi verið lögtekinn árið 1275 án þess að tiltaka biskupsdæmin sérstaklega⁴² en Páll Eggert Ólason taldi kristinréttinn óefað hafa gilt í báðum biskupsdæmunum frá 1275 og lagaboð konungs frá 1354 komið til vegna „þrjózku Norðlendinga við byskupana nyrðra“ (1922: 29). Fullyrðing þessi kann að hljóma úr lausu lofti gripin en þó er ýmislegt sem bendir til þess að kristinrétti Árna hafi verið fylgt í Hólabiskupsdæmi, a.m.k. að hluta til, fljótlega eftir gildistöku á alþingi 1275 og fram eftir 14. öldinni.⁴³ Lára Magnúsdóttir (2001b:204, 206) er t.a.m. sannfærð um að kristinréttur Árna hafi gilt í báðum íslensku biskupsdæmunum frá 1275 og vísar til þess að með lögfestingunni hafi Íslendingar gengið undir vald páfa og kirkjunnar á andlega sviðinu; eftir lögtökuna hafi kirkjan ekki þurft að leita samþykkis alþingis til lagasetningar. Hér virðist Lára þó ganga ívið lengra en heimildir gefa tilefni til því að afar erfitt (ef ekki útilokað) reyndist að framfylgja ákvæðum kristinréttar Árna á áratugunum eftir 1280. Vissulega má fallast á að kristinrétturinn hafi verið lögtekinn á öllu landinu 1275 en nærri lagi er að líta á samþykktina sem áfanga á torsótttri leið í átt að frelsi og réttindum kirkjunnar. Íslenska kirkjan mátti sín enda lítills í deilum við veraldarhöfðingja á meðan stuðnings erkibiskups og/eða konungs naut ekki við; bendir ólíkur lagaskilningur klerka og leikra höfðingja, bæði í staðamálum og erjum biskupa og Norðlendinga um og eftir miðja 14. öldina, til þess að leikmenn hafi ekki litið á samþykkt kristinréttar Árna sem fullkomna viðurkenningu á rétti kirkjunnar til að framfylgja og dæma eftir kanónískum rétti ef hann gekk þvert á landslög.

6.2. *Lögtaka í báðum biskupsdæmunum?*

Magnús Stefánsson taldi líklegustu skýringuna á því að kristinrétturinn hefði upphaflega aðeins tekið gildi í Skálholtsbiskupsdæmi vera þá að Jörundur Þorsteinsson Hólabiskup (1267–1313) hafi verið erlendis og því ekki á alþingi þegar lagabálkurinn var borinn upp til samþykktar. Hann bætir svo við:

Maurer (1878:97–100, 1966:109), Jón Sigurðsson (*DI* I:562), Jón Helgason (1925:158), Agnes S. Arnórsdóttir (1995:150, 1996:82), Orri Vésteinsson (2000:293), Guðbrandur Jónsson (1940:104), Andrew Dennis, Peter Foote og Richard Perkins (*LET*:6).

⁴² Sjá t.a.m.: Ólafur Lárússon (1923:4, 1958:206), Einar Arnórsson (1945:115), Inge Skovgaard-Petersen (1960:241), Knut Helle (1974:101), Finnur Jónsson (1774:10).

⁴³ Guðrún Ása Grímsdóttir vék að þessu í útgáfu sinni á sögum Árna Þorlákssonar og Lárentíusar Kálffssonar (sjá *ÍF* XVII:lxxiii, lxxvii, 288 nm., 357 nm. o.v.).

Ljóst er, að Jörundur hefði ekki getað staðið gegn samþykkt kristinréttarins, sem sendur var til Íslands og saminn fyrir það með ráði erkebiskups, og raunar engin ástæða til að ætla, að hann hefði gert það, en hins vegar afar skiljanlegt, að samþykkt hans væri bundin við Skálholtsbiskupsdæmi eitt, ef Hólabiskup var ekki viðstaddur (Magnús Stefánsson 1978:150).

Full ástæða er til að taka undir fyrri röksemd Magnúsar að Jörundur hefði hvorki getað hindrað samþykkt kristinréttarins né að nokkur ástæða sé til að ætla honum slíkt. Hins vegar er með öllu óvíst hvort Jörundur var fjarverandi á alþingi þetta sumar því annálar geta útkomu Hólabiskups við árið 1274 (*Íslandske Annaler*:49, 69, 139, 194, 332). Í Árna sögu segir aðeins að hann hafi komið út sumarið 1275 með skipun kirkjuþingsins í Lyon frá 1274 (*ÍF* XVII:50). Ekkert í sögunni sker heldur úr um það með óvefengjanlegum hætti að Hólabiskup hafi komið til landsins eftir alþingi og því má allt eins gera ráð fyrir því að Jörundur hafi verið viðstaddur þegar kristinréttur Árna var lögtekinn. Að auki álitur Magnús flest benda þess til að Hólabiskup hafi verið á þingi við lögtöku Jónsbókar 1281 þó svo Árna saga geti ekki um nærveru hans þar og ekki megi „álykta of bráðlega um fjarveru hans af þögn sögunnar“ (1978:150, 184, 207–208).

Áðurnefnt bréf Árna biskups og hirðarinnar sunnanlands um lögfestingu kristinréttarins er heldur engin sönnun þess að hann hafi aðeins verið samþykktur í Skálholtsbiskupsdæmi. Eins og áður var nefnt er getið um þessa bréfasendingu í Árna sögu. Þar er þó sá grundvallar munur á að sagan getur bréfa (en ekki bréfs) biskupanna beggja auk sýslumanna og höfðingja:

Á þessu hausti [1275] er um liðit var, kómu til Magnúss konungs bréf byskupanna ok sýslumanna ok handgenginna manna á Íslandi ok þar með almúgsins at menn höfðu lögleiddan eptir boði byskupanna ok tilskipan herra Jóns erkibyskups nýjan kristindóms bálk ...

Höfundur Árna sögu hefur haft þessi bréf undir höndum og voru þau „með allra þeira innsiglium“ (*ÍF* XVII:54–55, sbr. *Árna saga biskups*:c). Vel má heita svo að Árni hafi skrifað konungi fyrir hönd biskupanna og önnur bréf sem sagan nefnir séu þá komin frá sýslumönnum og höfðingjum (ef það var þá ekki eitt og sama bréfið). En hitt stendur skýrt að kristinrétturinn var lögleiddur eftir boði Árna og Jörundar, með tilskipun Jóns rauða.

Setningin í bréfi Árna og sunnlenskra fyrirmanna til konungs þar sem segir að kristinrétturinn sé aðeins settur til bráðabirgða, þ.e. uns konungur og erkibiskup hafa „honum audru viis skipað“ (*DI* II:125), hefur ennfremur vakið upp þá spurningu hjá fræðimönnum hvort Magnús lagabætur hafi nokkurn tíma staðfest hann formlega (Jón Jóhannesson 1958:109, Seip 1937–1940: 579–581). Konungi líkaði a.m.k. framtak Íslendinga stórilla; sendi hann bréf út árið 1276 þar sem hann

bað alþýðu fyrir sjá við hvat menn mætti búa fyrir en samþykkja nokkorum öðrum lögum, hvárt sem þat væri um kristin rétt eður önnur lög en þeim er hann skipaði, þar til er hann semði við erkibyskup ok aðra lærða menn hvat standa mætti. Sagði hann ok þá litla vináttu mundu móti taka er öðruvís gerði; létz hyggja þetta vera sitt starf ok erkibyskups, en eigi annarra manna at skipa kristin rétt í landi hans eður önnur lög. Þat lét hann ok fylgja at hann hugði at þeim mundi gott hafa til gengit sem gert höfðu.

En at móti flutningi þeira sem fyrir honum sönnuðu at byskupar pyndi um rétt fram ok móti fornum vanda, ritaði hann svá at hann fyrirbauð neinum leikmönnum at ganga undir né eina pynding ok eigi til einnar vaðmálsalnar utan svá sem at fornu hefði verit ok bauð þeim til sín at halda fyrir en játa (*ÍF* XVII:55–56).⁴⁴

Með samþykkt kristinréttar Árna hafa Íslendingar því seilst inn á verksvið sem að mati konungs varðaði þá ekki. En þrátt fyrir óánægju hans er ekkert í þessari frásögn sem bendir til þess að kristinréttur Árna sé felldur úr gildi — eða þá beinlínis samþykktur — en konungur hafnar þó álögum er taka mið af hinum nýja kristinrétti.

6.3. Skálholtsbiskupsdæmi: Samþykki til reynslu?

Eins og fyrr segir tókust konungur og erkibiskup á um setningu kristinréttar í Noregi og vildi konungur hafa samráð ríkis og kirkju um slíka lagagerð. Samkomulag eða sátt í málinu náðist ekki fyrir dauða Magnúsar lagabætis árið 1280. Þá hafði hann lokið við að láta semja nýja lögbók fyrir Íslendinga, Jóns-

⁴⁴ Þetta bréf er ennfremur prentað í *Íslenzku fornbréfasafni* (*DI* II:130) eftir skinnblaði Reykjarfjarðarbókar með Árna sögu. Þar er hins vegar tekinn upp rangur lesháttur: *skapa* í stað *skipa* (sbr. *Árna saga biskups*:48, l. 14).

bók, sem Jón Einarsson og Loðinn leppur sigldu með út sama ár. Sé haft í huga að kristinréttur Árna hafi aðeins átt að gilda uns konungur og erkibiskup skipuðu honum á annan veg er tæpast hægt að líta á kristindómsbálk Jónsbókar öðruvísi en svo að þar felist einmitt viðurkenning — a.m.k. tímabundin — á kristinrétti Árna. Þessi kafli lögbókarinnar er stuttur og að mestu eiðar og ríkiserfðalög, rétt eins og kristindómsbálkur Járnsíðu, og sem slíkur hefur hann ekki átt að leysa kristinna laga þátt Grágásar af hólmi, ef hann var þá enn í gildi (*Jónsbók*:17–30, *Járnsíða*:10–18).⁴⁵

Sú skoðun hefur verið sett fram að reiði Magnúsar lagabætis í bréfinu til íslenskrar alþýðu árið 1276 hafi orðið til þess að útilokað var að koma kristinrétti Árna á í Hólabiskupsdæmi (sbr. Magnús Stefánsson 1978:168). Eða með öðrum orðum: Kristinrétturinn var samþykktur til reynslu í Skálholtsbiskupsdæmi en þegar Íslendingar skynjuðu vilja Magnúsar lagabætis afréðu þeir að fresta um sinn löggildingu í umdæmi Hólabiskups. Gallinn við þessa kenningu er sá að hér er gert ráð fyrir því að tvenn kirkjulög hafi gilt á Íslandi í hartnær átta áratugi, eða allt þar til konungsbréfið frá 1354 lögfesti kristinrétt Árna í Hólabiskupsdæmi. Hér er þó rétt að geta þess að Magnús Stefánsson (1978:207,234–235) dregur nokkuð í land með þá fullyrðingu að kristinrétturinn hafi ekki gilt í Hólabiskupsdæmi fyrr en frá árinu 1354. Hann vísar m.a. til þess að Jörundur Þorsteinsson hafi reynt að framfylgja einhverjum ákvæðum hins nýja kristinréttar. En ef reiði konungs kom í veg fyrir lögtöku kristinréttarinn á Hólum, hvers vegna var þá hægt að framfylgja honum í Skálholti á sama tíma? Það er að mörgu leyti skiljanlegt að illa hafi gengið að framfylgja þessum nýja lagabálki á áratugunum eftir 1280 — þegar norska kirkjan átti afar andstreymt — en síðar tókst betra samkomulag með klerkum og konungsvaldinu. Hvers vegna var þá beðið í hálföld með að lögfesta hinn nýja kristinrétt norðanlands? Að auki bar báðum íslensku biskupunum að sýna erkibiskupi hlýðni samkvæmt almennum kirkjulögum (*DI* I:223,286, *LatDok*: 54, Guðrún Ása Grímsdóttir 1982:32–33) og skömmu eftir samþykkt kristinréttar kom út boðskapur erkibiskups þar sem hann „eggjaði byskupana at halda fram rétti kirkjunnar sem framast væri föng á“ (*ÍF* XVII:58). Ekki er ósennilegt að Jón rauði hafi hér m.a. átt við hinn nýja kristinrétt, enda fátt í kristinna laga þætti Grágásar sem kirkjuvaldsmenn gátu reitt sig á.

⁴⁵ Jón Sigurðsson (1856:17–18) var reyndar efins um að kaflarnir um erfðir og eiða í kristindómsbálknum (3.–12. kafli) hefðu tilheyrð Jónsbók frá upphafi. Hann áleit þá frekar hafa staðið í lausum tengslum við bókina. Þessu hafnaði Ólafur Halldórsson alfarið (*Jónsbók*:iii).

6.4. Kristinrétti Árna framfylgt syðra

Árni Þorláksson hóf fljótlega að framfylgja kristinrétti sínum. Árið 1278 kærði t.a.m. Guðmundur Guðmundsson prestur þá Nikulás og Eindriða sendiboða konungs fyrir biskupi og sakaði þá um að hafa hrakið sig við Ölfusferju. Málavextir eru óljósir en vera má að mennina hafi greint á um það hvorir komu fyrst að ferjustaðnum, enda segir í ferjumáldaga Ölfusár frá um 1200 að þeir sem fyrstir koma að á skuli fara fyrstir yfir (*ÍF* XVII:69 nm., *DI* I :319–320). Árni taldi konungsmenn hafa fellt á sig páfabann af sjálfu verkinu því að samkvæmt kristinrétti og almennum kirkjulögum voru kennimenn friðhelgir (*NgL* V:26, sbr. *DI* I:224–223, II:231–232). Sakborningarnir færðust undan en guldú biskupi að lokum sex marka sekt; hafði Eindriði á orði „at hann vildi þola at Árni byskup léti sækja þau mál öll at nýjum lögum á heraðsþingum <sem stóðu> í fornum kristinrétti en kallaði eigi rangt þótt hinar fornu sektir sé á lagðar“ (*ÍF* XVII:69–70). Ekki er getið um það í kristinrétti Árna hversu hátt féggjald skyldi koma fyrir brot af þessu tagi. Aðeins segir að hinn brotlegi felli á sig bann af sjálfu verkinu og fái einungis lausn eftir guðslögum með forsjá biskups. Það var ekki óalgengt í flóknu dómskerfi miðalda þegar tvenn eða fleiri lög giltu stundum um sama brotið (t.a.m. mismunandi kirkjulög) að menn sæktu málið að þeim lögum sem þóttu mildari (sbr. Brundage 1995:2). Eindriði var sáttur við að láta dæma eftir kristinrétti Árna en féggjöld átti að miða við kristinna laga þátt.

Sem fyrr getur er almennt talið að sættargerðin í Túnsbergi 1277 hafi aukið veg kirkjunnar; þar fengust viðurkennd ýmis forn réttindi, s.s. dómsvald kirkjunnar í klerka- og kristinréttarmálum og skattfrelsi klerka. Veigamesta deiluefnið var þó enn ekki til lykta leitt: löggjafarvald kirkjunnar í kristinréttarmálum sem konungur fékkst ekki til að viðurkenna. Stefna konungs gagnvart kirkjunni mæltist þó misjafnlega fyrir meðal norskra leikmannahöfðingja. Það kom bersýnilega í ljós við konungaskiptin og leitaðist ríkisráðið sem fór með völdin í konungsdæminu næstu árin markvisst eftir því að svipta kirkjuna þeim réttindum sem hún hafði öðlast á valdatíð Magnúsar lagabætis (Helle 1974:141, 249).

Eiríkur Magnússon var krýndur konungur 2. júlí 1280, tólf vetra gamall en Hákon bróðir hans var tíu vetra. Helstu ráðgjafar Magnúsar sáluga urðu lög-ráðamenn hins nýja konungs og skarst þegar í odda með ríkisráði og erkibiskupi. Ríkisráðsmenn létu semja réttarbót sem lögtekin var skömmu eftir krýninguna og dró mjög úr rétti kirkjunnar en jók á áhrif leikmanna (*DI* II:196–206, *NgL* III:3–11). Á sama tíma blés Jón erkibiskup til biskupaþings í Björg-

vin og stefndi þangað m.a. bæði Árna Þorlákssyni og Jörundi Þorsteinssyni. Þar var gerð skipan Jóns rauða með ráði sjö annarra lýðbiskupa. Hún var andsvar við réttarbótinni og miðaði að því að tryggja þau réttindi sem kirkjan hafði þegar öðlast, s.s. réttinn til að dæma í klerka- og kristinréttarmálum og forráðum klerkastéttarinnar yfir kirknafé. Í skipuninni voru bannsakir ennfremur auknar gegn þeim sem gengu á rétt heilagrar kirkju (*DI* II:174–188, *NgL* III:229–241).⁴⁶

Bæði erkibiskup og ríkisráðið leituðu með málið til páfa en þar hlaut Jón rauði lítinn stuðning. Deilurnar möggnuðust uns erkibiskup hrökklaðist úr landi 1282 og lést skömmu síðar. Erkibiskupslaust var í Noregi næstu árin en settir tókust með deilendum 1283. Kirkjan hafði þó beðið mikinn ósigur og þess gætti einnig úti á Íslandi (Helle 1974:249–253).⁴⁷

Áður var þess getið að árið 1280 komu sendimenn Magnúsar lagabætis út með nýja lögbók handa Íslendingum. Jón Einarsson og Loðinn leppur fóru um landið veturinn eftir og kynntu landsmönnum efni bókarinnar en lögtakan fór fram 1281 og segir af henni í löngu máli í Árna sögu (*ÍF* XVII:86–101). Gunnar Karlsson (1991:62) hefur reyndar bent á að deilan um Jónsbók virðist aðeins að litlu leyti hafa verið háð af lögréttumönnum, enda létu biskup og klerkar, handgengnir menn og bændur rita andmæli við lögbókina áður en komið var til þings og lesa upp í lögréttnu.

Óparfi er hér að rekja þær greinar Jónsbókar sem Íslendingum féllu ekki í geð samkvæmt frásögn Árna sögu; þar þóttu þó margir hlutir „mjök frekir um óbótamál ok aðra hluti þá sem óhentir voru landsbúinu.“ Árni biskup Þorláksson taldi einnig margar greinar vera móti guðslögum og vildi með engu móti samþykkja þann kafla bókarinnar „at einn væri lögmaðr yfir landslögum ok Guðs lögum hvárt sem konungr vildi lögmennt hafa einn eðr fleiri“ (*ÍF* XVII:86–87). Vitnaði biskup meðal annars í lögréttusamþykktina frá 1253 um að guðslög réðu ef þau greindi á við landslög og ennfremur í bréf Jóns erkibiskups sem bannaði að lögleiða marga þá hluti er í bókinni stóðu. Eftir heift-

⁴⁶ Lára Magnúsdóttir (2001b:205) furðar sig á umfjöllun Magnúsar Stefánssonar um þessa skipun Jóns rauða sem hann kallar deilurit og einnig því að Magnús (1978:177) skuli kalla konungsbréfið frá 1280 réttarbót. Nú skal ekki dregið í efa að skipun Jóns frá biskupaþinginu sé „ósköp venjuleg“ að uppbyggingu en hvað varðar efni er hún fyrst og fremst andsvar við réttarbót ríkisráðsmanna og átti þannig að standa vörð um réttindi kirkjunnar sem hún hafði þegar öðlast. Það sem Lára kys að kalla bréf konungs er raunar þessi réttarbót ríkisráðsmanna og þó svo að skipun Jóns rauða sýndi fram á að réttarbótin bryti í bága við almenn kirkjulög má draga stórlega í efa að ríkisráðsmenn hafi litið þannig á málið (sbr. *ÍF* XVII:79 nm.).

⁴⁷ Hér verður ekki fjallað um seinni lotu staðamála, sjá Magnús Stefánsson (1978:174–226).

arlegar deilur, einkum á milli Árna og Loðins lepps, fór svo að bókinni var játað. Var konungi áður rituð bænaskrá um þær breytingar sem biskup og Loðinn urðu ásáttir á að gera; hvorki tókust sættir um þá grein að lögmaður væri yfir kristnum rétti né um lögréttusamþykktina frá 1253 (*ÍF* XVII:91, 100). Hvorug þessara greina varð nokkurn tímann hluti Jónsbókar.

Forðast ber að eigna ríkisráðinu norska þær greinar sem Árni biskup taldi standa móti guðslögum í Jónsbók því að hún telst hafa verið fullsamin áður en Magnús lagabætur lést (Björn Þorsteinsson og Sigurður Líndal 1978:43). Eins og áður var getið hlýtur kristindómsbálkur lögbókarinnar að fela í sér viðurkenningu á kristinrétti Árna, a.m.k. þar til konungur og erkibiskup hefðu náð sáttum í deilum um löggjafarvald kirkjunnar. Þar með er ekki sagt að konungur hafi galdið jáyrði við kristinréttinum í heild sinni og hlutu ýmsar greinar hans að ganga í berhögg við stefnu ríkisvaldsins gagnvart kirkjunni (s.s. lögréttusamþykktin). Í bréfi Magnúsar til íslenskrar alþýðu 1276 er kristinréttinum ekki hafnað, eins og áður segir, heldur aðeins auknum álögum miðað við hinn nýja lagabálk.

Þegar Loðinn leppur talaði fyrir Jónsbók á alþingi og lögréttumenn neit-uðu að játa allri bókinni greinalaust svaraði hann á móti „at þeir áttu fyrst at já bókinni ok biðja síðan miskunnar um þá hluti sem nauðsyn þætti til standa, konunginn ok hans ráð“ (*ÍF* XVII:93).⁴⁸ Þetta virðast Íslendingar hafa gert síðan, því að í inngangi réttarbóta sem hingað voru sendar 1294, 1302 og 1312 kemur fram að þær séu gerðar að beiðni Íslendinga (*Jónsbók*:281,289–290, 293, sbr. Gunnar Karlsson 1991:65–66). Hitt er annað mál að á 14. öld tók að tíðkast að réttarbætur konunga væru færðar inn í Jónsbókarhandrit, jafnt þær íslensku og þær sem gerðar voru fyrir Noreg og höfðu aldrei verið lögleiddar hér á landi (Ólafur Lárússon 1958:207). Hér skal getið tveggja réttarbóta er varða kristinrétt.

Réttarbót Eiríks konungs og Hákonar hertoga frá 1290 kvað á um að kristinréttur forni skyldi standa um þá hluti alla sem lærðir menn áttu að hafa. Hún er stfluð til Íslands í einu handriti (AM 154 4to) en Jón Þorkelsson taldi það naumast eiga við rök að styðjast (*DI* II:272–275, *NgL* III:17–18). Aftur á móti segir í réttarbót Hákonar konungs frá 1305

⁴⁸ Hér kemur fram sá skilningur að löggjöf var hlutverk konungs og konungsráðs en ekki alþýðunnar á þingum, rétt eins og viðtekin venja var í Noregi (sjá Helle 1972:485–497, sbr. *ÍF* XVII:93–94 nm.). Gunnar Karlsson telur að andstaðan við Jónsbók beri með sér „að Íslendingar, bæði höfðingjar og bændur, tóku alvarlega samþykktarvald sitt um lög þegar konungur bauð þeim að fyrra bragði að beita því. Þeir skildu það ekki svo að konungur ætti einn að ráða lögum“ (1991:64).

at allr kristindoms rettr se eptir þui sem at fornu hefuir verit ok allir þeir hlutir sækiz eptir þui sem laug hafua adr verit. en eigi med vtsetning heilagrar kirkiu eda þionustu banni. þuiat lögmenn erv til þess skipadir at segia laug vm kristindoms rett ok þær sakir sem þar kunnu til at falla (*DI II:343*, sjá einnig Jón Sigurðsson 1886:166).

Þessi grein, sem er hin fyrsta í réttarbótinni, finnst óvída á handritum. Hún er prentuð eftir AM 126 4to í *Íslenzku fornbréfasafni* en stendur þar að auki á AM 131 4to, GKS 3269 b 4to, Thott 2100 4to og Thott 2101 4to (*DI II:342–345*). Óvíst er því hvort þessi grein hefur nokkru sinni fengist lögtekin á Íslandi; þannig hefði kristinréttur Árna verið felldur úr gildi alls staðar á landinu. Jón Þorkelsson gat sér til að hún tengdist deilum skagfirskra bænda við Jörund Hólabiskup. En þær virðast benda til þess að biskupinn hafi framfylgt (a.m.k. að hluta til) kristinrétti Árna í umdæmi sínu. Skal vikið að þessu og öðrum dæmum úr Hólabiskupsdæmi á fyrri hluta 14. aldar (til 1354) sem benda til þess að biskupar umdæmisins hafi reynt að framfylgja kristinrétti hinum nýja. Um það er Árna saga að vísu býsna fáorð svo leita verður fanga í öðrum heimildum.

6.5. Kristinrétti Árna framfylgt nyrðra

Snemma á 14. öld kærði Sveinn langur Þórisson sýslumaður í Hegranessþingi Jörund Þorsteinsson Hólabiskup til Hákonar konungs fyrir að hafa tekið til fjórtán hundraða fyrir fátækum mönnum í Skagafirði af hvólum er bændur í héraðinu höfðu flutt til lands á helgum dögum. Samkvæmt kristinna laga þætti átti að gefa þurfamönnum fimmta hlut af helgidagaveiði, í þessu tilviki fimmtung hvers hvals (*Grágás Ia:25*). Jörundur hefur hins vegar framfylgt kristinrétti Árna þar sem segir m.a. um helgidagaveiðar: „Enn ef afgiof verðr meiri [af helgidagaveiðum] en hvndrað i einom stað saman. þa se henne sva scipt sem tivndvm i .iiij. staði“ (*NgL V:46*). Óvíst er hversu mikið Hólabiskup tók en í svari konungs við kærinni sem tímasett er árið 1305 segir meðal annars:

Ok af þui at skiluis vitni buðuz firi oss at fimtungr or hual huerium smam oc storum þeim er fluttz hefer aa helgum dögum hefer fataekra manna eign werit at fornu epter þui sem logbok ýðr oc forn kristindoms rétrr vattar (*DI II:346*).

Jörundi var skipað að skila því sem hann lét taka innan hálf mánaðar ella átti sýslumaður að taka svo mikið af góssi biskups sem hann hafði af fátækra manna fé tekið auk vaxta (*DI II:347*). Engar heimildir eru til um lyktir málsins en samkvæmt skipun konungs átti Hólabiskup að fylgja fornum kristinrétti, eins og fyrirskipað var af hálfu konungsvalds í Noregi á sama tíma.

Í öðru bindi *Íslenzks fornbréfasafns* eru prentuð skriftaboð úr Hólabiskupsdæmi sem í handritum eru eignuð biskupunum Jörundi Þorsteinssyni, Lárentíusi Kálfssyni og Agli Eyjólfssyni. Óljóst er að hve miklu leyti má rekja boðin aftur til Jörundar. Finnur Jónsson (1774:188–192) heimfærir þau til Lárentíusar og prentar eftir AM 175 a 4to. Þar segir m.a. um sílfjar:

Þath eru sifuiar ef madr heldr barni mannz til skirnar. edr. undir biskups haund, ok þath er a þria uega. uidr barnith faudr ok modr barnsins ok uidur þann [sem] skirer epter þui sem kristinn retrr hinn nýi seger. fyrer þessar sifuiar a ath skripta sem firi einfalldann hordom (*DI II:133*).

Jón Þorkelsson áleit þau hins vegar að mestu frá tíð Jörundar og setti við árið 1276 (*DI II:131*).⁴⁹ Sú tímasetning er miðuð við kristinrétt Árna, enda boðin að hluta til grundvölluð á hinum nýja kristinrétti. En hvort sem þau komu frá Jörundi eða Lárentíusi eru þau dæmi um að Hólabiskupar hafi fylgt — a.m.k. að hluta til — kristinrétti Árna áratugum áður en konungsbréfið frá 1354 á að hafa lögfest hann í biskupsdæmi þeirra.

Þegar Jörundur biskup Þorsteinsson lést árið 1313 var Norðmaðurinn Auðun rauður Þorbergsson kjörinn eftirmaður hans á Hólum. Hann kom úr röðum kórsbræðra og var framarlega í hópi þeirra í deilum við Jörund erkibiskup sem lýst er í Lárentíus sögu (*ÍF XVII:238–245*).⁵⁰ Auðun sat á biskupsstóli í nýu friðlítil ár. Skömmu eftir komuna til Hóla hófust greinir með hinum nýja biskupi og flestum prestum biskupsdæmisins, einkum vegna embættisveitinga og meðferðar klaustureigna. Auðun tók meðal annars biskupstíundir vestan Vatnsdalsár af Þingeyrarklaustri og lagði á ný til Hóla; af þeim gjörningi hlutust mikil málaferli (sjá *ÍF XVII:323–334*).

⁴⁹ Skriftaboðin eru prentuð hér í tveimur gerðum í *Íslenzku fornbréfasafni* (*DI II:131–138*, sjá *NgL V:41*).

⁵⁰ Deilurnar snerust ekki hvað síst um völd og réttindi kórsbræðra sem á tíð Jörundar voru orðin býsna mikil. Sættir í deilunni tókust árið 1297 og voru þá ýmis réttindi bræðranna tryggð (*DI II:325–328*).

Auðun stóð þó tæpast í minna stappi við leikmenn í biskupsdæminu og árið 1319 klöguðu norðlenskir bændur biskup í bréfi til Hákonar konungs. Þar var Auðun m.a. sagður „með aungu móti samþykkr verða, svá sem þat lögmaðr segi lög um fésektir í kristindóms bælki. Ei[gi] vill hann ok at fésektirnar minkist í kristindómsrétti svo sem yðar bréf [frá 1305] býðr.“ Margar aðrar ávirðingar eru bornar á biskup og er þess óskað í bréfinu að konungur sjái til þess að eigi sé „leingi saman ágjarn höfðingi ok heimskt fólk“. Hákon konungur féll frá í maí þetta sama ár og því kom í hlut Magnúsar Eiríkssonar arftaka hans (eða öllu heldur ríkisráðsins) að svara kærum Norðlendinga. Bréf hins nýja konungs kom út 1320 og þar er biskupum og lærðum mönnum fyrirboðið að seilast á þegna konungs móti lögum og fornri siðvenju (*DI II*:489–491, 495–496).

Veturinn 1319–1320 hljóp mikil harka í deilurnar. Skagfirskir lausamenn tóku sig saman og hugðust jafnvel fara að biskupi og meiða hann; hafa ákvæði almennra kirkjulaga (og kristinréttar Árna) um þyrmsl kennimanna vart staðið þeim ofarlega í huga. En loks játuðu margir prestar í umdæminu því að tíunda eftir fornri venju og „at þurfamenn einir skyldu taka þat sem minna væri en af fimm hundruðum“ (*ÍF XVII*:339). Auðun hefur því reynt að framfylgja öðrum skyldum en kristinréttur forni lagði á herðar honum. Ekki er svo að sjá að raunverulegar sættir hafi tekist í deilunum og hélt Auðun af landi brott 1320. Hann lést í Niðarósi 1322.

Eftirmaður Auðunar var Lárentíus Kálfsson. Hann þekkti vel til kirkjulaga; hafði meðal annars lesið á kirkjulögbækur hjá Árna Þorlákssyni í Skálholti og lært kirkjurétt hjá Jóni flæmingja í Niðarósi sem var „svá mikill juriste at enginn var þá í Nóregi hans líki“ (*ÍF XVII*:235, 239). Lárentíus var kjörinn Hólabiskup 1322 af erkibiskupi og kórsbræðrum í Niðarósi, skömmu eftir að Auðun lést, og var vígður í embætti 1324.

Áður en Lárentíus hlaut vígslu (þá sem *electus*) hlutaðist hann til um tíund kirkjunnar í Hvammi í Vatnsdal. Þar átti kirkjan tvo hluti í heimalandi og Finnbjörn Sigurðsson bóndi þriðjung á móti. Hann virðist þó hafa farið bæði með prestshluta og kirkjuhluta tíundarinnar; þótti Lárentíusi kirkjan lítt haldin og vildi skipa presti nokkrum kirkjuhlutann. Hér hefur biskup líkast til skírskotað til 22. kafla í kristinrétti Árna. Þar segir meðal annars: „Hæimillt a byscop at taca tívnd fra kirkio ef hann vill. þo at hann hafi til lagt aðr ef þær erv verr varðveittar en mællt er“ (*NgL V*:35). Þetta vildi Finnbjörn bóndi ekki fallast á en eftir áminningar biskupsefnis lét hann jarðarhlut sinn fyrir sex tugi hundraða (*ÍF XVII*:357–358).

Fleiri dæmi er að finna í Lárentíus sögu um að söguhetjan hafi haft í frammi ákvæði kristinréttar Árna. Árið 1308 lét Lárentíus, þá klerkur í þjónustu Jörundar Hólabiskups, sig varða erfðamál Solveigar Loftsdóttur í Lönguhlíð í Hörgárdal. Hún átti leg að Bægisá en eiginmaður hennar Þorvaldur Geirsson lét jarða hana á Munkaþverá og gaf um leið kirkjunni mikið offur. Þessu vildi Hildibrandur prestur á Bægisá ekki una og kærði málið fyrir Lárentíusi „með því at eigi var testamentum hennar sjálfrar [Solveigar] vitanda at hún hefði kjörít sér annars staðar leg en at sóknarkirkju sinni á Bægisá.“ Lárentíus áminnti Þorvald og skipaði að líkaminn skyldi fluttur til Bægisár eða þá að gerð yrði sætt í málinu og fengi sóknarkirkjan það sem skynsamlegt þótti af offrinu. Engar urðu þó sættirnar og varð málið til sundurþykkis Jörundar Hólabiskups og Lárentíusar (*ÍF* XVII:277–285).⁵¹ En hér hefur klerkur líklega vísað til 16. kafla kristinréttar Árna þar sem segir

at scipan su sem menn gera a siþurstvm dogom fyrir ser. nær verande tveimr eða þrimr scilvønom monnom oc fyrir presti ef honom nær scal standa hæþan af. oc obrigðiliga halldaz sva sem logmál (*NgL* V:27).

Með Lárentíus sögu lýkur síðustu biskupasögunni. Í staðinn koma skjöl og annálar en ritvæðing íslensks samfélags kom einkum til fyrir áhrif frá kirkjunni; hún hófst á 11. öld og þróaðist fram á þá 13du (Sveinbjörn Rafnsson 1996:46, Gísli Sigurðsson 2002:59, 65, 94 o.v.). Þó telur Orri Vésteinnsson (2000:39, 225) að biskupsstólarnir hafi ekki hafið skráningu skjala og skipulagða varðveislu fyrr en á síðasta aldarfjórðungi 13. aldar.

Lítið er vitað um eftirmann Lárentíusar á Hólum sem var Íslendingur að nafni Egill Eyjólfsson. Hann var þó í læri hjá Lárentíusi og miðað við þau fallegu eftirmæli sem hann fær í Lögmannsannál hefur biskupinn haldið vel á eigum stólsins og samið ágætlega við sálir í umdæminu (*Íslandske Annaler*:273, Páll Eggert Ólason 1948:329).⁵²

Mjög horfði til hins verra í sambúð biskups og leikmanna eftir að Ormur Ásláksson, norskur maður, tók sæti Egils á Hólum. Hann var biskup nyrðra frá 1343 til 1356; konungsbréfið sem talið er að hafi lögfest kristinrétt Árna í

⁵¹ Lárentíus virðist einnig hafa haft kristinrétt Árna í huga þegar hann predikaði einn hátféisdag á Hólum (líklega veturinn 1307–1308) um alls kyns ósiði, s.s. hórdóm og frændsemisspell (sbr. *ÍF* XVII:288 nm.).

⁵² Einar Hafliðason hefur lengi verið talinn höfundur Lárentíus sögu en hann er einnig sagður hafa ritað Lögmannsannál frá upphafi fram til ársins 1362 (sjá *ÍF* XVII:lxv–lxvi, lxxvii).

Hólabiskupsdæmi kom því út á hans tíð (*DI* III:98–99). Í Lögmannsannál segir við árið 1343 að Ormur hafi deilt við klausturbæður á Möðruvöllum og kastað sumum þeirra í myrkrastofu. Þá „spente hann fast Hóla kirkju godze þui sem þeir herra Egill byskop ok sira Einar Haflida son hofdu vndir komit.“ Ári síðar stendur ritað að biskupar hafi gerst harðir mjög við lærða menn og leika á Íslandi (*Íslandske Annaler*:274). Steininn tók þó úr árið 1347:

*Byskupar a Islandi gerduz sua hardir uid lannz folkid ok toku af monnum penga sua at menn mattu uarla unndir bua. aa alþingi skrifudu Nordlendingar bref til Magnusar kongs med radi Holta [þ.e. Holta Þorgrímssonar hirðstjóra] af þeim lannzins uana sem fyrri byskupar hofdu halldit af sinni yfirferd ok manniöld i uisiteran saung til kirkna ok tiunnda gialld. greinndi serhueria hluti er þeir uilldu at helldiz eftir fornum uana. badu þeir konginn miukum ordum þat sama styrkia med sinni roksemd ok fyrir þetta bref settu xij bænndr af Nordlenndingum sin insigli en almugin a Islandi samþyckti a iij þingum (*Íslandske Annaler*:223).⁵³*

Ormur virðist við þetta hafa dregið í land og bauð á Hegranessþingi að halda fornan landsrétt, utan að tíundir skyldu lúkast þar sem eignir lægju eftir lögum, en bændur og alþýða neituðu (*Íslandske Annaler*:213).

Bæði Ormur Ásláksson og Jón Sigurðsson Skálholtsbiskup sigldu nú utan. Jón kom út ári síðar og reyndi að koma á sættargjörð í deilum Orms og norðlenskra leikmanna en bændur vildu með engu móti undir hann leggja né sættast við Hólabiskup. Jón lést skömmu síðar en næsta sumar kom Ormur út með bréfum og stefndi þeim mönnum utan á konungsfund sem samtök höfðu haft í móti biskupi (*Íslandske Annaler*:275–276). Bændur sem fóru utan sigldu heim með bréf konungs þar sem þeim var boðið að sýna konungsvaldinu hlýðni og „vpp luka hirðstiora várur her sua mikit goðz sem þer lukit kirki- unni“ (*DI* III:73).⁵⁴

⁵³ Um er að ræða annálsbrot, talið ritað í Möðruvallaklaustri (*Íslandske Annaler*:xx). Sjá einnig Lögmannsannál (*Íslandske Annaler*:274) en þar er frásögnin ekki eins ýtarleg.

⁵⁴ Sjá einnig réttarbót Magnúsar konungs (*DI* III:75–76). Magnús Stefánsson (1978:237) telur hana ranglega tímasetta í *Íslenzku fornbréfasafni* og vill heldur færa hana til ársins 1319 í tengslum við kærur Norðlendinga á hendur Auðuni rauða.

6.6. Konungsbréfið 1354

Ári síðar, hinn 19. október 1354, kom út konungsbréfið sjálfst sem á að hafa lögfest kristinrétt Árna nyrðra. Þar segir meðal annars:

Vær viljum at þér vitið, at heiðrigr herra ok várr andligr faðir herra Ormr með guðs náð biskup á Hólum kom ok kærði fyrir oss, at ýmsir menn í hans biskupsdæmi vilja ekki gera sínar tíundir eptir því, sem þeir eru guði skyldugir ok heilagri kirkju bæði af helgra daga veiðum ok öðrum lutum, svá ok at þér vilið eigi láta hann hafa visitationem eptir kristnum lagarétti. Ok af því vér viljum einskis rétt kreinkja, allra sízt heilagrar kirkju ok hennar formanna, heldr styrkja ok staðfesta til allra góðra hluta, þá er þat várt fullkomligt boð ok sannr vili, at þér gerið yðar tíundir á hverju ári eptir lands lögum ok kristindómsrétti, eptir því sem þér vilið svara fyrir guði ok oss, ok haldið biskupinum visitationem ok reiðskjóta, eptir því sem lögbók vátar.

Svá viljum vér ok, at sá kristindómsrétt, sem geingr sunnan lands, at hann gangi um alt landit, ok fyrirbjóðum vér hverjum manni eptir öðrum rétti at sækja (*DI* III:98).

Bréfið var því sent til að lægja deilur um tíundargreiðslur og aðrar skyldur í Hólabiskupsdæmi. Norðlendingar höfðu áður snúið sér til konungs þegar þeim þóttu biskupar gerast of djarfir í innheimtunni og hlotið stuðning (sbr. Jörund og Auðun) en nú horfði öðruvísi við. Í þetta skiptið úrskurðaði ríkisvaldið kirkjunni í vil.

Tímasetningin á konungsbréfinu var engin tilviljun. Norska kirkjan hafði verið í niðurlægingu allt frá dauða Magnúsar lagabætis 1280 og á áratugunum þar á eftir höfðu norskir ráðamenn sættargerðina frá 1277 að engu. Áður hefur verið minnst á réttarbæturnar frá 1290 og 1305 en árið 1316 gaf Hákon konungur út réttarbót sem bauð að lögmenn

hafve oc hallde ok aller lerder menn þann kristinsdoms retth sem veirit heifver at forno her med ydr. oc þo hvarke þan sem Maghnus fader var lett saman seitia oc ei þan er Jon erkibiskup lett saman seitia. en þan sem adr var. oc en vilium ver at gange (*NgL* III:117).

Þetta var fyrirskipað vegna þess að lögmenn höfðu færst undan að kveða upp dóma í kristinréttarmálum því að enginn heilstæður kristinréttarbálkur fylgdi landslögnum. Réttarbótin var ítrekuð 1327 með samþykki Eilífs erkibiskups

(*NgL* III:153–154). Samt sem áður var kristinrétti Jóns fylgt að hluta til í Noregi á þessum árum (Joys 1955:346–349, sbr. Már Jónsson 1993:31).

Deilur innan norsku kirkjunnar urðu ekki til að bæta stöðuna. Eins og áður var minnst á átta kórsbræður í Niðarósi í útistöðum við Jörund erkibiskup; deildu þeir einnig við kórsbræður í Björgvin um réttinn til að velja biskup í Færeyjum. Þá urðu ýfingar með biskupnum í Stafangri og kórsbræðrum þar (Helle 1974:266). Allt varð þetta til þess að auka áhrif konungsvaldins á kirkjumál. Kirkjan tók þó smám saman að rétta hlut sinn og árið 1337 tókst tímabundin sætt um skipan dómsmála. Sættargerðin frá 1277 var svo lögð til grundvallar skipun Ólafs erkibiskups 23. ágúst 1351, sem tryggði kirkjunni mörg af þeim réttindum sem hún hafði hlotið á tíð Jóns rauða (*DI* III:57–65, Magnús Stefánsson 1978:249).

Fyrir fáeinum árum benti Guðrún Ása Grímsdóttir (*ÍF* XVII:lxiii, lxxviii) á að þær sviptingar sem urðu í Hólabiskupsdæmi um og eftir miðja 14. öld hafi stafað af ólíkum lagaskilningi; biskupar hafi fylgt kirkjulögum en bændur og alþýða landslögum. Þetta er rétt og dæmin sem tínd voru til hér að ofan sýna að biskupar nyrðra, bæði íslenskir og norskir, reyndu að framfylgja þeim lögum sem kirkjan hafði sett sér sjálf. Reyndar mætti allt eins halda því fram að biskupar — sérstaklega norskir — hafi haft almenn lög kirkjunnar í huga (frekar en kristinrétt Árna sérstaklega) þegar þeir tókust á um valdsvið kirkjunnar við leikmenn. Samkvæmt strangasta skilningi kirkjuréttar átti ekki að bera guðslög undir veraldlegt samþykki (Gunnar F. Guðmundsson 2000:94) og því er ekki útilokað að biskupar hafi talið sig vera að framfylgja réttum kirkjulögum fremur en sérstökum lagabálki sem samþykktur var úti á Íslandi á seinni hluta 13. aldar.

Norðmennirnir Auðun rauður og Ormur Ásláksson gengu ívið lengra í kröfum sínum en íslenskir starfsbræður þeirra, enda komu þeir úr háum embættum innan norsku kirkjunnar og óvanir því fátæka landi sem Ísland var. Illa gekk að framfylgja nýjum kristinrétti á meðan konungsvaldið studdi ekki kirkjuna og lagðist á sveif með kröfum leikmanna um að forn kristinréttur skyldi gilda. Það sama var uppi á teningnum í Noregi. En um leið og norska kirkjan rétti úr kútnum og fékk á nýjaleik viðurkennd ýmis réttindi snerist dæmið við úti á Íslandi og kristinréttur Árna hlaut viðurkenningu sem lögbók kirkjunnar.

Sá vandræðagangur sem hlotist hefur af konungsbréfinu 1354 er óþarfur — þ.e. að reyna að útskýra hvers vegna kristinréttur Árna fékkst viðurkenndur í Skálholtsbiskupsdæmi árið 1275 og ekki fyrr en hartnær áttatíu árum síðar á

Hólum. Miklu nær er að álykta sem svo að kristinrétturinn hafi hlotið lög-gildingu fyrir landið allt árið 1275 en deilur ríkis og kirkju í Noregi valdið því að erfitt reyndist að framfylgja honum. Íslenska kirkjan var bersýnilega háð þeirri norsku og kannski má segja að samskipti konungs og kirkju í Noregi hafi endurspeglast í samskiptum klerka og alþýðu úti á Íslandi. Þessum deilum fylgdu réttarbætur sem ítrekuðu gildi fornra kristinréttanna en þeir voru úreltir og í þá vandaði ákvæði sem kirkjan (bæði íslenska og norska) taldi nauðsynleg. Þ.a.l. hefur verið leitað í nýrri kristinréttarlöggjöf um ýmis mál. Þetta kann að skýra hvers vegna kristinréttur Árna og kristinna laga þáttur Grágáasar standa í einhverjum tilvikum saman í miðaldahandritum, einkum á 14. öld; hefur réttaróvissan orðið til þess að hafa þurfti báða þessa lagabálka við höndina (sjá töflur 1–2 hér á eftir).⁵⁵ Það er þó allrar athygli vert að kristinréttur Árna stendur miklu oftast með Jónsbók á 15. aldar handritum en þeim frá 14. öld og bendir það til þess að þá hafi þessi lagabálkur verið búinn að festa sig í sessi sem kristindómsbálkur lögbókarinnar.

Líta ber á konungsbréfið frá 1354 sem ábendingu til Norðlendinga um breytta afstöðu ríkisvaldsins gagnvart kirkjunni í Noregi en ekki formlega lögfestingu af nokkru tagi. Hvers vegna slíks þurfti ekki við í Skálholtsbiskupsdæmi verður að láta ósvarað. Til þess geta legið margar ástæður en þarflaust er að velta vöngum yfir því á meðan engar heimildir eru til. Því hefur reyndar verið haldið fram að Íslendingar hafi sætt sig betur við konungsvald en kirkjuvald á 13. og 14. öld, enda hafi konungvaldið verið betur kynnt (Lára Magnúsardóttir 1998:216).⁵⁶ Undir þetta má vissulega taka því íslenskir leikmenn leituðu ítrekað eftir stuðningi konungs þegar þeim þóttu forn réttindi fótum troðin af kirkjunni hér á landi frá lokum 13. aldar og fram yfir miðja 14. öld.

⁵⁵ Sbr. einnig Magnús Stefánsson (1978:236) en þetta er þó ekki alveg eins afgerandi og Magnús lætur að liggja.

⁵⁶ Um kynningu konungsvaldsins, sjá Ármann Jakobsson (1997:288–305 o.v.).

Tafla 1
14.-16. aldar handrit kristinréttar Árna og samsetning þeirra

<i>Aldur</i>	<i>Handrit heilt</i>	<i>Handrit óheilt</i>	<i>Með Jónsbók</i>	<i>Með kristinna laga þætti</i>
14. öld	AM 344 fol		X	
—	AM 346 fol		X	X
—		AM 347 fol	X	X
—	AM 350 fol		X	
—	AM 351 fol		X	
—	AM 354 fol		X	
—	AM 135 4to			X
—		AM 168 b 4to	X	
—		AM 173 c 4to		X
—	AM 48 8vo		X	
—	AM 49 8vo			
—	GKS 3269 a 4to		X	
—	GKS 3270 4to		X	
—		Add. 35 4to I		X
—		NKS 1930 a 4to	X	
—	Sth perg 4:0 nr. 26			
—	UB 1 4to			
15. öld	AM 126 4to		X	
—	AM 128 4to		X	
—	AM 132 4to		X	
—	AM 136 4to		X	X
—	AM 137 4to		X	
—		AM 139 4to	X	
—	AM 151 4to		X	
—		AM 152 4to	X	
—	AM 153 4to		X	
—	AM 155 b 4to	X		
—	AM 157 b 4to		X	
—	AM 158 b 4to		X	X
—	AM 159 4to	X		
—	AM 175 a 4to		X	
—	AM 177 4to			
—	AM 186 4to			
—	AM 39 8vo		X	
—		AM 41 8vo	X	
15. öld		NKS 1925 4to	X	
—	Thott 1280 fol		X	
—		NRA 8a-d		
16. öld	AM 138 4to		X	
—		AM 140 4to	X	X
—	AM 147 4to		X	
—	AM 148 4to		X	
—	AM 160 4to		X	
—		AM 173 d 4to		
—		AM 42 b 8vo	X	
—		AM 50 8vo		X
—	AM 51 8vo		X	
—	AM 52 8vo			
—	Sth perg 8vo nr. 7		X	
—	MS Icel 1		X	

Tafla 2a
Kristinréttur Árna með Jónsbók

<i>Aldur</i>	<i>Handrit alls</i>	<i>Með Jónsbók</i>	<i>Hlutfall</i>
14. öld	17	11	65% handrita kristinréttar með Jónsbók
15. öld	21	18	86% handrita kristinréttar með Jónsbók
16. öld	12	9	75% handrita kristinréttar með Jónsbók
14.-16. öld	50	38	76% handrita kristinréttar með Jónsbók

Tafla 2b
Kristinréttur Árna með kristinna laga þætti Grágásar

<i>Aldur</i>	<i>Handrit alls</i>	<i>Með kristinna l. þ.</i>	<i>Hlutfall</i>
14. öld	17	5	29% handrita kristinréttar með kristinna l.þ.
15. öld	21	2	9,5% handrita kristinréttar með kristinna l.þ.
16. öld	12	2	17% handrita kristinréttar með kristinna l.þ.
14.-16. öld	50	9	18% handrita kristinréttar með kristinna l.þ.

7. Samantekt

Það hefur þótt miklum vanda stýra fyrir Skálholtsbiskup að semja ný kirkjulög fyrir Íslendinga einmitt á þeim árum sem Magnús konungur Hákonarson og Jón rauði erkibiskup deildu um réttindi kirkjunnar í Noregi. Samt sem áður fékk kirkjan ýmis réttindi viðurkennd á árunum 1270–1280 og er þar skemmst að minnast sættargerðarinnar í Túnsbergi 1277. Löggjafarvald kirkjunnar viðurkenndi Magnús lagabætur þó aldrei en erkibiskup taldi það skýlausan rétt kirkjunnar að semja kristinrétt án afskipta konungsvaldsins og bauð hann Árna Þorlákssyni að gera slíkt hið sama úti á Íslandi.

Varðveisla kristinréttar Árna í miðaldahandritum bendir til þess að hann hafi upphaflega verið í 32–35 köflum. Kristindómsbálkur Járnsíðu, sem tekinn er upp í örfáum miðaldahandritum, hefur sennilega aldrei tilheyrt kristinrétti Árna heldur aðeins staðið sem inngangur í einni úrvinnslu handrita. Frá árinu 1281 hefur svo kristindómsbálkur Jónsbókar tekið við þessu inngangshlutverki. Kaflar 43–46 eru teknir orðréttir úr kristinrétti Jóns rauða erkibiskups og engar heimildir eru fyrir því að þeir hafi fengist lögteknir hér á landi. Nær upphaflegum kristinrétti Árna verður ekki komist.

Margt er á huldu um valdsvið kristinréttar Árna á áratugunum eftir samþykktina 1275. Haft hefur verið fyrir satt að lögtakan hafi aðeins gilt í Skálholtsbiskupsdæmi og að kristinrétturinn hafi fyrst hlotið viðurkenningu í Hólabiskupsdæmi með konungsbrefi árið 1354. Hér hefur verið bent á að þetta sé

ólíklegt. Miklu nær er að álykta að kristinrétturinn hafi hlotið samþykki á öllu landinu 1275. Deilur ríkis og kirkju í Noregi á áratugunum eftir dauða Magnúsar lagabætis 1280 urðu aftur til þess að erfitt eða nánast ókleift reyndist að framfylgja hinum nýju kirkjulögum í báðum biskupsdæmum en ekki aðeins í umdæmi Hólabiskupa. Heimildir benda til þess að biskupar nyrðra, þeir Jörundur Þorsteinsson, Auðun rauður Þorbergsson, Lárentíus Kálfsson og Ormur Ásláksson hafi reynt — a.m.k. að hluta til — að framfylgja kristinrétti Árna eða halda fram öðrum réttindum (réttum lögum) kirkjunnar; þar mættu þeir harðri andstöðu leikmanna. Sú andstaða bendir til að leikmenn hafi ekki litið á samþykkt kristinréttar Árna sem fullkomna viðurkenningu á rétti kirkjunnar til að framfylgja og dæma eftir kanónískum rétti ef hann gekk þvert á landslög.

Á fyrri hluta 14. aldar studdi norska konungvaldið kröfur leikmanna úti á Íslandi um að forn kristinréttur væri látinn gilda. Það var í samræmi við stefnuna í Noregi eins og réttarbæturnar frá 1290, 1305, 1316 og 1327 staðfesta. Á sama tíma var norska kirkjan í niðurlægingu, bæði vegna stefnu konungvaldsins og þó ekki síður vegna innri deilna. Þetta breyttist smám saman á öðrum fjórðungi 14. aldar og um miðja öldina má segja að kirkjan hafi verið búin að endurheimta flest af þeim réttindum sem hún hafði hlotið á dögum Jóns rauða. Á sama tíma snerist konungvaldið á sveif með kirkjunni og vitanlega breyttust því aðstæður úti á Íslandi. Parlendir leikmenn, sem áður höfðu notið stuðnings konungvalds gegn kirkju, máttu nú setta sig við að nýrri stefnu var fylgt í Noregi: Nú skyldi dæmt á Íslandi eftir kristinrétti Árna; stóð hann síðan óhaggaður fram yfir siðaskipti sem lög kirkjunnar.

Þess má geta að kristinréttur Árna var ekki afnuminn í heild sinni við siðaskiptin því að margt úr honum var tekið upp í ordinansíu Kristjáns III. Á 19. öld taldi t.a.m. Jón Pétursson, þá forseti Landsyfirréttar, kristinréttinn enn „grundvallarlögin fyrir hinum nú gildanda kirkjurjetti hjer, að því leyti [hann] staðizt getur með trúarbrögðum vorum“ (1863:17). Í Lagasafni (2003:628) eru prentaðar tvær greinar úr kristinrétti Árna og munu vera elstu gildandi lög Íslendinga og kveða á um kirkjubyggingar, kirkjueignir og fleira.

Samþykkt kristinréttar Árna í lögréttu 1275 var sannarlega sigur fyrir kirkjuna en um leið aðeins áfangi á torsóttri leið í átt að frelsi og réttindum kirkjunnar. Íslenska kirkjan mátti sín enda lítils í deilum við veraldarhöfðingja á meðan stuðnings erkibiskups og/eða konungs naut ekki við. Mörgum ákvæðum hinna nýju kirkjulaga höfðu Íslendingar reyndar kynnst áður, ýmist í hirðisbréfum erkibiskupa, biskupastátútum innlendum eða kristinna laga þætti, en önnur voru ný af nálinni hér á landi. Fór enda svo að í deilum lærðra

og leikra eftir 1280 fylgdu hverjir sínum lögum; biskupar héldu sig við kirkju-
lög en leikmenn við landslög (þ.e. Jónsbók). Þetta sést á samsetningu 14. aldar
lagahandrita, sem sum hver varðveita (auk Jónsbókar) bæði kristinrétt Árna og
kristinna laga þátt Grágásar. Þetta breytist á 15. öld; þá fylgir kristinréttur Árna
nánast alltaf Jónsbók en kristinna laga þáttur afar sjaldan. Eftir miðja 14. öld
má því segja að kristinréttur Árna hafi fest sig rækilega í sessi sem hinn
eiginlega kristinréttarlöggjöf Íslendinga.

RITASKRÁ

Handrit

AM 334 fol	AM 128 4to	AM 48 8vo
AM 350 fol	AM 182 a 4to	AM 49 8vo
AM 351 fol	AM 182 b 4to	NKS 1930 a 4to

Önnur rit:

[34] Jarlmanns saga ok Hermanns í AM 529 4to (38r–53v), c1500–1550; útg. Rydberg 1917; HB	–	+
[35] Laurentius saga biskups í AM 406 a I 4to, c1530; útg. Árni Björnsson 1969; HB	–	+
[36] Sth perg 3 fol, Reykjahólabók, c1530–40; útg. Loth 1969–70; HB	~	+
[37] Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar 1540; Jón Helgason 1929:26, 36	+	~
[38] Hemings þáttur í GKS 1010 fol, Hrokkinskinnu (yngri hluta, 92r–95v), c1500–1600; útg. Fellows Jensen 1962; HB	~	+
[39] Oddaverjaannáll, AM 417 4to, c1540–1591; útg. Eiríkur Þormóðsson og Guðrún Ása Grímsdóttir 2003; HB	–	+
[40] Jómsvíkinga saga á AM 510 4to, c1550; af Petersens 1879:xxxii, nmgr. 3	+	~
[41] Guðbrandsbiblía 1584; Bandle 1956:74, 102	–	+
[42] AM 394 4to, 1592 með hendi Jóns Guðmundssonar lærða; Stefán Karlsson 1983:lxix, lxxiii	–	+
17. öld		
[43] séra Oddur á Reynivöllum um 1565–1649; Stefán Karlsson 1981:270 ...	–	+
[44] Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar, Bps B V 2, fyrir árin 1628–54; útg. Jón Þ. Þór 1979; HB	–	+
[45] AM 304 4to með hendi Þorleifs Jónssonar í Grafarkoti, c1640; Haraldur Bernharðsson 1999:85	~	+
[46] AM 552 l, m, n 4to með hendi Björns Jónssonar á Skarðsá, c1640; Haraldur Bernharðsson 1999:54	–	+

		kk	k
	Tafla 1, frh.		
[47]	AM 114 fol með hendi Jóns Gissurarsonar á Núpi, c1640; Haraldur Bernharðsson 1999:110	–	+
[48]	Guðmundur Andrésson: <i>Discursus oppositivus</i> , 1648; útg. 1948; HB ...	–	+
[49]	Hrólfs saga kraka í AM 285 4to með hendi Brynjólfs Jónssonar á Efstalandi, 1654; útg. Slay 1960; HB	–	+
[50]	Bréfabækur Brynjólfs biskups Sveinssonar, AM 268–81 fol og ÍB 34 fol, fyrir árin 1652–75; útg. Jón Helgason 1942; HB	–	+
[51]	AM 147 8vo, Kvæðabók Gissurar Sveinssonar, 1665; Jón Helgason 1960:21, 24	–	+
[52]	Sögur Jóns Eggertssonar, c1685; útg. Bjarni Einarsson 1955; HB	–	+
18. öld			
[53]	Bréf Árna Magnússonar og samtíðarmanna, flest frá 1700–1729; útg. Kálund 1920; HB	~	+
[54]	Dómabækur Markúsar Bergssonar 1711–29; útg. Már Jónsson 2001; HB	–	+

Í Íslensku hómilíubókinni, Sth perg 15 4to, frá um 1200 (nr. 2 í töflunni) eru 90 dæmi um sögnina *þykkja*, að tali Andreu de Leeuw van Weenen (2004: 187–88). Af þeim eru níu rituð með einföldu ‘k’, svo sem ‘þykia’ 48v30, ‘þykiafc’ 40v20, ‘þyker’ 6v10, 25r25 og ‘þyke’ 70r17. Enda þótt hlutfall mynda með ‘k’ sé ekki hátt og finna meg dæmi um að *kk* sé táknad með ‘k’ í öðrum orðum (de Leeuw van Weenen 1993:81–82) er vart hægt að líta á öll þessi níu dæmi sem misritanir.⁵

Í AM 677 B 4to, prédikunum og Viðræðum Gregors, frá um 1200–1225, er ‘k’ regluleg táknun *kk* (jafnframt nokkrum dæmum um ‘c’ og örfáum um ‘cc’ og ‘ck’; Weinstock 1967:102–103) og er sögnin *þykkja* langofast rituð með ‘k’ á móti einu dæmi með ‘ck’. Einfalt ‘k’ er einnig hin reglulega táknun *kk* (jafnframt einu dæmi með ‘cc’ og nokkrum með ‘c’) í AM 645 A 4to, Jar-teinabók Þorláks helga, frá um 1220 (Larsson 1885:lxviii) og eru þar sextán dæmi um sögnina *þykkja*, öll rituð með einföldu ‘k’ (Larsson 1891:390–91). Regluleg ritun *þykkja* með ‘k’ í þessum handritum verður því ekki höfð til vitnis um styttingu *kk* í sögninni, heldur gæti ‘k’ þarna í öllum tilvikum táknad *kk*.

Í GKS 1812 IV 4to, Rímbeglu, frá um 1192, er eitt dæmi um nútíðarmynd *þykkja* og er hún rituð með einföldu ‘k’ (Larsson 1891:390). Larsson (1883: xvii) greinir í mállýsingu sinni frá táknun *kk* í GKS 1812 IV 4to og nefnir þar

⁵ Í Íslensku hómilíubókinni er *kk* í sögninni *þykkja* oft táknad með ‘lc’. Larsson (1891:390–91) gerir ekki greinarmun ‘k’ og ‘lc’ í orðasafni sínu og því gefur það ekki rétta mynd af dæmum um sögnina *þykkja* í Íslensku hómilíubókinni.

að einu sinni sé það táknað ‘k’; hann tilgreinir þó ekki hvert dæmið er. Annað stakdæmi um *þykkja* með einföldu ‘k’ er að finna á handritsbrotunum í AM 686 b 4to frá um 1200–1225 (brot úr prédikunum á tveimur blöðum og hlutum úr þremur blöðum): ‘þyki’ 5v7. Þetta er eina dæmið um sögnina *þykkja* í þessum stutta texta (útg. Þorvaldur Bjarnarson 1878:175–79 og Larsson 1877: 57–59). Enn er stakdæmi að finna á handritsbrotinu í AM 655 XVIII 4to frá um 1250–1300 (brot úr prédikunum á hluta úr einu blaði): ‘þikimz’ 1r13 (útg. Konráð Gíslason 1846:lxxviii–lxxxi); það er sömuleiðis eina dæmið um sögnina *þykkja* í þeim texta.⁶ Varhugavert er að draga miklar ályktanir af þessum stakdæmum. Í stuttum textum er erfitt að gera sér mynd af táknerfi skrifarans og ekki hægt að útiloka að um ritvillur sé að ræða. Í annan stað er hugsanlegt að í forriti skrifaranna hafi *kk* verið táknað að einhverju leyti með ‘lc’. Þetta tákni, sem á að öllum líkindum rætur að rekja til Fyrstu málfraeðiritgerðarinnar, náði aldrei mikilli útbreiðslu. Það kann því að hafa verið að minnsta kosti sumum skrifurum framandi og þeir því getað sett ‘k’ þar sem ‘lc’ stóð í forriti (sbr. Hreinn Benediktsson 1965:46, 83–84 og Haraldur Bernharðsson 2004).⁷

Heldur veigameiri vitnisburð um *þykkja* með *k* er að finna í Járnsíðu á Staðarhólsbók, AM 334 fol (92v–108) (nr. 10 í töflunni). Þar er að finna tvö dæmi með *k*, ‘þike’ 92vb24 og ‘þikir’ 93va12, á móti sex dæmum með *kk*. Skrifarinn greinir reglulega á milli *k* og *kk* í stafsetningu sinni (þó stök frávik megi finna) og því ekki hægt að afskrifa þessi dæmi sem tómar ritvillur.⁸ Annars er *þykkja* með *kk* ríkjandi á þrettánda öld og auk þeirra handrita sem fram koma í töflunni mætti nefna Konungsbók Eddukvæða, GKS 2365 4to frá um 1270 (útg. Vésteinn Ólason og Guðvarður Már Gunnlaugsson 2001), Alexanders sögu á AM 519 a 4to frá um 1280 (útg. Finnur Jónsson 1925) og Heiðarvíga sögu á Sth þerg 18 I 4to frá um 1300 (útg. Kálund 1904) þar sem *þykkja* virðist jafnan rituð með *kk*.

⁶ Höndin á AM 655 XVIII 4to er lík hendinni á brotinu AM 655 XXVII 4to frá um 1200–1300 (sbr. Konráð Gíslason 1846:lxxxiv) og ekki óhugsandi að þetta sé sama höndin. Í síðarnefnda brotinu eru tvö dæmi um sögnina *þykkja* með *kk*: ‘piccer’ 6v11 og ‘pickiz’ 7v8 (útg. Hallgrímur J. Ámundason 1994).

⁷ Hugsanlegt er að við upphaf ritunar á íslensku hafi ekki verið gerður greinarmunur á stuttum og löngum samhljóðum í stafsetningu (Hreinn Benediktsson 1965:80) og kann tákun *kk* með ‘k’ í aelstu varðveittu handritunum að eiga rætur að rekja til stafsetningar af því tagi.

⁸ Konráðs saga keisarasonar á Sth þerg 7 4to frá um 1300–1325 er með tveimur höndum. Hönd II táknar jafnan *þykkja* með *kk* en hjá hendi I er að finna allmörg dæmi um *þykkja* með einföldu *k* (hartnær þriðja hvert dæmi) jafnframt dæmum með *kk*. Tákneiting handar I er þó æði óregluleg og til að mynda er aðgreining *k* og *kk* mjög á reiki (sbr. Zitzelsberger 1987: xli–xliii). Þessi dæmi hafa því lítið gildi.

Fyrst kveður verulega að *þykkja* með stuttu *k* í Reykjabók Njálu, AM 468 4to, frá um 1300–1325 (nr. 13 í töflunni). Þar er *þykkja* með *k* í hartnær fjórðungi dæma, svo sem ‘þiki’ 9r21, ‘þikia’ 42v17, ‘þikivmz’ 85v18. Annars er *þykkja* oftast með *kk* sem táknað er með depli yfir ‘k’, svo sem ‘þikki’ 2v25, ‘þikkia’ 47r16 og ‘þikkiaz’ 48r16, en dæmum með ‘ck’ og ‘kk’ bregður einnig fyrir, ‘þickia’ 5v4, ‘þicki’ 9v23, ‘þikkir’ 4v29, 47r29.⁹ Næst á eftir Reykjabók kemur Möðruvallabók, AM 132 fol, frá um 1330–1370 (nr. 16 í töflunni) þar sem *þykkja* hefur stutt *k* í yfirgnæfandi meirihluta dæma: þar er sögnin sjö sinnum með *kk* en 518 sinnum með *k*, að tali Andreu de Leeuw van Weenen (2000:82). Til viðbótar því sem fram kemur í töflunni má geta þess að Stefán Karlsson (1967:25) hefur aðeins fundið eitt áreiðanlegt dæmi um *þykkja* með stuttu *k* í fornbréfum fram til 1450. Dæmið sem hér um ræðir er ‘þiker’ í bréfi gerðu á Þingeyrum 1373 (útg. Stefán Karlsson 1963:51, nr. 44:8). Annars er *þykkja* með *kk* ríkjandi á fjórtánda öld.

Á fimmtánda öld fjölgar textum þar sem *þykja* er að finna og á sextánda öld er *þykkja* tekin að hörfa mjög og *þykja* orðin ríkjandi. Í sautjándu og átjándu aldar textum er *þykkja* fáséð og *þykja* orðin hin reglulega mynd sagnarinnar. Í ritmálssafni Orðabókar Háskólans eru dæmi með stuttu *k* ríkjandi; einu dæmin þar um *þykkja* með *kk* eru þessi: (i) nokkur dæmi úr Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar frá 1540; (ii) eitt dæmi úr handriti frá sautjándu öld (Íslensku galdrabókinni í Stokkhólmi, útg. Matthías Viðar Sæmundsson 1992); og (iii) eitt dæmi frá síðari hluta átjándu aldar úr þýðingu Jóns Þorlákssonar frá Bægisá á Paradísarmissi Miltons. Í málfræði Jóns Magnússonar, sem lokið hefur verið 1738, er aðeins að finna *þykja* með stuttu *k* (Jón Magnússon 1997:223).

Þróunin frá *þykkja* til *þykja* hefur því eftir þessum heimildum að dæma byrjað snemma; myndum með stuttu *k* bregður fyrir í einstökum handritum þegar frá fyrstu tíð; myndir með *kk* eru annars ríkjandi fram á fimmtánda öld, láta mjög undan síga á þeirri sextánda og á sautjándu öld eru þær hartnær horfnar. Málbreytingar ganga yfirleitt ekki yfir heilt málsvæði í einni svipan og því kemur þessi langi tími breytingarinnar frá *þykkja* til *þykja* ekki á óvart. Þessi mynd af þróuninni er líka byggð á rituðum heimildum, stafsetningu þar sem ritvenja og áhrif eldri forrita ýta undir íhaldssemi. Myndir með *kk* hafa líklega lifað áfram í einhverjum mæli í kveðskap þó að myndir með stuttu *k*

⁹ Skrifari Reykjabókar táknar *kk* gjarna með ‘k’ með depli yfir. Í nokkrum þeirra dæma þar sem hann ritar *þykkja* með stuttu *k* (og táknar með ‘k’ án depils) sveigist háleggur ‘k’ til hægri og gæti sá sveigur átt að koma í stað depilsins (sjá til dæmis ‘þiki’ og ‘þikia’ 15v12).

hafi verið einhafðar í daglegu máli.¹⁰ Í Hallfreðar sögu í Flateyjarbók, GKS 1005 fol, frá um 1387–95, er sögnin ævinlega með *k* í lausu máli en í tveimur vísnum eru myndir með *kk* vegna þess að hendingin krefst þess (Bjarni Einarsson 1977:xxvii).¹¹ Eftir að *þykja* var orðin ráðandi hafa myndir með *kk* því verið þekktar sem fornryði eða kveðskaparmál. Loks er líklegt að mállýskumunur hafi verið einhver, að *þykja* hafi náð fótfestu í sumum sveitum á meðan *þykkja* var enn venjulegt mál annars staðar á landinu.

2.3 Norðlenskt mállýskueinkenni?

Athygli vekur að mörg elstu handritanna þar sem finna má myndir *þykkja* með stuttu *k* í stað hins algengara *kk* hafa verið tengd Norðurlandi með einum eða öðrum hætti (tölurnar í hornklofunum vísa til númeranna í töflunni):

- [16] AM 132 fol, Möðruvallabók, um 1330–70: skrifað á Norðurlandi, líklega í Eyjafirði (Stefán Karlsson 1967:26–29; sjá einnig Sigurjón Pál Ísaksson 1994 og de Leeuw van Weenen 2000:6–7, 22–24).
- [21] Sth perg 16 4to, Helgastaðabók, um 1375–1400: skrifað í Eyjafirði eða Þingeyjarsýslu (Stefán Karlsson 1982:75–78).
- [22] GKS 1005 fol, Flateyjarbók, um 1387–95: Magnús Þórhallsson og Jón Þórðarson skrifuðu, ugglaust á Norðurlandi, fyrir Jón Hákonarson í Víðidalstungu í Húnavatnssýslu (Finnur Jónsson 1930; Ólafur Halldórsson 1990).
- [25] Sth perg 7 fol, um 1450–75: hugsanlega skrifað á Möðruvöllum fram í Eyjafirði (Sanders 2000:44–52).
- [26] AM 343 a 4to, um 1450–75; tilheyrir sama skrifaraskóla og Sth perg 7 fol (Sanders 2000:42–43).

¹⁰ Í Mábilar rímum á Sth papp 21 8vo frá síðari hluta sautjándu aldar er að finna rím Skorðað ‘grickia’ : ‘þickia’ (52r); í JS 45 4to frá um 1730 er aftur á móti ritað ‘Grickia’ : ‘þikia’ á sama stað (ríma VII:80). Mábilar rímur hafa líkast til verið ortar á síðari hluta fimmtándu aldar (Valgerður Kr. Brynjólfsdóttir 2004:78–87, 110–14, 170). Ég þakka Valgerði Kr. Brynjólfsdóttur fyrir að benda mér á þessi dæmi.

¹¹ Vísuorðin eru ‘audhnykkianda þikker’ (*Flateyjarbók* 1:450) og ‘Þikki mer er ek þekki’ (*Flateyjarbók* 1:498). Þó er einu sinni skrifað ‘k’ þar sem rím krefst *kk*: ‘Nu þikir mer nokkurr’ (*Flateyjarbók* 1:451).

- [30] AM 556 b 4to, um 1475–1500: líklega úr Húnavatnssýslu (Hast 1960:15–30).¹²
- [32] AM 624 4to, um 1500; skrifað á Hólum í Hjaltadal, á Stað í Reynisnesi eða á Þingeyrum (Einar G. Pétursson 1976:xiii–xvi, sbr. Stefán Karlsson 1998:292/2000:238).

Við þetta má bæta að sögu Íslensku hómilíubókarinnar, Sth perg 15 4to (nr. 2 í töflunni), má að öllum líkindum rekja til Norðurlands á sextánda öld og ekki er óhugsandi að hún hafi verið skrifuð í klaustrinu á Þingeyrum (de Leeuw van Weenen 1993:3–6). Reykjabók, AM 468 4to (nr. 13 í töflunni), hefur líkast til verið í Húnavatnssýslu á öndverðri sautjándu öld (Jón Helgason 1962:xv–xvi) og sömuleiðis verður eigendasaga AM 180 b fol (nr. 31 í töflunni) rakin til Norðurlands á sautjándu öld (Árni Björnsson 1969:xxxii–xxxiii).

Tengsl þessara handrita við Norðurland eru auðvitað missterk og misáreiðanleg — og rétt að hafa á þann fyrirvara að aðeins sáralítill hluti íslenskra handrita verður staðsettur með vissu — en að öllu samanlögðu vekja þau grunsemdir um að þróunin frá *kk* til *k* í *þykkja* hafi verið norðlenskt mál- lýskueinkenni framan af er síðar náði útbreiðslu um land allt.

2.4 Niðurstaða

Þróunin frá *þykkja* til *þykja* hefur byrjað snemma og verið hægfara framan af. Myndir með stuttu *k* koma fyrir í einstökum handritum þegar frá fyrstu tíð; myndir með *kk* eru annars ríkjandi fram á fimmtánda öld, láta mjög undan síga á þeirri sextánda og á sautjándu öld eru þær hartnær horfnar. Vísbendingar eru um að *þykja* hafi í fyrstu verið norðlenskt mállýskueinkenni er á sextánda öld hafi tekið að breiðast út um allt land.

3. Þróun *þykkja* í íslensku

3.1 Afkringing y

Stafsetning og rím benda til að snemma á þrettánda öld hafi rótarsérhljóðið *y* í sögninni *þykkja* tekið að afkringjast og á fjórtánda og fimmtánda öld er

¹² Í Harðar sögu á AM 556 a 4to (sem er með sömu hendi og AM 556 b 4to) er *þykkja* oftast með *kk* þótt dæmi með *k* komi fyrir (Hast 1960:68), öndvert við Jarlmanns sögu og Hermanns. Þetta gæti stafað af ólíkri stafsetningu í forritum.

sögnin venjulega rituð með ‘i’ (Hreinn Benediktsson 1977:31–32/2002:217).¹³ Þessi afkringing er því nokkru fyrir á ferð en hin almenna afkringing *y*, *y* og *ey* sem hugsanlega hefur byrjað að einhverju marki seint á fjórtánda öld eða að minnsta kosti á þeirri fimmtánda en lét ekki verulega að sér kveða fyrir en á sextánda og sautjándu öld (Stefán Karlsson 1989:7/2000:24; Guðvarður Már Gunnlaugsson 1994:121). Afkringing *y* í *þykkja* er þó ekki einsdæmi á þessu elsta skeiði.

Noreen (1923:127, §147) taldi að átt hefði sér stað afkringing *y* í áherslu-léttu atkvæði þar sem *i* stóð í næsta atkvæði á eftir — þ.e. eins konar *i*-hljóð-varp, segir hann — í til dæmis *ifir*, *firi(r)*, *þikja*, *skili*, *skildi*, *mind* við hlið áherslumyndanna *yfir*, *fyri(r)*, *þykkja*, *skyli*, *skyldi*, *myndi*. Undir þessa skoðun tekur Bandle (1956:74). Hreinn Benediktsson (1977:31–33/2002:217–19) bendir á að í sumum þessara gömlu dæma um afkringingu *y* megi ef til vill tengja afkringinguna við eftirfarandi langt framgömmælt lokhljóð: *þykkja* > *þikkja*, *tyggi* (no.) > *tiggi*; enn fremur stakdæmi á borð við þgf. et. ‘briggionni’ (*bryggjunni*) í Sth perg 2 4to (6v35) frá c1250–1300. Guðvarður Már Gunnlaugsson (1994:32–37, 105–110) telur að hin almenna afkringing *y* hafi hafist á undan framgömmæltum hljóðum og því sé *þykkja* > *þikkja* í raun meðal fyrstu merkja hinnar almennu afkringingar.

Ekki virðist rík ástæða til að tengja afkringingu *y* í *þykkja* við áherslu eða áhersluleysi, eins og Noreen gerir, og skipa *þykkja* þannig í flokk með forsetningum og hjálparsögnum. Líklegt er að eftirfarandi framgömmælt hljóð eigi drýgri þátt í afkringingunni, eins og ráða má af því að afkringing *y* í *fyrir*, *yfir* og *skyldi* virðist ganga til baka á fyrri hluta fimmtánda aldar en í *þykkja* gekk hún aldrei til baka (Hreinn Benediktsson 1977:32/2002:217, Guðvarður Már Gunnlaugsson 1994:32; 109, nmgr. 176).

Í hinni forskeyttu *samþykkja* verður aftur á móti ekki vart afkringingar að neinu marki fyrir en komið er fram á sextánda öld (Guðvarður Már Gunnlaugsson 1994:33). Hún fylgir því meginbylgju hinnar almennu afkringingar og er ekki með öllu óhugsandi að varahljóðið *m* í forskeytinu hafi átt þátt í því að kringing rötarsérhljóðsins varðveittist lengur í *samþykkja* en *þykkja*.

¹³ Myndir með ókringdu rötarsérhljóði er til dæmis að finna innan um myndir með *y* í AM 655 V 4to og AM 677 B 4to frá um 1200–1225 og GKS 1157 fol frá um 1250. Myndir með ‘i’ eru algengar í AM 544 4to, Hauksbók, frá um 1302–10 og í Möðruvallabók, AM 132 fol, frá um 1330–70 er aðeins að finna tvö dæmi með ‘y’ við hlið fjölda dæma með ‘i’ (de Leeuw van Weenen 2000:239, nmgr. 195).

3.2 Hljóðbreytingin $kk > k$

Noreen (1923:208, §285,1) telur að á eftir áherslulétu sérhljóði hafi löng samhljóð víða styst. Þannig komu upp tvímyndir, *þykkja* í áherslustöðu en *þikja* í áhersluléttri stöðu þar sem átt hafði sér stað hljóðbreytingin $kk > k$ (og einnig afkringing y). Sambærilega styttingu samhljóðs segir Noreen hafa orð-ið í (i) físl. *eða, meðan, síðan* og (ii) dæmum á borð við físl. *ek(k)i, os(s), kan(n), han(n), hin(n), en(n), þan(n), hver(r), þes(s)*. Iversen (1973:40, §50, athgr.) tekur í sama streng í handbók sinni.¹⁴

Hér setur Noreen undir sama hatt æði ólíka flokka dæma: Annars vegar eru dæmi um styttingu í físl. *eða, meðan, síðan* andspænis gotn. *aipþau, miþþanei*, fe. *siððan* (sjá Noreen 1923:181, §241). Hins vegar eru stakir rithættir úr norsku hómiljubókinni er hafa lítið hljóðsögulegt gildi (og þar vitnar hann í ritgerð Wadsteins 1890:30 og áfram). Ekki verður þess heldur vart að löng samhljóð hafi almennt styst í orðum sem oft bera veika setningaáherslu, svo sem í fornöfnunum *okkar, ykkar, þetta, nokkur* eða *ekki*. Grundvöllur þessarar hljóðbreytingar er því æði veikburða.

3.3 Ending 3. persónu eintölu

Þegar í elsta máli getur *þykkja* haft endinguna *-i* í stað *-ir* í 3. persónu eintölu í nútíð framsöguháttar; þetta er sérstaklega algengt á undan persónufornöfnunum *mér* og *þér* (Noreen 1923:358, §531, athgr. 5): *þykki mér, þykki þér* í stað *þykkir mér, þykkir þér*. Endingin *-i* lifir fram eftir öldum í þessari sögn og kemur til að mynda fyrir í Guðbrandsbiblíu 1584 (Bandle 1956:380).

Wimmer (1874:152, nmgr. 2) telur að þetta séu í raun myndir viðtengingarháttar sem fengið hafi hlutverk framsöguháttar (líkt og hjá sögninni *vilja*) en Noreen (1923:209, §285, athgr. 1; 356, §530, athgr. 3) álitur 3. persónu myndina *þykki* vera vitnisburð um varðveislu hinnar fornu 3. persónu endingar frg. **-ip* í þessari sögn. Þegar eftirfarandi orð hófst á *þ* (til dæmis fornafnið *þér*) myndaðist langt samhljóð á orðaskilum (*ðð*) sem styttist, að mati Noreens, og þannig glataði endingin sínu tannhljóði: **þykkið þér > þykki þér*. Undir þessa skýringu tekur Alexander Jóhannesson (1923–24:164, § 261).

Hin forna ending 3. persónu eintölu í nútíð framsöguháttar, frg. **-ip < frie*.

¹⁴ Valtýr Guðmundsson (1922:37, §85) nefnir nokkur dæmi um styttingu langra samhljóða í áherslulétum atkvæðum, en telur aftur á móti að *þykja* í stað *þykkja* sýni styttingu sem sé „sporadisk í en betonet Stavelse“.

*-e-ti, er tryggilega varðveitt í austur- og vesturgermönskum málum, gotn. *baíriþ*, fhþ. *birít*, fsax. *birið*, fe. *bireð* '(hann) ber' (sjá til dæmis Krahe og Meid 1969, 2:98–99, §69), og í frumnorrænu er hún enn til staðar á rúnaristunni frá Stentoftan frá um 650, *b^rriutíþ* '(hann) brýtur' (Krause 1971:164–65, nr. 91). Það urðu síðar örlög þessarar endingar í norrænu að víkja fyrir endingu 2. persónu eintölu, frn. *-ir, eins og sjá má þegar á myndinni *b^rrūtr* '(hann) brýtur' í rúnaristunni frá Björketorp frá um 675 (Krause 1971:140–41, nr. 7; sbr. Jörundur Hilmarsson 1980).

Það dregur mjög úr gildi þessarar skýringartilraunar Noreens að engar sjálfstæðar heimildir eru til fyrir slíku langlífi endingarinnar *-iþ í 3. persónu eintölu í norrænu (sjá Kjartan Ottósson 1981). Í 1. persónu fleirtölu gat átt sér stað samlögung og brottfall, eins og til dæmis *bindum vit* > *bindu vit*, *bindum vér* > *bindu vér* (sbr. Noreen 1923:358, §531,3). Nærtækara virðist að ætla að *þykki* í stað *þykkir* hafi orðið til við samlögung og brottfall af því tagi, ekki síst á undan *mér*: *þykkir mér* > **þykkim mér* > *þykki mér*.

3.4 Niðurstæða

Viðunandi skýringar er að finna á afkringingunni *þykkja* > *þikkja* og uppruna 3. persónu endingarinnar -i (*þykki mér*) en skýring Noreens á styttingunni *kk* > *k* er ekki alls kostar sannfærandi.

4. Forsagan

4.1 Tannhljóðspátíð án tengisérhljóðs

Germanskar veikar sagnir mynda þátíð með tannhljóðsviðskeyti en uppruni þess er óljós og umdeildur (sjá yfirlit um drjúgan hluta langrar rannsóknasögu hjá Tops 1974). Unnt er að greina á milli tveggja megingerða veikra sagna: (i) annars vegar eru þær sagnir sem mynda þátíð með tengisérhljóði á undan tannhljóði viðskeytisins og (ii) hins vegar eru sagnir þar sem þátíðin er án tengisérhljóðs.

Fyrri flokkurinn er mun stærri en sá síðari. Þar bætist frg. viðskeytið *-ð- með tengisérhljóði aftan á sagnrótina:

NÚTÍÐ (NAFNH.)	:	ÞÁTÍÐ (1. PERS. EINT.)
frg. * <i>fōrija-</i>	:	* <i>fōr-ið-ō</i>
físl. <i>fóra</i>	:	<i>fórða</i>

Síðari flokkinn skipa nokkrar sagnir er mynduðu þegar í frumgermönsku þátíð án tengisérhljóðs; tannhljóðið kom þá beint aftan á sagnrótina. Meðal þeirra voru fjórar *ija*-sagnir:

frg.	*þunkija-	:	*þunx-tō ⁿ
	*þankija-	:	*þanx-tō ⁿ
	*sōkija-	:	*sōx-tō ⁿ
	*wurkija-	:	*wurx-tō ⁿ

Uppruni tannhljóðsins er, eins og áður var getið, umdeildur og meðal annars hefur verið bent á líkindi þátíðarviðskeytisins í þessum sögnum og viðskeytis lýsingarháttar þátíðar, frie. *-to- (Hirt 1931–34, 2:154–59, §124; Krahe og Meid 1969, 2:127–29, §90). Hér verður ekki farið nánar út í þá sálma en gengið út frá því að snemma í frumgermönsku hafi klasinn *-xt- verið í þátíðarmyndum þessara sagna (sjá einnig Krahe og Meid 1969, 1:109, §88).

4.2 Þróunin í frumgermönsku

Á elsta skeiði hafa því væntanlega verið víxlin *k* : *x* í stofni þessara sagna; þau hafa eflaust átt sér ýmsar hliðstæður. Þegar á frumgermönsku skeiði hefur nefhljóðið fallið brott á undan **x* (*h*) með uppþótarlengingu undanfarandi sérhljóðs, þ.e. * $\check{V}nx > * \check{V}x$ (Krahe og Meid 1969, 1:62–63, §42). Þessi breyting verkaði á þátíðarmyndir tveggja af sögnunum fjórum. Eftir þessar breytingar voru komin upp fremur flókin hljóðbeygingarvíxl í þessum sögnum, annars vegar *k* : *x* í öllum sögnunum fjórum og hins vegar * $\check{V}nk$: * $\check{V}x$ í tveimur:

frg.	*þunkija-	:	*þūx-tō ⁿ
	*þankija-	:	*þāx-tō ⁿ
	*sōkija-	:	*sōx-tō ⁿ
	*wurkija-	:	*wurx-tō ⁿ

4.3 Austur- og vesturgermönsk mál

Í gotnesku birtast þessi flóknu víxl í þremur af sögnunum fjórum; gotn. *sokjan* sýnir þar reglulega þátíð eftir flokki *ija*-sagna (Krause 1968:241, §240; Braune og Ebbinghaus 1981:131–32, §209; Magnús Snædal 1998). Í beygingu þessara þriggja sagna (að *sokjan* undanskilinni) eru víxl *k* : *h* og í beygingu *þugkjan** og *þagkjan* eru að auki víxl nútíðarstofns með stuttu rótarsérhljóði og eftirfarandi nefhljóði við þátíðarstofn án nefhljóðs; sérhljóðið í þátíðar-

stofninum hefur að öllum líkindum verið langt en óvíst er hvort það var nefj-
að.¹⁵

gotn.	<i>þugkjan*</i>	:	<i>þūhta</i>
	<i>þagkjan</i>	:	<i>þāhta</i>
	<i>sokjan</i>	:	<i>sokida</i>
	<i>waúrkjan</i>	:	<i>waúrhta</i>

Í fornháþýsku féll miðatkvæði gjarna á eftir löngu atkvæði og því er mögulegt að þátíðarmyndin fhþ. *suohta* sé komin úr **suohhita* og því sambærileg við gotn. *sokida* (Braune og Eggers 1987:68, §66). Í fornháþýsku eru sagnirnar þessar (Braune og Eggers 1987:295–96, §364):

fhþ.	<i>dunken</i>	:	<i>dūhta</i>
	<i>denken</i>	:	<i>dāhta</i>
	<i>suothen</i>	:	<i>suohta</i>
	<i>wurken, wurchan</i>	:	<i>worchta, worachta</i>

Í fornsaxnesku eru myndirnar með þessum hætti (Gallée 1993:263, §408):

fsax.	<i>thunkian</i>	:	<i>thūhta</i>
	<i>thenkian</i>	:	<i>thāhta</i>
	<i>sōkian</i>	:	<i>sōhta</i>
	<i>wirkian</i>	:	<i>warhta, warahta</i>

Og í fornensku líta þær svona út (Campbell 1959:330–31, §753; Brunner 1965:318, §407):

fe.	<i>þync(e)an</i>	:	<i>þūhte</i>
	<i>þenc(e)an</i>	:	<i>þōhte</i>
	<i>sēc(e)an</i>	:	<i>sōhte</i>
	<i>wyrc(e)an</i>	:	<i>worhte</i>

4.4 Þróunin í norrænu

Í norrænu eiga sér stað ýmsar hljóðbreytingar er verða til þess að nútíðarstofn og þátíðarstofn fjarlægjast enn frekar. Meðal þeirra eru: (i) Samlögunin *xt > tt* í þátíðarmyndum þriggja sagnanna (Noreen 1923:195, §267). (ii) Samfara því átti sér stað lækkunin *ū > ō* (á undan *xt > tt*) (Noreen 1923:103–4, §113). (iii) Þá hefur *i*-hljóðvarp verkað víða í nútíðarmyndum (*u > y*, *a > e*, *ō > ó*) og gert víxl rótar sérhljóða enn flóknari en áður (Noreen 1923:57–65, §§63–69).

¹⁵ Stjarna er sett fyrir aftan orðmynd sem ekki hefur varðveist á tímum ritaðra heimilda; stjarna er sett fyrir framan endurgerðar forsögulegar myndir.

(iv) Samlögurinn *nk > kk* verkaði í nútíðarstofnunum *þunkja- og *þankja- (Noreen 1923:194, §266,3). Forníslensku myndirnar hafa þá lítið svona út (Noreen 1923:347–48, §518):

físl.	<i>þykkja</i>	:	<i>þóttá</i>
	<i>þekkjá</i>	:	<i>þátta</i>
	<i>sókjá</i>	:	<i>sóttá</i>
	<i>yrkjá</i>	:	<i>ortá</i>

Í forníslensku hefur beyging þessara sagna falið í sér flóknari hljóðbeygingarvíxl en menn áttu að venjast hjá veikum sögnum og einkum þó *ija*-sögnum.

5. Afbrigðilegar *ija*-sagnir

Margar *ija*-sagnir beygðust eins og *fóra* en nokkur afbrigði voru þó til af tannhljóðsviðskeyti þátíðarinnar, svo sem óraddað önghljóð og raddað eða óraddað lokhljóð, og ef rótin endaði á tannhljóði átti sér stað samlögur og stundum einföldun klasa. Í flestum tilvikum voru skil rótar og þátíðarviðskeytis þó ljós frá samtímalegu sjónarmiði. Nokkur dæmi (sjá til dæmis Iversen 1973:97–98, §114):

físl.	<i>fóra</i>	:	<i>fórða</i>
	<i>kenna</i>	:	<i>kennda</i>
	<i>kippa</i>	:	<i>kipppða, kipppta</i>
	<i>knýta</i>	:	<i>knýtta</i>
	<i>eyða</i>	:	<i>eydda</i>
	<i>senda</i>	:	<i>senda</i>

Öðru máli gegndi um sagnirnar *þykkja*, *þekkjá*, *sókjá* og *yrkjá*; þar voru á ferðinni flóknari víxl. Að vísu var *yrkjá* svolítið sér á parti: í þátíðinni *orta* var samhljóðaklasi og vel mátti hugsa sér að gómhljóð það er sjá mátti í nútíðarstofnunum hefði fallið niður í þátíðarmyndunum með samtímalegri einföldunarreglu, sbr. hk. *margt* af *margur* eða þgf. *morgni* af *morgunn* þar sem gómhljóðið fellur niður í samhljóðaklasa. Hinar sagnirnar þrjár sýndu tvenns konar mynstur (sem nefna mætti A og B) með margþættum víxlum:

A	<i>þykkj-</i>	:	<i>þótt-</i>
	<i>þekkj-</i>	:	<i>þátt-</i>

Á milli stofna nútíðar og þátíðar hjá sögnunum *þykkja* og *þekkja* eru þrens konar víxl: (i) samhljóðavíxlin *-kkj-* : *-tt-* (með eða án aðblásturs), (ii) munur á hljóðgildi rótarsérhljóðs og (iii) munur á lengd rótarsérhljóðs.

B *sókj-* : *sótt-*

Sögnin *sókja* fylgir öðru mynstri þar sem milli stofna nútíðar og þátíðar er að finna tvöns konar víxl: (i) samhljóðavíxlin *-kj-* : *-tt-* (með eða án aðblásturs) og (ii) mun á hljóðgildi rótarsérhljóðs.

Þessi víxl eru ekki í neinu samræmi við aðrar *ija*-sagnir og ekki þarf að koma á óvart að upp hafi komið tilhneiging til að einfalda þau eða jafnvel útrýma þeim alveg. Þar komu einkum tvær leiðir til álit: (i) að fella þessar sagnir inn í mynstur annarra *ija*-sagna eða (ii) einfalda þau hljóðbeygingarvíxl sem fyrir hendi voru.

Sagnirnar *þekkja* og hin samsetta *samþykkja* fóru fyrrnefndu leiðina, féllu inn í mynstur annarra *ija*-sagna þegar víxlum í stofni var eytt við útjöfnun í beygingardæmi.¹⁶

(i)	nt.	<i>þekkja</i>		
	þt.	<i>þátta</i>	→	<i>þekhta</i>
	lh.	<i>þátt*</i>	→	<i>þektr</i>
(ii)	nt.	<i>samþykkja</i>		
	þt.	<i>samþótta*</i>	→	<i>samþykhta</i>
	lh.	<i>samþótt*</i>	→	<i>samþyktr</i>

Þetta hefur gerst snemma: ekki er í handbókum getið varðveittra dæma um þátíðina *samþótta** og *þátta* virðist einkum að finna í kveðskap (sjá dæmi í *Lexicon poeticum* 1931:637 [I. *þekkja*]); þátíðarmyndirnar *þekkða* og *þekhta* koma fyrir þegar í elsta máli (Noreen 1923:347–48, §518).

Sagnirnar *þykkja* og *sókja* fóru aftur á móti síðarnefndu leiðina þar sem leitast var við að einfalda hljóðbeygingarvíxlin.¹⁷

¹⁶ Stjarna er hér sett fyrir aftan þær myndir sem ekki hafa varðveist, eftir því sem best verður séð.

¹⁷ Fritzner (1886–96, 3:643–644 [*sækja*]) og Noreen (1923:348, §518,7) geta þátíðarinnar *sókti* af *sókja*. Dæmi þau sem Fritzner nefnir úr íslensku virðast þó ýmist vera viðtengingarháttur þátíðar eða ung dæmi um þátíðina *sókti*.

6. Hljóðbeygingarvígla einfölduð

6.1 Nútíðarmyndir

Áður hefur verið getið tvönn konar hljóðbeygingarvígla (A og B) á milli stofna nútíðar og þátíðar í beygingu sagnanna *þykkja* og *sókja*. Til að einfalda hljóðbeygingarvíglin mátti steypa saman mynstrunum A (*þykkja* – *þótta*) og B (*sókja* – *sótta*). Slík einföldun gat orðið á þrjá vegu: í fyrsta lagi að *sókja* tæki upp beygingarmynstur *þykkja* ($A + B > A$), að *þykkja* félli inn í mynstur *sókja* ($A + B > B$) eða að bæði *þykkja* og *sókja* tækju upp nýtt mynstur ($A + B > C$). Þróunin sem við sjáum í forníslensku er tilhneigingin til að steypa *þykkja* í sama mót og *sókja* ($A + B > B$; útvíkkun mynsturs). Fyrsta skrefið var stigið þegar í elsta máli — að minnsta kosti í sumum mállýskum, sbr. §2.3 — er *k* kom í stað *kk* í físl. *þykkja* (og hér er enn rætt um *þykkja* og *þykja* án tillits til kringingar rótarsérhljóðsins; sjá §3.1):

nt.	<i>þykkja</i>	→	<i>þykja</i>
þt.	<i>þótti</i>		
lh.	<i>þótt</i>		

Samruni mynstranna tveggja er þó ekki fullkominn á þessu stigi: enda þótt samhljóðavíglin séu orðin sams konar er enn munur á sérhljóðslengd. Við getum kallað nýja mynstrið B_1 :

A	- <i>ṽkkj</i> - : - <i>ṽtt</i> -	→	B_1 - <i>ṽkj</i> - : - <i>ṽtt</i> -
B	- <i>ṽkj</i> - : - <i>ṽtt</i> -		

Eftir þetta fyrsta skref varð til kerfi með þremur gerðum, A, B og B_1 , er voru í notkun samhliða nokkra hríð:

A	<i>þykkj</i> -	:	<i>þótt</i> -
---	----------------	---	---------------

Í A-mynstrinu eru enn þrenns konar vígl: (i) samhljóðavíglin -*kkj*- : -*tt*-, (ii) munur á hljóðgildi rótarsérhljóðs og (iii) munur á lengd rótarsérhljóðs.

B_1	<i>þykj</i> -	:	<i>þótt</i> -
-------	---------------	---	---------------

Í nýja mynstrinu B_1 eru einnig þrenns konar vígl: (i) samhljóðavíglin -*kj*- : -*tt*-, (ii) munur á hljóðgildi rótarsérhljóðs og (iii) munur á lengd rótarsérhljóðs.

B	<i>sókj</i> -	:	<i>sótt</i> -
---	---------------	---	---------------

B-mynstrið var eftir sem áður einfaldast; þar voru tvenns konar víxl: (i) samhljóðavíxl *-kj- : -tt-* og (ii) munur á hljóðgildi rótarsérhljóðs.¹⁸

Það var ekki fyrr en undir nýju hljóðlög máli að næsta skref var stigið og B og B₁ runnu saman að fullu. Í fornu máli var kerfislegur munur á stuttum og löngum einhljóðum í áhersluatkvæðum; því gat stutt einhljóð staðið á undan bæði einu samhljóði (*fat*) og löngu samhljóði eða samhljóðaklasa (*fatt*) og langt einhljóð gat birst í nákvæmlega sama umhverfi (*fát, fátt*). Við hljóðdvalarbreytinguna missti sérhljóðalengd hið kerfislega hlutverk sitt og réðst í staðinn af hljóðumhverfi: áherslusérhljóð (einhljóð og tvíhljóð) urðu þá löng á undan einu eða engu samhljóði (*taka, búá*) og samhljóðaklösunum *p, t, k, s + j, v, r* (*nepja, vitja, sækja, Esja, (upp)götva, skrökva, tvisvar, depra, titra, sykra, Esra*) en stutt á undan löngu samhljóði og samhljóðaklasa (*finna, fundur*). Þessi umfangsmikla breyting á íslensku sérhljóðakerfi hefur eflaust gengið yfir landið á nokkuð löngum tíma en hefur þó ekki byrjað seinna en á sextánda öld (Kristján Árnason 1980, einkum bls. 121–160).¹⁹ Undir hinu nýja hljóðlög máli hvarf sá munur er verið hafði á lengd rótarsérhljóðs í mynstri B₁ og það rann saman við B þar sem nútíðarstofninn hafði nú langt sérhljóð en þátíðarstofninn stutt:

A	- <i>ǂkkj-</i> : - <i>ǂtt-</i>	>	- <i>ǂkkj-</i> : - <i>ǂtt-</i>
B ₁	- <i>ǂkj-</i> : - <i>ǂtt-</i>	>	- <i>ǂkj-</i> : - <i>ǂtt-</i>
B	- <i>ǂkj-</i> : - <i>ǂtt-</i>	>	- <i>ǂkj-</i> : - <i>ǂtt-</i>

Þar með var mynstur A eingrað minnihlutamynstur sagnarinnar *þykkja* og tók að víkja fyrir B sem nú rúmaði bæði *þykja* og *sækja*:

¹⁸ Víxl *-kkj-* og *-k-* hafa í elstu íslensku verið að einhverju marki í öðrum sögnum fyrir tilverknað tvöföldunar á undan *j*, eins og í til dæmis nh. *vekkja* : 3. pers. et. *vekr* (Noreen 1923:203–4, §279,1). Þessi víxl urðu þó ekki langlíf (*vekkja* varð snemma *vekja*) og ekki líklegt að þau hafi haft áhrif á þróun *þykkja*.

¹⁹ Um sérhljóðakerfi forníslensku hefur Hreinn Benediktsson (1959/2002, 1972) fjallað ræki-legast. Kristján Árnason (1980:160) bendir á að nýtt hljóðlög máli hafi ekki leyst hið gamla af hólmi í einu veffangi heldur sé líklegt að hljóðdvalarbreytingunni hafi fylgt langt millibils-ástand þar sem lengdaraðgreining var á reiki. Hann telur að breytingin hafi ekki hafist síðar en á sextánda öld en vísbendingar um forna aðgreiningu léttra og þungra atkvæða í kveðskap frá síðari hluta sautjándu aldar og átjándu öld virðast, að dómi Kristjáns, benda til að hið nýja hljóðlög máli hafi ekki náð fullkominni fótfestu fyrr en miklu síðar, hugsanlega ekki fyrr en á öndverðri átjándu öld. Þá er og mjög líklegt að mállýskumunur hafi verið nokkur og breytingin gengið hraðar yfir í sumum sveitum en öðrum. Stefán Karlsson (1989:8/2000:24) telur að hljóðdvalarbreytingin hafi einkum gengið yfir á sextánda öld. Sjá einnig Björn K. Þórólfs-son 1929 og Stefán Karlsson 1964.

A	<i>þykkj-</i>	:	<i>þótt-</i>
B ₁ > B	<i>þykj-</i>	:	<i>þótt-</i>
B	<i>sækj-</i>	:	<i>sótt-</i>

Þetta kemur vel heim og saman við þá mynd sem *tafla 1* sýnir af *þykkja* og *þykja* í rituðum heimildum: þar eru myndir með *kk* ríkjandi fram á fimmtánda öld, láta mjög undan síga á þeirri sextánda og á sautjándu öld eru þær hartnær horfnar og myndir með *k* ráðandi. Hvarf A-afbrigðisins *þykkja* fylgir því framrás hljóðvalarbreytingarinnar á sextánda og sautjándu öld og undir nýju hljóðlög máli verður B-afbrigðið *þykja* smám saman alls ráðandi.

6.2 Þátíðarmyndir

Annar liður í einföldun hljóðbeygingarvíxlanna var að laga þátíðarmyndirnar að nútíðarmyndunum (útjöfnun í beygingardæmi). Einungis mynstur B, sagnirnar *þykja* og *sókja/sækja*, gekkst undir þessa breytingu en hún fólst í því að einfalda samhljóðavíxlín með því að láta gómhljóð nútíðarstofnsins birtast einnig í þátíðarstofninum:

A	<i>-V̄kkj-</i>	:	<i>-V̄tt-</i>	
B	<i>-V̄kj-</i>	:	<i>-V̄tt-</i>	→ <i>-V̄kj-</i> : <i>-V̄kt-</i>

Sögnin *sókja* sýnir snemma þessa tilhneigingu; í viðtengingarhætti má finna dæmi þegar um 1300 og síðar einnig í framsöguhætti.

VIÐTENGINGARHÁTTUR (3. PERS. EINT.)

nt.	<i>sóki</i>	
þt.	<i>sótti</i>	→ <i>sækti</i>

Áhrifsmyndin 3. pers. et. vh. þt. ‘fekti’ kemur fyrir í AM 1 e β I fol frá um 1300 (5v10; útg. af Petersens og Olson 1919–25:21.8) og 1. pers. ft. vh. þt. ‘fektim’ í AM 468 4to, Reykjabók, frá um 1300–1325 (50v1; útg. *Njáls saga* 1962) og ‘fæktim’ í AM 132 fol, Möðruvallabók, frá um 1330–70 (35va35; van Arkel-de Leeuw van Weenen 1987:186). Eftir samfallið $\acute{e} + \acute{o} > \acute{æ}$ er hófst um miðja þrettánda öld urðu eldri viðtengingarháttarmyndirnar samhljóða ýmsum myndum af sögninni *sétta* ‘koma á sáttum’ og kann það að hafa ýtt enn frekar undir áhrifsþreyingu af þessu tagi.

FRAMSÖGUHÁTTUR (3. PERS. EINT.)

nt.	<i>sókir</i>	
þt.	<i>sótti</i>	→ <i>sókti</i>

Breytingin í framsöguhætti virðist byrja á fimmtánda öld; hún vinnur jafnt og þétt á og *sókt-* er ríkjandi þátíðarstofn á síðari hluta sextánda aldar og á sautjándu öld. Nokkur dæmi má nefna því til stuðnings: í Valdimars sögu á AM 589 c 4to frá um 1450–1500 kemur fyrir ‘soktj’ (útg. Loth 1962–65, 1: 63.3); í Nýja testamenti Odds Gottskálfssonar frá 1540 er þátíðarstofninn *sókt-* algengur (Jón Helgason 1929:86) og sömuleiðis í Bósa sögu á AM 510 4to frá um 1550 (Jiriczek 1893:xxxiv); í Guðbrandsbiblíu 1584 er *sókt-* orðinn hinn venjulegi þátíðarstofn en *sótt-* birtist aðeins öðru hverju í Gamla testamentinu (Bandle 1956:414–15; sjá einnig dæmi hjá Orešnik 1977:622).²⁰

Um leið og *þykkja* hafði fallið inn í mynstur B og var orðin *þykja* skapaðist grundvöllur fyrir þessa breytingu þar:

FRAMSÖGUHÁTTUR (3. PERS. EINT.)

nt.	<i>þykkir</i>	→	<i>þykir</i>	
þt.	<i>þótti</i>			→ <i>þókti</i>

Í framsöguhætti virðist breytingin fara af stað á sautjándu öld og er mun síðar á ferðinni en breytingin *sótt-* → *sókt-*. Í sumum heimildum er þátíðarstofninn *sókt-* einhafður jafnframt reglulegri notkun *þótt-*, til dæmis í Guðbrandsbiblíu 1584 (Bandle 1956:415) og í kvæðabók Gissurar Sveinssonar 1665 (Jón Helgason 1960:24). Dæmi um þátíðarstofninn *þókt-* er til að mynda að finna í bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar, Bps B V 2, fyrir árin 1628–54 (útg. Jón Þ. Þór 1979), í AM 552 I, m, n 4to með hendi Björns Jónssonar á Skarðsá, líklega frá öðrum fjórðungi sautjándu aldar (Haraldur Bernharðsson 1999:69), og í bréfabókum Brynjólfs biskups Sveinssonar, AM 268–81 fol og ÍB 34 fol, fyrir árin 1652–75 (útg. Jón Helgason 1942); sjá einnig dæmi hjá Orešnik 1977:622. Í málfræði Jóns Magnússonar (1997:223), sem lokið hefur verið 1738, er þátíðarmynd *sækja* sögð *sókti* en *þykja* hefur þátíðina *þótti* og í orðabók Björns Halldórssonar (1724–1794), fyrst útg. 1814, er aðeins gefin þátíðarmyndin *sókti* og lh. þt. *sókt* undir *sækja* (1992:474) en undir *þykja* (1992:551) er gefin þátíðin *þótti* og lh. *þótt* eða *þókt* (ritað ‘þóckt’).

VIÐTENGINGARHÁTTUR (3. PERS. EINT.)

nt.	<i>þykki</i>	→	<i>þyki</i>	
þt.	<i>þótti</i>			→ <i>þækti</i>

Breytingin í viðtengingarhættinum virðist einnig fara af stað á sautjándu öld. Myndin ‘þæktust’ kemur fyrir í óársettu bréfi með hendi Jóns biskups Víða-

²⁰ Orešnik (1971) hefur fjallað rækilega um myndun viðtengingarháttar þátíðar í íslensku, þar á meðal um *sækti* (1971:165–67).

líns (1666–1720; Svavar Sigmundsson 1965:89). Elstu dæmin í ritmálssafni Orðabókar Háskólans eru frá miðri nítjándu öld (úr þjóðsögum Jóns Árnasonar); dæmi finnast einnig frá fyrri hluta tuttugustu aldar en eftir það virðist stofninn *þækt*- hverfa.

Að lokum má geta þess að dæmi eru einnig um viðtækari áhrifsbreytingu í viðtengingarhættinum, áhrifsbreytingu á borð við þá er *þekkja* og *samþykkja* gengust snemma undir og lýst var hér að framan:

þt. *þótti* → *þykti*

Hér er nútíðarstofninn lagður til grundvallar við myndun viðtengingarháttar þátíðar. Myndin ‘þikte’ kemur fyrir í bréfi frá 1650 í bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar (útg. Jón P. Þór 1979:169), dæmi er einnig að finna í AM 1041 4to frá um miðri sautjándu öld (með hendi Björns Jónssonar á Skarðsá, sbr. Orešnik 1977:622) og í ritmálssafni Orðabókar Háskólans eru dæmi frá nítjándu öld (úr þjóðsögum Jóns Árnasonar og víðar).

6.3 Raunverulegur framburður eða einvörðungu stafsetning?

Rasmus Rask getur *sókti*, *þókti* og *þækti* sem hliðarmynda *sótti*, *þótti* og *þætti* í *Vejledning til det Islandske eller gamle Nordiske Sprog* (1811:121). Í *Anvisning till Isländskan eller Nordiska Fornspråket* gefur Rask (1818:145) sem aðalmyndir þát. frsh. *sótti*, *þótti* og þát. viðth. *sætti* og *þætti* en bætir við að í yngra máli sé einnig til *sókti*, *þókti* og *sækti*, *þækti*.²¹

Halldór Kr. Friðriksson segir í *Íslenzkum rjettritunarreglum* (1859:140) að rita beri *sótti*, *sótt*, *þótti*, *þótt* án ‘k’ og sé það „bæði samkvæmt framburði og rithætti fornanna“; viðtengingarhátt *þykja* segir hann að eigi að rita „þætti, en viðfelldnara verður *sækti*, enda þótt í fornritum sje *sætti*“. Í *Íslenzkri málmyndalýsingu* sinni getur Halldór (1861:59) aðeins um þátíðarmyndirnar *sótti* og *þótti* og viðtengingarháttinn *þætti*, en jafnframt viðtengingarhættinum *sækti* greinir hann í svigagrein frá því að hann hafi áður verið *sætti*. Halldór Kr. Friðriksson vitnar víða í *Íslenzkum rjettritunarreglum* (1859) í framburð nútímamáls og á væntanlega að skilja tilvitnuð orð hans hér á þá leið að honum sé ekki kunnugt um framburð *sókti*, *þókti*, *þækti* með gómhljóði.

Í *Beygingarreglum* Páls Þorkelssonar (1902:139–41) eru gefnar þátíðar- og lýsingarháttarmyndirnar *sókti*, *sókt* og *þókti*, *þókt* jafnframt *sótti*, *sótt* og

²¹ Rask (1818:145) segir „De Nyare säga äfven *þókti*, *orkti*, *sókti*, *þækti* o. s. v.“ og á þá væntanlega við að *sækti* sé einnig til í yngra máli.

þótti, *þótt* sem eru aðalmyndirnar; viðtengingarháttur þátíðar *sækja* er aðeins *sækti* en undir *þykja* er gefin myndin *þætti* og einnig *þækti*. Páll tekur sérstaklega fram í athugasgrein að rithátturinn *sóttur*, *sótt* í lh. þt. *sækja* styðjist við framburð en rithátturinn *sóktur*, *sókt* styðjist við uppruna sagnarinnar. Athygli vekur að Páll sér ekki ástæðu til sambærilegra athugasemda um þátíðarmyndirnar *sókti* og *þókti* og viðtengingarháttinn *þækti* sem gæti bent til þess að hann hafi þekkt framburð þeirra með gómhljóði.²²

Valtýr Guðmundsson (1922:154, §347) gefur aðeins *sótti*, *þótti* og *sækti*, *þætti* í málfræði sinni en bendir á (1922:29, §55) að *tt* sé orðið til við samlögun úr *kt* á eldra málstigi. Í orðabók Sigfúsar Blöndals (1920–24) eru undir *sækja* (1920–24:832) gefnar þátíðarmyndirnar *sókti* eða *sótti*, *sóktum* eða *sóttum* (í þeirri röð) og viðtengingarhátturinn *sækti* og samkvæmt hljóðritun hefur aðeins *sækti* uppgómmælt önghljóð. Undir *þykja* (1920–24:970) eru gefnar þátíðarmyndirnar *þótti* eða *þókti*, *þóttum* eða *þóktum* (í þeirri röð) og viðtengingarháttarmyndirnar *þætti* eða *þækti* eða *þykti* (í þeirri röð) og er síðasttalda myndin sögð staðbundið málfar í Skaftafellssýslum, Rangárvallasýslu og á Suðurnesjum. Í hljóðritun er sýnt uppgómmælt önghljóð í framburði *þækti* og *þykti* en ekki *þókti* og *þóktum*.

Ekki verður betur séð en þátíðarstofnarnir *sókt-* og *þókt-* með gómhljóði hafi verið fáheyrðir í framburði á síðari hluta nítjándu aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu, enda þótt 'k' hafi áfram lifað að einhverju marki í stafsetningu. Í ljósi þessa telur Bandle (1956:415) að myndir á borð við *sókti* kunni að vera ritmyndir er aldrei áttu sér stöð í framburði. Vissulega er það rétt að orðsifjafræðileg sjónarmið geta haft drjúg áhrif á stafsetningu; þannig er nú ritað 'g' í hk. *margt* og þgf. *morgni* á grundvelli kk. *margur* og nf. *morgunn*, enda þótt *g* sé löngu horfið úr eðlilegum framburði (og oftast ritað *mart* og *morni* í fornum ritum). Ekki er þó brýn ástæða til að efast um að ritmyndir á borð við *sókti* og *þókti* geti endurspeglad framburð, enda eru þær hluti af sömu þróun og viðtengingarhátturinn *sækti*. Þá vitnar orðabók Blöndals um uppgómmælt önghljóð í *þækti* og *þykti* í staðbundnum framburði og vandséð að þær lúti öðrum lögmálum en *sókti* og *þókti*.²³

²² „NB. En ce qui concerne le participe passé de ce verbe [þ.e. *sækja*], la méthode d'écriture: „sóttur, sótt“ est suivant la prononciation elle-même, tandis que celle de: „sóktur, sókt“ est suivant l'origine du verbe“ (Páll Þorkelsson 1902:140).

²³ Ljóst virðist þó að orðsifjasjónarmið í stafsetningu hafa viðhaldið ritun 'k' í myndum á borð við *sókti* og *þókti* eftir að framburður með gómhljóði var tekinn að hopa (sbr. tilvitnuð orð Páls Þorkelssonar um lh. þt. *sóktur*, *sókt*). Myndir á borð við *sókti* og *þókti* má sjá í stafsetningu fram á tuttugustu öld, til að mynda í ritum Páls Eggerts Ólasonar.

Aldursmunur kann að eiga þátt í ólíkum örlögum þessara mynda. Áhrifsmyndin *sækti* er elst og hefur því náð að festa sig betur í sessi en *sókti*, *þókti*, *þækti* og *þykti*. Síðastnefndu myndirnar hafa ugglaut lifað nokkra hríð við hlið hinna eldri *sótti*, *þótti* og *þætti* en þá ef til vill aðeins sem staðbundið málfar. Þeirra er ekki getið í ritum Halldórs Kr. Friðrikssonar sem vitnað var til, en hann mælir þó með myndinni *sækti* fremur en hinni fornu *sætti*, enda hefur *sætti* væntanlega verið með öllu horfin á nítjándu öld. Hugsanlegt er því að málhreinsun nítjándu aldar hafi að einhverju leyti stuðlað að því að *sókti*, *þókti*, *þækti* og *þykti* hörfuðu.

7. Lokaorð

Niðurstöðurnar má þá draga saman þannig:

(1) So. *þykkja* bregður fyrir með stuttu *k* þegar í elstu heimildum en myndir með *kk* eru annars ríkjandi fram á fimmtándu öld, láta mjög undan síga á þeirri sextándu og á sautjándu öld eru þær hartnær horfnar (§2.2).

(2) Rithættir handrita gætu bent til að *þykja* í stað *þykkja* hafi verið norðlenskt mállýskueinkenni framan af (§2.3).

(3) Ekki er ástæða til að ætla að þróunin frá *kk* til *k* í þessari sögn sé *hljóðbreyting*, eins og höfundar handbókanna gera ráð fyrir (§3.2), heldur er hún liður í röð *áhrifsbreytinga* er miðuðu að því að einfalda hljóðbeygingarvíxl í beygingu sagnarinnar.

(4) Hljóðþróun á frumgermönsku og frumnorrænu skeiði leiddi til flókinna hljóðbeygingarvíxla í físl. sögnunum *þykkja*, *þekkja*, *sókja* og *yrkja* (§4). Í síðastnefndu sögninni héldust þessi víxl en snemma hefur komið upp tilhneiging til að einfalda þau í hinum sögnunum þremur. Það gerðist með tvennum hætti: (i) með áhrifsbreytingu þar sem beyging sagnarinnar var mótuð frá grunni eftir mynstri alls þorra *ija*-sagna; þessa leið fóru *þekkja* og hin forskeytta *samþykkja* (§5); (ii) með umfangsminni áhrifsbreytingu eða breytingum þar sem hljóðbeygingarvíxlin voru einfölduð; þessa leið fóru *sókja* og *þykkja* (§6).

(5) Umfangsminni áhrifsbreytingin beindist að víxlum samhljóða í stofni. Í nútíðarmyndunum miðaði hún að því að steypa saman tveimur gerðum (*þykkja* og *sókja*). Fyrsta skrefið var *þykkj-* → *þykj-*; við hljóðvalarbreytinguna runnu gerðirnar svo endanlega saman og þá hvarf *þykkja* (§6.1). Í þátíðarmyndunum var stofninn lagaður að nútíðarstofninum, frsh. *sótt-* → *sókt-*, viðth. *sótt-* → *sækt-*, frsh. *þótt-* → *þókt-*, viðth. *þótt-* → *þækt-* eða *þykt-* (§6.2).

(6) Ekki er brýn ástæða til að efast um að ritmyndirnar *sókti*, *þókti*, *þækti* og *þykki* geti endurspeglað framburð, enda af sama toga og viðth. *sæktti*; fyrrnefndu myndirnar hafa þó vikið fyrir eldri myndum (§6.3).

RITASKRÁ

- Alexander Jóhannesson. 1923–24. *Íslensk tunga í fornöld*. Reykjavík.
- Andersen, Lise Præstgaard (útg.). *Partalopa saga*. Editiones Arnamagnæanæ B 28. C.A. Reitzels Forlag, Copenhagen.
- van Arkel-de Leeuw van Weenen, Andrea. 1987. *Möðruvallabók* 1–2. E.J. Brill, Leiden.
- Árni Björnsson (útg.). 1969. *Laurentius saga biskups*. Rit Handritastofnunar Íslands 3. Handritastofnun Íslands, Reykjavík.
- Bandle, Oskar. 1956. *Die Sprache der Guðbrandsbiblía. Orthographie und Laute, Formen*. Bibliotheca Arnamagnæana 17. Munksgaard, Copenhagen.
- Beck, Heinrich. 1993. *Wortschatz der altisländischen Grágás (Konungsbók)*. Vandenhoeck & Ruprecht, Göttingen.
- Bjarni Einarsson (útg.). 1955. *Munnmælasögur 17. aldar*. Íslensk rit síðari alda 6. Hið íslenska fræðafélag, Reykjavík.
- Bjarni Einarsson (útg.). 1977. *Hallfredar saga*. Rit 15. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Björn Halldórsson. 1992. *Orðabók. Íslensk – latnesk – dönsk*. Jón Aðalsteinn Jónsson sá um útgáfuna. Orðfræðirit fyrri alda 2. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Björn K. Þórólfsson. 1925. *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr fornmálinu*. Með viðauka um nýjungar í orðmyndum á 16. öld og síðar. Reykjavík. [Endurprentun: Rit um íslenska málfræði 2. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, 1987].
- Björn K. Þórólfsson. 1929. Kvantitetsomvæltningin í íslensk. *ANF* 45:35–81.
- Braune, Wilhelm. 1981. *Gotische Grammatik mit Lesestücken und Wörterverzeichnis*. 19. Auflage neu bearbeitet von Ernst A. Ebbinghaus. Max Niemeyer Verlag, Tübingen.
- Braune, Wilhelm. 1987. *Althochdeutsche Grammatik*. 14. Auflage bearbeitet von Hans Eggers. Max Niemeyer Verlag, Tübingen.
- Brunner, Karl. 1965. *Altenglische Grammatik*. Nach der angelsächsischen Grammatik von Eduard Sievers. Dritte, neubearbeitete Auflage. Max Niemeyer Verlag, Tübingen.
- Campbell, A. 1959. *Old English Grammar*. At the Clarendon Press, Oxford.
- Einar G. Pétursson (útg.). 1976. *Miðaldaævintýri þýdd úr ensku*. Rit 11. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Eiríkur Þormóðsson og Guðrún Ása Grímsdóttir (útg.). 2003. *Oddaannálar og Oddaverjaannáll*. Rit 59. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Fellows Jensen, Gillian (útg.). 1962. *Hemings þáttir Áslákssonar*. Editiones Arnamagnæanæ B 3. Munksgaard, Copenhagen.

- Finnur Jónsson (útg.). 1886–88. *Egils saga Skallagrímssonar*. STUAGNL 17. København.
- Finnur Jónsson (útg.). 1925. *Alexanders saga*. Íslandsk oversættelse ved Brandr Jónsson. København.
- Finnur Jónsson (útg.). 1930. Flateyjarbók (Codex Flateyensis). CCI I. Copenhagen.
- Finnur Jónsson (útg.). 1932. *Morkinskinna*. STUAGNL 53. København.
- Flateyjarbók: Flateyjarbok* 1–3. 1860–68. Útg. Guðbrandur Vigfússon og C.R. Unger. Christiania.
- Fritzner, Johan. 1886–96. *Ordbog over Det gamle norske Sprog* 1–3. Kristiania.
- Gallée, Johan Hendrik. 1993. *Altsächsische Grammatik*. Register von Johannes Lochner. Dritte Auflage mit Berichtigungen und Literaturnachträgen von Heinrich Tiefenbach. Max Niemeyer Verlag, Tübingen.
- Grape, Anders, Gottfrid Kallstenius og Olof Thorell. 1977. *Snorre Sturlasons Edda*. Uppsala-handskriften DG 11, 2. Almqvist & Wiksell, Uppsala.
- Groth, P. (útg.). 1895. *Det Arnarnagæanske Haandskrift 310 quarto*. Saga Olafs konungs Tryggvasonar er ritaði Oddr muncr. Christiania.
- Guðmundur Andrússon. 1948. *Deilurit*. Jakob Benediktsson bjó til prentunar. Íslenzk rit síðari alda 2. Kaupmannahöfn.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson. 1994. *Um afkringingu á ly, ý, ey í íslensku*. Málfræðirannsóknir 8. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Halldór Kr. Friðriksson. 1859. *Íslenzkar rjettritunarreglur*. Reykjavík.
- Halldór Kr. Friðriksson. 1861. *Íslenzk málmyndalýsing*. Kaupmannahöfn.
- Hallgrímur J. Ámundason. 1994. AM 655 XXVII 4to: útgáfa, stafagerð og stafsetning. [Ópr. ritgerð til B.A.-prófs í íslensku við Háskóla Íslands].
- Haraldur Bernharðsson. 1999. *Málblöndun í sautjándu aldar uppskriftum íslenskra miðaldahandrita*. Málfræðirannsóknir 11. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Haraldur Bernharðsson. 2004. Afdrif *kk*-tákns Fyrstu málfræðiritgerðarinnar. Um táknbeitingu nokkurra þrettándu aldar skrifara. *Gripla* 15:209–222.
- Hast, Sture (útg.). 1960. *Harðar saga*. Editiones Arnarnagæanæ A 6. Munksgaard, København.
- Hirt, Hermann. 1931–34. *Handbuch des urgermanischen* 1–3. Heidelberg.
- Hreinn Benediktsson. 1959. The Vowel System of Icelandic: A Survey of Its History. *Word* 15:282–312. [Endurprentun: Hreinn Benediktsson 2002].
- Hreinn Benediktsson. 1965. *Early Icelandic Script as Illustrated in Vernacular Texts from the Twelfth and Thirteenth Centuries*. Íslenzk handrit, series in folio 2. The Manuscript Institute of Iceland, Reykjavík.
- Hreinn Benediktsson (útg.). 1972. *The First Grammatical Treatise*. University of Iceland Publications in Linguistics 1. Institute of Nordic Linguistics, Reykjavík.
- Hreinn Benediktsson. 1977. An Extinct Icelandic Dialect Feature: *y* vs. *i*. C.-Chr. Elert o.fl. (ritstj.): *Dialectology and Sociolinguistics. Essays in Honor of Karl-Hampus Dahlstedt 19 April 1977*:28–46. Acta Universitatis Umensis 12. Umeå. [Endurprentun: Hreinn Benediktsson 2002].
- Hreinn Benediktsson. 2002. *Linguistic Studies, Historical and Comparative*. Eds. Guðrún Þórhallsdóttir, Höskuldur Þráinsson, Jón G. Friðjónsson & Kjartan Ottosson. Institute of Linguistics, Reykjavík.
- Iversen, Ragnvald. 1973. *Norrøn grammatik*. 7. utgave revidert ved E.F. Halvorsen. Aschehoug, Oslo.

- Jiriczek, Otto Luitpold (útg.). 1893. *Die Bósa-saga* in zwei fassungen nebst proben aus den Bósa-rímur. Strassburg.
- Johnsen, Oscar Albert og Jón Helgason (útg.). 1941. *Saga Óláfs konungs hins helga* — Den store saga om Olav den hellige 1–2. Oslo.
- Jón Helgason. 1926. Ortografien i AM 350 fol. *Meddelelser fra Norsk forening for sprogvidenskap* 1:45–75.
- Jón Helgason. 1929. *Málið á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*. Safn Fræðafélagsins um Ísland og Íslendinga 7. Kaupmannahöfn.
- Jón Helgason (útg.). 1942. *Úr bréfabókum Brynjólfs biskups Sveinssonar*. Safn Fræðafélagsins um Ísland og Íslendinga 12. Kaupmannahöfn.
- Jón Helgason. 1960. *Kvæðabók séra Gissurar Sveinssonar*, AM 147, 8^{vo}. Inngangur. Íslenskt rit síðari alda, 2. flokkur 2 B. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.
- Jón Helgason. 1962. *Sjá Njáls saga* 1962.
- Jón Magnússon. 1997. *Grammatica Islandica — Íslensk málfræði*. Jón Axel Harðarson gaf út með inngangi, þýðingu og athugasemdum. Málvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Jón Þ. Þór (útg.). 1979. *Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar*. Heimildaútgáfa Þjóðskjalasafns 1. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Jónas Kristjánsson (útg.). 1960. *Dínus saga dramláta*. Riddarasögur 1. Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Jónas Kristjánsson (útg.). 1964. *Viktors saga ok Blávus*. Riddarasögur 2. Handritastofnun Íslands, Reykjavík.
- Jörundur Hilmarsson. 1980. Um þriðju persónu eintölu í norrænu. *Íslenskt mál* 2:149–60.
- Kjartan Ottósson. 1981. Illgresi í akri Noreens: Varðveisla þ-endingar í 3. persónu eintölu. *Íslenskt mál* 3:77–84.
- Kjær, Albert og Ludvig Holm-Olsen (útg.). 1910–86. *Det Arnamagnæanske Håndskrift 81a Fol.* (Skálholtsbók yngsta). Kjeldeskriftfondet, Kristiania/Oslo.
- Konráð Gíslason. 1846. *Um frum-parta íslenzkrar tungu í fornöld*. Kaupmannahöfn.
- Krahe, Hans. 1969. *Germanische Sprachwissenschaft* 1–3. 7. Auflage bearbeitet von Wolfgang Meid. Gruyter, Berlin.
- Krause, Wolfgang. 1968. *Handbuch des Gotischen*. Dritte, neubearbeitete Auflage. C.H. Beck'sche Verlagsbuchhandlung, München.
- Krause, Wolfgang. 1971. *Die Sprache der urnordischen Runeninschriften*. Carl Winter, Heidelberg.
- Kristján Árnason. 1980. *Quantity in Historical Phonology. Icelandic and Related Cases*. Cambridge Studies in Linguistics 30. Cambridge University Press, Cambridge.
- Kålund, Kr. (útg.). 1904. *Heiðarvíga saga*. STUAGNL 31. København.
- Kålund, Kr. (útg.). 1920. *Arne Magnussons private brevveksling*. København.
- Larsson, Ludvig. 1877. *Studier över den stockholmska homilieboken*. Lund.
- Larsson, Ludvig. 1883. *Äldsta delen af cod. 1812 4^{vo} gml. kgl. samling på Kgl. biblioteket i København*. STUAGNL 9. København.
- Larsson, Ludvig. 1885. *Isländska handskriften N^o 645 4^o* i den Arnamagnæanska samlingen på Universitetsbiblioteket i København. I. Handskriftens äldre del. Lund.
- Larsson, Ludvig. 1891. *Ordförrådet i de äldsta isländska handskrifterna*. Leksikaliskt ock gramatiskt ordnat. Lund.

- Larsson, Ludvig. 1956. *Glossar till codex AM 291, 4:to* (Jómsvíkinga saga). Utgivet af Sture Hast. Lundastudier i nordisk språkvetenskap 13. Lund.
- de Leeuw van Weenen, Andrea (útg.). 1993. *The Icelandic Homily Book*. Perg. 15 4° in the Royal Library, Stockholm. Íslensk handrit, series in quarto 3. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- de Leeuw van Weenen, Andrea. 2000. *A Grammar of Möðruvallabók*. CNWS Publications 85. Research School CNWS, Universiteit Leiden, Leiden.
- de Leeuw van Weenen, Andrea. 2004. *Lemmaized Index to the Icelandic Homily Book*. Perg. 15 4° in the Royal Library, Stockholm. Rit 61. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Lexicon poeticum antiquæ linguæ septentrionalis — Ordbog over det norsk-islandske skjaldesprog*. 1931. Oprindelig forfattet af Sveinbjörn Egilsson. 2. udgave ved Finnur Jónsson. København.
- Loth, Agnete (útg.). 1962–65. *Late Medieval Icelandic Romances* 1–5. Editiones Arnarnæanæ B 20–24. Munksgaard, Copenhagen.
- Loth, Agnete (útg.). 1969–70. *Reykjahlólabók*. Íslandske helgenlegender 1–2. Editiones Arnarnæanæ A 15–16. Munksgaard, København.
- Magnús Snædal. 1998. *A Concordance to Biblical Gothic* 1–2. Institute of Linguistics, University of Iceland Press, Reykjavík.
- Matthías Viðar Sæmundsson. 1992. *Galdrar á Íslandi. Íslensk galdrabók*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Már Jónsson (útg.). 2001. *Til merkis mitt nafn. Dómabækur Markúsar Bergssonar sýslumanns Ísafjarðarsýslu 1711–1729*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 6. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Njáls saga* 1962: *Njáls Saga*. The Arna-Magnæan Manuscript 468 4^o (Reykjabók). Útg. Jón Helgason. Manuscripta Islandica 6. Munksgaard, Copenhagen, 1962.
- Noreen, Adolf. 1923. *Altnordische Grammatik I*. Altisländische und altnorwegische Grammatik (Laut- und Flexionslehre) unter Berücksichtigung des Urnordischen. Halle/Saale.
- Ordbog over det norrøne prosasprog. Registre*. 1989. Den arnamagnæanske kommission, København.
- Orešnik, Janez. 1971. On Some Weak Preterite Subjunctives of Otherwise Strong Verbs in Modern Icelandic. *ANF* 86:139–78. [Endurprentun: Orešnik 1985].
- Orešnik, Janez. 1977. Three Modern Icelandic Morphophonemic Notes. *Sjötíu ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni 20. júlí 1977*:621–26. Ritstj. Einar G. Pétursson og Jónas Kristjánsson Rit 12. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík. [Endurprentun: Orešnik 1985].
- Orešnik, Janez. 1985. *Studies in the Phonology and Morphology of Modern Icelandic*. A selection of essays. Ritstj. Magnús Pétursson. Helmut Buske, Hamburg.
- Ólafur Halldórsson (útg.). 1987. *Færeyinga saga*. Rit 30. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Ólafur Halldórsson. 1990. Á afmæli Flateyjarbókar. *Grettisfærsla*. Safn ritgerða eftir Ólaf Halldórsson gefið út á sjötugsafmæli hans 18. apríl 1990:196–214. Ritstj. Sigurgeir Steingrímsson, Stefán Karlsson og Sverrir Tómasson. Rit 38. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Ólafur Halldórsson (útg.). 1994. *Mattheus saga postula*. Rit 41. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.

- Páll Þorkelsson. 1902. *Beygingarreglur í íslenzku með frönskum skýringum*. Copenhagen.
- af Petersens, Carl (útg.). 1879. *Jómsvíkinga saga* (efter cod. AM 510 4:to) samt Jómsvíkinga drápa. Lund.
- af Petersens, Carl og Emil Olson. 1919–25. *Sögur Danakonunga*. STUAGNL [46]. København.
- Rask, Rasmus Kristian. 1811. *Vejledning til det Islandske eller gamle Nordiske Sprog*. Kjøbenhavn.
- Rask, Erasmus Christian. 1818. *Anvisning till Isländskan eller Nordiska Fornspråket*. Stockholm.
- Rydberg, Hugo (útg.). 1917. *Jarlmanns saga ok Hermanns*. Köpenhamn.
- Sanders, Christopher (útg.). 2000. *Tales of Knights*. Perg. fol. nr. 7 in The Royal Library, Stockholm. Manuscripta Islandica 1. C.A. Reitzel, Copenhagen.
- Sanders, Christopher (útg.). 2001. *Bevens saga*. Rit 51. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Sigfús Blöndal. 1920–24. *Íslandsk-dansk ordbog*. Reykjavík.
- Sigurjón Páll Ísaksson. 1994. Magnús Björnsson og Möðruvallabók. *Saga* 32:103–51. *Skarðsbók* 1981: *Skarðsbók*. Codex Scardensis, AM 350 Fol. Íslensk miðaldahandrit 1. Ritstj. Jónas Kristjánsson. Jónas Kristjánsson, Ólafur Halldórsson og Sigurður Líndal rituðu formála. Lögberg, bókaforlag, Sverrir Kristinsson, Reykjavík.
- Slay, D. 1960. *Hrólfs saga kraka*. Editiones Arnarnæanæ B 1. Munksgaard, Copenhagen.
- Staðarhólsbók* 1936: Staðarhólsbók. The Ancient Lawbooks Grágás and Járnsíða. MS. No. 334 fol. in The Arna-Magnæan Collection in the University Library of Copenhagen. With an Introduction by Ólafur Lárusson. CCI IX. Copenhagen, 1936.
- Stefán Karlsson (útg.). 1963. *Íslandske originaldiplomer indtil 1450*. Editiones Arnarnæanæ A 7. Munksgaard, København.
- Stefán Karlsson. 1964. Gömul hljóðdvöl í ungum rímum. *Íslensk tunga* 5:7–29.
- Stefán Karlsson. (útg.). 1967. Sagas of Icelandic Bishops. Fragments of Eight Manuscripts. *EIM* VII. Rosenkilde and Bagger, Copenhagen.
- Stefán Karlsson. 1981. Stafsetning séra Odds á Reynivöllum. *Afmæliskevæja til Halldórs Halldórssonar* 13. júlí 1981:248–84. Íslenska málfræðifélagið, Reykjavík.
- Stefán Karlsson. 1982. Uppruni og ferill Helgastaðabókar. *Helgastaðabók — Nikulás saga*. Perg. 4to nr. 16. *Konungsbókhlöðu í Stokkhólmi*: 42–89. Íslensk miðaldahandrit 2. Ritstj. Jónas Kristjánsson. Selma Jónsdóttir, Stefán Karlsson og Sverrir Tómasson rituðu formála. Lögberg, Reykjavík.
- Stefán Karlsson (útg.). 1983. *Guðmundar sögur biskups* 1. Editiones Arnarnæanæ B 6. C.A. Reitzels forlag, Kaupmannahöfn.
- Stefán Karlsson. 1989. Tungan. *Íslensk þjóðmenning* 6:1–54. Ritstj. Frosti F. Jóhannesson. Bókauýtáfan Þjóðsaga, Reykjavík. [Endurprentun: Stefán Karlsson 2000].
- Stefán Karlsson. 1998. Íslensk bókagerð á miðöldum. *Íslenska söguþingið* 28.–31. maí 1997. Ráðstefnurit 1:281–95. Ritstj. Guðmundur J. Guðmundsson og Eiríkur K. Björnsson. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands, Reykjavík. [Endurprentun: Stefán Karlsson 2000].
- Stefán Karlsson. 2000. *Stafkrókar*. Ritgerðir eftir Stefán Karlsson gefnar út í tilefni af sjötugsafmæli hans 2. desember 1998. Ritstj. Guðvarður Már Gunnlaugsson. Rit 49. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.

- Svavar Sigmundsson. 1965. *Málið á „Stutt og Einföld / Undervisun / Um / Christennomenn“ eftir Jón biskup Vídalín*, Kaupmannahöfn 1729, með samanburði við nokkur bréf sama höfundar. Stafsetning. Hljóðfræði. [Ópr. ritgerð til kandiðats-prófs í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands].
- Tops, Guy A.J. 1974. *The Origin of the Germanic Dental Preterit. A Critical Research History since 1912*. E.J. Brill, Leiden.
- Unger, C.R. (útg.). 1874. *Postola sögur*. Christiania.
- Unger, C.R. (útg.). 1877. *Heilagra manna sögur* 1–2. Christiania.
- Valgerður Kr. Brynjólfsdóttir. 2004. *Meyjar og völd*. Rímurnar af Mábil sterku. [Ópr. ritgerð til M.A.-prófs í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands].
- Valtýr Guðmundsson. 1922. *Íslensk Grammatik*. København. [Endurprentun: Rit um íslenska málfraði 1. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, 1983].
- Vésteinn Ólason og Guðvarður Már Gunnlaugsson (útg.). 2001. *Konungsbók Eddukvæða. Codex Regius*. Íslensk miðaldahandrit 3. Lögberg og Edda, Reykjavík.
- Vilhjálmur Finsen (útg.). 1879. *Grágás* efter det Arnamagnæanske Haandskrift Nr. 334 fol., Staðarhólsbók. Kjøbenhavn.
- Wadstein, Elis. 1890. *Fornnorska homiliebookens ljudlära*. Uppsala.
- Weinstock, John Martin. 1967. *A Graphemic-phonemic Study of the Icelandic Manuscript AM 677 4^o B*. University Microfilms, Ann Arbor, Michigan.
- Wimmer, Ludv. F.A. 1874. *Fornnordisk formlära*. Lund.
- Wolf, Kirsten (útg.). 1995. *Gyðinga saga*. Rit 42. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Zitzelsberger, Otto J. (útg.). 1987. *Konráðs saga keisarasonar*. American University Studies, Series 1: Germanic Languages and Literature 63. Peter Lang, New York.
- Porleifur Hauksson (útg.). 1972. *Árna saga biskups*. Rit 2. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Þorvaldur Bjarnarson (útg.). 1878. *Leifar fornra kristinna fræða íslenzkra*. Codex ArnMagnæanus 677 4^o auk annara enna elztu brota af íslenzkum [svo] guðfræðisritum. Kaupmannahöfn.

SUMMARY

The Old Icelandic weak verb *þykkja* ‘to seem, think’ surfaces as *þykja* with non-geminate *k* in Modern Icelandic. In the the standard handbooks, this development is described as a sound change, but this paper offers a different approach, analyzing it as analogical change.

Section 2, along with Table 1, describes a survey of selected texts dating from the twelfth century down to the eighteenth century. The evidence of the orthography indicates that the development from *kk* to *k* in *þykkja* had begun already around 1200, progressing very slowly down to the sixteenth century when forms with *k* become more common than forms with *kk*, and in the seventeenth century *þykkja* with *kk* all but disappears, leaving *þykja* as the standard form of the verb. It also emerges that many of the manuscripts showing the early development of *þykkja* to *þykja* have been

associated in one way or another to Northern Iceland, suggesting that *þykja* may have arisen as a dialectal feature of Northern Icelandic.

Section 3 describes three aspects of the development of *þykkja*. First, the root vowel *y* shows signs of derounding to *i* early in the thirteenth century. This is not part of the general derounding of *y*, *ý*, *e* which took place mainly in the sixteenth and seventeenth centuries, but rather a separate derounding triggered by the following palatalized stop (§3.1). Secondly, according to the standard handbooks the development from *kk* to *k* in *þykkja* is a sound change triggered by the weak sentence stress of the verb. This explanation fails to carry conviction, since a shortening of this type appears to be unparalleled (§3.2). Thirdly, already at an early stage *þykkja* often has the 3rd sing. pres. ind. ending *-i* instead of the expected *-ir*, especially before the pronouns *mér* and *þér*. The ending *-i* may have arisen by assimilation of *-ir* to the pronoun *mér* (§3.3).

Section 4 briefly describes the prehistory of *þykkja*, which originates in a small class of weak *ija*-verbs whose preterite was made by suffixation of the dental preterite morpheme directly to the root without a union vowel. This caused phonological development in the preterite stem that produced complex morphophonemic alternations between the present and preterite stems (§§4.1–4.2). The East and West Germanic attestations of this class of verbs are described in §4.3, and the phonological development in North Germanic is outlined in §4.4.

Due to this development, the resulting verbs *þykkja*, *þekkja* ‘recognize’, *sókjja* ‘seek’, and *yrkja* ‘work; compose’ exhibited more complex morphophonemic alternations than most Old Icelandic *ija*-verbs, as discussed in §5. This was especially true of *þykkja*, *þekkja*, and *sókjja* which showed two different patterns, labelled A and B:

(A) Present stem *þykkj-* and *þekkj-* vs. preterite stem *þótt-* and *þátt-*, respectively, with threefold alternation: (i) *-kkj-* : *-kj-*, (ii) root vowels of different quality, and (iii) root vowels of different quantity.

(B) Present stem *sókj-* vs. preterite stem *sótt-* with twofold alternation: (i) *-kkj-* : *-kj-* and (ii) root vowels of different quality.

This morphophonemic alternation was more complex than in other *ija*-verbs and therefore subject to simplification. This simplification could be carried out in two ways: (i) by generalizing the present stem into the preterite or, (ii) by simplifying the complex morphophonemic alternation. The first route was taken by *þekkja* and the prefixed *samþykkja* ‘agree’; the simplex *þykkja* and *sókjja* went the other way, as discussed in §6.1.

The first step in this simplification process was the replacement of *kk* by *k* in the present stem *þykkja*, under the influence of *sókjja*, resulting in a new pattern, labelled B₁, where there still was threefold alternation: (i) *-kj-* : *-tt-*, (ii) root vowels of different quality, and (iii) root vowels of different quantity. In the sixteenth century, when vowel quality no longer was phonemically contrastive in Icelandic, but rather determined by the phonological environment, the two patterns B and B₁ merged. Following this merger, *þykja* with non-geminate *k* and *sókjja* had the same pattern, whereas *þykkja* with the geminate *kk* was isolated with the pattern A. Thus the disappearance of *þykkja* with geminate *kk* goes hand in hand with the abolishment of the quantity correlation in the vowel system.

Section 6.2 discusses changes affecting the preterite indicative and preterite subjunctive of *sókjja* and *þykkja*. These changes involved generalizing the *k* of the present

stem into the preterite stem, a change that can be observed early for *sókkja*, but not for *þykkja* until after it had become *þykja* with non-geminate *k*. Finally, section 6.3 describes the fate of the remade preterite indicative and subjunctive in the modern language, where only *sækti*, the new preterite subjunctive of *sókkja*, survived.

Haraldur Bernharðsson
Hugvísindastofnun
Nýja-Garði
Háskóla Íslands
101 Reykjavík
haraldr@hi.is

BERGLJÓT SOFFÍA KRISTJÁNSDÓTTIR

ÍSLENSKUR TORFBÆR EÐA ENSKT SVEITASETUR?

Um morðsöguna Gísla sögu Súrssonar

1

GÍSLA saga Súrssonar er ein frægasta morðsaga íslenskra bókmennta. Ef marka má viðtökur hennar undangengna hálfra öld eða svo hefur hún allnokkra sérstöðu meðal slíkra sagna. Morð eða „launvíg“ — tvö að tölu — skipta atburðarás hennar reyndar miklu eins og vera ber.¹ Þar með skortir heldur ekki morðingja, þeir eru jafnmargir og morðin og lesendur fá að vita hver fremur hvort *áður* en til þess kemur og/eða *skömmu eftir* það, allt eftir handriti.² Ýmsir lesendur hafa hins vegar ekki séð ástæðu til að leggja trúnað á að annar morðinginn væri sá sem sagan segði. Þeir hafa með öðrum orðum lesið frásögnina sem *morðgátu* — og sumir tengt hana glæpa- eða leynilögreglugagnahefð nútímans.³ Það á ekki síst við um styttri gerð sögunnar, sem hér verður fjallað um, en þar kemur nafn morðingjans aðeins fram í kaflaheiti og ýmsir munu þeirrar skoðunar að í Íslendingasögum séu slík heiti ekki upp-
runaleg.⁴

¹ Gísla saga Súrssonar 1999:22. Hér eftir verður vísað til þessarar útgáfu í meginmáli með blaðsíðutali í sviga.

² Gísla saga er, sem kunnugt er, varðveitt í heilu líki — eða því sem næst — í tveimur gerðum sem kallaðar eru hin styttri og hin lengri. Af lengri gerðinni eru fleiri handrit en eitt sem rakin eru til skinnhandrits sem mun hafa týnst við lok 18. aldar. Í þeim kemur fram hver annar morðinginn er, skömmu eftir að glæpurinn er framinn, sjá t.d. Gísla saga Súrssonar 1960:32.

³ Gísla saga hefur verið kennd bæði í grunn- og framhaldsskólum landsins á umræddu skeiði og í hópi kennara hafa verið þeir sem tengt hafa söguna glæpa- og leynilögreglusögum 20. aldar, sjá t.d. Bergljót S. Kristjánsdóttir, *Gísla saga Súrssonar* 1999:x. Árið 2003 hélt Carol Clover fyrirlestur um Gísla sögu í boði Hugvísindastofnunar. Ég var ekki á landinu og hlýddi ekki á fyrirlesturinn en Clover mun hafa leitt að því rök að sagan mætti kallast fyrsta morðgátusaga Evrópu og leitað skýringa þess í íslenski þjóðfélagsgerð á ritunartíma hennar.

⁴ Theodore M. Andersson nefnir t.d. að „kaflafyrirsögnin og dómur lengri gerðarinnar“ kunnni að vera „ályktun skrifara“, sjá Andersson 1969:23.

Vera má að kynni manna af glæpasögum 19. og 20. aldar hafi ráðið einhverju um að sumir hafi lesið Gísla sögu sem morðgátu.⁵ En sagan sjálf gefur þá líka að sínu leyti tilefni til þess. ‚Gáta‘ sem borin er upp eftir að mönnum hefur verið sagt frá lausn hennar en heldur þó áfram að orka sem gáta hlýtur að minnsta kosti að vera ansi mögnuð. Þó ekki væri vegna annars, væri vert að huga að Gísla sögu sem morðsögu. En við bætist að einmitt nú þegar íslenskar glæpasögur eru teknar að blómstra sem bókmenntagein, er gaman að velta vöngum yfir aðferðum þess ókunna miðaldamanns sem söguna samdi, og kanna hvað veldur því að þær hrífa enn. Sú spurning hlýtur þá meðal annars að leita á hvort sagan sé morðsaga í annarri merkingu en ‚saga um morð‘, hvort hún sé morðgáta af svipuðu tagi og leynilögreglusögur síðustu alda.

2

Í fyrsta hluta Gísla sögu, þeim sem gerist í Noregi er margt um víg en ekkert um launmorð. Noregskaf Arnir eru enda undirbúningur undir meginatburði sem síðar verða. Mestu skiptir þá að í samfélagi sögunnar ríkir feðraveldi og ættin er sá hornsteinn sem réttindi og skyldur persóna hvíla á. Konur ráða engu um makaval sitt og fjölskyldan grípur í taumana ef grunur leikur á að ein þeirra sé nákominn vandalausum karli án samþykkis föðursins. Því fylgja víg og innbyrðis átök milli ættingja, af því að samfélagið er ekki stöðugt: Sonur reynist tilbúinn til að hafa vilja föður að engu.

Allt frá upphafi sögunnar eru ‚vísbendingar‘ um hvata/mótíf að gerðum persóna þess háttar að þær leiða þanka lesenda í ólíkar áttir og kynda undir hugmynd um að persónurnar séu ekki allar þar sem þær eru séðar. Enda þótt ljóst sé t.d. að meintir ástarfundir Þórdísar og Bárðar hrindi atburðarás af stað eftir að sögunni víkur til fjölskyldu Þorbjarnar súrs; enda þótt ekki fari milli mála að Þorkell látist ekki heyra frýjun föður síns sem vill að hann skerist í leikinn, gefur sagan tilefni til að menn greini að minnsta kosti þrjár misfagrar ástæður þess að Gísli vegur Bárð.

Sögumaður segir: „[...] Gísla var óþokkað um tal þeirra [Þórdísar og Bárðar] sem föður hans“ (5). Þau orð má útleggja svo, að Gísli grípi til vopna sem hlýðinn sonur er láti sér umhugað um sæmd fjölskyldunnar — og Þór-

⁵ Orðið glæpasaga er hér notað sem samheiti um morðgátur, ‚harðsoðnu‘ söguna svonefndu (og skyldar sögur) svo og glæpamannssögur (í anda James M. Cain). Sbr. t.d. Stephen Knight 2004:xii og Carl D. Malmgren 2001:191–195.

dísar systur sinnar. En er hann býður Þorkeli sverðskipti eftir vígið og brigslar honum þannig um manndómsskort, vaknar sá grunur að hann ásælist það hlutverk sem Þorkeli er ætlað sem elsta syni, þ.e. að verða höfuð ættarinnar (sjá nánar Bergljót S. Kristjánsdóttir 2001:10). Við bætist að auk Bárðar vegur hann tvo vonbiðla Þórdísar svo að spyrja má hvort hann girnist hana sjálfur.

„Vísbendingarnar“ um mótíf Gísla að víginu ráðast m.a. af niðurskipan frásagnareininga, hinu hálfsgaða eða ósagða og tvíræðni/margræðni. Þær læða efa að lesendum um lunderni piltsins og gera hann tortryggilegan í sömu mund og sýnt er að hann er framtakssamur og orðvís unglíngur sem menn geta dáðst að.

Áþekka sögu er að segja um Þorkel eftir að Bárður fellur. Auðvelt er að finna til með honum er hann telur sig knúinn að flytja að heiman og setjast að hjá Hólmgöngu-Skeggja. Sagan segir að þverbrestur sé kominn í bróðurþel þeirra Gísla — „[a]ldrei varð síðan jafnblítt með þeim bræðrum [...]“ (5) — en að föður þeirra hafi líkað víg Bárðar vel. Því geta menn ímyndað sér hið ósagða, þ.e. að Þorkell hafi ofan á vinamissi og harm þurft að búa við fyrir-litningu heima fyrir. En á meðaumkunina kann að saxast er sögumaður segir ísmeygilega: „Hann [Þorkell] eggjar mjög Skeggja að hefna Bárðar frænda síns en ganga að eiga Þórdísi systur sína“ (5). Skilja má þessi orð svo að Þorkell ætlist til að Skeggi hefni með því að biðja Þórdísar. En þau kunna einnig að merkja að hann eigi að biðla til Þórdísar og vega Gísla — svo fráleitt sem það kann að virðast með hliðsjón af sæmdarhugmyndum Íslendinga-sagna.

Ívið seinna kviknar sú hugmynd af samspili frásagnareininga að Þorkell kunni að koma við sögu er Skeggi lætur smíð sinn reisa Gísla og Kolbírn — sem sagður er í tygjum við Þórdísi — trénið sem bregður þeim um ergi. Þorkell er í eygni Söxu þar sem smíðin fer fram; ekki er hins vegar ljóst hvort honum er ókunnugt um hana, hvort hann er viðstaddur hana eða jafnvel hvatamaður hennar, sbr. eggjanir hans að Skeggi hefni. Þannig er lætt að lesendum tortryggni gagnvart Þorkeli ekki síður en Gísla jafnframt því sem sýnt er að hann hyggst ráðskast með makaval Þórdísar í eigin þágu — og er að því leyti enginn eftirbátur föður síns og bróður.

Þórdís Súrdsóttir segir ekki eitt aukatekið orð meðan á átökum og vígum vegna ástamála hennar stendur. Hún er sveipuð hulu hins ósagða að sinni eða kannski betur orðað: Meðan *leynd* virðist að *hluta* yfir mótífum Gísla og Þorkels, hvílir *fullkomin leynd* yfir tilfinningum systur þeirra, afstöðu hennar til þess sem fram fer og hugsanlegum afskiptum hennar af því.

Leynd er eitt af því sem kalla má sameinkenni Gísla sögu og leynilög-reglusagna. Líkt og sumar þeirra segir hún frá átökum persóna áður en til morðs kemur og byggir þannig upp *spennu andspænis hinu ókomna*. Að þessu leyti minnir hún fremur á ‚harðsoðnu‘ söguna en klassísku leynilög-reglusöguna. Tzvetan Todorov, sem kallar harðsoðnu söguna og sögur af hennar tagi „spennusögur“ („série noire“ eða „thriller“) í bók sinni *The Poetics of Prose*, segir þær einkennast af því að farið sé „frá orsök til afleiðingar“ (1977:47). Sú er raunin í Gísla sögu, með þeim fyrirvara þó, að *orsökin* er aldrei fullkunn.

Hið hálfsgæða, ósagða og hvers kyns margræðni og tvíræðni halda áfram að vekja þá hugmynd að persónur hafi ýmsu að leynd eftir að Súrsbörn þrjú koma til Íslands og setjast að í Haukadal við Dýrafjörð. Tvennt skiptir þá sennilega mestu. Annars vegar þeir atburðir sem verða á vorþingi, þ.e. að Gestur Oddleifsson segir fyrir um ósætti Haukdæla — bræðranna Þorkels og Gísla, Þorgríms goða, manns Þórdísar og Vésteins, mágs Gísla — og að fóstbræðralagið, sem Gísli vill stofna til með þeim, fer út um þúfur af því að Þorgrímur vill ekki gerast fóstbróðir Vésteins. Hins vegar samtal Auðar og Ásgerðar um eigin ástamál sem Þorkell verður áheyrsla að og veldur því að hann yrkir vísu sem boðar mannvíg og flyst aukinheldur úr búi með Gísla en gengur í bú með Þórdísi systur sinni og Þorgrími.

Vígið á Vésteini mági Gísla er *morðgátan* sem menn hafa þóst sjá. Þar eð hann er myrtur á heimili Gísla að næturþeli þegar fólk er ýmist í fastasvefni eða úti við að bjarga heyjum í aftakaveðri, vokir gátan yfir frásögninni allt til loka hennar. Ekki kemur fram að Gísli og heimamenn hans viti hver morðingi Vésteins er. Lesendur kunna hins vegar að sjá kaflaheitið „Þorgrímur drap Véstein“ — yfirleitt er það reyndar ekki að finna í lestrarútgáfum⁶ — og geta annaðhvort haft það fyrir satt og þar með eytt *morðgátunni* ellegar litið á það sem eina af mörgum vísbendingum um morðingjann.⁷ Er Gísli ákveður um síðir að ganga til hefnda og lætur hefndina koma niður á öðrum mági sínum, Þorgrími, manni Þórdísar, verður önnur morðgáta til innan sögu. *Innan* sögu af því að lesendur fylgjast með Gísla vega Þorgrím — þar sem hann liggur við

⁶ Sjá t.d. Gísla saga Súrsssonar 1943. Útg. Björn Karel Þórólfsson. Vestfirðinga sogur. *Íslenzk fornrit VI*; Gísla saga Súrsssonar 1971. Útg. Skúli Benediktsson; Gísla saga Súrsssonar 1969. Útg. Grímur M. Helgason og Vésteinn Ólason. *Íslenzkar fornsögur III*; Gísla saga Súrsssonar 1985. Útg. Jóhanna Sveinsdóttir; Gísla saga Súrsssonar 1987. Útg. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. *Íslendinga sögur og þættir II*.

⁷ Hér er gengið út frá að menn reyni að skilja texta handrits styttri gerðarinnar (AM 556 a 4to) fremur en þeir geri sér hugmynd um ‚upphaflegan‘ texta.

hlið Þórdísar — með sama vopni, á sama tíma (um nótt) og sama hátt og Vésteinn var veginn en heimamenn goðans, sennilega að einum undanskildum, sofa drykkjusvefni og vita ekki hver morðinginn er. Þegar Gísli kemur seinna upp um sjálfan sig og er dæmdur í útleið breytist sagan hins vegar og líkist allt til loka frekast *spennusögu* þar eð áherslan liggur á að segja frá eftirlýstum manni sem allir vita hver er, leitinni að honum og líðan hans uns til loka-uppgjörs kemur.⁸

3

Í ritgerð sinni *S/Z* bendir Roland Barthes á að frásögn eða hluta hennar megi fella í formgerð sem sé eins og leið frá spurningu eða gátu til hugsanlegs svars eða lausnar. Frumþáttur í slíkri formgerð sé túlkunarkóðinn eða -röðin. Barthes segir:

[...] vandinn er *að halda* gátunni í upphaflegu tómarúmi lausnar hennar [...]: hann [túlkunarkóðinn] verður að valda *töfum* (tálmum, hléum, útúrdúrum) í flæði orðræðunnar; formgerð hans er í grunninn andóf þar eð hún spyrnir gegn óumflýjanlegri framsókn tungumálsins, leikur sér með hindranir: milli spurningar og svars er heilt svið tafa og einkenni þess mætti nefna ‚að láta lítið uppi‘ [...] (Barthes 1970:81–82).

Til túlkunarkóðans er stundum vísað þegar fjallað er um hefðbundnar leynilögreglusögur enda kynna þær allajafna lausn morðgátunnar áður en yfir lýkur; þær eru að drjúgum hluta tafasviðið „milli spurningar og svars“ (breytt letur BSK). Menn sækja þó ekki ósjaldnar til bókar Todorovs sem fyrr var minnst á. Hann greinir tvær sögur í hefðbundnu leynilögreglusögunni — eða morðgátunni, sögu glæpsins og sögu rannsóknarinnar, og nefnir að hinni fyrri ljúki áður en hin síðari hefjist. Saga glæpsins sem sé fjarri, segi hvað hafi gerst í reynd (*faflan*) en saga rannsóknarinnar (*fléttan* eða nákvæmar *orðræðan*) skýri hvernig komist er að raun um það. Frásögn leynilögreglusögunnar fari því „frá afleiðingu til orsakar“ (1977:44–46, 47).

Peter Hühn hefur þróað hugmyndir Todorovs í grein þar sem hann fjallar um mismunandi „duldar sögur“ í þremur frásögnum frá síðari hluta 20. aldar.

⁸ Um spennusöguna (thriller) sjá ennfremur Nusser 2003:48–65.

Hann lýsir sambandi sögu og orðræðu í hefðbundnu leynilögreglusögunni svo (1997:42):⁹

Tengsl 1: *glæpur*

saga glæpsins

(hvernig hann er framinn)

dulin orðræða sögu glæpsins

(spor í heiminum)

- - - *rannsókn* getur af sér: *sýnilega orðræðu sögu glæpsins*

Tengsl 2: *rannsókn*

saga rannsóknarinnar

(hvernig að henni er staðið)

dulin orðræða rannsóknarsögunnar

(einkenni á atferli leynilögreglumannsins sem hjálparhella hans greinir skilmerkilega frá)

- - - *eigin frásögn leynilögreglumannsins* getur af sér:

sýnilega orðræðu rannsóknarsögunnar sem felur í sér

sýnilega orðræðu sögu glæpsins.

Hühn heldur því fram að drifkraftur leynilögreglusögunnar sé átök milli andstæðra lögmála *leyndar* og *rökhyggju* sem skilyrði þó hvort annað. Hann telur að lykilhlutverk leyndar í frásagnargerð leynilögreglusögunnar feli í sér vitsmunahyggju; þar séu það stjórnunarþættir að afla þekkingar og neita að deila henni með öðrum, svo og að greina hana vitsmunalega. Leynd og vitsmunastarfsemi gegni með öðrum orðum gjarna hlutverki *valdataekja* og það hlutverk þeirra geri ráð fyrir „frjálslyndu“ borgaralegu samfélagi þar sem „óhlutdrægt“ lagakerfi er við lýði og opinber sönnunargögn og skynsemisrök ein tryggi að lögum sé framfylgt og dómar falli (1997:42–43).¹⁰

Í ljósi skrifa Barthes, Todorovs, Hühns og Johns G. Cawelti — sem skrifað hefur um einkenni hefðbundnu leynilögreglusögunnar með hliðsjón af sögum

⁹ Brooks segir að Todorov hafi gert morðgátuna að „frásögn frásagnanna“ og „hefðbundna formgerð hennar að afhjúpun á öllum frásögnum“, sjá Brooks 1984:25. Það er að ákveðnu marki rétt en greining Hühns sýnir hvernig vinna má áfram með hugmynd Todorovs. Um Brooks, Todorov o.fl. sem reynt hafa að greina séreinkenni „skáldskapar um glæpi“ sjá Malmgren 2001:1–3.

¹⁰ Tilvitnunarkerki eru hér aðeins sett um „frjálslynt“ og „óhlutdrægt“ af því að deila má um matið sem í orðunum felst.

Edgars Allans Poe — má t.d. skoða þá morðgátu sem snýr að lesendum Gísla sögu.

Víg Vésteins og atburðir sem verða á undan því og strax í kjölfar þess minna á *einn* af *sex* liðum í lýsingu Caweltis á atburðamynstri leynilögreglu-sögunnar, þann sem hann gefur heitið „glæpur og vísbendingar“ (1977:82). Frá og með víginu má einnig lesa persónur Gísla sögu í að minnsta kosti þrjú af þeim fjórum hlutverkum persóna er Cawelti telur einkenna leynilögreglu-söguna: „fórnarlambið“, „glæpamaðurinn [glæpamennirnir]“ og „þeir sem glæpurinn ógnar en megna ekki að leysa hann.“ Sjálfan „leynilögreglumanninn“ vantar hins vegar (1977:91).

Meginspurningar, sem rísa við vígið og minna á formgerð leynilögreglu-sögunnar, eru að sjálfsögðu:

1. Hver er morðinginn?
2. Hvaða ástæður liggja til þess að hann vegur Véstein?

Spurningarnar hvetja menn til að hugleiða textann nákvæmlega, ekki síst það sem á undan er gengið. Þeir hljóta með öðrum orðum að takast á við gátuna. Þá skiptir um svip það sem fyrr virtist tiltölulega hefðbundin Ísland-ingasagnafrásögn af ósætti er magnast og leiðir til víga. Spennan sem áður fólst frekast í stigvaxandi átökum, undirbúningi undir víg eða tilraunum til að forða persónu frá dauða — sbr. viðvaranir þrjár sem Vésteinn fær á leið sinni að Hóli og peninginn sem Gíslí sendir honum¹¹ —, ræðst nú um hríð ekki síst af því að bæði aðalpersónan og lesendur glíma við misvísandi upplýsingar. „Forvitni“ lesenda — sem Todorov telur einkenna klassísku leynilögreglu-söguna öfugt við harðsoðnu söguna — rekur þá til að reyna að komast til botns í málinu (1977:47). Spennan í þeim er að nokkru bundin þeirra eigin túlkun, en einnig hegðan og túlkun Gísla sem má líkja við atferli og rannsókn spæjara í leynilögreglusögu — að minnsta kosti fyrst eftir víg Vésteins, t.d. er hann sendir Guðríði að Sæbóli til að fá upplýsingar þaðan.

Vísbendingar um morðingja Vésteins hníga í þrjár áttir og þó einkum í tvær. Líklegastir kandidatar í morðingjahlutverkið eru:

1. Þorgrímur goði, á eigin forsendum eða sem erindreki Þorkels Súrs-sonar.
2. Þorkell Súrsson.

¹¹ Um þessi atriði sjá nánar t.d. Bergljót S. Kristjánsdóttir 1999:xxii–xviii; 2001:11–12.

3. Þorgrímur nef, hinn fjölkunnugi nágranni Súrsbarna — en þá sem erindreki Þorgríms og/eða Þorkels.¹²

Margt hefur verið skrifað um hinn hugsanlega morðingja og hafa sumir tekið að sér hlutverk rannsóknarmanns af ætt Holmes og Poirots og að sjálfsögðu beitt vitsmunum og rökhyggju til að komast að niðurstöðu.¹³ Þeir hafa meðal annars sagt eitthvað á þessa leið:¹⁴

Þorkell Súrsson er morðingi Vésteins

Með því mælir:

Hann hlustar á Ásgerði konu sína játa að hún elski Véstein.

Hann heyrir Auði, konu Gísla, taka þannig til orða að hann telur vísast að Ásgerður hafi sofið hjá Vésteini eftir að hún giftist.

Hann kveður vísu þar sem hann boðar mannvíg.

Hann slítur félagsbúskap sínum með Gísla og flyst í bú til Þorgríms goða. Sverðið Grásíða er arfshlutur hans, hann leggur það fram sem efnivið í morðvopnið, spjótið Grásíðu, og er viðstaddur smíði þess.

Hann er vel vopnfær.

Af orðum Geirmundar fóstura Þorkels má ráða að hann grunar að Þorkell sé vegandinn.

Gísli felur spjótið af því að hann veit að Þorkell er morðinginn.

Þorkell þráspyr um líðan Auðar eftir vígið af því að hann er vegandinn.

Bjartmarssynir reka mál Gísla illa á þingi af því að þeir vita að hann hefur ekki verið morðingja Vésteins.

¹² Hermann Pálsson hefur réttilega bent á að ekki sé hægt að ganga fram hjá Þorgrími nef þegar rætt er um hugsanlega morðingja Vésteins, sjá Hermann Pálsson 1975:134. Um Þorgrím nef verður þó ekki fjallað sérstaklega sem morðingja í meginmáli, aðeins nefnt hér að hann er næsti nágranni Gísla fyrir utan ábúendur á Sæbóli. Hlutur hans að smíð morðvopnsins kynni því að vitna um að í Haukadal sögunnar hafi Gísli þótt heldur ‚stór‘.

¹³ Anne Holtmark segir beinlínis að það sé freistandi að fjalla aftur um spurninguna hver sé morðingi Vésteins með aðferðum sem beri keim af „„hver var morðinginn?“““ spurningu nútímaleynilögreglusagna. Sjá Holtmark 1951:44. Riti Kroesen orðar svipaða hugsun hins vegar svo: „But we have the right to do some *detecting* on our own, as the author evidently loves to leave us in the dark“ (breytt letur BSK). Sjá Kroesen 1982:387.

¹⁴ Holtmark (1951:44–52) varð fyrst til að draga í efa að Þorgrímur væri vegandi Vésteins. Seinna bættust fleiri við, sjá t.d. Bredsdorff 1964:7–21; Bürling 1983:118–119; Eiríkur Björnsson 1976:114–117; Valentin 1993:81–88. Sjá einnig Hermann Pálsson 1975:133–137. Hermann er þó þeirrar skoðunar að lesendum sé ekki ætlað að vita hver vó Véstein. Rökin sem rakin eru hér að ofan eru flest sótt til þessara manna, en þó ekki tínt til hvaðeina er þeir nefna.

Vésteinssynir sem vega Þorkel hljóta að hafa Auði föðursystur sína sem heimildarmann að því að hann hafi vegið föður þeirra. Hún varð vitni að viginu.

Þeir sem litið hafa svo á að Þorgrímur væri morðinginn, ekki Þorkell, segja hins vegar eitthvað í þessa veru:¹⁵

Þorgrímur er morðingi Vésteins

Með því mælir:

Hann neitar að sverjast í fóstbræðralag við Véstein.

Hann er vel vopnfær, sbr. að hann vegur þá sem felldu son hans.

Hann felldi hug til Auðar áður en hún giftist Gísla og ætla má að Vésteinn hafi neitað honum um hönd hennar.

Hann stendur að smíði morðvopnsins.

Nafn hans er bundið með orðaleik í tveimur draumum sem Gísla dreymir áður en Vésteinn er veginn. Hann „játar“ í kviðlingi sem hann kveður að hann sé morðingi Vésteins.¹⁶

Hann er ekki svarabróðir Vésteins og getur því öfugt við Þorkel vegið hann án þess að ganga á eiða.

Hann er hugrakkur öfugt við Þorkel sem er ragur.

Fjórmenningarnir Gíslí, Þorkell, Þorgrímur og Vésteinn eiga sér fyrirmynd í Gunnari, Högna, Guttormi og Sigurði í Völsungafrásögunnum; Þorgrímur samsvarar Guttormi.¹⁷

Í Eyrbyggju og báðum gerðum Gísla sögu kemur fram að hann hafi vegið Véstein.

¹⁵ Sjá t.d. Finnur Jónsson 1903:x–xi; Prinz.1935:9; Björn Karel Þórólfsson 1943:xi; Seewald. 1976:10; Andersson 1969:18–28; Foote 1975:63–71; Thompson 1973:85–90; Mundal 1974: 57–62; Kroesen 1982:386–390; Meulengracht Sørensen 1986:248; Vésteinn Ólason 1999: 169; Þórður Ingi Guðjónsson (ópr. fyrirlestur, haldinn á málstofu Stofnunar Árna Magnússonar í mars 2004).

¹⁶ Foote virðist vera þessarar skoðunar (1975:70–71). Sjá og Meulengracht Sørensen 1986:248; sjálf komst ég að annarri niðurstöðu í fyrirlestri (ópr.) á Fornsagnaþinginu í Bonn 2003.

¹⁷ Andersson (1969:22) lagði áherslu á að Gísla saga „væri undir beinum áhrifum frá hetjukvæðum Eddu“. Gegn því má tefla að í sögunni virðist hugum lesenda markvisst beint ýmist að hetjukvæðum Eddu og frásögnum af heiðnum goðum *ellegar* að kristnum textum, biblíunni, apókrýfum ritum hennar o.fl. Textatengslin auka m.ö.o. á margræðni sögunnar fremur en draga úr henni.

Líklega hafa menn oftast gert ráð fyrir að ástamál valdi því að Vésteinn er myrtur, enda þótt þá hafi greint á um hver væri morðinginn og hvort hann gengi erinda sjálfs síns eða annarra. En hvatar morðsins kunna líka að vera aðrir, t.d. ótti persóna um þjóðfélagsstöðu sína eða þörf þeirra til að standa vörð um hana. Túlka má söguna svo að málið snúist ekki einvörðungu um að ryðja Vésteini úr vegi og jafnvel að það sé léttvægt miðað við hitt að koma höggi á Gísla. Þannig má t.d. styðja með dæmum að Þorgrímur telji sér standa ógn af Gísla fremur en mági hans.

Gísli er norskur höfðingjasonur, alinn upp á valdaheimili, enda þótt hann fari ekki með nein formleg völd á Íslandi. Í ofanálag er honum einkar margt vel gefið. Á vorþinginu afdrifaríka er eftirtektarvert að hann bregst í tvígang við eins og hann sé foringi þeirra fjórmenninga enda þótt goðinn mágur hans sé viðstaddur. Í fyrra sinnið þegar hann mælist til að þeir félagar gangi til dóma er Arnór gassi segir menn ámæla þeim fyrir að sitja að drykkju; í seinna skiptið þegar hann túlkar forspá Gests Oddleifssonar um framtíðarósætti Haukdæla sem slúður en kemur þó með tillögu um hvernig vinna megi gegn því að Gestur reynist sannspár. Hugsanlegt er að Þorgrími líki ekki frumkvæði Gísla og fái bakþanka í miðjum fóstbræðralagseiðunum, eða hann vilji kanna hollustu hans með því að neita að gerast svarabróðir Vésteins. Er Gísli tekur afstöðu með Vésteini en ekki goðanum, býður hann valdsmanni fjölskyldunnar að minnsta kosti birginn. Seinna bætir hann um betur þegar hann kemur frá Danmörku og leggur af blót. Þar með lýsir hann því sennilega yfir að hann hneigist til kristinnar trúar og ögrar hinum heiðna goða. Fyllsta ástæða er því til að ætla að Þorgrímur sjái ástæðu til að veita honum ádrepu og koma í sömu mund í veg fyrir að hann vaxi honum yfir höfuð. Og hvað er þá vænlegra en að vega öflugasta manninn í liði Gísla, kaupmanninn Véstein sem safnar auðæfum og gæti í krafti þeirra orðið hættulegur stuðningsmaður hans?

Svipaða röksemdaþulu má hafa uppi um Þorkel. Hann vill vísast hefna þess að Vésteinn hefur kokkálað hann og í sömu mund kenna konu sinni lexú og særa Auði konu Gísla jafnilla og hún hefur sært hann.¹⁸ En hitt getur allt eins verið að hann sækist eftir að vega vin Gísla, af því að Gísli vó vin hans forðum í Noregi.¹⁹ Samkvæmt siðvenju ættarsamfélagsins á Þorkell að vera í forsvari fyrir þeim bræðrum. Gísli hefur hins vegar tekið fram fyrir hendur hans og gengið á virðingu hans. Slíkt athæfi kann að kalla á hefndir.

¹⁸ Foote (1963:107) lýsir þessum kenndum Þorkels vel.

¹⁹ Meðal þeirra sem bent hafa á að Noregsfrásögnin mæli með að Þorkell vilji með vígi Vésteins ná sér niðri á Gísla er Andersson (1969:15).

Hugmyndir manna um morðingja og móttíf í Gísla sögu vitna meðal annars um að hið ósagða, hálfsgaða og margræðnin eru heillandi einkenni hennar. Þau orka þannig að freistandi verður að bera söguna við samtíma ‚gátur‘ og skrif um þær. Gallinn er hins vegar sá að ævinlega virðist eitthvað bera á milli.

Túlkunarrödd Rolands Barthes (1970:81–82) hrekkur t.d. skammt af því að formgerð sjálfrar morðgátunnar í Gísla sögu er ekki frá ‚spurningu til svars‘ (breytt letur BSK). Í Íslendingasögunni er föflunni og orðræðunni ekki stillt upp ‚hlið við hlið‘ eins og í klassísku leynilögreglusögunni — svo að vísað sé til Todorovs (1977:46). Hinn eiginlega rannsóknarmann og hlut hans ‚vantar‘ ekki aðeins í miðaldasöguna heldur og þann mannskilning sem lýsir af persónu hans og á að vera lesendum leiðarljós í gegnum verkið. Descartes, vísindauppgötvanir Newtons og fleiri, svo ekki sé talað um iðnbyltinguna og upplýsinguna hafa enda ekki litið dagsins ljós þegar sagan er felld á skinn. ‚Leyndin‘ — og/eða margræðnin — í Gísla sögu yfirskyggir rökhyggju og skynsemi sem lesendur reyna að beita þannig að þær hrökkva ekki til að leysa gátuna.

Gíslu afhjúpar heldur ekki Þorgrím með rökleiðslu og sönnunargögnum. Hann vegur hann á laun, að því er best verður séð, knúinn af tilfinningum, harmi, særðu stolti — sbr. leikana þar sem hann og Þorgrímur etjast við²⁰ — hugsanlega girndarást á Þórdísi og löngun til að halda hlífiskildi yfir Þorkeli. Móttífin að vígi Þorgríms eru þó ekki fremur en móttífin að vígi Vésteins fullljós.

Sú ‚gáta‘ sem mestu skiptir í Gísla sögu er því kannski frekast af hverju morðingi Vésteins kýs að veða á laun að næturþeli enda þótt víg í dagsbirtu séu almenn hefndaræferð í söguheiminum ef gengið er á rétt og virðingu manna. Einfaldasta svarið er sennilega að morðinginn sé sá maður sem megi ekki gera sig beran að blóðhefnd í stað þess að fara lagaleiðina — þ.e. *goðinn* Þorgrímur. En hann kann líka að vera sá maður sem má ekki í þessu tilviki gera sig beran að blóðhefnd, þ.e. Þorkell sem deilt hefur búi með mági og systur fórnarlambins og hugsanlega svarist í fóstbræðralag við það.²¹ ‚Gátan‘ er sem sé ekki gáta heldur spurning sem sagan kveikir í anda spurningarinnar ‚Hvat mælti Óðinn / áðr á bál stigi / sjálfir í eyra syni‘ (Vafþrúðnismál 54, *Norræn fornkvæði* 1867:74).

²⁰ Um þetta efni fjallaði ég í óprentaða fyrirlestrinum á Fornsagnaþinginu í Bonn 2003.

²¹ Menn hafa deilt um hvort fóstbræðralagið gildi að hluta til enda þótt Þorgrímur skerist úr leik. Sjá t.d. Björn Karel Þórólfsson 1943:xxi; Andersson 1969:21.

Afstaðan til „sannleikans“ í Gísla sögu og lýsing aðalpersónunnar sem morðingja minnir, líkt og atburðarás hennar, sumpart á aðrar gerðir glæpasögunnar en morðgátuna. Í harðsoðnu sögunni og áþekkingum sögum eru „tákn heimsins“ t.d. „hvorki trúverðug né trygg“ — svo að tekin séu orð af munni Carls D. Malmgren (2001:193)²² — og hið sama mætti segja um íslensku miðaldasöguna. En í henni er engin persóna jafngildi harðsoðna spæjarans sem holdgervings „gilda og merkingar“ (Malmgren s. st.). Í sögum þar sem aðalpersónan er glæpamaðurinn er einatt sett á oddinn að lesendur „reyni glæpin“ fremur en að þeir leysi gátu; að þeir samsami sig sálsjúkri persónu og leitist við að skilja forsendur hennar (Malmgren s. st.). Til sanns vegar má færa að lesendur Gísla sögu „reyni“ víg goðans með skáldinu, morðingja hans, og séu hvattir til að skilja þær hvatir sem að baki búa. Sálsýkina skortir hins vegar.

Sé gengið út frá að lesendur séu allajafna þeir sem endurgera söguna — sem andstæðu orðræðunnar — í hverju bókmenntaverki, geta lesendur Gísla sögu auðvitað ‚smíðað‘ söguna að baki morð, gátum‘ hennar eins og þeim sýnist og sinnt þannig einhvers konar spæjarastarfi. En þar með er ekki sagt að þeir færast almennt nær skilningi á leynd og margræðni verksins. Menn geta ekki aðeins séð lesendur fyrir sér sem spæjara heldur einnig rithöfunda. Og í Gísla sögu snýst málið um að greina höfundarafstöðuna — eins og Anne Holtsmark (1951:47) var t.d. einkar ljóst. Samanburður miðaldasögunnar og klassísku leynilögreglusögunnar, sem oftast mun talin sprottin á 19. öld, leiðir kannski ekki síst í ljós að ‚sú gamla‘ orkar miklu ‚nú tímalegri‘ en ‚sú unga‘.²³ Að því er vert að hyggja nánar.

4

Gísla saga á ýmislegt sameiginlegt með bókmenntum sem eru nokkuð yngri en klassíska leynilögreglusagan en hér skal aðeins minnst á tvö atriði. Fyrst er til að taka að frásagnartækni sögunnar — og raunar margra annarra Íslendingasagna — minnir sumpart á aðferð þeirra skáldsagna sem skipað hefur verið undir heitið kvikmyndaskáldsaga eða kenndar hafa verið við kvik-

²² Tekið skal fram að Malmgren talar ekki um „harðsoðnar sögur“, heldur greinir á milli gátu („mystery“), spæjara- („detective“) og glæpasagna („crime fiction“).

²³ Um upphaf leynilögreglusögunnar sjá t.d. Knight 2004:3–29; Julian Symons 1985:27–41. — Sumpart orkar Gísla saga líka nútímalegri en harðsoðna sagan en að því skal vikið í öðru samhengi.

myndir með öðrum hætti.²⁴ Þær sækja til kvikmyndalistarinnar ýmsar aðferðir sem eru gamalkunnar af bókmenntum og málalagist.²⁵ Í sögum af þessu tagi er meðal annars reynt að *sýna* persónur og atburði fremur en að sögumaður setji á langar ræður um þær; þar er gjarna vísað ákaft í önnur verk og aðra höfundu og leitast við að ‚flétta‘ veruleikann utan sagnanna inn í þær til að lesendur öðlist nýja sýn á þann heim sem þeir hrærast í. Óvenju markvisst er einnig unnið með sjónarhorn og samspil þeirra og sömuleiðis ljós og myrkur; lesendum er einnig gjarna svipt milli ólíkra staða og persóna til að skapa spennu og sjónum þeirra beint á víxl að hinu smáa og stóra eða því sem er fjær og nær. Loks er ekki fátítt að draumum eða sýnum sé skotið inn í atburðarásina, þegar persónur eru hrjáðar af vanlíðan og þannig reynt að tjá hið ‚ómeðvitaða‘ eða færa hið óræða og ósýnilega inn á svið frásagnarinnar.

Flest þessara einkenna má finna í Gísla sögu. Fyrir vikið höfðar hún ekki síður til myndskyns lesenda en rökhyggju og getur á köflum orkað eins og hún væri skrifuð fyrir áhrif kvikmyndataekni. Frásagnirnar af launvígum eru gott dæmi um það.²⁶ Þær eru að mörgu leyti hliðstæður en í þeim er spenna byggð upp með mismunandi hætti. Skýringin er meðal annars sú að unnið er með sjónarhorn og sjónmið af einstakri natni og hugað vel að ljósi og myrkri. Frásögnin af vígi Vésteins hljóðar svo:

Nú er gengið inn nokkru fyrir lýsing, hljóðlega, og þangað að sem Vésteinn hvílir. Hann var þá vaknaður. Eigi finnur hann fyrr en hann er lagður spjótí fyrir brjóstið svo að stóð í gegnum hann. En er Vésteinn fékk lagið, þá mælti hann þetta: „Hneit þar,“ sagði hann. Og því næst gekk maðurinn út. En Vésteinn vildi upp standa; í því fellur hann niður fyrir stokkinn dauður (21).

Eins og sjá má er sjónarhornið í upphafi inni í húsinu og augum beint að þeim sem kemur inn. Sérstaklega er tekið fram að enn sé ekki hjart. Við það bætist að þolmynd er notuð „inn var gengið“ og sneitt hjá að nefna komumann. Því verður hann nánast eins og skuggamynd er lesendur sjá líða til Vésteins —

²⁴ Um kvikmyndaskáldsguna (filmischer Roman) sjá t.d. Jan Knopf 1984:297; um rithátt (Schreibweise) kvikmynda sjá t.d. Joachim Paech 1997:122 o. áfr. Menn hafa fyrr tengt frásögn Íslendingasagna kvikmyndum, sjá t.d. Foote 1963:105.

²⁵ Sjá t.d. Sergei M. Eisenstein 1942/1947 og Eisenstein 1968:77–84.

²⁶ Ýmsir hafa skrifað vel um launvígum, sjá t.d. Foote 1963:106; Meulengracht Sørensen 1986: 235–263 og Vésteinn Ólason 1999:163–175.

sem þá kemst í brennidepil. Spennan felst með öðrum orðum fyrst í því að ekki er vitað hver gengur í hús og af hverju hann gengur *hljóðlega*. Það hlýtur hins vegar að vekja illan grun. Á hann er slegið með orðunum um Vésteinn „Hann var þá vaknaður“. Lesendur hugsar kannski með sér að Vésteinn geti varist eða orðið gerandi ef eitthvað illt er í uppsiglingu. En þá er sjónarhornið flutt til hans, og í sömu mund breytist hann í fórnarlamb svo að grunurinn, sem kviknaði og dofnaði, verður vissi. Til morðingjans er ekki vísað með nafnorði fyrir en Vésteinn hefur sagt sín fleygu andlátsorð: „Hneit þar“ (21). Þá fær vegandinn skyndilega á sig mannsmynd — hann er kallaður „maðurinn“ (21) — og gengur sömu leið og hann kom en augljóst er að skóhljóð hans hverfur í ruskinu þegar Vésteinn reynir að rísa upp og dýnk sem eftir fylgir er hann fellur niður dauður.

Í frásögninni af vígi Þorgríms er allt öðru vísi að verki staðið. Þar fylgjast lesendur með Gísli allt frá því að hann tekur upp spjótið sem hann hyggst nota og leggur af stað heiman að frá sér til þess er hann snýr aftur heim og leggst í hvílu sína. Þegar hann er kominn inn í hús hjá Þorgrími er sjónarhornið mestanpart bundið við hann, vegandann, þannig að spennan tengist ekki vafa um hver vegandinn er heldur hinu hvort hann kemst upp með tiltækið. Fyrir vikið er frásögnin miklu lengri en af vígi Vésteins og spennuvaldarnir fleiri. Enn meira er unnið með ljós í henni en hinni fyrri þar eð þrjú ljós loga í skálanum sem Gísli þarf að ganga gegnum og lesendur vita að fjöldi manns sefur í. Sérstakur spennuvaldur verður því hvort honum tekst að slökkva ljósin. Annar er að hann þreifur á tvígang fyrir sér í rekkju Þorgríms og Þórdísar áður en hann vegur Þorgrím og í bæði skiptin er brugðist við í rekkjunni. Í fyrra skiptið segir sagan:

Nú gengur hann [...] að lokhvílu þar er þau Þorgrímur hvíldu og systir hans og var hnigin hurð á gátt og eru þau bæði í rekkju. Gengur hann þangað og þreifast fyrir og tekur á brjósti henni og hvíldi hún nær stokki.

Síðan mælti hún Þórdís: „Því er svo köld hönd þín Þorgrímur?“ og vekur hann. Þorgrímur mælti: „Viltu að eg snúist að þér?“ Hún hugði að hann legði höndina yfir hana (29).

Bent hefur verið á að þarna komi fram hvers vegna Gísli hefur drepíð alla elskhuga systur sinnar og endar með að drepa eiginmann hennar.²⁷ Sagan láti

²⁷ Sjá t.d. Hermann Pálsson 1974:19.

hann taka á brjósti hennar til að sýna að hann beri aðrar og heitari tilfinningar til hennar en bróðurást eina. Sitthvað fleira í sögunni mælir með að svo sé. En að sinni skiptir mestu samleikur textabrotsins við það sem í kjölfarið fer. Hann sýnir af hvílkri nákvæmni er spilað á myndskyn lesenda, hvernig einingar eru felldar saman þannig að magnaðar andstæður rekast á og hvernig stök mynd, t.d. af einni hönd getur verið myndræn lýsing með fleiri táknrænar skírskotanir en eina. Framhaldið hljóðar svo:

Gísli bíður þá enn um stund og vermir höndina í serk sér en þau sofna bæði. Nú tekur hann á Þorgrími kyrrt svo að hann vaknaði. Hann hugði að hún Þórdís veki hann og snerist þá að henni. Gísli tekur þá klæðin af þeim annarri hendi en með annarri leggur hann í gegnum Þorgrím með Grásíðu svo að í beðinum nam stað (29).

Þrívægis sjá lesendur sömu hönd, hönd vígamanns seilast inn í lokrekkju og snerta hjón sem þar eru fyrir, fyrst konuna, þá manninn og loks draga af þeim rekkjuvoðirnar. Bæði halda að hitt sé að verki. Nöturlegur húmor leynist í því er konan spyr eiginmanninn hví hönd hans sé köld. Af svári hans má ráða að hann leggur táknrænan skilning í köldu höndina; hann heldur að konan sé að saka hann um kynkulda, spyr hvort hann eigi að snúast að henni, þ.e. hefja ástaleiki — en lætur það þó vera. Þegar höndin snertir sjálfan hann skömmu síðar, lætur hann sig þó hafa það að snúa sér að konunni. En þegar höndin birtist þriðja sinni og sviptir burt rekkjuvoðunum og önnur hönd rekur spjótið gegnum eiginmanninn verður ljóst að spurningin „Hví er svo köld hönd þín [...]“ var táknræn á annan hátt en hann hélt; hún var táknræn forboði þess sem koma skyldi, dauða hans — en ekki líflegra samfara sem hefðu hugsanlega getað bjargað lífi hans hefði hann nennt þeim í fyrstu.

Hið tvöfalda táknræna hlutverk köldu handarinnar leiðir hugann að því er Gísla saga bregður upp myndum sem vísa út fyrir söguheiminn, tengir hann táknum í evrópskri miðaldamenningu og víkkar hann þannig að hann verður ekki saga af íslenskum persónum á útkjálka heldur sagan af mannum í heiminum við tiltekna sögulegar aðstæður, sem nýtist lesendum við aðrar sögulegar aðstæður. Stundum er um það að ræða að örstuttar myndrænar frásagnir af ónafngreindum aukapersónum eru klipptar inn í atburðarásina — svo notað sé orðfæri er tengist kvikmyndum. Lítið atvik er hendir Véstein Vésteinsson er hann ríður heim til Gísla á vit dauða síns má taka sem dæmi.

Ferð Vésteins er nýtt til að magna spennu og nær heill kafli í sögunni, sem kunnugt er, lagður undir hana. Við upphaf kaflans, þegar Vésteinn er kominn

nokkuð á leið segir frá því er hann kemur þar að sem tveir húskarlar „[...] deildu um verk og hjuggust með ljám [...]“. Menn hafa allajafna ekki gert þessari frásögn hátt undir höfði en ef þeir reyna að sjá fyrir sér atburðinn sem lýst er skiptir allt um svip. Maður með ljá og á móti honum, annar, líka með ljá og báðir að höggva. Þessi mynd reynist þegar upp er staðið ekki aðeins táknrænn forboði þess sem koma skal, þ.e. morða Vésteins og Þorgríms, heldur verður hún til þess að hin kristilega mynd af manningum með ljáinn rís yfir hinn heiðna söguheim og mannvíg birtast ekki aðeins í ljósi sæmdarhugsjóna heiðninnar heldur einnig boðorða kristinnar. Og þá má ekki gleyma því að styttri gerð Gísla sögu er ekki varðveitt í eldri handritum en frá 15. öld. Hún er skrifuð af kristnum sagnaritara og fyrir kristna lesendur enda þótt sögutími hennar sé 10. öld, skömmu áður en kristni er lögtekin á Íslandi. Sæmdarhugsjónin og hefndarskyldan voru hins vegar við lýði langt fram eftir öldum og sumir telja að eimi eftir af þeim enn.

Í seinni hluta Gísla sögu eru sviðsskipti tíð enda gjarna ‚stokkið‘ milli frásagna af atburðum í vöku skáldsins og svefni; farið frá fjölmennri leit að honum vítt um Vestfirði og Breiðafjörð til drauma hans í Geirþjófsfirði. Með draumunum hverfist frásögnin ekki inn í huga Gísla sofandi eða á mörkum svefns og vöku eins og þekkt er í draumförum persóna í kvikmyndum og skáldsögum sem taka tækni þeirra til fyrirmyndar. En draumarnir gegna því hlutverki í fornsögunni líkt og í nútímaskáldsögunum að tjá á myndrænan hátt reynslu dreymandans; að sýna það sem innra með honum brýst þegar hann hefur enga stjórn á hugarstarfsemi sinni og draga fram angist hans í vöku andspænis myndmáli sem hann veit ekki hvað táknar.

Draumkonurnar tvær sem vitja Gísla gefa honum upplýsingar sem vísa að minnsta kosti í tvær áttir: Hin betri heitir honum auði og farsæld annars heims og brýnir fyrir honum að breyta í lífi sínu sem kristnum manni sæmi; hin verri kveðst munu gera öll fyrirheit hinnar betri að engu og ríða hann blóði. Sjálfur stendur hann frammi fyrir því að túlka draumana. En það er hægara sagt en gert ekki síst af því að myndir þeirra og orð draumkvennanna eru oft bæði torræð og margræð.

Reynist túlkunin Gísla vandasöm í draumfrásögunnum verður hún lesendum síst léttari. Gísli segir Auði konu sinni oftast frá draumum sínum í bundnu máli og hefur þá orð draumkvennanna nær undantekningarlaust eftir í beinni ræðu. En fyrir kemur að hann rekur efni draumanna líka í óbundnu máli. Þá sleppir hann gjarna ýmsu sem fram kemur í vísunum ellegar útleggur orð draumkvennanna svo að eins víst er að lesendur séu ósammála túlkun hans

eða undrist að minnsta kosti hvað hann velur og hverju hann sleppir. Þar með er hlutverk Gísla sem túlkanda orðið lyklatríði í frásögninni og brýnt að meta trúverðugleika hans og móttíf við túlkunina. Þegar við bætist að draumkonurnar fá í krafti myndmáls svip af Auði konu hans og Þórdísi systur hans og ummæli þeirra skírskota jafnt aftur sem fram í söguna eru lesendur nánast kaffærðir í margræðni og torræðni þess sem við blasir. Og það leiðir hugann að hinu „núttíma“ einkenni Gísla sögu sem hér skal nefnt.

5

Gísla saga á það sameiginlegt með ýmsum póstmóðernískum verkum að sýna að tákn setji tilvist manna og þekkingu takmörk. Sagan er skrifuð af lærðum manni sem virðist hafa kynnst þeim viðhorfum kirkjuféðranna að tákn séu órjúfanlega tengd syndinni; að með syndafallinu hafi maðurinn ekki aðeins misst sína paradís heldur einnig milliliðalaust samband sitt við guð. Síðan hafi „tákn ofdrámsins“, Babelsturninn, bætt um betur svo að túlkun varð mönnum beinlínis erfiði mitt í ofgnótt torræðra og margræðra tákna (sjá nánar Bergljót S. Kristjánsdóttir 2001:7–10).

Gísli Súrsson er skáld, smiður máltákna. Í fyrsta sinn sem hann opnar munninn í sögunni, eru orðin sem hann lætur falla brígl; í fyrsta sinn sem hann yrkir vísu, er það níð.²⁸ Í kjölfarið kemur sú hrina af vígum sem knýr fjölskyldu hans til að flýja Noreg. Sagan dregur með öðrum orðum skýrt fram að aðalpersónan hefur ekki aðeins gott vald á táknum, heldur fer með þau af oflæti svo að illt hlýst af.

Þegar sögunni vikur til Íslands tekur ekki betra við. Vart má á milli sjá hvor fer óvarlegar með tákn, Auður, kona Gísla, eða Ásgerður, kona Þorkels. Þorkell kys að útleggja tákn þeirra á versta veg og skömmu seinna liggur Vésteinn dauður. Þorgrímur yrkir hins vegar tvíæða kviðlinginn sem skilja má svo að hann brigsli Gísla um að hafa ekki hefnt Vésteins; Gísli svarar með sínum níðkviðlingi og rekur spjótið heldur seinna gegnum Þorgrím.²⁹

Í fyrri helmingi sögunnar er sett á oddinn að tákn eru til bölvunar, ef ekki vegna óvarlegrar notkunar þeirra, þá af því að menn túlka þau svo að vandræði hljóttast af. Hápunkti er náð þegar Gísli situr á leikumum andspænis

²⁸ Um þetta efni sjá nánar t.d. Bergljót S. Kristjánsdóttir 2003:34–39 og Meulengracht Sørensen 1980:73–75.

²⁹ Um þetta efni sjá nánar Meulengracht Sørensen 1980:76–84.

haugi Þorgríms mágs síns og kveður vísuna margræðu þar sem útleggja má hverja braglínu á tvo eða fleiri vegu, meðal annars svo að Gísli játi að hann sé morðingi Þorgríms.

Sögumaður tekur sérstaklega fram að meðal þeirra sem hlýða á Gísla kveða vísuna sé Þórdís systir hans. Nokkrum mánuðum eftir leikana sjá lesendur hana fyrsta sinni taka til máls og hvörf verða er hún segir Berki, bróður Þorgríms, að hún hafi ráðið vísu Gísla og hann hafi vegið goðann. Þegar Gísli er seinna sekur fundinn er því ljóst að hans eigin táknotkun hefur hrundið honum í útleð. En í ofanálag er seinni morðgátan, sú sem er aðeins innan sögu, leyst með skilningi einnar persónu á einni vísu þannig að skáldið er dæmt á grundvelli bókmenntatúlkunar. Tákn og túlkun þeirra geta af sér þjáningu heillar fjölskyldu og ótalin víg uns skáldið kveður síðustu vísu sína, bangar saman síðustu táknumum — og fellur.³⁰

6

Megineinkenni Gísla sögu er margræðni sem afhjúpar smæð mannsins sem röklegs túlkanda og vanmátt hans andspænis táknumum öllum í heiminum, jafnvel þeim sem hann hefur sjálfur lesið saman. Því er sennilega lítill ávinn- ingur að því þegar um hana er fjallað eins og enskar sveitasetursögur þar sem málið snýst oft um að óskekult vitsmunaofurmenni komi illmennum undir lás og slá svo að pent fólk geti haldið áfram að drekka teið sitt. Ég geri mér leik að því að hugsa um Gísla sögu sem íslenska torfbæjarsögu, sennilega af því að ég sé fyrir mér að einn góðan veðurdag taki einhver íslenskur morðsögu- höfundur upp þráðinn þar sem henni sleppir. Ef Íslendingar eignuðust ein- hvern tíma heila bókmenntagrein af slíkum sögum — *torfbæjarsöguna* eða jafnvel *torfkofasöguna* — yrði hún ólík hefðbundnum leynilögreglusögum að því leyti að hún fjallaði um ábyrgð mannsins sem væri allt í senn, skáld, túlkandi morðgátu — og morðingi í táknheimi sem væri honum einatt ofviða.³¹

³⁰ Tekið skal fram að útlaginn í Gísla sögu sem jaðarpersóna og jafnvel lesandinn sem „útlagi“ eru atriði sem einnig mætti tengja póstmódernískum skáldskap; sömuleiðis textatengsl sög- unnar við biblíuna og menningarheim kristni, heiðnar goðsögur og hetjufrásagnir.

³¹ Hluti af þessari ritgerð er fyrirlestur fluttur á aðalfundi Norrænu glæpasögusamtakanna (SKS) á Flúðum 22. maí 2004. Gunnari Harðarsyni skal þökkud aðstoð við þýðingu úr frönsku.

HEIMILDIR

Útgáfur

- Gísla saga Súrssonar. 1903. Útg. Finnur Jónsson. *Almordische Saga-Bibliothek* 10. Verlag von Max Niemeyer, Halle.
- Gísla saga Súrssonar. 1943. Útg. Björn Karel Þórólfsson. Vestfirðinga sögur. *Íslensk fornrit* VI. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Gísla saga Súrssonar. 1960. Membrana regia deperdita. Útg. Agnete Loth. *Editiones Arnamagnæanæ*. Series A. Vol. 5. Munksgaard, København.
- Gísla saga Súrssonar. 1969. Útg. Grímur M. Helgason og Vésteinn Ólason. *Íslenskar fornsögur* III. Skuggsjá, [Hafnarfirði].
- Gísla saga Súrssonar. 1971. Útg. Skúli Benediktsson. Skuggsjá, [Hafnarfirði].
- Gísla saga Súrssonar. 1985. Útg. Jóhanna Sveinsdóttir. Iðnskólaútgáfan, Reykjavík.
- Gísla saga Súrssonar. 1987. Útg. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Órnólfur Thorsson. *Íslendinga sögur og þættir* II. Svart á hvítu, Reykjavík.
- Gísla saga Súrssonar. 1999. *Sígildar sögur* 6. Útg. Aðalsteinn Eypórsson og Bergljót S. Kristjánsdóttir. Mál og menning, Reykjavík.
- Norræn fornkvæði*. 1867. Útg. Sophus Bugge. Christiania.

Rannsóknir

- Theodore M. Andersson. 1969. Some Ambiguities in Gísla saga. A Balance sheet. *Bibliography of Old Norse-Icelandic Studies* 1968:7–42.
- Roland Barthes. 1970. *S/Z*. Éditions de Seuil, Paris.
- Bergljót S. Kristjánsdóttir. 1999. Um Gísla sögu Súrssonar. Gísla saga Súrssonar. 1999. *Sígildar sögur* 6. Útg. Aðalsteinn Eypórsson og Bergljót S. Kristjánsdóttir. Mál og menning, Reykjavík.
- Bergljót S. Kristjánsdóttir. 2001. Hinn seki túlkandi. *Gripla* 12:7–22.
- Björn Karel Þórólfsson. 1943. Formáli. Gísla saga Súrssonar. Vestfirðinga sögur. *Íslensk fornrit* VI. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Thomas Bredsdorff. 1964. Sanddrømmeren. Gisle Surrssøns saga. *Indfaldsvinkler*. 16 fortolkninger af nordisk digtning tilegnet Oluf Friis:7–21. Gyldendal, København.
- Peter Brooks 1984. *Reading for the Plot*. Design and Intention in Narrative. Harvard University Press, Cambridge Massachusetts.
- Coletta Bürling. 1983. *Die direkte Rede als Mittel der Personengestaltung in den Íslendingasögur*. Texte und Untersuchungen zur Germanistik und Skandinavistik 7. Peter Lang, Frankfurt am Main.
- John G. Cawelti. 1977. *Adventure, Mystery and Romance*. Formular Stories as Art and Popular Culture. The University of Chicago Press, Chicago.
- Eiríkur Björnsson. 1976. Enn um vígið Vésteins. *Andvari* (101). Nýr flokkur XVIII: 114–117.
- Sergei M. Eisenstein. 1942/1947. *Film sense*. Þýðandi og ritstjóri Jay Leda. Harcourt, Brace & Company, New York.
- Sergei M. Eisenstein. 1968. Lessons from Literature. *Film Essays with a Lecture*:77–84. Ritstjóri Jay Leda. Inngangsorð Grigori Kozintsev. Dennis Dobson, London.
- Finnur Jónsson. 1929. Inndledning. *Gísla saga Súrssonar*. København.
- Peter Foote. 1963. An Essay on the Saga of Gísli and its Background. *The Saga of Gísli*. Þýð. George Johnston. J. M. Dent & Sons Ltd, London.

- Peter Foote. 1975. A Note on Gísla saga Súrssonar. *Gardar* VI:63–71.
- Hermann Pálsson. 1975. Hver myrkti Véstein í Gísla sögu? *Andvari* (100). Nýr flokkur XVII:133–137.
- Hermann Pálsson. 1974. Death in Autumn. Tragic Elements in Early Icelandic Fiction. *Bibliography of Old Norse-Icelandic Studies* 1973:7–39.
- Anne Holtsmark. 1951. Studies in the Gísla saga. *Studia Norvegica Ethnologia et Folkloristica* II (6):3–55.
- Peter Hühn. 1997. The Politics of Secrecy and Publicity. The Functions of Hidden Stories in Some Recent British Mystery Fiction. *Theory and Practice of Classic Detective Fiction*:39–50. Ritstj. Jerome H. Delamater og Ruth Prigozy. C.T. Greenwood Press, Westport.
- Stephen Knight. 2004. *Crime Fiction*. Detection, Death, Diversity. Palgrave Macmillan, Hampshire.
- Jan Knopf. 1984. *Brecht Handbuch*. Lyrik, Prosa, Schriften. Eine Ästhetik der Widersprüche. J. B. Metzler, Stuttgart.
- Riti Kroesen. 1982. The Emnity between Þorgrímur and Vésteinn in the Gísla saga Súrssonar. *Neophilologus* 66:386–390.
- Carl D. Malmgren. 2001. *Anatomy of Murder*. Mystery, Detective and Crime Fiction. Bowling Green University Popular Press, Bowling Green.
- Else Mundal. 1974. *Fylgjemotiva i norrøn litteratur*. Universitetsforlaget, Oslo.
- Peter Nusser. 2003. Elemente und Strukturen des idealtypischen Thrillers. *Der Kriminalroman*:48–65. (3. útg. endurbætt). Sammlung Metzler 191. J. B. Metzler, Stuttgart.
- Joachim Paech. 1997. *Literatur und Film*. (2. útgáfa endurbætt.). Sammlung Metzler 235. J. P. Metzler, Stuttgart.
- Reinhardt Prinz. 1935. *Die Schöpfung der Gísla saga Súrssonar*. Ein Beitrag zur Entstehungsgeschichte der isländischen Saga. Ferdinand Hirt, Breslau.
- Franz Seewald. 1976. *Die Saga von Gisli Súrsson*. Reclam, Stuttgart.
- Julian Symons. 1985. *Bloody Murder*. From the Detective Story to the Crime Novel: A History. Penguin, Middlesex.
- Preben Meulengracht Sørensen. 1980. *Norrønt nid*. Forestillingen om den umandige mand i de islandske sagaer. Odense Universitetsforlag, Odense.
- Preben Meulengracht Sørensen. 1986. Murder in marital bed. An attempt at understanding a crucial scene in Gísla saga. *Structure and meaning in Old Norse Literature*. New approaches to textual analysis and literary criticism:235–263. Ritstj. John Lindow et al. Odense University Press, Odense.
- Claiborne W. Thompson. 1973. The Identity of Véstein's slayer. *ANF* 88:85–90.
- Tzvetan Todorov. 1977. *The Poetics of Prose*. Þýð. Richard Howard. Cornell University Press, Ithaca.
- Niels Valentin. 1993. Thorgim — Thorkel — Hvad må Gisli tro? *Gripla* 8:81–88.
- Vésteinn Ólason. 1999. Gísli Súrsson — a flawless or flawed hero? *Die Aktualität der Saga*. Festschrift für Hans Schottmann:163–175. Gruyter, Berlin.

SUMMARY

Gísla saga Súrssonar is one of the most famous murder stories in Icelandic literature. Occasionally, in recent decades it has been compared with classic detective stories. The murder of Vésteinn Vésteinsson has been regarded as a murder mystery, even though both versions of the saga make it clear that he fell at the hands of Þorgrímur goði. In the shorter version, which is discussed here, Þorgrímur is declared to be the murderer only in a chapter heading. We may thus consider that this heading is one of many ‘clues’ to the murderer of Vésteinn.

If we compare *Gísla saga* with “whodunnits” in terms of structure and character (cf. Todorov, Barthes, Cawelti et al.), it becomes apparent that the differences are great: the medieval saga is very ambiguous and seems in many ways more modern than the classical detective story; it has, for example, features in common with cinematic novels (filmischer Roman) and with post-modern fiction.

Bergljót S. Kristjánsdóttir
Hugvísindadeild
Árnagarði
Háskóla Íslands
IS-101 Reykjavík, Ísland
bergljot@hi.is

ÓLAFUR HALLDÓRSSON

AF HÁKONI HLAÐAJARLI SIGURÐARSYNI

1

FRÆDIMENN hafa um langan aldur reynt að átta sig á uppruna, innbyrðis skyldleika og þróun þeirra frásagna sem voru teknar saman um ævi Noregskonunga og skráðar á bækur, allt frá tólftu og fram á fimmtánda öld, og áreiðanlega verður þeirri iðju haldið áfram um ókomin ár og aldir, þó án þess að komast að endanlegri niðurstöðu um það sem mest hefur verið leitað eftir: sjálfum upprunanum. Í þeirri leit hafa menn á liðnum árum og öldum komið fram með mismunandi kenningar, fáar sem allir hafa tekið trúanlegar, enda þótt ýmislegt liggi ljóst fyrir, meðal annars það, að upphafsins hlýtur að vera að leita í munnlegum fróðleik, bæði í bundnu og óbundnu máli, auknum þeim skáldskap sem nauðsynlegur var til að gera þetta frumefni að sögu. Furðumikið hefur komist á bækur af gömlum kvæðum sem hafa verið ort um Noregskonunga, að vísu misjafnlega vel varðveitt, sem von er, því að ekki hafa önnur en hin yngstu verið sagnariturum tiltæk í frumriti höfundanna, og mikið af þeim sögum sem frá fyrstu tíð hafa verið færðar í letur hlýtur að vera haft eftir fróðleiksmönnum, sem væntanlega hafa verið betri sagnamenn en sagnfræðingar.

Allgóðar heimildir eru fyrir því að Sæmundur fróði og Ari fróði hafi báðir samið konungatöl. En nú eru löngu glataðar allar bækur sem ætla má að hafi verið til með þessum konungatölum, ásamt ýmsum öðrum sem vísbendingar eru um að hafi verið til, bæði sögur einstakra konunga og yfirlitsrit. Þar af leiðir að forsendur vantar til að hægt sé að gera sér glögga mynd af efni og umfangi þessara glötuðu rita og hvað af því kunni að hafa ratað í þær konungasögur sem elstar hafa varðveist á bókum: Ólafs saga Tryggvasonar eftir Odd munk Snorrason, Historia de antiquitate regum Norwagiensium eftir Theodoricus munk, Historia Norwegie, Ágrip af Noregskonunga sögum. Sumt liggur þó ljóst fyrir; til dæmis kemur fram í kvæðinu Noregskonunga tal, sem var ort fyrir Jón Loftsson í Odda, hvaða konunga Sæmundur fróði hefur fjallað um í sinni bók, hve lengi hver þeirra ríkti og fáein atriði önnur, en af

varðveittum heimildum verður fátt annað ráðið um Konungatal Ara fróða en áratöl.

Þeir sem sömdu sögur af Noregskonungum hafa að sjálfsögðu nýtt sér þær heimildir sem þeir áttu kost á, bæði munnlegar frásagnir og skrifaðar bækur, ef til voru, en efnið hafa þeir ýmist valið að eigin geðþótta eða með tilliti til þess hverjum sagan var ætluð. Þá gat komið fyrir að stöku atriði væru hirt úr frásögn sem að öðru leyti var hafnað, og meira að segja getur vaknað grunur um að fleiri en einn höfundur hafi sótt sitt atriðið hver í sömu frásögnina sem þeir að öðru leyti gátu ekki nýtt. Hér á eftir verður vikið að því sem ég ímynda mér að eitt sinn hafi verið sjálfstæð frásögn og verið nýtt á ýmsa vegu í varðveittum heimildum, en hvergi fallið sem heild að efni þeirra. Og þótt ekki sé eftir af henni annað en myndbrot á flökti í misgömlum heimildum bjóða þau beinlínis upp á að leitað sé eftir hvaða hugmyndir liggi þar að baki og gleyma um stund áhættunni að lenda á villigötum.

2

Helst lítur út fyrir að allt frá því að fyrst voru sagðar og ritaðar sögur af Ólafi konungi Tryggvasyni hafi að upphafi verið frá því sagt að faðir hans var veginn áður en Ólafur fæddist. Það víg er í öllum varðveittum heimildum kennt sonum Gunnhildar konungamóður, sem hafi að hennar ráðum svikið hann í tryggð. Í *Historia Norwegie* og í *Ágrip* er þó tekið fram að tvennum sögum fari af því hverjir réðu Tryggva konungi bana. Í *Ágrip* stendur þetta:

En aftak hans segja eigi allir einum hætti. Sumir kenna búöndum, at þeim þótti yfirboð hans hart ok drópu hann á þingi. Sumir segja at hann skyldi gera sætt við fōðurbrōðursunu sína, ok tóku þeir hann af með svikum ok illræðum Gunnhildar konungamóður, ok trúa því flestir (*Ágrip* 1995:26, *Íf.* XXIX:19).

Að efni til er hliðstæð frásögn í *Historia Norwegie* (*HN* 2003:88.4–15 og 89.4–18; *MHN*:110.7–111.5). Þar segir að synir Eiríks (blóðoxar) hafi með lævislegum brögðum dregið Tryggva á talar og látist ætla að semja við hann sætt, en í þess stað drepið hann á lítilli eyju í Ranríki, þar sem enn sé kallað Tryggvahrör. En margir haldi því fram að þegnar hans á Ranríki hafi ekki þol- að harðstjórn hans og hafi stefnt þing undir því yfirsikni að ræða landsins gagn

og nauðsynjar, og þar hafi þeir svikið hann í tryggð og keypt þrjá stráka til að drepa hann.

Öllum heimildum, nema Ágripi, ber saman um að Ástríður kona Tryggva hafi verið með barni þegar hann var drepinn og flúið eftirleitan þeirra sem þá réðu ríkjum í Noregi, en síðan fara frásagnir heimilda mjög svo hver í sína áttina.

Ágrip og Historia Norwegie eru ein um þá sögn að Ástríður hafi flúið til Orkneyja með þremur skipsögnum (*Ágrip* 1995:26.14–19, *Íf.* XXIX:19; *HN* 2003.88.16–20 og 89.19–24; *MHN*:111.5–9). Í Historia Norwegie segir að hún hafi þá verið ófrísk og alið son sinn í Orkneyjum, en í Ágripi að hún hafi flúið þangað ‘með Óláfi þrúvetrum, syni sínum ok Tryggva, at forðask bæði fláræði Gunnhildar ok suna hennar ok Hókonar jarls’, en þar kemur ekki skýrt fram hvort hún flúði þegar eftir fall Tryggva eða þremur árum síðar.

Oddur Snorrason, munkur á Þingeyrum, tók saman á latínu Ólafs sögu Tryggvasonar. Sú saga er nú einungis til í tveimur íslenskum gerðum og broti úr hinni þriðju. Samkvæmt varðveittum íslenskum texta hefur frumsaga Odds verið, svo vitað sé, elsta ritaða heimildin um uppvöxt og feril Ólafs Tryggvasonar þar til hann kom til ríkis í Noregi. Þar segir í upphafi að Guðröður Gunnhildarson hafi svikið Tryggva föður Ólafs í tryggð og drepið hann, síðan að Ástríður kona hans var þá með barni og eignaðist Ólaf son sinn litlu síðar; flúði í fylgd fóstara síns, Þórólfs lúsarskeggs, með sveininn til föður síns, Eiríks á Oprustöðum. Þangað sendi Gunnhildur konungamóðir Hákon jarl að leita Ólaf uppi, en Eiríkur á Oprustöðum kom móður og barni undan og sendi þau til vinar síns, Hákonar gamla í Svíþjóð. Þangað kom Hákon jarl enn, sendur af Gunnhildi, en tókst ekki að ná sveininum frá Hákonni gamla sem nokkuru síðar tók Ástríði og föruneyti hennar fari með kaupmönnum á leið austur í Garða. Á þeirri leið voru þau tekin af eistneskum víkingum, Þórólfur drepinn, en Ástríður og Ólafur seld í þrældóm. Eftir þá hrakninga komst Ólafur í fóstur hjá Garðakonungi sem eflði hann síðar að liði og skipum, sem gerði honum kleift að leggjast í hernað.

Theodoricus munkur hefur stuttan kafla svipaðs efnis í sinni bók. Hann segir að Haraldur gráfeldur, bræður hans og móðir hafi neytt Hákon jarl til að leita uppi Ólaf, eftir að faðir hans var drepinn, og þar er tekið fram að Ólafur hafi naumast getað fundið öruggt hæli fyrir umsátum Gunnhildar sem óttaðist að hann mundi verða til þess að ræna syni hennar ríki (*MHN*:10.15–11.10, *TM* 1998:Ch. 4.27–37). Síðar er tekið fram að Ólafur hafi verið fósturaður í Garðaríki, en Theodoricus minnst ekki einu orði á hverju faraldri hann fór

þangað. Hins vegar er skýrt tekið fram í Historia Norwegie að Hákon jarl hafi, eftir að hann hafði rutt Gunnhildi og sonum hennar úr vegi, haft spurnir af þessum föðurlausa dreng, fæddum í Orkneyjum, og þegar í stað bruggað honum banaráð, því að hann grunaði að hann mundi ræna hann ríkinu:

Sed cum in Orchardibus pupillum puerum didicit natum, protinus illi parat insidias, quem se suspicatur regno privaturum (*HN* 2003:90.5–7 og 91.5–7; *MHN*:111.18–112.2).¹

Í Ágrip og Historia Norwegie (*Ágrip* 1995:26–28, *Íf.* XXIX:19–21; *HN* 2003: 90.7–25 og 91.8–31; *MHN*:112.2–113.13) er á svipaðan hátt sagt frá að Ást-ríður sendi Þórólf lúsarskegg með son sinn og ætlaði honum að fara með hann til Hólmgarðs ‘með því at eigi mátti leynask ferð hennar, ok mart kunni til svika gerask’ (*Ágrip* 1995:26, *Íf.* XXIX:19). Samkvæmt þeirri frásögn fór Þórólfur með barnið fyrst til Prándheims, þaðan til Svíþjóðar og áfram til Eistlands, en var tekinn af víkingum fyrir Eysýslu og drepinn og Ólafur seldur í þrældóm, þar sem frændi hans rakst síðar á hann og tók hann með sér til Hólmgarðs og kom honum í fóstur hjá konunginum.

Snorri Sturluson virðist hafa notað sér frásögn Odds munks í sögu sinni af Ólafi Tryggvasyni í Heimskringlu, en þar gat hann ekki komið því heim og saman að Hákon jarl hefði verið í sendiförum fyrir Gunnhildi konungamóður og fékk henni annan sendimann, ríkan mann og vin Gunnhildar, ‘er Hákon er nefndr’, og eftir því er farið í Ólafs sögu Tryggvasonar hinnu mestu (*ÓT*); þar er sendimaðurinn nefndur Hákon norræni (*Íf.* XXVI:225–32, *ÓTEA* I:67–88).

3

Í öllum þeim sögum sem hér á undan hefur verið vísað til eru frásagnir af frama Ólafs Tryggvasonar í Garðaríki og síðar eftir að hann lagðist í víking. Einna gagnorðastur er texti Ágrips; þar (og í Historia Norwegie) segir frá því að hann þá miskunn af konunginum eftir að hann hefndi fóstra síns, tólf vetra gamall, og drap banamann hans á torgi, þar sem var ‘mannhelgr mikil’ (*Ágrip* 1995:28, *Íf.* XXIX:20–21):

¹ En þegar hann hafði spurnir af að í Orkneyjum væri fæddur þessi föðurlausi drengur, sem hann grunaði að mundi ræna sig ríkinu, brá hann þegar við og bjóst til að koma við hann svikræðum.

ok tók síðan at vaxa vitorð of hann ok svá metorð ok allt yfirlæti. En síðan er á leið á stundina, þá var hónum fengit lið ok skipastóll, ok fór hann bæði á eitt land ok önnur lönd ok herjaði, ok aukudu flokk hans brátt Norðmenn ok Gautar ok Danir, ok vann nú stórvirki ok aflaði sér með því frægðar ok góðs orðlags.

Öllum þessum sögum ber saman um að Ólafur hafi verið skírður til kristni á Englandi, 'ok kom hann svá til trúar, því næst til Nóregs' segir í Ágripi (*Ágrip* 1995:30.19–20, *Íf.* XXIX:22.4–5), en hvorki er þar né í *Historia Norwegie* getið um hvern þátt Hákon jarl átti í að koma honum til Noregs. Frá því kunnu þeir báðir að segja, Oddur munkur Snorrason á Þingeyrum og Theodoricus og kemur saman um margt, en ekki allt (*ÓIOFJ*:63–70, *MHN*:14.6–15.10 og 16.23–17.25, *TM*:Ch. 7–8.8 og 9–10.17). Báðir segja að Hákon jarl hafði spurnir af Ólafi og óttaðist að hann mundi ræna sig og sonu sína ríkinu,² og báðir segja á einn veg frá tilraun hans til að ráða Ólaf af dögum: Hann fékk vin sinn, Þóri klökku, alræmdan svikara ('quodam antiquo traditore'), segir Theodoricus, og fyrrum féлага Ólafs (svarabróður, segir Oddur,) til að fara á fund hans og segja honum andlát jarlsins og landið höfðingjalaust. En með honum skulu fara móðurbræður Ólafs, Josteinn og Karlshöfuð, og sanna sögu Þóris klökku, eða vera drepnir að öðrum kosti. Þó skyldi þeim heimilt að segja Ólafi frá þessum svikum eftir að hann stigi fótum á land í Noregi (eftir að þeir höfðu siglt fyrir Agðanes þangað sem heitir Þjálfahellir, segir Theodoricus).

Báðir, Theodoricus og Oddur, segja að sendimenn Hákonar hafi siglt til Englands, Theodoricus að þar hafi þeir hitt Ólaf Tryggvason, en Oddur að þá hafi Ólafur verið farinn austur í Garða og þangað hafi sendimennirnir siglt á eftir honum. Þar hefur Oddur að líkindum brætt saman tvær heimildir.

4

Þegar kemur að frásögnum af dauða Hákonar jarls og höfðingjaskiptum í Noregi bregður svo við, að Ágrip og *Historia Norwegie* eru ekki samsaga. Í

² Theodoricus: 'Hocon ergo ut cognovit eum pro certo ibidem morari, modis omnibus intendit animum ut eum vita privaret, eo quod pæne solum timeret sibi suisque hæredibus' (Því var það þegar Hákon hafði sannfrétt að hann var þar (*p.e. að Ólafur var á Englandi*), þá velti hann fyrir sér á marga vegu hvernig hann gæti rænt hann lífinu, vegna þess að hann væri að heita mætti sá eini sem hann og erfingjar hans þyrftu að óttast. *MHN*:14.6–8, *TM* 1998:Ch. 7. 17–20).

Historia Norwegie er ekki minnst á fjölþreifni Hákonar jarls til kvenna³ né flóttu hans undan bóndaþer Þrændra, eða á Þóru vinkonu hans á Rimul, sem samkvæmt Ágripi og öðrum heimildum leyndi honum og þræli hans í svínastíu, aðeins sagt að Ólafur hafi snúið Norðmönnum til kristni og þeir hafi síðan tekið hann til konungs, en rekið Hákon jarl af ríki, sem hann hafði haldið í 33 ár. Einnig segir þar að Karkur þræll Hákonar hafi drepit hann með ósegjanlegum hætti um nótt í Gaulardal, fært Ólafi konungi afskorið höfuð hans í von um mikil verkalaun, en verið dæmdur á þingi fyrir svívirðilegt manndráp og hengdur sem þjófur (*HN* 2003:94.3–18 og 95.6–22; *MHN*: 115.5–18). Af þessari síðustu athugasemd í Historia Norwegie er augljóst að höfundur hennar hefur þekkt sömu frásögn af ævilokum Hákonar jarls og er í Ágripi.

Ólafs saga Odds og Ágrip eru elstu heimildir sem nefna kvennafar Hákonar jarls sem eina af ástæðum fyrir óvinsældum hans, þannig orðað í Ágripi:

‘ok með einni þeiri er hann dró til heljar, at hann lét sér konur allar jamt heimilar er hann fýsti til, ok var engi kvenna munr í því gorr, ok engi grein, hvers kona hver væri, eða systir, eða dóttir’ (*Ágrip* 1995: 22.1–4, *Íf.* XXIX:16).

Í Ágripi er síðan stutt frásögn af síðustu tilraun Hákonar jarls til að svala þessari fýsn sinni, látlaus frásögn, en mótuð af einstæðri list góðs sögumanns:

En hann fýsti eitthvert sinni til konu þeirrar er Guðrún hét Lundasól. Hún bjó á Lundum í Gaulardali, ok gerði hann af Meðalhúsum þræla sína at taka hana ok flytja sér til ósæmðar. En meðan þrælarnir mottuðusk, þá hafði hún svá liði safnat, at þá var eigi kostr at flytja hana, ok sendi hún þá orð Hókoni jarli at hún mundi eigi á hans fund sækja nema hann sendi konu þá er hann hafði, er Þóra hét á Remoli (*Íf.* XXIX:16, *Ágrip* 1995:22.5–12).

Í Ágripi er sagt að flokkur kom á Rimul og rannsakaði og ætluðu ‘at brenna bæinn upp at hringum’ þegar þeir fundu ekki jarlinn. ‘En þá er jarlinn heyrði

³ Theodoricus minnst ekki heldur á kvensemum Hákonar jarls, en nefnir samt að hjákona hans, Þóra á Rimul, hafi leynt honum og þrælum Karki í svínastíu (*MHN*:18.1–4, *TM* 1998: Ch. 10.25–29).

þat, þá vildi hann eigi bíða písla af óvinum sínum ok lét þrælinn skera sik á barka' (*Ágrip* 1995:23–24, *Íf.* XXIX:17). Þar er frásögn af dauða Hákonar jarls ekki tengd komu Ólafs Tryggvasonar til Noregs, aðeins sagt: 'Þat vas of vár er Hókon dó. Í því bili kom Óláfr Tryggvasunr af Englandi í Nóreg' (*Ágrip* 1995:24.9–10, *Íf.* XXIX:17).

5

Theodoricus segir að móðurbræður Ólafs hafi sagt honum frá svikráðum Hákonar jarls og Þóris klökku þegar þeir höfðu siglt um Agðanes og komu þar sem heitir Þjálfahellir. Þar var Þórir klakka drepinn, en Ólafur sigldi til Niðaróss þar sem menn flyktust til hans og tóku hann til konungs, en hann fór þegar að leita Hákonar jarls sem hafði verið yfirgefinn af mönnum sínum og leitað fylgsnis með þræli sínum hjá Þóru á Rimul. Hún faldi þá í svínahúsi og þar skar þrællinn hann sofandi á háls (*MHN*:17.15–18.8, *TM*:Ch.10.7–34).

Oddur munkur hefur miklum mun lengri og nákvæmari frásagnir af dauða Hákonar jarls og komu Ólafs Tryggvasonar til Noregs. Saga hans er elst varðveittra heimilda sem láta Ólaf fara með bændum á bæinn Rimul og mæla hátt, áður en hann færi á brott, að þeim manni sem færði honum höfuð Hákonar jarls skyldi hann gefa verkkaup; þar er gefið í skyn að þetta heit hans hafi orðið til þess að Karkur skar Hákon jarl á háls og færði Ólafi konungi höfuð hans í trausti þess að hann stæði við loforð sitt, en Karkur var þræll sem engra annarra verklauna átti von en verða hengdur (*ÓIOFJ*:75–83). Eins og áður segir er líklegt að höfundur *Historia Norwegie* hafi þekkt þessa sögn. Þar af er ljóst að Oddur munkur hefur ekki orðið fyrstur til að láta lokatilraun Hákonar jarls til að ráða Ólaf Tryggvason af dögum verða það sem að síðustu réð úrslitum um að hann sjálfur var drepinn og Ólafur komst til ríkis.

6

Ég hef grun um að í öllum þessum mismunandi frásögnum af Hákonni Hlaðajarli og Ólafi Tryggvasyni séu leifar af sögn sem ef til vill hefur verið tilbrigið við aðrar sagnir af dauða Hákonar jarls og spunnin um það minni, að menn gruni ógæfu sem bíði þeirra, meðal annars hvað verði þeim að bana og af hvers völdum, en af öllum tilraunum þeirra til að koma í veg fyrir að grunurinn rætist skapist þær aðstæður að það hljóti að gerast sem þeir óttuðust mest

að gæti orðið.⁴ Fyrsta bending í þá átt er það sem segir í *Historia Norwegie* af Hákon jarli eftir að hann hafði komið því til leiðar að Haraldur gráfeldur og Gunnhildur móðir hans voru drepin og hann orðinn einráður í Noregi. Þá hafi hann haft spurnir af sveininum Ólafi Tryggvasyni í Orkneyjum og grunað að hann mundi verða til þess að svipta hann og syni hans ríki. Leit hans að sveininum varð til þess að hann var fósturaður í Görðum og eflur þaðan að liði og skipum þegar hann hafði aldur til að ráðast í víking. Af því leiddi að á fárra ára fresti hafði hann nægan styrk til að leggja undir sig Noreg hvenær sem væri, og þetta fær Hákon að vita. Hann sér engin ráð til að bægja þeirri ógn frá önnur en að beita viðlíka svikum og þeim sem höfðu gefist honum vel til að losna við Harald gráfeld og Gunnhildi. Hann greip til þess úrræðis að fá annálaðan bragðaref, Þóri klökku, til að fara á fund Ólafs og tæla hann liðfáan til Noregs, en til að það mætti takast kúgaði hann með hótunum um líflát móðurbræður Ólafs, Jóstein og Karlshöfuð, til að fylgja Þóri og sanna þá sögu hans, að Hákon jarl væri dauður og landið höfðingjalaust. Þetta þrautaráð, að fá þá Jóstein og Karlshöfuð með í sendiförina, varð í fyrsta lagi til þess að Þóri klökku tókst að tæla Ólaf Tryggvason til Noregs með litlu liði, en í öðru lagi réð það úrslitum um að Þóri tókst ekki að ráða Ólaf af dögum, heldur var hann sjálfur drepinn. Í þriðja lagi varð þessi þrauthugsaða ráðagerð Hákonar jarls þess valdandi að Ólafur kom til Noregs þegar verst stóð á fyrir honum og nærvera hans á Rimul varð til þess að þrællinn Karkur, hinn eini af fylgdarliði hans sem ekki hafði yfirgefið hann, skar hann á háls. Þannig höfðu allar hans tilraunir til að koma í veg fyrir að Ólafur Tryggvason stæði yfir höfuðsvörðum hans og rændi hann og sonu hans ríkinu beinlínis stuðlað að því, að hvortveggja gerðist.

7

Nú væri þess að vænta að einhver spyrði hvort væri líklegra til að sækja eftir lífi sveinsins Ólafs Tryggvasonar, Gunnhildur konungamóðir eða Hákon jarl Sigurðarson. Önnur spurning er hvort frásagnir af flóttu fóstura (og móður?) með Ólaf barnungan austur í Garða sé ævintýri, spunnið um það sagnaminni, að lífi konungsefnis sé forðað undan ofsóknum með flóttu á önnur lönd, minni

⁴ Þetta sagnaminni kemur glögg fram í Áns sögu bogsveigis og Hemings þætti Áslákssonar og er af mikilli íþrótt notað í Brennu-Njálssögu (Ólafur Halldórsson 2001:79–83, Einar Ól. Sveinsson: *Jf.* XII:cxlv–cxlvj).

sem er kunnast af frásögn biblíunnar af flóttanum til Egiptalands, — eða hvort þær frásagnir eigi rætur að rekja til raunverulegra atburða, og skal þá haft í huga að frá ómunatíð hafa þeir sem tóku völd sín að erfðum losað sig við náin ættmenni og aðra þá sem þeir gátu búist við að gerðu tilkall til ríkis.

Við þessum spurningum eru engin svör önnur en ágiskanir.

Theodoricus segir að Tryggvi, faðir Ólafs Tryggvasonar, hafi ráðið fyrir á Upplöndum, en Historia Norwegie að hann hafa verið fóstraður á Raumaríki, þar sem hann hafi, að sögn, fyrst ráðið ríki, gengið að eiga Ástriði af Upplöndum og síðar lagt undir sig Víkina. Aftur á móti stendur í Fagurskinnu að Hákon góði hafi gefið Tryggva konungs nafn og ríki 'í Vík austr, setti hann þar til lands at gæta við Dönum ok víkingum, er þá görðu mikinn skaða á Nór-egs ríki' (*Íf.* XXIX:81), og í Heimskringlu að Hákon góði gaf honum Ranríki og Vingulmörk (*Íf.* XXVI, 151), og síðar að Hákon setti hann 'yfir Víkina at verja fyrir ófriði' (*Íf.* XXVI:161). Áður er tekið fram að á fyrstu árum Hákonar 'herjuðu Danir mjök í Víkina ok gerðu þar opt mikinn skaða' (*Íf.* XXVI: 157).

Augljóst er að þeir sem skrifuðu elstu sögur Noregskonunga hafa af pólitískum ástæðum þagað yfir ítökum og yfirráðum Danakonunga í Noregi á níundu og tíundu öld, og að því er ég best veit hefur sagnfræðingum síðari tíma ekki tekist að varpa ljósi á þennan kafla í sögu Noregs, enda lítið um marktækar heimildir. Sverrir Jakobsson rakti í fyrirlestri á söguþingi í Þrándheimi 1997 það sem fræðimenn hafa á undanförunum öldum haft um þetta efni að segja og gerði að lokum grein fyrir hugmyndum sagnfræðinga um nöfn konunganna Hálfðanar svarta og Haralds hárfagra, hvort af þeim mætti ráða að þeir hafi verið danskir. Sjálfur orðar Sverrir sitt álit á tilveru og þjóðerni Haralds hárfagra á þessa leið í lokaorðum fyrirlestursins:

Der eksisterer ingen samtidige kilder der kan bekræfte om Harald hárfager eksisterede. Om han gjorde, så er det svært at fastslå hvornår. Hvis man tror på Haralds eksistens må han have været dansk som navnet antyder, selv om norske historikere har hårdnakket forsøgt at afvise det (1997:608).

Ég læt sem mér komi það ekki við hvort Haraldur hárfagri hafi verið danskur eða norskur, en þykir ekki saka að geta þess, að í Þætti Haralds hárfagra í Flateyjarbók og í Heimskringlu er sagt að Haraldur fékk Ragnhildar dóttur Eiríks konungs af Jótlandi (*FlatChr* 1:575–76; *Íf.* XXVI:118–19). Bjarni Aðalbjarnarson nefnir í nmgr. 2 á bls. 118–119 í útgáfu sinni af Heimskringlu að

ekki sé vitað ‘að til hafi verið neinn danskur konungur að nafni Eiríkur á síð-ara hluta 9. aldar...’ En þess er að gæta, að í *ÓT* er getið um Hárek konung á Jótlandi; þar er stuðst við *Annales Fuldenses*, þar sem segir að Hárekur þessi féll í bardaga við Guthorm frænda sinn árið 854.⁵ Í latneskum heimildum er nafnið Hárekur stafað á ýmsa vegu, en í dönskum heimildum ýmist *Hericus* eða *Ericus* (*DgP* 1: 476–77). Heldur þykir mér þetta benda til að Haraldur hárfagri hafi reyndar verið til og hafi átt Ragnhildi dóttur Háreks konungs á Jótlandi. Þá mætti leika sér að þeirri hugmynd að Haraldur hárfagri hafi fengið Víkina í Noregi sem heimanmund Ragnhildar og Eiríkur blóðöx, sonur þeirra, hafi því talið Víkina móðurarf sinn. Þess vegna hafi hann drepit þá bræður sína sem þar höfðu sest að ríkjum. Síðar hafi Gunnhildur konungamóðir og synir hennar að sjálfsögðu talið sig eiga ríki í Víkinni og losað sig við þá konunga sem þar höfðu sest að ríkjum, þar á meðal Tryggva, föður Ólafs Tryggvasonar. Ef eitthvað er að marka sögur um flóttu Ástríðar, konu Tryggva, með Ólaf son sinn ungan, er líklegra að hún hafi verið að forðast Gunnhildi og sonu hennar, fremur en Hákon hlaðajarl. Hvað sem því líður grunar mig að maður sem hafði fullt vald á frásagnalist síns tíma hafi, eftir að sagnaritarar höfðu, með réttu eða röngu, gert Hákon jarl að höfuðandstæðingi kristinnar í Noregi, séð fyrir sér efni í góða sögu með því að láta hann sækjast eftir lífi Ólafs Tryggvasonar og mótað það efni í listilega dæmisögu um gráglettni órlaganna.

HEIMILDIR

- Ágrip. 1995. *Ágrip af Nóregskonunga sögum*. A Twelfth-Century Synoptic History of the Kings of Norway. Edited and translated with an introduction and notes by M. J. Driscoll. Viking Society for Northern Research. University College, London.
- DgP* 1: *Danmarks gamle Personnavne* I. Fornavne. 1936–48. Udgivet af Gunnar Knudsen og Marius Kristensen under medvirking af Rikard Hornby. København. [Genudgivet i reprotryk 1979–80 af Dansk historisk håndbogsforlag].
- FlatChr* 1: *Flatleyjarbók*. 1860. Útg. Guðbrandur Vigfússon og C. R. Unger. Christiania.
- HN: Historia Norwegie*. 2003. Edited by Inger Ekrem and Lars Boje Mortensen. Translated by Peter Fisher. Museum Tusulanum Press, Copenhagen.
- Íf. XII: Brennu-Njáls saga*. 1954. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag. Reykjavík.

⁵ Í *ÓT* er farið eftir heimild sem hefur árssett þennan bardaga 862 (Ólafur Halldórsson 2000: 40–41).

- Íf. XXIX: Ágrip af Nóregskonunga sögum. Fagrskinna — Noregs konunga tal. 1985. Útg. Bjarni Einarsson. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Íf. XXVI: Snorri Sturluson. *Heimskringla* I. 1941. Útg. Bjarni Aðalbjarnarson. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík
- MHN: *Monumenta historica Norwegiæ*. Latinske Kildeskrifter til Norges Historie i Middelalderen. 1880. Útg. Gustav Storm. Kristiania.
- Ólafur Halldórsson. 2001. Sagan handan sögunnar. *Gripla* 12:67–88.
- ÓIOFJ: *Saga Óláfs Tryggvasonar af Oddr Snorrason munk*. 1932. Útg. Finnur Jónsson. G. E. C. Gads forlag, København.
- ÓT I: Óláfs saga Tryggvasonar en mesta. 1958. Útg. Ólafur Halldórsson. *Editiones Arnarnagæanæ*. Series A, 1. Munksgaard, København.
- Sverrir Jakobsson. 1997. Myter om Harald hårfager. *Sagas and the Norwegian Experience*. Sagaene og Nøreg. 10. Internationale Sagakonferanse. Preprints. Fortrykk:597–608. Senter for middelalderstudier, Trondheim.
- TM: Theodoricus Monachus. *Historia de antiquitate regum Norwagiensium. An Account of the Ancient History of the Norwegian Kings*. 1998. Translated and annotated by David and Ian McDougall. With an introduction by Peter Foote. Viking Society for Northern Research. University College, London.

SUMMARY

This paper brings together, from various accounts of Jarl Hákon Sigurðarson and King Ólafur Tryggvason in the preserved sagas of Norwegian kings, incidents which point to traces of tales which might have been based on the following motif: men who suspect that someone is out to kill them try to prevent the suspicion from becoming true, but a series of such attempts creates a situation in which the suspicion actually does come true. The conclusion of the article turns to Danish holders of power in ninth and tenth century Norway, pointing out that King Eiríkur in Jutland, said in *Heimskringla* and other sources to be the father of Ragnhildur, the wife of Harald Fairhaired, was the same as the person referred to in Icelandic translations of Latin sources as Hárekur, in Latin Hericus, Ericus in Danish sources.

Ólafur Halldórsson
 Álfaskeiði 96
 220 Hafnarfjörður
 olafurha@hi.is

SVERRIR TÓMASSON

DAUÐI HÁKONAR JARLS¹

AÐ UNÐANSKILDUM Ólafi helga Haraldssyni hefur annar postuli Norðurlanda, Ólafur konungur Tryggvason, lagt sinn skerf til ævinlegrar kristni landanna tveggja, Noregs og Íslands. Í þeim löndum gekk trúboðið að vísu misvel en um síðir játuðust landsmenn þó undir hinn nýja sið. Um starf trúboðans, Ólafs Tryggvasonar, komu hans til Noregs og verk hans þar eru heimildir þó ekki samsaga eins og Ólafur Halldórsson hefur rakið hér að framan (2004:184–185). Veldur þar nokkru um að þeim hefur í öndverðu verið ætlað ólíkt hlutverk. Ágrip, Historia Norwegie, Noregssaga Theodoricusar og síðar Fagurskinna eru veraldlegar þjóðarsögur sem snúast að mestu um einstaka þætti í ævi og stjórn yfirkonunga, en Ólafs saga Tryggvasonar eftir Odd sýnist vera hugsuð sem lífs- og pínslarsaga; Ólafur Tryggvason er þar fyrirrennari Ólafs helga, líkt og Jóhannes baptisti var Krists. Sami skilningur á verkefnum nafnanna birtist í Heimskringlu; ævilok Ólafs Tryggvasonar endurspeglast í dauða Ólafs helga, báðir láta þeir lífið í bardögum sem sumir síðari sagnaritarar líta á sem pínsl. Og þótt ævir konunga séu í frásögnum Heimskringlu yfirleitt séðar í veraldlegu ljósi, eru helgisagnir og týpologískur þankagangur aldrei langt undan.

Sú persóna sem einna fyrst stígur fram í kristnisögu Noregs er Hákon jarl Sigurðarson á Hlöðum í Þrándheimi. Hann kemur reyndar fyrst til sögunnar í valdabaráttu þeirra Haralds og Erlings, sona Eiríks blóðaxar og Gunnhildar, eftir að þeir og Grjótagarður föðurbróðir hans hafa brennt inni föður hans, Sigurð jarl á Hlöðum á Ögló í Stjóradal. Að því er fram kemur í heimildum vildu þeir Eiríkssynir ná Þrændalögum undir sig, en Hákon „helt Þrándheim með styrk frænda sinna þrjá vetur, svá at Gunnhildarsynir fengu engar tekjur í Þrándheimi. Hann átti nokkurar orrustur við Gunnhildarsonu, en drápusk marga menn fyrir“ (Íf. XXVI:208). Einar skálaglamm yrkir um afrek Hákonar í Velleklu og segir þar að Hákon hafi tekið ríki sitt með vilja goðanna:

¹ Grein þessi er hluti úr fyrirlestri, *Crime and punishment in Snorri Sturluson's work*, sem haldinn var á aðalfundi Norrænu glæpasögusamtakanna (SKS) á Flúðum í maí 2004.

Mart varð él, áðr, Ála
 austr lǫnd at mun banda
 randar lauks af ríki
 rækilundr of tæki (*Íf.* XXVI:210).²

Lyktum þessarar fyrstu deilu Hákonar er svo lýst með þessum orðum:

Ok kǫmr svá með ráði ríkra manna, at sætt var gǫr milli þeira svá at Hákon jarl skyldi hafa þvílíkt ríki í Þrándheimi sem haft hafði Sigurðr jarl, faðir hans, en konungar skyldu hafa þvílíkt ríki sem Hákon konungur hafði haft fyrir þeim, ok var þat þá bundit fullum trúnaði. Þá gerðisk kærleikr mikill með þeim Hákonu jarli ok Gunnhildi, en stundum beittusk þau vélræðum (*Íf.* XXVI:211).

Samkvæmt þessu hefur Hákon ráðið yfir því ríki sem afi hans, Hákon jarl Grjótagarðsson samdi um við Harald hárfagra. Þrændalög urðu þó aldrei að dómi sagnfræðinga konungsríki heldur jarlsdæmi (sbr. Folke Ström 1981: 442), en í póstinum hér að ofan er markverðast að vélræði beggja, Gunnhildar og Hákonar eru samt ekki til lykta leidd, þótt sættir hafi tekist að kalla. En um nokkra hríð verður Hákon að lúta í lægra haldi fyrir þeim sonum Gunnhildar og Eiríks, og er þá landflótta í Danmörku. Hann dvelst þá með Haraldi konungi Gormssyni en fyrir undirferli sitt og fláttskap þar varð hann alræmdur. Ráðgjörðir hans þar urðu til þess að Haraldur Knútsson, öðru nafni Gull-Haraldur, sem Hákon hafði fyrst vingast við, og Haraldur gráfeldur börðust í Limafirði og þar féll Haraldur gráfeldur, en Hákon lagði síðan til orrustu við Gull-Harald, fékk sigur og lét „hann festa á gálga“ (*Íf.* XXVI:240). Og eftir að nöfnunum hefur verið rutt úr vegi fór svo Haraldur Gormsson með her sinn „sunnan í Víkina, ok gekk landsfólk allt undir hann“ (*Íf.* XXVI:240). Hákon þáði svo landið af honum. Heim kominn tók Hákon upp síði forfeðranna, menn skyldu halda upp hofum og blótum, — og segir Snorri að svo hafi verið gjört. Haraldur Gormsson þurfti um þessar mundir á að halda öllum sínum mönnum því að Ótta keisari af Saxlandi herjaði á Danmörk og kallaði

² Samantekt: Mart Ála él (orrusta) varð áðr randar lauks rækilundr (hermaður) of tæki lǫnd austr af ríki (með valdi) at mun (að vilja) banda (goða). Vísan hefur verið túlkud á annan veg, tekið hefur verið saman „áðr randar lauks rækilundr of tæki austr lǫnd Ála“ og skýrt sem svo að með *austr lǫnd* sé átt við Eystrasalt. Þessi skýring fellur ekki vel að frásögn Snorra á þessum stað.

Haraldur því Hákon til Danmerkur til landvarna; Ótta keisari fór á endanum með sigur af hólmi, boðaði kristni og lét Haraldur Gormsson skírast. Hann neyddi þá Hákon einnig til að skírast „[f]ekkk þá konungr í hendr honum presta ok aðra lærða menn, ok segir, at jarl skal láta skíra allt lið í Nóregi“ (*Íf.* XXVI:260). Hákon skaut hins vegar á land „upp öllum lærðum mönnum“ (s. st.), um leið og byrjaði. Eftir að hann kom heim til Noregs hélt hann áfram að blóta goð, og meðan hann „réð fyrir Nóregi, þá var góð árferð í landi ok góðr friðr innan lands með bóndum“ (*Íf.* XXVI:290), en þegar á leið þoldu þegnar hans illa ráðríki hans en einkum þó hve hann var óeirinn um kvennafar (sbr. Ólafur Halldórsson 2004:186).

Hákon jarl er í lýsingum Snorra blendinn og fláráður heiðingi, en ár var gott meðan hann réð ríkjum. Snorri hefur greinilega fengið sumt af sinni frásögn úr eldri heimildum en hann leggur betur niður söguþráðinn og markmið hans virðist vera ljóst: hann ætlar að sýna hvernig boði Haralds Gormssonar var fylgt eftir, hvernig Hákon sveik hann og rauf skírnarheitið.

Heimildir greina ekki allar eins frá dauða Hákonar (sbr. Ólafur Halldórsson 2004:185–187). Tvær þeirra, Ólafs saga Tryggvasonar eftir Odd munk Snorrason og Heimskringla segja rækilega frá dauðdaganum, og hefur Snorri bersýnilega unnið sína frásögn upp eftir sögu Odds. Hún hefst þegar Ólafur Tryggvason stígur á land í Noregi. Hákon er þá á flótta undan Þrændum; hann hefur fyrst að sögn Snorra viðdvöl í Jarlshelli í Gaulardal en bæði í lýsingu Snorra og Odds segir að Ólafur fari síðan á bæinn Rimul í sama dal, þar sem jarlinn hafði falið sig og Kark⁴ þræl í gröf undir svínastíu að ráði Þóru frillu sinnar. Þar leitaði Ólafur hans og fann ekki og um leið og hann fór brott mælti hann hátt:

„Ef nökkurr maðr færir mér höfuð jarls, þeim manni skal ek reiða mikit verkkaup“. Ok er hann hafði svá mælt, þá lét hann af leitinni, ok ferr í brott ok allir hans menn (*Saga Óláfs Tryggvasonar* 1932, A-texti:80).

⁴ Orðið karkr er upphaflega viðurnefni. Ásgeir Blöndal Magnússon (1989: u. karkur) hyggur að það lúti að húð eða holdafari þrælsins. Orðið þekkist einnig í færeysku og merkir þar *lund*, en samsetningin *karkagerð* þýðir svik (sbr. Jóhann Hendrik W. Poulsen 1998: u. karkur); óneitanlega læðist að manni sá grunur að merking samsetta orðsins eigi rót sína að rekja til frásagnar Snorra og Odds en báðir leggja þann dóm á þrælinn að hann sé drottinssvikari. Örnefnið Karkur þekkist á Breiðafirði og telur Ásgeir Blöndal Magnússon (1989) að það sé komið úr keltnesku, *carrac*, og merki klettur.

Karkur þræll Hákonar verður við þessum orðum, og þar með er Ólafur konungur orðinn ráðbani jarlsins. En áður en hann hefst handa greinir Oddur frá draumum Karks. Tveir draumanna vísa til fyrstu funda Ólafs Tryggvasonar við Þrændi. Kark dreymdi að hjá húsinu stæði mikill maður, „svartr ok illiligr. Hann mælti: „Nú er Ulli (Urli hdr.) drepinn“ (tilv. r.:82). Jarl réð það svo að átt væri við Erlend son hans, en Ólafur konungur hafði banað honum með því að kasta hjálmunveli í höfuð honum. Næsti draumur Karks lýtur að því að þeir jarl áttu sér ekki undankomu von, „lokin sund qll“ (tilv. r., s.st.), sagði draummaðurinn, mikill og stór sem kom ofan frá fjallinu. Síðasti draumur Karks í sögu Odds hljóðar svo:

„Þat dreymði mik enn at Óláfr gæfi mér hest mikinn ákafliga.“ Hákon ræður drauminn um leið og segir:

„Þar man hann festa þik á hæsta gálga er hann fær til. Varaz þú svá vélræði við mik því at skammt mant þú þá eiga ólifat“ (s.r., A-texti:80).

Sýnt hefur verið fram á, að ráðningar allflestra drauma í norrænum heimildum eiga annaðhvort rót sína að rekja til innlendrar hefðar eða erlendra daumaráðningabóka og er þar kunnust *Somniale Danielis*.⁴ Ráðning Hákonar hér að ofan er því aðeins skiljanleg að áheyrendur kannist við *drasil Yggs* eða *hest Hagbarðs* sem gálga (Ynglingatal 12, *Íf.* XXVI:38–39), og alkunn er sögn um að dauðinn ríði hesti, sbr. kenninguna *Glitnis gná*, jódís, Hel í 10. vísu Ynglingatals (*Íf.* XXVI:33–34; Hallvard Lie 1937:73; Folke Ström 1954:41). Ráðningin minnir einnig á þá frásagnartækni í vísnagerð, bæði í rímum og dróttkvæðum, þegar sögn er látin stíga um palla, orð eins og söðladýr er látið merkja lýsingarorðið *gladur*, af því að það er hestsheiti (Björn Karel Þórólfsson 1934:93–95). Hugsanlegt er einnig að aðrar ráðningar Hákonar á draumum Karks megi rekja til sömu frásagnarhefðar, en ekki hefur tekist að finna neina kenningu eða sögn sem lúti að drápi Ulla (Urla) eða þeim svarta og illilega manni sem segir þrælnum tíðindin í draununum næst á undan.

Hjá Oddi dreymir Kark alla draumana í gröf undir svínastíunni á Rimul. En bæði í Ágripi og Heimskringlu verða fyrstu tvær draumfarimar í Jarlshelli. Síðasti draumurinn þar er með nokkrum öðrum hætti en í Ólafs sögu Odds:

⁴ Sjá um þetta efni Gabriel Turville Petre (1966:343–354) og (1968:19–36). *Somniale Danielis* er að vísu aðeins til í íslensku handriti frá því um 1500 (Svanhildur Óskarsdóttir 2000:114–118). Ráðningar drauma í anda þeirrar bókar kunna þó að vera mun eldri á Íslandi.

Þá vakði jarl hann ok spurði, hvat hann dreymði. Hann segir: „Ek var nú á Hloðum, ok lagði Óláfr Tryggvason gullmen á háls mér.“ Jarl svarar: „Þar mun Óláfr láta hring blóðrauðan um háls þér, ef þú finnr hann“ (*Íf.* XXVI:297).

Snorri leggur reyndar drauminn út: snaran verður að blóðugum hring og rímar betur við þá frásögn hans að þrællinn hafi verið hálhöggvinn en ekki hengdur.

Í nokkrum heimildanna er látið að því liggja að bændur hafi verið ósáttir við Hákon einkum sökum þess að hann lét sér allar konur heimilar (sbr. Ólafur Halldórsson 2004:186). Meira býr þó að baki. Vert er að staldra við tvö atriði í frásögnunum, orðin *saurr* og *svín*, en í flestum frásagnanna lætur Hákon lífið í svínastíu. Historia Norwegie nefnir að vísu ekki staðinn og Ágrip lætur jarlinn sjálfan biðja þrællinn um verkið og eftir lýsinguna á því segir þar: „ok lauk svá saurlífismaðr í saurgu húsi sínum dögum ok svá ríki“ (*Íf.* XXIX:17). *Saurr* er ekki einungis haft um óhreinindi heldur líka um karlmannssæði. Fritzner hefur tekið þá merkingu upp úr Íslensku hómilfubókinni, en þar segir svo:

Aldregi má, kveðr bókin, karlmaðr konu saurga. Þat es svá at skilja at kona verðr því at eins karlmanns sauri saurug ef hennar vili es til (*The Icelandic Homily Book* 1993:52 r).

Skilja má texta Hómilfubókarinnar svo að vísað sé til Rómverjabréfs Páls postula (1:32), en óbein tilvísun gæti líka verið til Galatabréfsins (5:21), þar sem talað er um syndir manna, en um leið verður að hafa í huga að saurlífi er alloft þýðing á höfuðsynd: *fornificatio*.⁵

Í orðum Ágrips hér að framan er fólgin afellisdómur um lifnað Hákonar; hann gerir sig beran að saurlífi, og það er táknrænt fyrir lífern hans að hann lætur líf sitt í svínabæli. *Svín* er óhreint dýr í ritningunni og í Stjórn (1862: 383) er svínsblóði hellt í jörð, þegar heiðnir menn gera sáttmál sín í milli, — og svínsminni hafa þeir sem ekkert muna. Þar við bætist að áheyrendum var ljóst að svín eru frjósöm must allra skepna. Á einum stað í fornri þýðingu koma þessi tvö orð fyrir:

⁵ Ernst Walter (1976:106–107) hefur bent á að *saurgan* í elstu íslensku og norsku trúarritunum sé líklegast þýðing á *inquinatio* eða *pollutio*, *sordes corporum*, *saurlífi* á *immunditia* og *saurlífr* standi fyrir latnesku orðin *luxurious* og *fornicans*.

Saur farandi ór kviði eru synðir ok synðgir menn ok óhreinir, þeir er þyngja kviði kristninnar. Þá grípa djöflar í dauða svá sem svín í útgang (*Elucidarius* 1989:79–80).

Í orðum Snorra kemur einnig fram önnur skoðun á ævi Hákonar, þegar bændur grýta höfuð Hákonar og Karks:

Gekk þá til allr herrinn ok æpði upp ok grýtti þar at ok mæltu, at þar skyldi níðingr fara með öðrum níðingum (*Íf.* XXVI:298).

Í orðunum er fólgin guðfræðileg túlkun: Þrændir kölluðu Hákon níðing og fer ekki milli mála að átt er við guðsníðing, *apostata*, og má af því draga nokkrar ályktanir um hlutverk Hákonar í kristnisögu Noregs.

Frásagnirnir um Hákon í þessum tveim ritum sem bæði fjalla um trúboðskonunginn Ólaf Tryggvason, postula Norðurlanda, eru ekki einungis hluti af kristnisögu Noregs heldur líka vel undirbyggð guðfræðileg útlistun á því hvernig fer fyrir guðs níðingum. Túlkun af þessu tagi er líklega sótt til 2. Pétursbréfs (2:20–22):

Ef þeir, sem fyrir þekkingu á Drottni vorum og frelsara Jesú Kristi voru sloppnir frá saurgun heimsins, flækja sig í honum að nýju og bíða ósigur, þá er hið síðara orðið þeim verra en hið fyrra. Því að betra hefði þeim verið að hafa ekki þekkt veg réttlætisins en að hafa þekkt hann og snúa síðan aftur frá hinu heilaga boðorði, sem þeim hafði verið gefið. Fram á þeim hefur komið þetta sannmæli: „Hundur snýr aftur til spýju sinnar“ og „[þ]vegið svín veltir sér í sama saur“ (*Biblían* 1981:289–290).

Hákon jarl hafði verið skírður, að vísu nauðugur, en hann var samt þveginn. Snorri hampar reyndar örlæti hans og visku en segir að það hafi verið ógæfa hans að kominn var nýr siður. Þar með segir hann þó ekki að betur hefði farið að Hákon hefði aldrei skírást látið.

Það er augljóst að ósiðlegt líferni Hákonar, einkum kvennafar hefur naumast eitt orðið til þess að Þrændir gerðu uppreisn gegn honum. Bjarni Aðalbjarnarson telur sennilegast að „minning Hákonar hafi vergazt sakir tryggðar hans við heiðinn sið, og mætti þessi blettur vera svartari en vert er“ (*Íf.* XXVI:cxvi). Eðlilegra er þó að líta á frásagnirnir af Háconi sem dæmisögur

um trúboð. Oddur Snorrason og síðar Snorri Sturluson hafa ekki einvörðungu ætlað sér að segja frá valdabaráttu tveggja eða þriggja höfðingjaætta í Noregi á þessum tíma heldur hafa þeir túlkað sögu Hákonar á guðfræðilegan hátt; vegir guðs níðinga liggja í einn stað: í svínabælið, þar sem þeirra bíða grimmi-
leg örlög.

HEIMILDIR

Útgáfur

- Ágrip. 1996. *Íslensk fornrit (Íf.) XXIX*. Útg. Bjarni Einarsson. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
Biblian. Heilög ritning. 1981. Hið íslenska biblíufélag, Reykjavík.
Elucidarius in Old Norse Translation. 1989. Útg. Kaaren Grimstad et. al. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
 Heimskringla. 1941. *Íslensk fornrit (Íf.) XXVI*. Útg. Bjarni Aðalbarnarson. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
The Icelandic Homily Book. 1993. Útg. Andrea van Arkel de Leeuw van Weenen. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
Saga Óláfs Tryggvasonar af Oddr Snorrason munk. 1932. Útg. Finnur Jónsson. Gad, København.
Stjórn. 1862. Útg. C. R. Unger. Christiania.

Rannsóknir

- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
 Björn Karel Þórolfsson. 1934. *Rímur fyrir 1600*. Hið íslenska fræðafjélag, Kaupmannahöfn.
 Ólafur Halldórsson. 2004. Af Hákonni Hlaðajarli Sigurðssyni. *Gripla* 15:175–187.
 Hallvard Lie. 1937. *Studier i Heimskringlas stil*. Dialogene og talene. Oslo.
 Jóhan Hendrik W. Poulsen (ritstj.). 1998. *Føroysk orðabók*. Føroya Fróðskaparfélag, Tórshavn.
 Folke Ström. 1954. *Diser, nornor, valkyrjor*. Fruchtbarheitskult och sakralt kungadöme i Norden. Almqvist & Wiksell, Stockholm..
 Folke Ström. 1981. Poetry as an Instrument of Propaganda. Jarl Hákon and his Poets. *Specvlvm noroenvm*:440–458. Ritstj. Ursula Dronke et al. Odense University Press, Odense.
 Svanhildur Óskarsdóttir. 2000. *Universal history in fourteenth-century Iceland*. Studies in AM 764 4to. University College, London. [Unpubl. Ph. D. Dissertation].
 Gabriel Turville-Petre. 1966. Dream Symbols in Old Icelandic Literature. *Festschrift Walter Baetke*:343–354. Ritst. Rolf Heller et. al. Hermann Böhlau Nachfolger, Weimar.
 Gabriel Turville-Petre. 1968. An Icelandic version of the Somniale Danielis. *Nordica et Anglica*. Studies in Honor of Stefán Einarsson:19–36. Ritstj. Allan H. Orrick. Mouton, The Hague.
 Ernst Walter. 1976. *Lexikalisches Lehngut im Altwestnordischen*. Akademie-Verlag, Berlin.

SUMMMARY

This paper discusses the death of Jarl Hákon Sigurðarson in a pigsty. The sources maintain that he was once baptised, but that he did not carry out the missionary work he was expected to do in Norway; in fact, he turned away from the Christian belief and became a notorious supporter of paganism. This paper argues that the two main accounts of his death — the *Saga of Óláfr Tryggvason* by Oddr Snorrason and Snorri Sturluson's *Heimskringla* — treat Jarl Hákon as an apostate and interpret his death in the light of the Second Letter of St Peter, where he condemns converts who turn away from the true belief: 'The dog is turned back to his own vomit again, and the sow that was washed to her wallowing in the mire' (2:22).

Sverrir Tómasson
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi
Árnagarði við Suðurgötu
101 Reykjavík
sverirt@hi.is

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

ÍSLENSKT TVÍSÖNGSLAG OG MARÍUSÖNGUR FRÁ MONTSERRAT

1. Inngangur

Í SKÖRÐÓTTUM fjöllum Katalóníu, þar sem hæstu tindar rísa í 1236 metra hæð yfir sjávarmáli, stendur benediktínaklaustrið Montserrat. Heimildir um kapellu á staðnum ná aftur til 9. aldar og þar stofnaði Oliva, ábóti af Ripoll, klaustur um 1020. Klaustrið varð brátt miðstöð katalónskrar menningar og fjölsóttasti pílagrímastaður Spánar að undanskildri gröf Jakobs postula í Santiago de Compostela. Helsta aðráttarafi klaustursins í Montserrat var hið svarta Maríulíkneski sem þar stendur enn og innfæddir nefna „La Moreneta“ (hina dökku). Um það er fyrst getið í heimildum frá 10. öld og þótti það eitt helgasta Maríulíkneski sem fyrirfannst á miðöldum.

Um lífið í klaustrinu og dægradvöl þeirra sem þangað sóttu vitnar handritið *Bibl de la Abadía Ms 1*, sem var ritað ekki síðar en 1399 og er 137 blöð í foliobroti (43,2x31 cm). Það er í daglegu tali nefnt *Llibre vermell* („skærrauða bókin“) vegna bandsins, sem þó er ekki eldra en frá síðasta þriðjungi 19. aldar.¹ Handritið er safn texta sem tengjast klaustrinu í Montserrat og helgi þess, páfabréfa, jarteina, hómilía og guðfræðitexta af ýmsum toga.² Í *Llibre vermell* eru einnig nótur. Á síður 21v–27r eru ritaðir tíu söngvar við latneska og katalónska texta. Fjórir söngvanna eru einradda, tveir tvíradda og einn þríradda, auk þess sem þrír söngvar bera yfirskriftina „Caça de duobus vel tribus“. Um er að ræða keðjusöngva eða kanóna (lög þar sem allar raddir syngja sömu línu en hefja sönginn með ákveðnu millibili), og var ýmist hægt að syngja þá tvíraddað eða þríraddað.

¹ Til er glæsileg ljósprentuð útgáfa af handritinu, *Llibre vermell de Montserrat* (1989). Áreiðanlegasta útgáfan með nútímanótnaskrift er í *Polyphonic Music of the Fourteenth Century* 23b (1991):381–387. *Llibre vermell* hefur ekki varðveist í heilu lagi og er talið að a.m.k. 35 blöð hafi glatast í tímanna rás. Handritið var eitt af fáum sem tókst að bjarga þegar her Napóleons brenndi klaustrið í Montserrat í október 1811.

² Listi yfir efni handritsins er í *Llibre vermell de Montserrat* 1989:27–28.

Söngvasafnið í *Llibre vermell* er einstök heimild um tónlistariðkun á vinsælum áfangastað pílgríma á miðöldum. Einradda trúarlegir söngvar frá 13. öld og upphafi þeirrar 14. eru tiltölulega fágætir; lög á borð við Mariusöngva Alfonsos Spánarkonungs (*Cantigas de Santa Maria*) og ítölsku *laudi*-söngvana eru talsvert eldri en þau sem hér um ræðir (Higinio Anglés 1955:48). Lögin í *Llibre vermell* eru auk þess af allt öðrum toga en t.d. tónverkin í frægasta nótnahandriti Santiago, *Liber Sancti Jacobi*, sem var ritað á 12. öld fyrir þrautþjálfaða söngvara í kirkju heilags Jakobs. Lögin í *Llibre vermell* hafa yfir sér alþýðlegt yfirbragð, eru bæði auðlærð og auðsungin. Þrátt fyrir að klaustrið í Montserrat hafi haft á að skipa kór með um 20–30 piltum geymir *Llibre vermell* ekki tónverk ætluð kórnum, heldur lög sem pílgrímar hafa væntanlega lært innan klausturveggjanna og sungið þar við næturvökur og skemmtanir, sjálfum sér til dægurvalar og Maríu guðsmóður til dýrðar (Anglés 1955:49, Silvia Scozzi 2002:308).

Handritið sjálft gefur a.m.k. í skyn að svo hafi verið. Á miðri síðu 22r hófst skrifarinn handa við að rita tvíradda lagið *Stella splendens* en hætti við eftir að hafa skrifað fyrstu línu textans, þar sem ekki var rúm fyrir allt lagið á einu blaði. Þess í stað ritaði hann þessa athugasemd: „Við næturvökur í kirkju heilagrar Maríu í Montserrat lystir pílgríma stundum að syngja og dansa, og jafnvel á torginu um miðjan dag. Þar sem ekki hæfir að syngja þar annað en virðulega og helga söngva eru nokkrir ritaðir hér að ofan og neðan“.³ Við lag *Stella splendens* virðist hafa verið dansað, því að lýsingin á því, „ad trepidium rotundum“, á við hringdans.

Hvort sem lögin úr *Llibre vermell* urðu langlíf eða önnur komu í þeirra stað var pílgrímasöngur enn hluti af daglegu lífi í klaustrinu rúmri öld síðar. Ekki hefur hann þó ávallt verið mikill að gæðum. Munkurinn Pedro de Burgos ritaði sögu klaustursins árið 1514 og lýsir tónlistarflutningi pílgrímanna svo: „Þegar kvöldbænum er lokið halda pílgrímarnir kyrru fyrir í kirkjunni og halda næturvöku. Þeir safnast saman í smáum hópum, sumir þeirra með slæmar raddir en góðan vilja, og syngja fjölda guðhræddra söngva himnadrottningunni til dýrðar. Þótt söngvarnir hljóti að valda skapraun vegna þess hve illa gengur að stilla saman tóna, raddir og texta, þá þreyta þeir ekki þann sem á hlýðir þar sem megintilgangur þeirra er einn og hinn sami: að lofa vora heil-

³ „Quia interdum peregrini quando vigilant in ecclesia beate Marie de Monte Serrato, volunt cantare et trepidiare, et etiam in platea de die, et ibi non debeant nisi honestas ac devotas cantilenas cantare, idcirco superius ac inferius alique sunt scripte“. Sjá einnig Anglés 1955: 47–48, 54.

ögu frú. Í öllum ruglingnum má heyra milda ómblíðu sem vekur ánægju“.⁴ Fjöldi þeirra pílagríma sem heyrði eða tók þátt í klaustursöngnum hefur væntanlega skipt þúsundum árlega, og margir komu langt að. Pedro konungur af Aragón lýsti því svo 1342 að í Montserrat mættust „hin ólíku veðrabrigði heimsins“.⁵

Svo virðist sem löggin sem sungin voru í klaustrinu hafi ekki náð almennri útbreiðslu í rituðum bókum. Aðeins einn söngvanna í *Llibre vermell* hefur fundist í öðru handriti þar til nú.⁶ Þetta bendir til þess að munkarnir í Montserrat hafi gætt laganna vel, a.m.k. hvað varðar skriflega geymd þeirra. Hvað einfaldari löggin snertir, t.d. keðjusöngvana, er allt eins líklegt að þau hafi ferðast víða án þess að þurft hafi að festa þau á blað, eins og vikið verður nánar að síðar.

Ekki hafa varðveist margar ferðasögur íslenskra pílagríma á miðöldum. Vel má vera að Íslendingar hafi lagt leið sína í háfjöll Katalóníu til að fá syndaaflausn við líkneski Maríu guðsmóður án þess að þess hafi verið getið í bókum heima eða heiman. Aðeins er vitað um tvo íslenska pílagríma á Spáni og gengu báðir að gröf Jakobs postula í Santiago: Hrafn Sveinbjarnarson skömmu fyrir 1200 og Björn Einarsson Jórsalafari snemma á 15. öld. Líklegt er að Hrafn hafi haldið frá Santiago til St. Gilles í Frakklandi, og þaðan til Róma-borgar. (Ásdís Egilsdóttir 2003:107, Einar Arnórsson 1954-58:41). Samkvæmt því hefur leið Hrafns legið langt norður fyrir Katalóníu og því hefur hann varla komið til Montserrat. Í Nýja annál segir svo frá ferð Björns Jórsalafara að hann hafi siglt af landi brott árið 1406 og haldið fyrst til Feneyja og þaðan til Jerúsalem. Þaðan sigldi hann aftur til Feneyja og virðist hafa gengið þaðan til Santiago (sbr. *Annálar 1400–1800* I:13–14; sjá einnig *Saga Íslands IV* 1989:208). Algeng pílagrímaleið þegar gengið var landleiðina frá Ítalíu til Santiago lá bæði um Barcelona og Montserrat. Því er ekki óhugsandi að Björn

⁴ „Acabadas las funciones de la noche, se quedan nuestros peregrinos en la iglesia a velar. Los cuales juntándose en diferentes corrillos, algunos con malas voces y buenos deseos, dan música a la Reina de los Angeles cantándole muchas canciones devotas, y aunque por ser tan diferentes a un mismo tiempo, había de causar disgusto la diversidad de tonos, voces y coplas, lo cierto es que no cansan, y que conciertan en el intento principal, que es alabar a Nuestra Señora, así también en aquel desconcierto hay una consonancia apacible que agrada“, sjá Anglés 1955:55. Höfundur kann Maricarmen Gómez bestu þakkir fyrir aðstoð við þýðinguna.

⁵ „... a diversis mundi climatibus confluentes“, sjá Anglés (1955:52).

⁶ Þetta er lagið *Inperayritz – Verges ses par*, sem er tvíradda *virelai* og er efri rödd þess nóteruð í handritsbrotinu Tarragona, Archivo Episcopal (*E-Tc 1*) sem talið er vera frá 14. öld; sjá Gilbert Reaney 1969:102.

hafi áð í klaustrinu þar á ferð sinni vestur til Santiago.⁷ Hann hefur a.m.k. verið á svipuðum slóðum innan við áratug eftir að *Llibre vermell* var fullgert. Aftur á móti hafa áhrif frá klausturmenningunni í Montserrat getað borist norður á bóginn eftir margvíslegum leiðum og jafnvel um önnur lönd, t.d. Þýskaland eða Frakkland.

2. Tónlistin

Afbrigði lagsins *Laudemus virginem* (bl. 23r í *Llibre vermell*) er að finna sem tvísöng við textann *Ó Jesú sjálfs guðs son* í þremur íslenskum handritum: Rask 98 (Melódíu), AM 102 8vo og Lbs 496 8vo. Auk þess er lagið einradda í Boreal 113 og textinn ritaður án nótna í Lbs 495 8vo. Báðar síðasttöldu uppskriftirnar eru gallaðar og virðast runnar frá Melódíu eða handriti tengdu henni sem nú er týnt; báðar eru samhljóða Melódíu hvað varðar inntak kvæðisins og erindafjölda (8 vísuorð). Ekki er hægt að segja til um tóntegund lagsins í Boreal 113 þar sem nótnalykil vantar. Boreal 113 er eina handritið sem eignar kvæðið höfund: „Packlætis vers Sr. Jons L.“, en hæpið er að taka mark á því þar sem um ungt handrit er að ræða og óáreiðanlega uppskrift.⁸

Laudemus virginem er eitt þeirra laga í *Llibre vermell* sem bera yfirskriftina „caça“ eða keðjusöngur, og kemur heitið til af því hvernig ein rödd eltir (*caçar*) hina eða hinar.⁹ Lög með yfirskriftinni *caccia* eða *chace* koma fyrst fram í rituðum heimildum á 14. öld þótt tæknin sem slík sé vafalaust eldri. Yfirleitt eru *caccie* þriggja radda tónsmíðar og útfærsla þeirra gjarnan töluvert flóknari en í *Llibre vermell*. Textinn er oftast á frönsku og lýsir gjarnan veið-

⁷ Pílagrímaleiðinni er lýst í Paulo G. Caucci von Saucken, útg. (1983:61–62). Sjá einnig formála Aguilós að *Llibre vermell*, 9–10, þar sem segir að Montserrat hafi ekki aðeins verið skylduáning hjá þeim pílgrímum sem komu til Santiago frá Ítalíu, heldur einnig þeim sem fóru Languedoc-leiðina og þeim sem komu sjóleiðis til Barcelona („A més, s’ havia convertit també en lloc gairebé obligat de visita per als pelegrins de Sant Jaume de Calícia procedents d’Itàlia, per als qui feien els camins del Languadoc i per als qui, procedents de les Illes o d’altres contrades de la Mediterània, començaven el pelegrinatge al port de Barcelona“).

⁸ Yfirskriftin gæti hugsanlega átt við Jón Loftsson (um 1530–um 1606), sem var skólameistari í Skálholti veturinn 1555–6. Hvað sem því líður er ekki ósennilegt að hin íslenska Kristsgerð textans hafi verið ort skömmu eftir síðaskipti. Annað dæmi um kaþólskan Maríusöng sem síðar var snúið upp á Krist er *Ave regina coelorum* í Rask 98:72v–73r. Boreal 113 var skrifað að Reyðarvatni 1740, sjá nánar um handritið Margrét Eggertsdóttir, Kristján Eiríksson og Svanhildur Óskarsdóttir 2002:216.

⁹ Sjá nánar um þessa tónsmíðatækni Virginia E. Newes 2001:408–410. Þar er *Laudemus virginem* birt í heild sinni.

um eða hermir eftir dýrahljóðum. Öll þessi atriði skilja *caccie* frá annarri einfaldri tegund fjölröddunar sem naut vinsælda um sama leyti og nefnd er *Stimmtausch* (raddvíxl). *Stimmtausch*-lög eru ekki keðjusöngvar heldur byrja raddirnar (sem yfirleitt eru tvær) sönginn á sama tíma og syngja ólíkt tónefni. Í hendingarlok skiptast þær hins vegar á línun þannig að önnur syngur það sem hin söng áður, og öfugt.¹⁰

Skemmtanagildi einfaldra keðjusöngva á borð við *Laudemus virginem* felst fremur í því að syngja þá en að vera í hlutverki áheyrandans. Lagið er í einföldu hringformi þar sem ein rödd byrjar og hinar tvær koma inn á tveggja takta fresti (sjá nótnaðæmi 1). Þegar allar raddirnar hljóma samtímis nær eyrað vart að skilja þær að, heldur virðist sem hver rödd endurtaki í sífellu sömu þrjá tónana. Keðjusöngurinn er hljómræn tálýn sem eyðist um leið og hlustandinn hefur sjálfur upp raust sína og hverfur inn í hinn órjúfanlega vef tónanna.

Laudemus virginem er í dórískri tóntegund; fyrsta hending hnígur frá miðtóni (*f*, *mediant*) til grunntóns (*d*), önnur hending speglar sömu hreyfingu upp á við frá miðtóni til fortóns (*a*, *dominant*), og lokahendingunni lýkur einnig á fortóni. Í *Llibre vermell* er laglínar rituð á einn nótnastreng, en skrifarinn gef-

Nótnaðæmi 1. *Laudemus virginem* (*Llibre vermell*: 23r).

¹⁰ Dæmi um *Stimmtausch*-lag í íslenskum handritum er *Heyr þú oss himnum á*, sem upprunalega er *Sanctus* frá Mið-Evrópu, við kvæði sr. Ólafs Jónssonar á Söndum, sjá Róbert A. Ottósson 1969.

ur til kynna hvenær raddirnar skuli koma inn með því að rita *primus*, *secundus* og *tertius* undir nótnastrenginn. Hrynurinn er sá sami í hverjum takti, *brevis-brevis-semibrevis*, sem rita má sem tvær fjórðapartsnótur og hálfnútu í nútímanótnaskrift. Í *Llibre vermell* eru aðeins rituð tvö erindi, en vel má vera að þau hafi verið fleiri og lagið þá endurtekið svo lengi sem verða vildi (Anglés 1955:64).

Þegar haft er í huga hversu sterkar rætur tvísöngur átti hér á landi á síðmiðöldum kemur vart á óvart að af þeim tveimur útfærslum sem *Llibre vermell* býður skuli íslenskir söngvarar hafa valið að syngja lagið „de duobus“. Hitt er öllu óvæntara að í íslensku handritunum (að undanskildu Boreal 113, sem er einradda) skuli *Ó Jesú sjálfs guðs son* ekki vera nóterað sem keðjusöngur heldur sem tvíradda *Stimmtausch*-lag þar sem báðar raddir syngja saman frá upphafi til enda en skiptast á tónefni milli fyrstu og annarrar hendingar.¹¹ Þrátt fyrir þessa breytingu er íslenska útgáfan ekki svo fjarri laginu eins og það hefur upprunalega hljómað. Ef lagið er sungið þríradda (sbr. *Llibre vermell*) raðast hendingarnar svo:

A B C A B C A B C A B C
A B C A B C A B C A B C
A B C A B C A B C A B C

Í þessari gerð eru A- og B- hendingarnar, sem mynda uppistöðuna í íslenski gerð lagsins, ávallt til staðar í einhverjum tveimur röddum á sama tíma. Þær eru þó á sifeldri hreyfingu og aldrei í sömu röddum tvisvar í röð.

Í hinu yngsta íslensku tvísöngshandritanna er lagið nokkuð áþekkt upphaflegu gerðinni í *Llibre vermell*. Lbs 496 8vo er ritað með hendi síra Þorsteins Ketilssonar á Hrafnagili (1688–1754) og telur Páll Eggert Ólason það vera skrifað um 1750. Hér er *Ó Jesú sjálfs guðs son* ritað við fyrsta vísuorð íslenska textans (þrjár hendingar í hvorri rödd). Töntegundin er dórísk og efri röddin er samhljóða *Llibre vermell* (sjá nótnadæmi 2). Raddirnar víxlast milli fyrstu og annarrar hendingar, en í þriðju hendingu gerir neðri röddin sérkennilega tilraun til niðurlags. Hún fylgir lagrænni hreyfingu efri raddarinnar í stórum dráttum, en tónbilin eru önnur, með þeirri afleiðingu að fyrsta tónbil

¹¹ Það kann að virðast mótsagnakennt, en þar sem lagið er nóterað einradda í Boreal 113 líkist þetta handrit mest frumgerðinni í *Llibre vermell* hvað nótnamyndina sjálfa snertir. Ólíkt *Llibre vermell* eru hins vegar engar vísbendingar um það í Boreal 113 að skrifarinn hafi ætlað lagið til keðjusöngs.




Nótadæmi 2. *Ó Jesú sjálfs guðs son* (Lbs 496 8vo: 157/ii r).

milli raddanna er fimmund (*f-c*), þá ferund (*d-g*) og loks þríund (*f-a*). Tengsl milli hendinga má tákna á þennan hátt:

A B C
B A D

AM 102 8vo er sálmahandrit frá síðari hluta 17. aldar. Á því eru ýmsar hendur og er vitað að Guðbrandur, sonur sr. Jóns Arasonar í Vatnsfirði, ritaði fyrsta hluta handritsins. Í síðasta hluta handritsins er að finna nótur, níu tvísöngslög auk tveggja sálma fyrir fjórar raddir sem eignaðir eru þýska tónskáldinu Statius Olthof.¹² *Ó Jesú sjálfs guðs son* er hér ritað tvisvar í gegn í dórískri tóntegund (sjá nótadæmi 3). Hér er þó ekki um eiginleg raddvíxl að ræða eins og í Lbs 496 8vo. Önnur hending efri raddar er ekki nákvæm eftirlíking af fyrstu hendingu neðri raddar, heldur hefur miðnótunni verið breytt svo tónbilið milli raddanna er fimmund í stað þríundar (*c-g* í stað *e-g*). Þá hefur eitthvað farið í handaskolum þegar kemur að síðustu hendingunni. Í það minnsta er nærri óhugsandi að tónbilið á næstsíðasta atkvæðinu geti verið svo ómstrítt sem stór níund, *c-d*⁷. Tengsl hendinganna eru hér eftirfarandi:



Nótadæmi 3. *Ó Jesú sjálfs guðs son* (AM 102 8vo:127v–128r).

B C C
A B D

¹² Sjá Margrét Eggertsdóttir, Kristján Eiríksson og Svanhildur Óskarsdóttir 2002:211, Árni Heimir Ingólfsson 2003:23, 31.

Rask 98 er elsta íslenska handritið sem geymir uppskrift af *Ó Jesú sjálfs guðs son*, en um leið er sú gerð fjærst laginu eins og það er í *Llibre vermell* (sjá nótnadæmi 4). Rask 98 er eitt merkasta íslenska nótnahandrit sem varðveist hefur í heilu lagi og taldi Jón Helgason það ritað eigi síðar en 1660–70 (Jón Helgason 1963:xxvi). Hér hefur *Ó Jesú sjálfs guðs son* verið tónflutt upp stóra þríund svo að tóntegundin er F-lýdísk. *Stimmtausch*-eiginleikarnir eru hins vegar skýrari hér en í AM 102 8vo, þar eð raddirnar víxlast milli fyrstu og annarrar hendingar. Lagið er skrifað út tvisvar, og neðri röddin í fyrri skiptið verður að efri rödd í endurtekningunni, en mótröddin er hins vegar ekki sú sama. Í seinna skiptið er önnur hending neðri raddar skrifuð þríund hærra en í fyrri hlutanum (*c-h-a* í stað *a-g-f*). Lokahendingin tekur svo enn óvæntari stefnu, tveir síðustu tónarnir hljóma sjöund hærra en á samsvarandi stað í fyrri hlutanum, svo að laginu lýkur á dúr-þríund (*c-e*) í stað fimmundarinnar sem var niðurlag fyrri hlutans (*f-c*). Í öllum þremur handritunum er það því lokahendingin — sú sem er ekki í beinum tengslum við hinar tvær audlærðari sem fara á undan, og eina tónefnið í íslensku gerðinni sem ekki er að finna í upprunalega keðjusöngnum — sem hefur vafist fyrir skrifurunum.

The image shows a musical score for two voices. The top staff is in treble clef and the bottom staff is in bass clef. The lyrics are written below the notes. The melody consists of a series of eighth notes, with some rests. The lyrics are: Ó Jes - ú, sjálfs guðs son, sé þér lof, hjálp - a nú, náð - ar von, neyð er of.

Nótnadæmi 4. *Ó Jesú sjálfs guðs son* (Rask 98:73r/nr. 200).

B A C / A B D

A B D / B A E

Hvað nóturnar varðar eru leshættir íslensku handritanna nægilega ólíkir til að sú spurning vakni hvort hægt sé að ætla þá runna af sameiginlegu forriti eða hvort hugsanlega sé um að ræða þrjú fullkomlega sjálfstæð handrit. Upprunalega lagið, þ.e. *Laudemus virginem*, er sannarlega nógu einfalt til að hægt sé að læra það utanað.¹³ Ekki hefur það heldur spillt fyrir ef upprunalegi text-

¹³ Sbr. Newses : "...the pilgrim's songs labelled 'caça' in the late 14th-century 'Llibre vermell' are round canons for two or three voices that untrained singers might easily have learnt without the benefit of notation" (2001:408).

inn var lengri en sá sem er varðveittur í *Llibre vermell*. Pílagrímar hafa væntanlega átt auðveldara með að læra lagið hafi það verið endurtekið í sífellu við nýjan kveðskap. Þannig verður enn líklegra að lagið hafi flust langa veginu, jafnvel norður að Dumbshafi, án þess að nóturnar hafi fylgt með.

3. Textarnir

Tilgátan um munnlega geymd lagsins á Íslandi styrkist þegar textar íslensku handritanna eru skoðaðir nánar. Þeir eru mislangir í þeim handritum sem geyma tvíradða gerðina: 8 vísuorð í Rask 98, 21 vísuorð í AM 102 8vo og 22 í Lbs 496 4to. Grundvallareinkenni textans eru þau sömu þótt innihaldið sé frábrugðið frá einu handriti til annars. Vísuorðin raðast yfirleitt tvö og tvö saman og tengjast með endarími, t.d. „lof/of“ og „biðjum/iðjum“ (Rask 98 og Lbs 496 8vo). Auk þess er innrím í mörgum vísuorðum í lok fyrstu og annarrar hendingar (t.d. „náð oss tjá, nóg er há“ í AM 102 8vo), sem undirstrikar raddvíxlin sem eiga sér stað í tónlistinni einmitt í þessum hluta lagsins. Textarunan er sett saman úr stuttum hendingum sem virðist mega raða saman á ýmsa vegu án þess að merking þeirra tapist. Raunar minna ákveðin einkenni textans helst á þulur: hann er án erindaskila, með óreglulegri stuðlasetningu og ljóðlínunum lýkur á einföldu samrími.¹⁴

Í Rask 98 eru átta ljóðlínur sem allar ríma tvær og tvær.

O Jesu sialfs Gudz son sie þier lof
hialpa nu nädar von neid er of
3 þung og stör þar fyrer þig bidium
grædari vor gief ad vier gott idium
myskun þijn mestu naud mædu af
6 säl var mijn sindum daud sælu gaf
hann sem räd hefur a himni og jörd
þvi skal tia þeim allt ma þackargiord.

¹⁴ Kjarngóða skilgreiningu á þulu er að finna í grein Jóns Samsonarsonar 1983:310–12. Vita-skuld er hér ekki átt við að textann við *Ó Jesú sjálfs guðs son* megi beinlínis flokka sem þulu, þar sem of margt kemur ekki heim við skilgreiningu Jóns, t.d. jafnlangar ljóðlínur, innrím, og regluleg hrynjandi, sem ákvarðast vitaskuld af laginu sjálfu. Textinn á þó sameiginlegt með þuluforninu að vera langur og skiptast ekki í erindi. Hann virðist hafa varðveist í munnlegri geymd, a.m.k. að hluta.

Í hinum tvísöngshandritunum tveimur er textinn mun lengri. Í Lbs 496 8vo myndar hvert þar vísuorða endarím sín á milli og aðeins eina augljósa villu er að finna í textanum (í línu 14, þar sem miðhlutann „gjörðir oss“ vantar).

- O Jesu siälfz gudz son sie þier lof
 näda þu nädar von neid er of
 3 þung og stör þar fyrer þig bidium
 grædare vor gef ad vier gott ydium
 þü sem ad hefur rad ä himni og jörd
 6 þier skal tia sem allt mä þackargiörd
 sem leister lijde þin löstum frä
 og svipter särre þin saudi smä
 9 þar fyrer þackar þier þiodin oll
 bodader brögnum hier blijd gudspioll
 þa fallner vorum vier virdtist þu
 12 nad osz tiä nög er hä nægdin su
 diófull flär dalegt sar dreingium biö
 galltst a krosz [gjörder osz] gudz born þo
 15 jesu christ jesu christ jesu christ
 sonur guds sem til daudz særdur ert vist
 veit oz lid vara vid vondum sid
 18 ad hiä þier allir vier eignunst frid
 svipt osz naud sanni gud verndin vor
 einkum þä osz vill þiä daudans dör
 21 einum þier æran ber allann tijd
 allra þu aukir tru är og sijd.

Ekki tókst skrifara AM 102 8vo jafn vel upp. Hér gengur textinn úr skaftinu strax í annarri línu. Seinni hlutann af „lof/of“-tvíhendunni vantar og skrifarinn byrjar þess í stað á nýrri tvíhendu („frá/smá“)¹⁵. Í framhaldinu gengur lítið betur. Rímið við „öll“ í 4. línu birtist t.d. ekki fyrr en í 7. línu („gudspjöll“), og undir lokin kemst skrifarinn enn í ógöngur með því að láta 18. línu

¹⁵ Hendingaskipan lagsins er í samræmi við það sem nefnt er á íslensku „undanfari/afleiðing“ (e. *antecedent/consequent*), þ.e. tvær hendingar þar sem seinni hendingin svarar þeirri fyrri og skapar þannig ákveðið jafnvægi. Skrifari *Libre vermell* hefur augskýrnlega áttað sig á þessu þar sem hann ritar lagið tvisvar í gegn (sbr. undanfari/afleiðing), þótt hendingarnar séu samhljóða. Þegar stakt vísuorð kemur fyrir í íslenska textanum (eins og gerist strax í upphafi í AM 102 8vo) riðlast kerfið þannig að textinn stangast á við hendingar lagsins allt til enda.

(„verð“) ríma við þá 19. („jörð“). Sú lína virðist nefnilega eiga að ríma við þá 20. („þakkargjörð“), eins og í bæði Rask 98 og Lbs 496 8vo. Til að koma sér úr klípunni velur skrifarinn þá einföldu en lítt skáldlegu lausn að endurtaka síðasta orðið þrisvar sinnum og búa þannig til aukalínu: „þakkargjörð, þakkargjörð, þakkargjörð“.

O Jesu sialfs guds son, sie þier lof
 sem leister lýdj þijn lóstumm frä
 3 og suipter särtj pyn saude smä
 þar fyrer þackar þier þiödinn øll
 näd oss tiä nög er hä nægdinn su
 6 diófull flär därligt sar dreingiumm biö
 bodid er brógnum hier blýd gudspjóll
 þä fallnir vorum vier virtist þu
 9 gallst ä kross giórder oss guds bórn þö
 jesu christ jesu christ [jesu christ]
 sonur guds sem til dauds særdur ert vijst
 12 veit oss lid vara vid vondumm sid
 ad hia þier allir vier erfum frid
 suipt oss naud sanne gud verndinn vor
 15 einkumm þä oss vill þiä daudanz dor
 einumm þier æra ber allann týd
 allra þu auker tru är og sýd
 18 lijkn su sem leisti heim lof er verd
 sä sem ad hefur räd ä himni og iórd
 þeim skal tiä sem allt mä þackargjórd
 21 þackargiórd, þackargiórd, þackargiórd
 Amen.

Séu textarnir bornir saman virðist engin sérstök regla vera um í hvaða röð vísuorðapörin eiga að vera, nema þegar *enjambement* gerir kröfu um framhald merkingarinnar vegna, (t.d. „neyð er of/þung og stór“; eða „sauði smá/þar fyrir“). Af 8 vísuorðum í Rask 98 koma sex einnig fyrir í Lbs 496 8vo; fyrrnefnda handritið skýtur inn tveimur vísuorðum sem ekki finnast annars staðar (nr. 5 og 6). Framvindan í lengri textunum tveimur á margt sameiginlegt þótt hér beri einnig nokkuð á milli. Samræmi er milli handritanna frá vísuorðum 7–22 í Lbs 496 8vo (sbr. línur 2–17 í AM 102 8vo). Aðeins tveimur hendingapörum er víxlað, þannig að í AM 102 8vo koma hendingarnar „náð

oss tjá/ djöfull flár“ (12 og 13 í Lbs 496 8vo) á undan „boðið er/pá fallnir“ (10 og 11 í Lbs 496 8vo). Síðasta erindið í AM 102 8vo er samhljóða 5. og 6. línu í Lbs 496 8vo.

Ýmislegt bendir til þess að skrifarar handritanna þriggja hafi helst reitt sig á eigin minni þegar þeir festu á blað tóna og texta við tvísöngslagið *Ó Jesú sjálfs guðs son*. Hvað sem því líður er tilvist Maríusöngsins frá Montserrat í íslenskum handritum til marks um að landsmenn tóku opnum örmum þeirri einföldu fjölröddun sem hingað barst frá meginlandi Evrópu. Í fábreytilegu sönglífi Íslendinga á 17. og 18. öld gáfu söngvar á borð við *Ó Jesú sjálfs guðs son* mönnum kærkomið tækifæri til að stilla saman raddir sínar. Þeir sem næmir voru hafa kannski greint í samhljómunum dauft bergmál heimsmenn-ingarinnar, jafnvel þótt meira en þrjár aldir væru liðnar frá því að lagið var skrifað á skinn í katalónsku fjallaklaustri.

HEIMILDIR

Handrit

Rask 98

AM 102 8vo

Lbs 495 8vo

Lbs 496 8vo

Boreal 113

Bibl de la Abadía Ms 1

Rannsóknir

Anglés, Higinio. 1955. „El «Llibre Vermell» de Montserrat y los cantos y la danza sacra de los peregrinos durante el siglo XIV“. *Anuario musical* 10:45–78.

Annálar 1400–1800 I–VI. 1922–1988. Útg. Hannes Þorsteinsson et al. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Árni Heimir Ingólfsson. 2003. The Buchanan Psalter and its Icelandic Transmission. *Gripla* 14:7–46.

Ásdís Egilsdóttir. 2003. Dýrtingur Vestfjarða? Um Hrafns sögu Sveinbjarnarsonar. *Arsrit Sögufélags Ísfirðinga* 43:103–113.

Björn Þorsteinsson, Guðrún Ása Grímsdóttir og Sigurður Líndal. 1989. Norska öldin. *Saga Íslands* IV:61–258. Ritstj. Sigurður Líndal. Hið íslenska bókmenntafélag / Sögufélag, Reykjavík.

Einar Arnórsson. 1954–58. Suðurgöngur Íslendinga í fornöld. *Saga* 2:1–45.

Goicoechea Arrondo, Eusebio. 1989. Pilgrimage Songs. *The Santiago de Compostela Pilgrim Routes:77–89*. Council of Europe, Strasbourg.

Gómez Muntané, Maricarmen. 2001. *La música medieval en España*. Edition Reich- enberger, Kassel.

- Jón Helgason (útg.). 1963. *Íslensk fornkvæði IV*. Editiones Arnarnænar. Series B. Munksgaard, Kaupmannahöfn.
- Jón Samsonarson. 1983. Þula. *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*:310–312. Ritsstj. Jakob Benediktsson. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Llibre vermell de Montserrat*. 1989. Útg. Dom Francesc Xavier Altés i Aguiló. Fundació Revista de Catalunya, Barcelona.
- Llompert, Gabriel. 1984. Das Mirakelbuch des Abtes Pedro de Burgos und die Fahrten von Pilgern aus Mallorca zum Wallfahrtsort Santa Maria de Montserrat. *Wallfahrt kennt keine Grenzen*:473–482. Ritsstj. Lenz Kriss-Rettenbeck og Gerda Möhler. Verlag Schnell & Steiner, München.
- Margrét Eggertsdóttir, Kristján Eiríksson og Svanhildur Óskarsdóttir (útg.). 2002. *Hallgrímur Pétursson. Ljóðmæli 2*. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Newes, Virginia E. 2001. Chace. *New Grove Dictionary of Music and Musicians 5*: 408–410. Macmillan, London.
- Polyphonic Music of the Fourteenth Century 23b*. 1991. Ritsstj. Cattin, Giulio, Francesco Facchin og Maricarmen Gómez. L'oiseau lyre, Monaco.
- Reaney, Gilbert. 1969. *Manuscripts of Polyphonic Music, ca. 1320–1400 (RISM B IV²)*. G. Henle Verlag, München-Duisburg.
- Ribas i Calaf, Benet (Francesc Xavier Altés i Aguiló útg.). 1997. *Annals de Montserrat (1258–1485)*. Publications de l'Abadia de Montserrat, Montserrat.
- Róbert A. Ottósson. 1969. Ein fægur Saung Vijsa. *Afmælisrit Jóns Helgasonar 30. júní 1969*:251–59. Ritsstj. Jakob Benediktsson et al. Heimskringla, Reykjavík.
- Paulo G. Caucci von Saucken (útg.). 1983. *I testi italiani del viaggio e pellegrinaggio a Santiago de Compostela e diorama sulla Galizia*. Università degli studi di Perugia, Perugia.
- Scozzi, Sylvia. 2002. Problems of Vocal Performance Practice in the *Cantigas de Santa Maria* and the *Llibre Vermell*. *Polifonie 2*:305–315.
- Spanke, Hans. 1930. Tanzmusik in der Kirche des Mittelalters. *Neuphilologische Mitteilungen 31*:143–170.
- Treitler, Leo. 1981. The Transmission of Medieval Music. *Speculum 56*:471–491.
- Ursprung, Otto. 1921. Spanisch-katalanische Liedkunst des 14. Jahrhunderts. *Zeitschrift für Musikwissenschaft 4*:136–60.

SUMMARY

The *Llibre vermell* is a miscellany copied at the monastery of Montserrat no later than 1399. Among its contents are ten songs to Latin and Catalan texts, including three *cac-cie*, canons that can be sung in either two or three parts (21v–27r). One of these, *Laudemus virginem*, appears as a contrafactum (*Ó Jesú sjálfs guðs son*) with musical notation in four Icelandic manuscripts, of which three transmit the music in two-part polyphony: Rask 98 (ca. 1660–70), AM 102 8vo (ca. 1650–1700), and Lbs 495 8vo (ca. 1750). One further manuscript transmits the Icelandic text without notation.

Unlike the original canon, the two voices sing together from start to finish in the Icelandic two-part version. Musically, *Ó Jesú sjálfs guðs son* is best described as a *Stimmtausch* piece with a voice-exchange between the first and second phrase. The third phrase bears the least resemblance to the original, and here each of the Icelandic manuscripts contains a different version. The Icelandic texts, while similar in content,

also differ greatly in length and order of verses. Given the simplicity of the musical material, it seems plausible that the Icelandic two-part versions represent independent attempts by three different scribes to notate music and text that was part of an oral tradition.

No documents have survived that would allow us to posit a connection between Iceland and the monastery of Montserrat in the 15th or 16th centuries. Although the monastery was a renowned site for pilgrims from all over the world, no Icelanders can be documented to be among them. Björn Einarsson (*Jórsalafari*) is known to have travelled from Venice to Santiago de Compostela in the first decade of the 15th century. One of the more common routes would have taken him through Montserrat and Barcelona only a decade after the writing of *Llibre vermell*. A simple piece of music such as *Laudemus virginem* could nevertheless have travelled via various intermediary routes, including France or Germany.

Árni Heimir Ingólfsson
Listaháskóla Íslands
Sölvhólsgötu 13
101 Reykjavík
arniheimir@lhi.is

HARALDUR BERNHARÐSSON

AFDRIF *kk*-TÁKNS FYRSTU MÁLFRÆÐIRITGERÐARINNAR

Um táknbeitingu nokkurra þrettánda aldar skrifara

1. Inngangur

TÁKNIÐ ‘lc’ var notað fyrir *kk* í nokkrum íslenskum handritum á tólftu og þrettánda öld; það er sjaldséð eftir 1300 og hverfur alveg, að því er virðist, á fjórtánda öld (sjá til dæmis Lindblad 1954:308–16 og Stefán Karlsson 2002: 835). Notkun þess í íslenskum handritum á sér ekki hliðstæðu í grannlöndunum og þessi táknbeiting virðist því vera algjörlega íslensk (Hreinn Benediktsson 1965:46). Hér verður hugað að afdrifum þessa tákns og þeim áhrifum sem það hafði á táknbeitingu skrifara sem ekki notuðu það.¹

2. Fyrsta málfræðiritgerðin: ‘lc’ – stafur með sinn vöxt

Hinn óþekkti höfundur Fyrstu málfræðiritgerðarinnar lagði sem kunnugt er til að löng samhljóð skyldi tákna með „vexti höfuðstafsins“, svonefndum hásteflingum, og skyldi þá einn stafur gilda jafnmikið og tveir væru ritnir „til þess að rit verði minna og skjótara og bókfell drjúgara“ (útg. 1972:230, sbr. einnig bls. 242; stafsetning samræmd hér og eftirleiðis). Hástafir fengu þannig nýtt gildi eða nýja *jartein*, eins og það er kallað í ritgerðinni, til viðbótar þeirri er þeir höfðu áður.² Ritgerðarhöfundur styður þessa tillögu sína dæmum er sýna

¹ Grein þessi er að stofni til fyrirlestur er ég flutti í málstofunni „Skrift og bókagerð á miðöldum“ á Hugvísindapingi í Háskóla Íslands 31. október 2003. Þáttakendum þar þakka ég gagnlegar umræður. Guðvarður Már Gunnlaugsson, Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, Karl G. Johansson, Stefán Karlsson og ritstjórar *Griplu* lásu eldri gerð greinarinnar og bentu á ýmislegt sem betur mætti fara. Þeir bera þó auðvitað enga ábyrgð á göllum sem enn kunna að finnast. Verk þetta var unnið með styrk frá Vísindasjóði Rannsóknamiðstöðvar Íslands.

² Hjá höfundi Fyrstu málfræðiritgerðarinnar er *stafur* grunnhugtak sem á sér þrjá eðlisþætti, *nafn* (þ.e. nafn stafsins), *líkneski* (þ.e. sköpulag stafsins) og *jartein* (þ.e. gildi stafsins) er svara til *nomen*, *figura* og *potestas*, eðlisþátta *littera*, í málfræðihefð miðalda (sjá Hreinn Benediktsson 1972:42–44).


glögglega þörf aðgreiningar stuttra og langra samhljóða, svo sem *þagað* : *þagað* („Betra er hverjum fyrr *þagað* en annar hafi *þagað*“), *vina* : *vina* („Sá er mestur guðs *vina* er mest vill til *vina*“) eða *hver* : *hver*, *fúl* : *fús* („*Hver* kona og *hver* karlmaður skyldu þess *fúl* sem guð er *fús*“) (útg. 1972:244–246).³

Í umfjöllun sinni um stutt samhljóð lýsti höfundur ritgerðarinnar þeirri skoðun sinni að gómhljóðið *k* skyldi tákna með bókstafnum ‘c’ en á hinn bóginn væru ‘k’ og ‘q’ óþarfir; „þá tek ég úr stafrófi báða,“ segir hann (útg. 1972:234). Þá skapast vandi því að stórt ‘c’ (hástafurinn eða hásteflingurinn) hefur sama vöxt og lítið ‘c’ (lágstafurinn) og það því ekki nothæft til að tákna hið langa *kk*; of vandasamt yrði að gera greinarmun á þessum stöfum. Vandann leysir höfundur ritgerðarinnar með því að kynna til sögunnar sérstakt tákn fyrir *kk*, stafinn ‘lc’ sem að hans sögn stendur í grísku og heitir *kappa* — hann hefur nefnilega sinn vöxt og er því aðgreinanlegur frá stafnum ‘c’ (útg. 1972:234–36). Með því fæst skýr aðgreining stutts *k* og langs *kk* í riti, eins og höfundur sýnir með dæmum: „*secur* er skógarmaður en *sekur* er ílát“ (útg. 1972:244).

Niðurstaðan er þá sú að stutt *k* skuli táknað með stafnum ‘c’ og engu öðru en hið langa *kk* með nýja tákningu ‘lc’. Höfundur ritgerðarinnar sér ástæðu til að rökstyðja nauðsyn þess að greina að stutt og löng samhljóð í stafsetningu, rétt eins og hann færir rök fyrir sérstakri tákningu nefkveðinna sérhljóða og aðgreiningu stuttra sérhljóða og langra. Þetta má ef til vill skilja á þá leið að samtímamenn ritgerðarhöfundar hafi lítið hirt um aðgreiningu stuttra og langra samhljóða í stafsetningu og hér sé hann því að mæla fyrir nýjung í stafsetningu. Hvað sem því líður er sú aðferð að nota hástafi eða hásteflinga til að tákna löng samhljóð frumleg og ekki ósennilegt að þetta sé hugmynd höfundarins sjálfs (Hreinn Benediktsson 1965:46, 81–82; 1972:27, 89–90).

Uppruni táknsins ‘lc’ er nokkuð óljós og ekki umfjöllunarefni að þessu sinni. Það er ekki að finna í norskum handritum og sitthvað bendir til þess að notkun þess í íslenskum handritum eigi rætur sínar að rekja til Fyrstu málfræðiritgerðarinnar (Hreinn Benediktsson 1965:46; 1972:27–28). Erfitt er að kveða upp úr með vissu um hvar höfundur Fyrstu málfræðiritgerðarinnar muni

³ Höfundur Fyrstu málfræðiritgerðarinnar talar um höfuðstafi eða samhljóðendur með höfuðstafs líkneski en af orðum hans má þó ráða að hann hugsar sér að hástafir þeir er tákna áttu tvöfalda samhljóða skyldu ekki stærri en venjulegir lágstafir: „...ég rít[ka] þá höfuðstafi stærri en aðra í riti er eigi standa í vers upphafi og skulu tvo stafi jarteina...“ (útg. 1972:234 með lagfæringu textans og skýringum). Skömmu síðar talar hann um „hina smærri höfuðstafi“ (útg. 1972:236). Þessir hástafir eru því gjarna nefndir *hásteflingar*.



Sýnishorn af k í orðinu 'eke' í 2. línu af bl. 52r 1–3 úr Íslensku hómiljubókinni, Sth perg nr. 15 4to.

hafa kynnst tákninu 'lc'. Það er ættað úr grískri skrift, eins og höfundurinn nefnir sjálfur, svokallaðri þumlungsskrift (e. *uncial*), og bregður fyrir til að mynda í þýskum handritum frá níundu öld og fram á þá tólftu þar sem það stendur fyrir stutt *k* (Spehr 1929:87–88, 90–91). Ef til vill hefur höfundur Fyrstu málfræðiritgerðarinnar þekkt til grískra handrita þar sem þumlungsskrift var notuð í fyrirsagnir. Þar hefur 'lc' haft stöðu hástafs og því komið í góðar þarfir þegar finna þurfti hástaf á móti 'c' í stafróf Fyrstu málfræðiritgerðarinnar.⁴

3. Afdrif *kk*-táknins

Enda þótt stafsetningartillögum Fyrstu málfræðiritgerðarinnar sé hvergi fylgt til neinnar hlítar í varðveittum handritum má þó sjá áhrif þessara tillagna, til að mynda í notkun hásteflinga. Hásteflinga er að finna að einhverju marki í mjög mörgum handritum á þrettánda öld og notkun þeirra lifir fram eftir fjórtánda öld. Táknun *kk* með 'lc' má sjá í nokkrum handritum á tólftu og þrettánda öld en 'lc' varð þó aldrei sérlega algengt tákn og er oftast notað jafnframt annars konar táknun á *kk*, svo sem 'ck', tvíritun 'k' eða 'c' eða 'k' eða 'c' með depli yfir. Smám saman vinnur þó 'ck' á og verður ríkjandi táknun fyrir *kk* á fjórtánda öld (Stefán Karlsson 1989:39/2000:52; sjá einnig Lindblad 1954:308–16 og Stefán Karlsson 2002:835).⁵

⁴ Lögun stafsins í íslenskum handritum má sjá á handritasýnishornum í yfirlitsriti Hreins Benediktssonar (1965), til dæmis 'geke' í sýni nr. 8, línu 14 (Sth perg 15 4to frá um 1200), 'æki' í nr. 53, línu 15 (AM 325 VII 4to frá um 1250–1300), 'drake' í nr. 62, línu 12 (AM 325 XI 2 e 4to frá um 1250–1300) eða 'gælc' í nr. 67, línu 22 (AM 655 XVI 4to frá um 1250–1300).

⁵ Allar götur fram á sautjándu öld verður þess vart að 'lc' hefur orðið skrifurum tilefni heilabrota. Táknid kemur við sögu í lögbókarskýringum Björns Jónssonar á Skarðsá, *Dimmun fornryðum lögbókar*. Í eiginhandarriti Björns, AM 61 a 8vo (stafrófsraðargerð orðskýringanna), skýrir hann orðið *staka* (no., kvk.) sem hann telur að eigi réttu lagi að vera *stakka* en myndin *staka* er að hans dómi til orðin við mislestur fornra handrita: „Þeir hinir gömlu

Þegar undir lok tólftu aldar má sjá að 'lc' er að minnsta kosti sumum skrifurum framandi og tákneiting þeirra er hugsanlega óbein heimild um notkun 'lc'. Í GKS 1812 IV 4to (Rímbeglu) frá um 1192 er 'lc' ekki að finna og *kk* er þar oftast táknað með 'ck' eða tvírituninni 'kk'. Einu sinni er *kk* þó táknað með 'kc', samstöfu sem er þó annars fremur sjaldgæf í íslenskum handritum (Larsson 1883:xvii). Ekki virðist ósennilegt að í forriti GKS 1812 IV 4to hafi þarna verið notað 'lc' til að tákna *kk* og skrifari GKS 1812 IV 4to, ef til vill lítið kunnugur þessu tákni og hugmyndum Fyrstu málfraeðiritgerðarinnar, hafi lítið svo á að 'lc' væri límingarstafur myndaður af 'k' og 'c'; hann mætti því líka rita sem 'k' og 'c'. Fleiri slík dæmi er að finna í handritum frá þrettánda öld (Hreinn Benediktsson 1965:83–84) og þau eru að öllum líkindum óbeinar heimildir um notkun 'lc': þegar skrifari rekst á 'lc' í forriti og það er ekki hluti af táknerfi hans setur hann einfaldlega annað tákni í staðinn. Þetta gera skrifarar að öllum jafnaði kerfisbundið en þó kemur fyrir að þeir gleyma sér og áhrif úr forriti birtast til að mynda þegar eitt einstakt dæmi um 'kc' fyrir *kk* birtist í stað hins reglulega 'ck'.⁶

Í AM 392 I fol eru leifar veglegs Heimskringluhandrits frá lokum þrettánda aldar. Þetta eru tvö illa farin blöð úr stórrí og vandaðri bók í líku broti og Flateyjarbók. Skrifarinn hefur að dómi Ólafs Halldórssonar (1992:251–56) verið vanur maður og hann hefur vandað til verka. Stafagerð er regluleg en á ýmsan hátt sérkennileg. Þar kemur 'lc' fyrir en þessi vani skrifari fylgir ekki upphaflegri notkun þess heldur beitir hann því eins og það sé límingur úr 'l' og 'c' og notar það að minnsta kosti fimm sinnum fyrir *lk* í orðinu 'folk' *folk*

hafa skrifað soddan staf: 'lc', sem gilda skuli fyrir tvo, og það villir vorar bækur“ (21v; stafsetning samræmd hér). Í handriti Björns hefur stafurinn sömu mynd og hann hefur að jafnaði í þrettánda og fjórtánda aldar skrift. Athygli vekur að í uppskrift Jóns Erlendssonar á þessum texta í NKS 1281 fol, bl. 127r, hefur stafurinn allt annað sköpulag og líkist einna helst stóru eins hólfis 'k'. Í forriti Jóns, Lbs 8 fol (16v) með hendi Hákonar Ormssonar, hefur stafurinn sama sköpulag en á spássíu hefur verið bætt við tákunina 'lc' í sinni upprunalegu mynd; því hefur þá líklega verið bætt við á spássíuna eftir að Jón skrifaði eftir handritinu. Í Lbs 8 fol (og uppskrift Jóns) er þessari klausu bætt við texta Björns: „Les bækling Gunnlaugs múks, eður Skáldu, sem vér svo nefnum.“ Sjá einnig um 'lc' í Landnámuuppskrift Jóns Erlendssonar í AM 107 fol hjá Ólafi Halldórssyni 1981:208–209/1990:179–80. Ég þakka Gísla Baldri Róbertssyni fyrir að vekja athygli mína á þessum dæmum.

⁶ Hjá þriðju hendi Sth þerg 4 fol frá um 1275–1300 er að finna dæmi um tákun *kk* með 'kc'. Jon Gunnar Jørgensen (1985) færir fyrir því margvísleg rök að skrifarinn sé íslenskur og bendir einmitt á að tákunin 'kc' sýni enn fremur að skrifarinn hafi að öllum líkindum notað íslenskt forrit með 'lc'.

en *lk* er þó einnig táknað á venjubundinn hátt með ‘l’ og ‘k’. Í kerfi þessa skrifara er ‘lc’ því táknbrigði af samstöfunni ‘lk’ og sú notkun á augljóslega rætur að rekja til nýs skilnings á tákningu ‘lc’ úr Fyrstu málfræðiritgerðinni.⁷

Í nokkrum þrettánda aldar handritum er *kk* á stöku stað táknað með einföldu ‘k’; þetta eru stakdæmi, frávik frá reglulegri tákningu skrifarans, oftast með ‘c’ eða ‘k’ (Hreinn Benediktsson 1965:83–84). Þau má líka hugsanlega túlka sem óbeinan vitnisburð um táknið ‘lc’ í forriti: skrifarinn hefur gleymt sér og ‘lc’ í forriti hefur orðið ‘k’ í uppskrift; skrifarinn hefur lítið svo á að ‘lc’ væri táknbrigði ‘k’.

Þessi dæmi vitna þá ef að líkum lætur um tvennt: (i) um notkun ‘lc’ í forritum þessara handrita og (ii) um ókunnugleika skrifaranna; þeir umtúlka táknið vegna þess að þeir þekkja ekki upphaflega notkun þess. Mikilvægt er þó að taka eftir því að þetta eru stakdæmi, örfá frávik frá ríkjandi táknerfi skrifaranna, eins og þeir hafi gleymt sér.

Lítum þá á tvö handrit sem sýna einkenni sem eru lík þessum en þó samt um leið ákaflega ólík í eðli sínu. Þetta er tákneiting skrifara AM 645 A 4to frá um 1220 og AM 677 B 4to frá um 1200–1225; þar er einfalt ‘k’ hin reglulega tákningu á *kk*. Hér er greinilega eitthvað annað á seyði en í framangreindum dæmum og vert að gefa því gaum.

Í AM 645 A 4to með Jarteinabók Þorláks helga og nokkrum postulasögum á 42 blöðum eru að tali Larssons (1885:lxxii–lxxvi) nákvæmlega 178 dæmi um að *kk* sé táknað með einföldu ‘k’, 32 með ‘c’ og eitt einasta gagnæmi um tákningu með ‘cc’. Hvernig ber að skilja þetta? Var ‘lc’ notað alls staðar í forriti en skrifari AM 645 A 4to hafnaði því í öllum tilvikum og setti ‘k’ eða ‘c’ í staðinn?⁸

Í AM 677 B 4to með prédikunum og Viðræðum Gregors á 35 blöðum eru tæplega eitt hundrað dæmi um tákningu *kk* með einföldu ‘k’, 25 dæmi með ‘c’, sjö með ‘cc’ og þrjú með ‘ck’; ‘cq’ er þó reglulega notað fyrir *kk* á undan *v* í orðum eins og *nekkverr* (Weinstock 1967:102–103, sbr. 1967:52). Sama spurn-

⁷ Af hásteflingum notar skrifari AM 392 I fol aðeins ‘r’ og ‘s’ en *kk* er oftast táknað ‘ck’.

⁸ AM 645 4to er sett saman úr tveimur hlutum, A-hluta og B-hluta, sem upprunalega hafa tilheyrt sinni bókinni hvor. Á A-hlutanum, bl. 1–42, eru Jarteinabók Þorláks biskups, Klemens saga, Péturs saga postula, Jakobs saga postula, Barthólómeus saga postula, Mattheus saga postula og Andrés saga postula. Á B-hlutanum, bl. 43–66, eru Andrés saga postula, Páls saga postula, Niðurstigningar saga og Marteins saga biskups (Kálund, *Katalog* 2:51–52; sjá einnig Holtmark 1938). A-hlutinn er tímasettur til um 1220 en B-hlutinn til um 1225–1250 (*ONP*:458; sbr. Hreinn Benediktsson 1965:xx)

ing vaknar hér: var ‘lc’ ríkjandi táknun á langa gómhljóðinu í forriti en skrifari AM 677 B 4to taldi það ónothæft og setti einfalt ‘k’ eða ‘c’ í staðinn?⁹

Til þess að leita svara við þessu er nauðsynlegt að grafast fyrir um verklag skrifaranna. Hvað vitum við — eða teljum okkur vita — um vinnubrögð íslenskra skrifara á miðöldum?

4. Skrifari – forrit – skrifstofa

Karl G. Johansson (1997) hefur nýlega fjallað rækilega um vinnubrögð skrifara Wormsbókar, AM 242 fol. Að dómi Karls (1997:123–34) höfum við ríka ástæðu til að ætla að íslenskir miðaldaskrifarar hafi fylgt ákveðnu viðmiði eða „normi“ þegar þeir skrifuðu; bæði þegar þeir skrifuðu eftir fyrirsögn og þegar þeir skrifuðu eftir forriti. Þegar þeir skrifuðu eftir forriti má því segja að þeir hafi samræmt stafsetningu að ákveðnu marki, en þetta viðmið hafði einnig áhrif á makrópaleógrafíska þætti eins og val tákna og ýmsa míkrópaleógrafíska þætti er snúa að gerð tákna sjálfra. Ekki var um að ræða nein opinber viðmið á þrettánda öld, skrifarar höfðu ekki aðgang að mótuðum stafsetningarreglum frá opinberri stofnun eins og nú á tímum; en viðmið var þó engu að síður fyrir hendi.

Viðmið skrifarans sjálfs mótaðist einkum af tveimur þáttum, að mati Karls: (i) af skrifaraskóla, þ.e. af þeirri þjálfun sem skrifarinn hlaut þegar hann lærði til verka, og (ii) af skrifstofunni eða af vinnuumhverfinu, þ.e. þeim reglum sem giltu á þeirri skrifstofu þar sem skrifarinn starfaði eftir að þjálfun lauk. Þetta fór auðvitað oft saman því að skrifarar störfuðu ugglaut oft áfram þar sem þeir lærðu. Þegar táknbeiting í handriti er rannsókuð þarf að huga að þremur þáttum: (i) viðmiði skrifarans, (ii) táknbeitingu forrits og (iii) viðmiði skrifstofunnar. Viðmið skrifarans er sterkast; það birtist eins og áður sagði í ákveðinni stafsetningu og táknbeitingu og einstaklingseinkennum í skrift. Táknbeiting forrits getur síðan skinið í gegnum viðmið skrifarans, ef svo má segja, í einstökum atriðum, en það eru þá að jafnaði stakdæmi. Viðmið skrif-

⁹ AM 677 4to er einnig sett saman úr tveimur hlutum, A-hluta og B-hluta. Á fyrri hlutanum, bl. 1–6, eru brot úr Heimsósómum (*De XII abusivis saeculi*) sem eignaðir hafa verið Cyprianusi, og Epigrómum Prospers af Aquitaníu. Á B-hlutanum (bl. 7–41) eru brot úr prédikunum og Viðræðum Gregors páfa (Kålund, *Katalog* 2:94; sjá einnig Seip 1949). AM 677 A–B 4to er tímasett til um 1200–1225 (*ONP*: 461; sbr. Hreinn Benediktsson 1965:xix). Seip (1943, 1944, 1949) taldi að AM 677 4to hefði verið skrifað eftir norsku forriti en eins og Hreinn Benediktsson (1967) og Weinstock (1970) sýndu fram á eru röksemdir Seips veikburða.

stofunnar sjást þá á samkennum í einstökum handritahópum með mörgum skyldum höndum.¹⁰

Hugum þá að táknbeitingu skrifara AM 645 A 4to og AM 677 B 4to í ljósi þessa. Í AM 645 A 4to var *kk* táknað einu sinni með ‘cc’; það er stakdæmi, frávík frá táknkerfi skrifarans, og á væntanlega rætur að rekja til táknbeitingar forrits. Hið sama gildir um táknun *kk* í AM 677 B 4to: ‘cc’ og ‘ck’ eru undantekningar sem víkja frá meirihlutatáknun og endurspeglja líklega táknun í forriti. Í AM 645 A 4to eru að tali Larssons (1885:lxvii–lxxvi) 178 dæmi um að *kk* sé táknað með einföldu ‘k’, eins og áður sagði. Þetta er því meginreglan og endurspeglar táknkerfi skrifarans sjálfs; þarna er komið viðmið skrifarans, að því er virðist. Aftur gildir það sama um AM 677 B 4to: *kk* er táknað með einföldu ‘k’ í miklum meirihluta dæma og það er þá hið reglulega táknkerfi skrifarans. Táknun með ‘c’ sem fylgir í öðru sæti er hugsanlega til komin vegna víxla táknanna ‘k’ og ‘c’ annars staðar eftir framtungureglunni svokölluðu, sem vikið verður að síðar.

Niðurstaðan að svo komnu máli er þá þessi: notkun ‘k’ til að tákna *kk* í AM 645 A 4to og AM 677 B 4to er að öllum líkindum ekki ættuð beint úr forritum og endurspeglar ekki notkun ‘k’ þar. Notkun ‘k’ fyrir *kk* endurspeglar aftur á móti viðmið þess er skrifar; þetta er táknkerfi skrifarans. En er sami skrifari að verki í AM 645 A 4to og AM 677 B 4to? Er þetta táknkerfi eins manns? Því er til að svara að í fyrsta lagi er táknbeitingin ekki nákvæmlega sú sama: í AM 645 A 4to er hlutfall ‘k’ á móti ‘c’ fyrir *kk* hærra en í AM 677 B 4to. Í annan stað eru ýmis einstaklingseinkenni í skrift AM 645 A 4to og AM 677 B 4to of ólík til að líklegt sé að þessi handrit séu skrifuð af sama manni. Til að mynda er skriftin á AM 645 A 4to mjög bundin og þar vekur einnig athygli mikil notkun límingarstafa sem ekki er að finna í líkum mæli á AM 677 B 4to. Nefna mætti önnur sérkenni hjá skrifara AM 645 A 4to sem ekki sjást á AM 677 B 4to: stafurinn ‘g’ er dreginn með þverstriki á enda lágleggs og sums staðar er líka kvistur upp úr belgnum hægra megin; og aftast í orði endar kvisturinn á ‘r’ gjarna í löngum og fínunum drætti upp á við. Að öllu samanlögðu virðist miklu líklegra að þetta séu tveir skrifarar en einn.¹¹

¹⁰ Rétt er þó að hafa í huga að rannsókn Karls byggist fyrst og fremst á verkum með hendi skrifara Wormsbókar og hefur verið bent á að varhugavert geti verið að draga af henni almennar ályktanir um bókagerð á fjórtánda öld; sjá Sverrir Tómasson 2000 og svar Karls G. Johanssonar (2000).

¹¹ Rækilega lýsingu á stafagerð og táknbeitingu er að finna hjá Larsson 1885 (AM 645 A 4to) og Weinstock 1967 (AM 677 B 4to).

Hér eru þá tveir skrifarar sem hafa náskylda tákun á *kk*; fylgja mjög líku viðmiði hvað það varðar. En hvaðan kemur þessi táknanotkun? Og hve mikill er skyldleikinn? Möguleikarnir eru einkum tveir: (i) að þetta viðmið hafi þróast sjálfstætt hjá tveimur skrifurum eða (ii) að þetta sé eitt og sama viðmiðið, sama ritvenjan, sem tveir skrifarar hafa tileinkað sér á sama stað. Ekki er kunnugt um reglulega tákneitingu af þessu tagi í öðrum þrettándur aldar handritum og líkurnar verða að teljast harla litlar að tveir skrifarar tileinki sér þetta viðmið algjörlega sjálfstætt og án nokkurra tengsla. Mun nærtækara virðist að ætla að viðmið það sem þessir tveir skrifarar fylgja eigi rætur að rekja til skrifaraskóla eða skrifstofu; að þeir hafi hlotið þjálfun á sama stað eða starfað saman á sömu skrifstofu, nema hvort tveggja sé.¹²

Hvernig verður viðmið af þessu tagi til? Hvernig skyldi það hafa atvikast að stafurinn ‘k’ fékk nýtt gildi, eða nýja jartein, svo gripið sé til orðfæris Fyrstu málfræðiritgerðarinnar?

5. ‘k’ fær nýja jartein

Vísbendingar má hugsanlega fá ef við hugum að tákun stutta gómhljóðsins *k*. Þegar latneska stafrófið var lagað að þörfum norrænna manna var um þrjú tákni að velja, ‘k’, ‘c’ og ‘q’, en hið síðastnefnda var, að latneskri fyrirmynd, einkum notað fyrir *kv*. Í allra elstu varðveittu handritunum má sjá frekari merki latneskrar tákneitingar, svonefndrar *framtungureglu* (e. *palatal rule*), sem kvað á um notkun ‘k’ á undan frammæltum sérhljóðum eins og *i* og *e* (til dæmis ‘kirkia’, ‘kenningar’ og einnig ‘keomr’ *kømr*) og ‘c’ annars staðar (til dæmis ‘cann’, ‘calla’, ‘coma’). Ritregla þessi á rætur að rekja til rómanskra mála þar sem táknið ‘c’ táknaði ekki gómhljóð á undan frammæltum sérhljóðum heldur hálflokhljóðið [ts] eða [tʃ]. Þegar skrifarar sem vanist höfðu þessum framburði og ritun á latneskum textum tóku að rita aðrar tungur (germönsk mál) var ‘c’ ekki ákjósanlegt tákni fyrir gómhljóð í þessari stöðu og því var frekar gripið til ‘k’ þar. Reglunni er fylgt til hlítar í einu varðveittu íslensku handriti, AM 237 a fol, en eftir það lætur framtungureglan undan síga,

¹² Vitaskuld finnast í fjölmörgum handritum dæmi um að *kk* sé táknað með ‘k’ (eða ‘c’) en það eru þá jafnan frávik frá reglulegri tákun *kk* með til dæmis ‘ck’, ‘cc’ eða ‘kk’. Ekki hafa orðið fyrir önnur dæmi þess í þrettándur aldar handritum að *kk* sé svo reglulega táknað ‘k’ sem hjá þessum skrifurum sem hér um ræðir.

enda á hún sér enga stoð í íslensku hljóðkerfi (Hreinn Benediktsson 1965: 30–32, 77–79).

Í kjölfar framtungureglunnar má sjá tvenns konar tilhneingingu, að því er virðist. Annars vegar er sú þróun sem á endanum varð ofan á að ‘k’ tók að breiðast út á kostnað ‘c’. Þegar í handritum á elsta skeiði þar sem framtungureglan hefur enn talsverð áhrif má sjá að ‘k’ birtist ekki aðeins fyrir framan frammælt sérhljóð heldur einnig á undan ‘a’ og ‘o’ og táknum fyrir önnur uppmælt sérhljóð. Þessi þróun heldur áfram alla þrettánda öld og á fjórtánda öld er ‘k’ orðið ríkjandi tákn fyrir gómhljóðið.

Hins vegar er tilhneing þar sem ‘c’ verður aðaltáknið en ‘k’ fær sérhæfða notkun: í upphafi orða er einvörðungu notað ‘k’ en annars staðar geta bæði ‘c’ og ‘k’ komið fyrir þó að ‘c’ virðist þar mun algengara í sumum handritum. Þessa tilhneingingu getum við nefnt *framstöðuregluna*. Þessi dreifing tákna ‘k’ og ‘c’ er þá sambærileg við dreifingu ‘þ’ og ‘ð’ þar sem notkun ‘þ’ einskorðaðist að mestu við framstöðu en ‘ð’ var algengara annars staðar. Þetta minnir enn fremur á hugmyndir þær sem fram koma í Annarri málfræðiritgerðinni þar sem ‘c’ er kallaður *undirstafur* ásamt ‘ð’, ‘z’ og ‘x’, en það eru stafir sem ekki er hægt að nota fremst í orði (útg. Raschellà 1982:36–37, 68).¹³ Táknun af þessu tagi má til að mynda sjá í Skipan Sæmundar Ormssonar í AM dipl isl fasc. LXV nr 1, frá um 1241–52, þar sem ‘c’ er notað í innstöðu og bakstöðu en ‘k’ í framstöðu (Spehr 1929:95). Einnig í Konungsbók Eddukvæða, GKS 2365 4to frá um 1270, þar sem ‘c’ er ríkjandi í innstöðu og bakstöðu og ‘k’ í framstöðu (Lindblad 1954:194–99).¹⁴

¹³ „Í fimta hring [í skýringarmynd ritgerðarinnar] eru ritaðir þeir þrír stafir, er kallaðir eru undirstafir: *ð, z, x*. Þessum stöfum má við engan staf koma, nema þat sé eptir hljóðstaf í hverri samstöfu. En fjórði stafr er *c*, ok hafa sumir menn þann ritshátt, at setja hann fyrir *k* eða *q*; en hitt eina er rétt hans hljóð, at vera sem aðrir undirstafir í enda samstöfu“ (útg. 1982:68). Þessa klausu má túlka á fleiri en enn veg (sjá umræðu hjá Raschellà 1982:97–99) en ljóst er þó að ekki er til þess ætlast að undirstafir séu notaðir í upphafi orða.

¹⁴ Uppsalabókargerð Annarrar málfræðiritgerðarinnar (DG 11 4to) má ef til vill skilja á þá leið að stafurinn ‘k’ skuli aðeins notaður fyrir *kk*: í hringlaga skýringarmynd í Uppsalabók af rittáknum og gildi þeirra er stafurinn ‘k’ á meðal tákna fyrir löng samhljóð (í fjórða hring; hugsanlega umtálkun á ‘kc’) en aftur á móti er ekkert ‘k’ meðal svonefndra *málstafa* (í öðrum hring) sem tákna stutt samhljóð. Þessa skýringarmynd vantar í Wormsbókartexta ritgerðarinnar (AM 242 fol) og misræmi er einnig á milli texta og skýringarmynda. Túlkun á bæði textanum og skýringarmyndum ritgerðarinnar er því erfið. Finnur Jónsson (Dahlerup og Finnur Jónsson 1886:89) telur að ‘k’ hafi ekki átt að vera meðal málstafanna í fjórða hring skýringarmyndarinnar þar sem táknun *k* sé fullnægjandi án þess: með ‘c’ í innstöðu og bakstöðu (*undirstafir* í fimmta hring), ‘k’ þar sem *k* er langt (í fjórða hring) og ‘q’ í framstöðu (*höfuðstafir* í fyrsta hring). Raschellà (1982:59) bendir aftur á móti á misræmi texta og skýringarmynda og telur að ‘k’ hafi upphaflega verið meðal málstafa í öðrum hring.

Í táknerfi þar sem framstöðureglunni var fylgt, ‘c’ var einrátt eða ríkjandi tákni í innstöðu og bakstöðu orða, ‘k’ einrátt í framstöðu og ‘lc’ var notað fyrir *kk* hefur aðgreining tákna ‘k’ og ‘lc’ verið upphafin því að aldrei var þörf á aðgreiningu stutta gómhljóðsins *k* og langa hljóðsins *kk* í framstöðu orða. Í slíkri tákneitingu skipti með öðrum orðum ekki máli hvort notað var ‘k’ eða ‘lc’. Handrit með nákvæmlega þessari tákneitingu hefur að vísu ekki varðveist en hafi það verið til, sem er út af fyrir sig ekki ólíklegt, hefði sú tákneiting sem þar birtist getað verið grundvöllur fyrir táknerfi þar sem stafurinn ‘k’ þjónaði sem tákni fyrir stutta gómhljóðið *k* í upphafi orða og einnig fyrir langa gómhljóðið *kk*; annars staðar, í innstöðu og bakstöðu, var ‘c’ megintákni fyrir stutta gómhljóðið *k*.

Hér erum við þá farin að nálgast táknerfi skrifaranna tveggja er skrifuðu AM 645 A 4to og AM 677 B 4to. Þeir fylgja þessu kerfi þó ekki til hlítar. Þeir nota til að mynda stundum ‘k’ í innstöðu fyrir stutta gómhljóðið. En tákneiting þeirra gæti verið runnin frá táknerfi af þessu tagi. Þar hefur átt sér stað meðvituð breyting á tákngildi stafsins ‘k’ og hugsanlegt er að skrifarar AM 645 A 4to og AM 677 B 4to hafi tekið upp þetta táknerfi á sama stað, í sama skrifaraskóla.¹⁵

6. Niðurstaða

Niðurstöður þessarar umræðu má þá draga saman:

(1) Tákni Fyrstu málfraeðiritgerðarinnar fyrir *kk*, ‘lc’, náði ekki mikilli útbreiðslu. Það er að finna í nokkrum handritum á tólftu og þrettánda öld en það hverfur á fjórtánda öld.

(2) Íslenskir skrifarar á miðöldum höfðu viðmið („norm“) og samræmdu stafsetningu og táknanotkun þegar þeir skrifuðu: frávik frá táknerfi þeirra benda til áhrifa úr forriti og þannig fáum við óbeinar heimildir um notkun ‘lc’ í forritum.

(3) Tákni *kk* með stafnum ‘k’ í AM 645 A 4to og AM 677 B 4to verður á hinn bóginn ekki rakin beint til forrita, heldur endurspeglar hún táknerfi tveggja skrifara sem líkast til hafa lært til verka á sama stað: þeir tilheyrðu hugsanlega sama skrifaraskóla.

¹⁵ Öðugt er að skera úr um hvar sá skrifaraskóli muni hafa verið. Holtsmark (1938:13–16) telur að Jarleinabók Þorláks í AM 645 A 4to geti ef til vill tengt ritun handritsins við Skálholt. Spehr (1929:174) hafði áður varfærnislega lagt hið sama til og tengt þar saman fleiri handrit á grundvelli stafagerðar, þar á meðal AM 677 4to.

RITASKRÁ

- Dahlerup, Verner, og Finnur Jónsson (útg.). 1886. *Den første og anden grammatiske afhandling i Snorres Edda*. STUAGNL 16. København.
- Holtmark, Anne (útg.). 1938. A Book of Miracles. MS No. 645 4^o of the Arnamagnæan Collection in the University Library of Copenhagen. CCI XII. Copenhagen.
- Hreinn Benediktsson. 1965. *Early Icelandic Script as Illustrated in Vernacular Texts from the Twelfth and Thirteenth Centuries*. Íslenzk handrit. Series in folio 2. The Manuscript Institute of Iceland, Reykjavík.
- Hreinn Benediktsson. 1967. AM 677 4^o A. Noen bemerkninger. *Maal og Minne* 1967: 1–7.
- Hreinn Benediktsson (útg.). 1972. *The First Grammatical Treatise*. University of Iceland Publications in Linguistics 1. Institute of Nordic Linguistics, Reykjavík.
- Johansson, Karl G. 1997. *Studier i Codex Wormianus*. Skriftradition och avskriftsverksamhet vid ett isländskt skriptorium under 1300-talet. Nordistica Gothoburgensia 20. Acta Universitatis Gothoburgensis, Göteborg.
- Johansson, Karl G. 2000. Traditionell filologi og grafonomisk teori. Svar till Sverrir Tómasson. *Gripla* 11:262–72.
- Jörgenson, Jon Gunnar. 1985. Íslandske målmerker i Sth. 4 fol. hand 3. *Maal og Minne* 1985:202–22.
- Kålund, Kr. *Katalog over den Arnamagnæanske håndskriftsamling* 1–2. 1889–94. København.
- Larsson, Ludvig. 1883. *Äldsta delen af cod. 1812 4^o gml. kgl. samling på Kgl. biblioteket i København*. STUAGNL 9. København.
- Larsson, Ludvig. 1885. *Isländska handskriften N^o 645 4^o* i den Arnamagnæanska samlingen på Universitetsbiblioteket i København. I. Handskriftens äldre del. Lund.
- Lindblad, Gustaf. 1954. *Studier i Codex Regius av Äldre Eddan I–III*. Lundastudier i nordisk språkvetsenskap 10. Lund.
- ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog. Registre*. 1989. Den arnamagnæanske kommission, København.
- Ólafur Halldórsson. 1981. Textabrot úr Resensbók Landnámu. *Afmælikveðja til Halldórs Halldórssonar* 13. júlí 1981:198–210. Ritstj. Guðrún Kvaran, Gunnlaugur Ingólfsson og Svavar Sigmundsson. Íslenska málfraeðifélagið, Reykjavík. [Endurprentun: Ólafur Halldórsson 1990].
- Ólafur Halldórsson. 1990. *Grettisfærsla*. Safn ritgerða eftir Ólaf Halldórsson gefið út á sjötugsafmæli hans 18. apríl 1990. Ritstj. Sigurgeir Steingrímsson, Stefán Karlsson og Sverrir Tómasson. Rit 38. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Ólafur Halldórsson. 1992. Tvö brot úr Heimskringluhandritum. *Eyvindarbók*. Festskrift til Eyvind Fjeld Halvorsen: 248–67. Ritstj. Finn Hødnebo o.fl. Oslo.
- Raschellà, Fabricio D. (útg.). 1982. *The So-Called Second Grammatical Treatise*. An Orthographic Pattern of Late Thirteenth-Century Icelandic. Edition, Translation, and Commentary. (Filologia Germanica: Testi e Studi 2.) Felice Le Monnier, Firenze.
- Seip, Didrik Arup. 1943. En norsk oversettelse av Prosper fra 12. hundreår. *Maal og Minne* 1943:104–36.

- Seip, Didrik Arup. 1944. Om *b, ð, d, t* i det eldste norske og islandske skriftspråk og særlig om sluttkonsonanten i 2. pers. pl. av verber. *ANF* 58:131–51.
- Seip, Didrik Arup (útg.). 1949. The Arna-Magnæan Manuscript 677, 4^{to}. Pseudo-Cyprian Fragments, Prosper's Epigrams, Gregory's Homilies and Dialogues. *CCI* XVIII. Copenhagen.
- Spehr, Harald. 1929. *Der ursprung der isländischen schrift und ihre weiterbildung bis zur mitte des 13. jahrhunderts*. Halle/Saale.
- Stefán Karlsson. 1989. Tungan. *Íslensk þjóðmenning* 6:1–54. Ritstj. Frosti F. Jóhannesson. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík. [Endurprentun: Stefán Karlsson 2000].
- Stefán Karlsson. 2000. *Stafkrókar*. Ritgerðir eftir Stefán Karlsson gefnar út í tilefni af sjötugsafmæli hans 2. desember 1998. Ritstj. Guðvarður Már Gunnlaugsson Rit 49. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Stefán Karlsson. 2002. The development of Latin script II: in Iceland. *The Nordic Languages*. An International Handbook of the History of the North Germanic Languages 1:832–40. Ritstj. Oskar Bandle o.fl. Gruyter, Berlin.
- Sverrir Tómasson. 2000. Codex Wormianus. Karl G. Johannsons doktordisputas 17.5. 1997. *Gripla* 11:247–61.
- Weinstock, John Martin. 1967. *A Graphemic-phonemic Study of the Icelandic Manuscript AM 677 4^{to} B*. University Microfilms, Ann Arbor, Michigan.
- Weinstock, John. 1970. On the Provenance of AM 677 4^{to} B. *SS* 42:419–29.

SUMMARY

The symbol 'lc' was used to denote *kk* in a number of Icelandic manuscripts from the twelfth and thirteenth centuries. It is rarely seen in manuscripts after 1300 and disappears altogether in the course of the fourteenth century. Its use for *kk* is unique to Icelandic manuscripts.

As discussed in §2, the author of the First Grammatical Treatise proposes that geminate consonants be denoted with capital letters (or small capitals). For *kk* he introduces a separate symbol, namely 'lc', which has its own shape and is therefore easily distinguishable from 'c', the preferred symbol for non-geminate *k*. The practice of denoting *kk* with 'lc', even if seen in a number of Icelandic manuscripts, never became general, as discussed in §3, and already by the end of the twelfth century there are signs that this practice was unfamiliar to at least some scribes. This is suggested by sporadic instances of 'kc' or 'k' for *kk*, as well as the use of 'lc' to denote *lk*. Instances of this kind can be interpreted as indirect evidence for the use of 'lc' in the exemplars, as well as evidence for the scribes' unfamiliarity with the use of 'lc'. It is important to note that these are occasional deviations from the normal orthography.

Interestingly, two manuscripts from the first half of the thirteenth century can be identified where the representation of *kk* by a single 'k' is not an exception, but rather a rule: (i) in AM 645 A 4to, containing the Miracles of St. Þorlákr and the lives of the apostles, *kk* is denoted 178 times by 'k' and 32 times by 'c' against a single instance with 'cc'; (ii) in AM 677 B 4to, containing the Homilies and Dialogues of Gregory the Great, there are close to one hundred instances of 'k' and 25 of 'c' for *kk*, along with seven of 'cc' and three of 'ck'. The question immediately arises, whether this should

be taken to indicate that ‘*k*’ was the regular notation for *kk* in the exemplars of these manuscripts and that the scribes systematically replaced it with ‘*k*’ (and ‘*c*’).

As discussed in §4, orthographic deviations in medieval manuscripts can frequently be traced to the exemplars. The representation of *kk* by single ‘*k*’ in AM 645 A 4to and AM 677 B 4to, on the other hand, is not a deviation but a regular feature of the orthographic system employed by the scribes themselves; it can therefore hardly be traced to the exemplars. There is nothing in the writing that suggests these two manuscripts are written by a single scribe, but rather these appear to be the work of two individuals. Since this kind of orthography is rare or even unique in thirteenth century manuscripts, it seems not very likely that the two scribes adopted this orthographic convention independently of each other; rather, it seems to suggest that the two scribes were affiliated in one way or another.

The question as to how this orthographic convention could have come into being is addressed in §5. The earliest Icelandic manuscripts show influence of the so-called palatal rule, whereby ‘*k*’ is used to denote *k* before front vowels and ‘*c*’ before back vowels. This rule was never rigorously observed in Icelandic manuscripts, and as it was abandoned, two competing trends can be seen: one where ‘*k*’ replaces ‘*c*’ in all positions and another where ‘*k*’ is restricted to word-initial position and ‘*c*’ is the main symbol elsewhere (in medial and final positions). Orthography of the latter kind can be seen, for instance, in AM dipl isl fasc LXV nr. 1 (Skipan Sæmundar Ormssonar) and GKS 2365 4to (Codex Regius of the Elder Edda).

If ‘*k*’ was employed for *kk* in an orthography of the latter kind, the opposition of the symbols ‘*k*’ and ‘*k*’ would have been neutralized, since the need to distinguish *kk* and *k* (with ‘*k*’ and ‘*k*’) never arose in word-initial position. In other words, the symbols ‘*k*’ and ‘*k*’ were not contrastive and could be used interchangeably. Orthography of this kind could have served as the basis for an orthography where the letter ‘*k*’ was used for the non-geminate *k* in word-initial position and geminate *kk* in all positions (in medial and final positions) and ‘*c*’ denoted non-geminate *k* in non-initial positions.

The orthography attested in AM 645 A 4to and AM 677 B 4to does not fully conform to this convention, but it could nonetheless derive from it. At any rate, it shows a deliberate change of value for the letter ‘*k*’, a change that suggests an affiliation of the two scribes, perhaps to the same scriptorium, either directly or indirectly through intermediaries.

Haraldur Bernharðsson
Hugvísindastofnun
Nýja-Garði
Háskóla Íslands
101 Reykjavík
haraldr@hi.is

MARGRÉT EGGERTSDÓTTIR

OFURLÍTIL ÍSLENSK BÆNABÓK Í WOLFENBÜTTEL

INNGANGUR

Í Herzog August Bibliothek í Wolfenbüttel hefur lengi verið kunnugt um þrjú íslensk handrit. Tvö eru úr safni sem nefnt er Codices Augustei og er annað þeirra skinnhandrit frá miðri 14. öld, Wolf 9 10 Aug 4to, stundum nefnt Wolfenbüttelbók og hefur að geyma Eyrbyggja sögu og Egils sögu (sjá Bjarni Einarsson 1993). Hitt er Kollsbók sem hefur safnnúmerið Wolf 42 7 Aug 4to, og er rímnahandrit, skrifað á 15. öld.¹ Hafa þau bæði verið gefin út ljósprentuð (Jón Helgason 1956 og Ólafur Halldórsson 1968). Einnig er í safninu Jónsbókarhandrit, Weissenburg 103, og er lýsing Jóns Helgasonar til í handritaskrá safnsins.

Handritin í Wolfenbüttel sem flokkast til Codices Augustei eru úr handritasafni Ágústs hertoga (1579–1666), upprunnin víðs vegar í Evrópu og oft komin í safnið með aðstoð bókasafnara sem unnu á vegum hertogans. Þau elstu eru frá 5. öld og þau yngstu frá 17. öld. Fyrstu handritin eignaðist hertoginn í lok 16. aldar, 1612 voru í safni hans 62 handrit og 1661 voru þau orðin 2003 að tölu. Weissenburger handritin eru hins vegar úr benediktínaklaustrinu Weissenburg í Elsaß en það safn var keypt fyrir hertogann Anton Ulrich (1633–1714), son Ágústs hertoga í Wolfenbüttel, og eru þau 105 talsins.

Enn er í Wolfenbüttel handritasafn sem kallað er Codices Extravagantes og eru það handrit sem safnið eignaðist eftir tíma Ágústs hertoga. Kjarni þessa safns er þó frá dögum hertogans, hans eigin handrit, bréf og hluti af erfðaskrá hans. Að öðru leyti eru þar handrit sem safnið eignaðist á 18. öld. Þau eru nú 1329 talsins, þar af 115 skinnhandrit frá miðöldum. Eitt þessara handrita, Cod Guelf Extravagantes 315, er samkvæmt handritaskrá safnsins sænskt að upp-

¹ Texti handrítins er lagður til grundvallar í útgáfu Ólafs Halldórssonar á Áns rímum bog-sveigis 1973.

runa. Sumarið 1996 var ég í rannsóknaleyfi í Wolfenbüttel. Einn af starfsmönnum safnsins, Dieter Merzbacher, bað mig af sérstökum ástæðum um að skoða þetta handrit og sá ég strax að það er í raun íslenskt.

LITLA BÆNABÓKIN

Handritið Extravagantes 315 er ofurlítið, einungis 7 x 6 cm. Í því eru 55 tölusett blöð auk tveggja blaða fremst. Í handritaskrá safnsins er því m.a. lýst þannig:

Ein Schreiber. Brauner Lederband mit Streicheisen- und Einzelstempelvergoldungen. Nach Eintrag ohne Ort u. Jahr Ir Geschenk von [Vorname unleserlich] HAKON für August HEILAND. Wahrscheinlich in Leipzig, wie aus der Eintragung Iv von einer *Hakonardotter* hervorgeht. (August Heiland aus Wolfenbüttel erscheint 1659/60 in der Matrikel der Universität Leipzig.)

Það sem ritað er á fremsta blaði bókarinnar hægra megin er raunar engan veginn ólæsilegt. Þar stendur:

Þetta lited Bænakuere heffer eg thil eignar feinged Augusto Heiland og thil merkis mitt nafn under skriffad. Vighus Hakonarsohn.

Þetta kann að þykja einkennileg stafsetning á nafninu Vigfús en framburðurinn *Vikkús* fyrir Vigfús er þekktur (Guðrún Kvaran 1997:295). Það sem er skrifað vinstra megin á sama blaði með blýanti er hins vegar bæði torlæsilegt og illskiljanlegt. Ég tel að þar standi hugsanlega:

thil leybsig sa eg bæde lioned och leop = l=for boeken le. for Haakonardatter

Því miður er engan veginn ljóst hvað þessi orð merkja. Á hinn bóginn er unnt að gera nokkra grein fyrir eigendum handritsins, þar á meðal Vigfúsi Hákonarsyni. Eins og fram kemur í handritaskránni í Wolfenbüttel var August Heiland frá Wolfenbüttel innritaður í háskólann í Leipzig veturinn 1659–1660, en heimildir eru til um að Vigfús Hákonarson hafi verið þar á ferð 10 árum síðar eins og hér verður vikið nánar að.

EIGENDUR BÓKARINNAR

Ljóst er að handritið hefur borist til Þýskalands frá eða með Vigfúsi Hákonarsyni. Vigfús var við nám í Kaupmannahöfn 1668–1670 eins og hér kemur fram síðar og hann hefði auðvitað getað kynnst stúdentinum Augusti Heiland frá Wolfenbüttel þar, en þó er líklegra að fundum þeirra hafi borið saman þegar Vigfús var á ferð um Þýskaland árið 1669. Hann slóst í för með dönskum aðal mönnum sem þangað fóru til að vera við skírni barns kjörfurstans af Saxlandi sem var tengdasonur Danakonungs. En Vigfús var ekki fyrsti eigandi handritsins. Á öðru blaði þess hægra megin stendur: *Elen Thorlaks dötter ä kvered. 1659.*

Elín Þorláksdóttir (1640–1726) var dóttir Þorláks biskups Skúlasonar á Hólum. Mun biskup hafa gert hana jafna til arfs við bræður sína og fengið henni kennslukonu frá Englandi (ÍÆ V:167). Ljóst er að Elín hefur verið fyrsti eigandi handritsins og hugsanlega einnig skrifari þess, eins og síðar verður vikið að, en hún hefur nokkrum árum síðar gefið frænku sinni og nöfnu bókina því að aftast í handritinu stendur: *Elen Häkonar dotter ä kuerid med riettu 1668.* Þær Elín Þorláksdóttir og Elín Hákonardóttir voru systkinadætur, móðir Elínar Þorláksdóttur var Kristín Gísladóttir og faðir Elínar Hákonardóttur var Hákon Gíslason sýslumaður sem bjó lengst af í Bræðratungu. Elín Hákonardóttir var fædd 1644 en yngri bróðir hennar Vigfús var fæddur 1647. Honum hefur hún gefið bænabókina, sennilega sama ár og hún eignaðist hana sjálf, því að það ár, 1668, hélt hann til náms til Kaupmannahafnar.

EFNI BÓKARINNAR

Handritið hefst á morgunbæn á sunnudegi og síðan eru morgunbænir fyrir hvern dag vikunnar ásamt tveimur kvöldbænum. Allar þessar bænir eru úr bænabók eftir Johann Habermann (1516–1590) sem voru þýddar á íslensku af Oddi Einarssyni og prentaðar, sennilega fyrst 1621.² Elsta útgáfa sem til er af Habermannsbænum á íslensku er frá 1636 og er varðveitt á Konungsbókhöfðu í Kaupmannahöfn. Heimildir geta um útgáfur frá 1621 og 1674 en elsta útgáfa sem til er á Íslandi er frá 1669. Þýðandi bænakversins, Oddur Einarsson (1559–1630), nam á Hólum, fór síðan utan og stundaði nám við háskólann í Kaupmannahöfn. Hann hafði mikinn áhuga á stærðfræði og stjarnfræði og var

² Ég þakka Svavari Sigmundssyni fyrir að hafa bent mér á þetta.

kennari hans hinn þekkti náttúruvísindamaður Tyge Brahe. Oddur varð rektor á Hólum 1586 og vígður biskup til Skálholts 1589 (Páll Eggert Ólason 1926 IV:553; ÍÆ IV:7–8). Hann þýddi auk Habermansbæna Passíupredikanir sem prentaðar voru á Hólum 1620.

Bænabók Habermans *Christliches Gebet* kom fyrst út í Þýskalandi 1567. Höfundur þýddi þær sjálfur á latínu og kom sú þýðing út 1576. Þær hafa oft verið færðar í bundið mál (Krummacher 1986:105). Johann Habermann var hebreskufraeðingur og biskup í Þýskalandi, síðast í Zeitz (rétt sunnan við Leipzig). Nafn hans er ýmist skrifað Habermann, Havermann eða upp á latínu Avenarius. Í bænabók hans eru ekki aðeins morgun- og kvöldbænir heldur bænir við ýmis tækifæri og bænir ætlaðar ákveðnu fólki (húsbændum, barnshafandi konum, foreldrum o.s.frv.) til nota við ákveðnar aðstæður. Kvöldbænnirnar tvær í handritinu í Wolfenbüttel eru miðvikudags- og fimmtudagskvöldbænin í riti Habermans.

Elsta útgáfa Habermansbæna sem til er á Íslandi er eins og áður sagði frá árinu 1669, gefin út á Hólum. Næsta útgáfa sem varðveist hefur er prentuð í Skálholti 1696 og þriðja útgáfan er sú sem prentuð var á Hólum 1747 og hefur þessa fyrirsögn á titilblaði: *CHRISTELEGAR Bæner: Ad bidia a sierhvörurum Deige Vikunnar, Med almennelegum Þackargjörðum, Morgun-Bænum og Kvølld-Bænum, sem og nockrum aagiætum Bænum fyrer Adskilianlegs Stands Persoonum og ødrum Guds Barna Naudsynium; Samsettar af D. Johanne Avenario, Superintendente Præsulatus Numburgensis Cizæ; Enn a Islensku wtlagdar Af Herra Odde EinarsSyne, Superintendente Skaalholts Stiptis. (Sællrar Minningar) Editio III Hoolum i Hialltadal: [s.n.], 1747. Í formála segir m.a.:*

Þess vegna hafa marger gooder og gudhrædder menn sier fyrer hendur teked, ad skrifa hiartanæm bæna form, a medal hvørra sa goode og hatt upplijste Guds mann, D. IOHANNES AVENARIus (Edur HAVERMANN) hefur samsett þessa agiætu bæna-book (hvøria vier allmennelega køllum viku bæna-book) sem optlega er a prent wtgeingenn i adskilianlegum tungumalum, grysku, latinu, þysku, dønsku og islensku, hvøria bæna-book eg hefe enn nu a prent wtganga lated, einkum þar eg formerke, ad marger gooder og gudhrædder menn gyrnest hana, og spyrie epter henne.

Í handritinu er auk Habermansbæna stutt hugleiðing sem nefnist *Ein grein úr útlekking yfir textann á páskadaginn*, svo og bænir sem hafa þessar

fyrirsagnir: *Ein bæn á kvöld og morgna, Ein bæn daglega lesandi, Ein lítil bæn, Ein bæn um þínuna Kristí og Ein fögur bæn*. Það kemur ekki á óvart að efni ritsins er þýskt að uppruna; meginhluti alls guðfræðilegs efnis á þessum tíma var samið þar og barst þaðan um alla Norðurálfu (Lindgärde 1998:322).

KONUR OG TRÚARLEG RIT

Extravagantes 315 er skrifað með smágerðri og fallegri rithendi. Það hlýtur að vera skrifað handa Elínu biskupsdóttur, nema hún hafi skrifað það sjálf.³ Tvö dæmi eru um að lýsingarorð í handritinu séu í kvenkyni en annars eru lýsingarorð þar í karlkyni eins og í prentuðu útgáfunni á Habermanssbænum í íslenski þýðingu. Í morgunbæn á föstudaginn segir: „läted mig komast / heilbrygda ä þennann dag“ og í *Einni bæn daglega lesandi* segir: „Ja alla mig befala eg þier minn kjaraste Gud og drottinn“.

Sænski bókmenntafræðingurinn Stina Hansson hefur vakið athygli á þætti kvenna í útbreiðslu hugvekjurita og bænabóka sem kemur meðal annars fram í því að fjölmörg slík rit eru tileinkuð konum (Hansson 1991:283). Nokkrar konur eru meðal þýðenda þessara rita og það eru einkum konur sem átt hafa handskrifuðu bænabækurnar sem nú eru geymdar í söfnum:

Där har de skrivit in böner och betraktelser ur existerande tryckt litteratur, kompulerat, formulerat sina egna tankar i börens eller betraktelsens form och skrivit av ur varandras handskrivna böcker. Dessa bönböcker, värda ett eget studium, tycks också ha gått i arv på kvinnosidan, från mor till dotter (Lindgärde 1998:320).

Sömu sögu er að segja í Danmörku, einkum meðal heldri kvenna:

Adelskvinderne var litterært aktive i det religiøse liv på herregårdene. Undertiden skrev de selv, men især oversatte de og samlede andagtslitteratur og salmer i stor mængde (Hougaard 1983:159).

³ Nýlega eignaðist bókasafnið í Wolfenbüttel bænabók sem Sophia Hedwig (1561–1631), dóttir Júlíusar hertoga af Braunschweig-Lüneburg (1528–1589), ritaði eigin hendi og faðir hennar lét binda fagurlega inn (*Wolfenbütteler Bibliotheks-Informationen* Jahrgang 23, Januar–Juli 1998).

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á íslenskum bæna- og sálmaþókum hafa einnig leitt í ljós að margar þeirra voru í eigu kvenna og flestar íslenskar bænaþækur frá miðöldum sem varðveist hafa virðast vera skrifaðar handa konum (Svavar Sigmundsson 1993:515). Reyndar er til aragrúi bænaþoka frá síðari öldum sem fáir hafa rannsakað.

ÆVISAGA VIGFÚSAR HÁKONARSONAR

Það vill svo til að á Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi er varðveitt heimild um eiganda handritsins, Vigfús Hákonarson. Í handritinu AM 96 8vo (bl. 38r–67v) er: *Ættartala og Æfísaga þessa erlega ættgöfuga og heidarlega saluga vnga mans Wigfusar Hákonar sonar blessadrar minningar*. Þar er meðal annars greint frá ferð hans til Þýskalands árið 1669 og er brot úr ævisögunni birt hér aftan við. Handritið mun vera skrifað á síðari hluta sautjándu aldar. Árni Magnússon handritasafnari fékk það að láni hjá Þórdísi Jónsdóttur í Bræðratungu eins og fram kemur á seðli með hendi hans sem fylgt hefur handritinu en þar stendur: *fra Þordise Jons dottur til läns*. Þórdís (1671–1741) var seinni kona Magnúsar Sigurðssonar í Bræðratungu en fyrri kona hans var Jarþrúður Hákonardóttir. Jarþrúður var dóttir Hákonar Gíslasonar (1614–1652) sýslumanns og Helgu Magnúsdóttur (1623–1677) og systir þeirra Elínar og Vigfúsar sem áttu um tíma bænaþókina sem nú er í Wolfenbüttel. Fremst í handritinu er líkræða sem Þórður biskup Þorláksson flutti við útför Helgu, móður þeirra, í Bræðratungu 1677. Þar er einnig ævisaga Helgu, samantekin af sr. Einari Einarssyni. Þá kemur ættartala og ævisaga Vigfúsar Hákonarsonar. Loks er í handritinu lífssaga Þórðar Daðasonar, dóttursonar Brynjólfs biskups Sveinssonar.

Í AM 96 8vo kemur ekki fram hver hafi samið ævisögu Vigfúsar en hún er einnig varðveitt í ÍB 211 4to (bls. 21–45) og þar segir í fyrirsögn að ævisaga Vigfúsar sé samin af Brynjólfi biskupi Sveinssyni og hafi verið flutt af honum í Bræðratungu 16. nóvember 1670⁴.

Helga eignaðist sjö börn og missti þrjú þeirra í æsku. Vigfús var eini sonur hennar sem upp komst. Eftir tveggja ára nám í Kaupmannahöfn kom hann heim til Íslands, fékk skömmu síðar mislinga og lést úr þeim árið 1670, 23 ára að aldri.

⁴ Ég þakka Sigurði Péturssyni fyrir að benda mér á ÍB 211 4to.

Í ævisögu Vigfúsar kemur fram að hann missti föður sinn fjögurra eða fimm ára gamall og móðir hans tók að sér allt uppeldi barna sinna. Hákon lést á ferðalagi 24. september 1652 (sbr. Sýslumannaæfir IV:467; tilvísun þar í Bréfabók Brynjólfs Sveinssonar). Í bréfabók biskupsins, AM 268 fol bl. 34–35 er „inntak úr“ bréfi Helgu til svila síns, Þorláks Skúlasonar biskups, rituðu í Bræðratungu 11. október 1652. Þar biður hún hann um aðstoð í fjármálum enda standi hann næstur „forsvari þessara smábarna“. Hún segir m.a.:

Enn eg hier í fiarlægd vid mijna näkomnustu astvine mióg wrrædalijtel sem ydar h:d: kiærl: vel mun nærre geta, þegar suoddan tilferle faaraadum kuennpersonum tilfellur, er ecke hófum annad oss vid ad hugga i vorum äliggjande naudsynjum enn ad vthella vorum taarum og andvörpunum til þess myskunsama Gudz og fódurs (bl. 34v)

Af líkræðunni yfir Helgu Magnúsdóttur og ævisögu Vigfúsar að dæma hefur dugnaður hennar vakið eftirtekt og aðdáun. Greinilegt er að hún hefur í samræmi við tíðarandann lagt sérstaka áherslu á að koma syni sínum til mennta:

Lagdi hun þa strax alla stund ä þennann sinn vnga son, asamt ollum hinum odrum sínum elskulegum bornum J christilegum aga vmmvondun og otta drottins og ollu prydilegu sidgiæði, sem og somasamlegum listum og mentum, sem ser huoriu kyni fyrer sig hlíddi og hæfði. Enn þessum sínum vnga syni hiellt hun til boklegra lista og kunnattu fyrst heima hiä ser under sinne vmmsion aga og vmmvondun enn tilsogn þeirra sem henni leist þar til ad trua (bl. 45v–46r)

Þegar Vigfús hafði aldur til var hann sendur til sr. Erasmusar Pálssonar að Hólum í Ytra-Hreppi og látinn læra þar „fyrstu upptök latínu málsins, skriftar og sönglistar“ í tvo vetur. Þá var hann aðra tvo vetur hjá sr. Torfa Jónssyni í Gaulverjabæ „til enn meiri framferðar í latínu málsins undirstöðu og annars loflegs bókanáms“. Að því búnu var hann talinn hæfur til að setjast á skólabekk í dómkirkjuskólanum í Skálholti og nam þar í sex vetur. Að námi loknu er hann „j vmgeingni og samferdum vid Biskupenn“, Brynjólf Sveinsson, en í því felst sennilega að hann hefur verið aðstoðarmaður Brynjólfs, skrifari eða þess háttar. Hann er innritaður í háskólann í Kaupmannahöfn 14. september 1668. Þess er getið að þá hafi Christian Ostfeldt verið rektor háskólans,

„Læknings listar Doctor einhuór hinn vidfrægasti og Professor þeirrar lofflegu listar J sama Academia“. Einnig kemur fram að Jens Bircherod, prófessor í grísku, hafi verið forseti heimspekideildar. Vigfús valdi Ostenfeld sem „skólameistara og forsjónarmann sinna iðkana“.

Vigfús hefur ekki verið nema eitt misseri við nám í háskólanum þegar honum gefst tækifæri til að taka þátt í ferð danskra aðalsmanna til Pýskalands. Tilefnið er eins og áður segir að kjörfurstinn í Saxlandi hefur eignast barn sem er jafnframt barnabarn Danakonungs og nú á að bera það til skírmar. Dóttir Friðriks þriðja, Anna Sofie (f. 1647), var eiginkona Jóhanns Georgs kjörfursta (Salmonsens Konversations Leksikon VIII:831). Konungur sendir fulltrúa sinn sem jafnframt á að vera guðfaðir barnsins. Til þess er valinn háeðla herra-mann Just Høg (1640–1694), sérlegur erindreki konungs og vararíkisstjóri í Noregi.

Mikilvægi þess að ferðast og kynnast síðum annarra þjóða er lýst með þessum orðum í ævisögunni:

Eigi løngu þar effter fysti hann ad kanna onnur framandi og okiend lond og framandi stadi sialffum ser til meyri frodleiks og frama J vmmgeingni vid ökunnugar þioder, heyra tal og sia sidferdi vitra og vel-skickadra manna og það effter ad haffa sem honum þötti sæmilegast (bl. 48v–49r).

Vigfús fer með samþykki skólameistara síns og annarra hálærðra prófessora í Kaupmannahöfn en að ráði og undirlagi Þórðar Þorlákssonar, síðar biskups í Skálholti. Christen Ostenfeld (1619–1671) hefur átt auðvelt með að skilja mikilvægi þess að ungir menntamenn ferðuðust til að auka þekkingu sína og frama. Hann lauk fyrst guðfræðinámi í Danmörku, ferðaðist síðan víða um Holland, England og Frakkland, lauk magistersprófi þegar heim kom og varð konrektor í Viborg, þar sem hann var fæddur. 1647 ferðaðist hann enn um Holland, Pýskaland, Sviss, Ítalíu og Frakkland. Hann sneri heim 1650 en lagðist enn í ferðalög árið eftir og dvaldist um lengri tíma í Tübingen og síðar í Padúa þar sem hann 1655 lauk prófi í læknisfræði. Þegar hann kom heim varð hann eins og áður segir prófessor í læknisfræði við háskólann í Kaupmannahöfn, 1661 háskólabókavörður og 1670 assessor í hestarétti.

Það var algengt að ungir menn ferðuðust suður til Evrópu til að auka menntun sína og þekkingu. Nokkur munur var á slíkum námsferðum, eftir því hvort aðalsmenn áttu í hlut eða hinir sem ekki voru af aðalsættum og efna-

hagur réð að sjálfsögðu miklu um hvernig og hvert menn ferðuðust (Helk 1991:14 og áfram).⁵

FERÐ UM ÞÝSKALAND

Vigfús og samferðamenn hans lögðu af stað 2. janúar 1669 og fóru um Sjáland rétta leið að Beltissjónum. Þar fóru þeir yfir sjóleiðis til Nýborgar á Fjóni og komu til Óðinsvéa, þar sem biskupsstóllinn á Fjóni stendur. Síðan héldu þeir þvert yfir Fjón að Meðalfellssundi og þaðan inn í Holtsetaland til Flensborgar. Þeir komu við í þeirri mektugu og víðfrægu Hamborg, fóru yfir Elfina til Lüneborgar og síðan upp eftir Þýskalandi og komu við á mörgum stöðum og borgum, þar á meðal Magdeburg og Leipzig, en loks er komið á áfangastað, Dresden, þar sem aðsetur og heimilisbústaður kjörfurstans er. Á þessum árum (1656–1680) var Johann Georg II kjörfursti, gefinn fyrir íburð og þótti glæsileikinn hvergi meiri en við hirð hans. Í borginni fóru fram tónleikar og óperur, þar voru listasöfn og leikhús enda var Dresden um þetta leyti í röð fremstu borga í Þýskalandi (sbr. Salmonsens Konversations Leksikon XX:756).

Í handritinu er stutt lýsing á borginni og skírnarathöfninni sem Vigfús var viðstaddur og skírnarveislu, sem honum var reyndar ekki boðið til. Á heimleiðinni er þess aðeins getið að hann hafi komið við í Wittenberg og hafi verið kominn til Kaupmannahafnar heilu og höldnu rétt undir páska.

Í Leipzig var háskóli og margir Norðurlandabúar voru þar við nám. Ungir menn af aðalsættum kunnu vel að meta staðinn enda hafði borgin upp á margt að bjóða, lá vel við samgöngum og var miðstöð verslunar og viðskipta. Óvenjumargir danskir og norskir stúdentar voru innritaðir þar á árunum 1681–1690 eða 44 en að öllu jöfnu voru þeir ekki fleiri en 20. Annars var Leipzig „mere passende for en kavalier end for en, der ønskede at studere“ (Helk 1991:107). Í Leipzig dvaldist Árni Magnússon handritasafnari eins og kunnugt er á árunum 1694–1696 (Árni Magnússons levned og skrifter I:26–31; Már Jónsson 1998:115 og áfram). Aðalsmenn sem voru við nám í Leipzig voru oft langdvölum í Dresden, bæði vegna þess að þar var margt að sjá en þó einkum til að geta verið við hirð kjörfurstans af Saxlandi (Helk 1991:109).

Athyglisvert er að Vigfús hefur sjálfur ritað um ferð sína eins og fram kemur í orðum þess sem semur ævisögu hans:

⁵ Ekki er fjarri sanni að Vigfús Hákonarson sem kallast „ættgöfugur höfðingsveinn“ (AM 96 8vo:bl. 44v) hafi verið af eins konar aðalsættum.

... huad hann sialffur allt giorla og glogglega vppteiknad heffur J sitt Reysukuer og mä það þar aff gior siast og vitast aff þeim sem þess verdur unt og þess girnast (bl. 51v).

Lítill von er til þess að reisukver Vigfúsar hafi varðveist en það sem segir í ævisögunni um ferð hans mun vera ágríp af hans eigin lýsingu þar. Hugsanlegt er að með reisukveri sé átt við það sem á dönsku kallast *stambog* (þý. *Stammbuch*). Flestir þeirra sem fóru í námsferðir í lok 16. aldar og á fyrri hluta þeirrar sautjándu höfðu með sér litla bók og létu þá sem þeir hittu á leiðinni, dvöldust hjá um lengri eða skemmri tíma, kennara sína og prófessora, rita nöfn sín í bókina sem varð um leið eins konar skýrsla um ferðina. Þessi siður lá að vísu niðri eftir þrjátíu ára stríðið en komst aftur í tísku á átjándu öld (Helk I:229). Þó virðist líklegra að hér sé um ferðalýsingu að ræða en allmargar slíkar hafa varðveist í handritum (Helk II:35–39).

Þegar Vigfús hafði dvalist nokkrar vikur í Kaupmannahöfn lagði hann enn land undir fót, að þessu sinni með Þórði Þorlákssyni, síðar biskupi. Þeir fóru til Noregs og heimsóttu m.a. sagnaritara konungs, Þormóð Torfason, sem bjó þá á Stangarlandi á Körmt „huor þar sitiandi og bufastur var a Jord og eign sinnar Ehrlegu Eckta quinnu þar J Noregi adalborinni“. Um haustið var hann aftur kominn til Kaupmannahafnar og var þar við nám um veturinn. Sumarið 1670 fór hann heim til Íslands. Ekki er gott að segja hvers vegna hann hélt heim en í ævisögu hans segir:

fieck hann J sinne sins fodurlands afftur ad vitia, kann vera og aff radi og forlagi sinnar Ehrugoffugu modur. Tok þar fyrer fararleyffi og vitnisburd síns haalærda skolameistara D. Ostenfeldi ... (bl. 53r).

Óvíst er hvers vegna Helga Magnúsdóttir vildi fá son sinn aftur heim til Íslands áður en hann hafði lokið prófi í Kaupmannahöfn. Þegar komið er fram í nóvember sama ár er Vigfús enn heima á Íslandi. Þá veikist hann af mislingum og sú sótt leiðir hann til dauða. Í veikindum sínum hefur hann orðið að notast við einhver önnur bænakver en það sem systir hans gaf honum þegar hann sigldi utan, því að það hafði orðið eftir í Þýskalandi. Hér aftan við eru birt brot úr bænaþókinni og úr ævisögu Vigfúsar.

EXTRAVAGENTES 315

Morgunbæn a sunnudógum.

Herra Gud himneskur fader, þu eilífje Gud, blessadur sie þinn guddömlegur krafftur og almáttur, lofud sie þijn öseigiannlega gödgyrnd og myskun, vegsómud sie þijn eilífja speke, vjdsdo / mur og sannleike, ad þu hefur mig ä þessare vmlidenne nött med þinne hende huled og vnder skugga þinna vængia huijla og sofa läted, og fyrrer þeim vonda övin, og óllumm hanns heimuglegumm vielumm og svikum, næsta nädarsamlega verndad og vardveitt, þar fyrrer lofa eg þig vegna þinnar giæsku, / vegna þinna furdanlegra däsemdarverka, sem þu giórder vid mannanna sonu, og eg vil prijsa þig hiä sófnudenumm, þitt lof skal alla tijma vera J mijnum munne, mijn säl skal alla tijma vegsama þig minn herra, og allt huad J mier er skal prijsa þitt heilaga naffn og eg vil alldrej gleyma óllu / þuij sem þu hefur mier til göda giórt, suo lát þier nu þocknast það viliuglega offred mijns munns, huort eg fære þier ärla morguns J einfalldleik mijns hiarta. Eg kem ärla til þijn og äkalla þig, vppa þitt ord vona eg, eg vakna vpp J tijma og kalla til þijn, af óllumm hug og hiarta, ad / þu vilier eirnenn ä þessumm deige vardveita mig fyrrer óllumm häska lijfs og sälar og biöda þijnumm elskulegumm einglumm vmm mig ad þeir bevare mig ä ollumm mijnumm vegumm. Afstijr þu þeim Jllskufulla övin og óllumm hneixlumm þessa heims, stiörna þu þar med mijnu holde og blöde so eg verde ej af þeim yferbug / adur og briöte J einhuörn mäta störlaga ä möte þier, og stygge þig med mýnum syndumm. Styr þu mier med þijnumm h. anda, suo eg huxe ecke nie äforme, tale edur giöre neitt, vtann alleina það sem þier er þægelegt og þienar til þinnar guddömlegrar dyrdar, siä þu minn Gud, eg gef og offra þier mig J dag til eignar med óllu og óllu / vnder þinn vilia med lýffe og sälu, med óllum mætte og kraffte, bæde hid Jnra og Jtra, Lät þu mig vera þijna eigen eign, suo ad eg vite ecke nie skynie neitt annat enn þig drottenn alleinasta. O herra Gud, vyrstu ärla ad heyra mýna raust, ärla vil eg bua mig til þijn, og hafa þar giætur ä, snemma dags vil eg loffa þig, og ad kvóll / de ei af þuij läta, fyrrer vorn herra Jesum Christumm. Amen.

A fimtvdog

umm morgunbænen.

O herra Jesu Christe þu sem ert það eilýfa sanna / liös, sem burtrekur myrkur næturennar, og daudanns skugga, þitt nafn vil eg vegsama, þier vil eg lofsijngia og þacker gióra, ad þu hefur so nädarsamlega verndad mig ä þessare

nöttu, og leitt mig vr myrkrunumm til liössens, og verndad mig fyrer ögn næt-
 urennar, fyrer díóful / sens skelfijngu, draugumm og foriniumm, fyrer þeirre
 skadsamlegu drepsött sem J myrkrunumm lædest; fyrer marghättudumm sött-
 umm og siukdömmum, sem yfer mig hefde kunnad ad koma, og hefur
 vmmkrýngt mýna sál med þýnumm skyllde, og vakad yfer henne so sem einn
 hyrder / vaker yfer sinne hiórd, þar ad auke hefur allt huad eg hefe fyrer þijna
 störu myskunseme frá öllumm skada bevarad vered, fyrer slýka nádarsamlega
 vernd, og fyrer alla þijna velgiörnýnga sie þier æfennlegt loff og heidur, vmm
 þijna magt vil eg tala, og árla morguns þijna giæsku prýsa / þuý þu ert mitt
 trunadartraust mýn fasta borg, minn styrkur og hiálp, minn trufaste Gud ä
 huorn eg treyste, Þu gledur mitt hiarta, og giórer mýna asiönu gladværa. Eg
 bid þig fyrer þinn heilaga hijngadburd og manndöms teknýng, ad þu vilier ä
 þessumm deige láta þijna myskunseme vpprenna yfer mier, og / frammkoma,
 so sem fagrann morgunroda, og til mýn koma so sem eina morgundógg,
 Vpplys þu mýna blinda nátturu og formyrkuad hiarta med geisla þinnar
 guddömlegrar veru, so J mýnu hiarta vpprenne su retta morgunstiarna, og það
 sanna liös, sem mennena vpplýser til eilýfs lýffs. / Vardveittu mig einnenn a
 þessumm deige, fyrer öllu Jllu, vertu minn nädugur herra, þuý ä þig vona eg,
 mýn sál vænter þýn frá einnre morgunvókunne til annarar, Vertu minn styrkur
 armleggur, þegar snemmendis, og þar med mitt hiälpræde ä hörnungartým-
 anumm,⁶ vernda þu mig ä sälu og lýkama / so eg mæte ecke neinu vondu, og
 ad eingenn pläga nálæggest mig, Rek burt frá mier alla Jllsku anda, stattu hiä
 mier möte þeim Jllskufullu, kom þu mier til verndar möte þeim hreckvýsu. O
 herra Gud, frammkvæm þu hiä oss verk vorra handa, Já verk vorra handa
 vyrstu ad greýða / og ad styrkia vora armlegge og vora fijngur, og kenn oss ad
 hallda þijn bodord, so vier syndgumm ej J dag ä möte þier, þetta veittu oss
 vegna þinnar mýklu myskunar. Amen.

A fóstudógvm
 morgunbænenn.

Blessadur sie Gud minn skapare, blessadur sie / Gud minn heilsugiaffare,
 blessadur sie Gud minn hädste huggare, huór mier gefur heilbrygde, lýff og
 blessan, huor ad er mýn vernd og hiälp, og mig heffur effter sinne störu mysk-
 unseme, ä þessare vmmliðenne nött verndad, bæde ä sál og lýffe, fyrer marg-

⁶ Hér vantar í þýðinguna: Sey du mein Schirm wider die Hize / meine Hütte wider den heissen
 Mittag / meine Hut wider das Straucheln.

hättadre skadseme diófulsens, og lätéd mig komast / heilbrygda ä þennann dag. Eg bid þig minn himneske fader fyrer þann Blöduga sveita þjns elskulega sonar Jesu Christi, ad þu vilier eirnenn ä þessumm deige taka mig vnder þijna gudlega hlýfd, og hallda J hónd med mier, og vernda mig, bæde hid Jnnra og ytra, so mig hende ecke neitt vont, þuij ad J þijnar hendur befala eg / nu J dag og alla daga mýna auma sál, og minn vesælann lykama, mitt þurfanda lýff, mitt vit og skin, minne og skilnýng, og allt mitt sinne og hugskot, allt mitt aform, og allar mýnar huxaner, ord og verk, og allt huad eg gióre, og læt gióra, minn vtgäng og Jnngäng, mýna gaungu og / stódu, mitt sæte og legu, minn vilia og rádslógun, mýna Jdiu og asetnýng, og mýna tru og vidurkennyng, og allt huad eg er, eda efle og orka, bæde hid Jnnra og ytra, sómuledes mýn æfelok, dag og stund mýns andláts, minn dauda og vpprisu. O drottenn Gud verka þu med mier, so sem þu veist og villt, / huad sem kemur til þinnar dyrdar, enn mier til säluhiälpar, Og þar sem eg syndga J nockurn mäta af mýnumm breiskleika ä möte þier þä bid eg ad þu vilier ecke J burt taka fra mier þijna myskunseme, nie snua fra mier þinne näd, og ej vndann draga þijna hiälp, þuy þar er eingenn annar / Gud nie hiälpare, fyrer þig heffur eingenn vered, og ej helldur verdur neirn effter þig, þu ert sä fyrste og sijdaste, og fyrer vtann þig er eingenn Gud, þar fyrer kalla eg alleinasta til þijn, lættu þijna giæsku rijkia yfer mier Lættu mig arla finna þijna näd, þuij eg vona ä þig, / leid þu mýna fætur ä þeim retta veige, so eg gänge ecke J Råde þeirra ögudlegu, og stande ecke ä vegumm syndugra, nie sitie þar sem hiner hädgiórnu spottarar sitia, helldur ad eg hafe alla hiartanns list og elsku ä þijnu orde og bodordumm, Jdke mig þar J dag og nött, fyrer vorn / herra Jesum Christumm. A m e n.

Ein bæn

daglega – lesande.

Eilijfi, myskunsami Gud J þijnar öumrædilegar nadarinnar hendur befala eg nü mijna sal, minn Lijkama, öll mijn skilnijngar vit, skynsemi, huxan, ä / form, ord og giórder. Og allt hvad eg er, efle og orka, allt hvad mier ber ad gióra og adhafast hier j heime – ja allt það sem mier nytsamlegt er til lyffz og salar, minn jnn / gang og vtgang, mijna trü og vidurkiennijng, mitt lyferni. Minn dauda og æfilok, mijna roo og hvijlld, og vpprisu mijns lijkama Ja alla mig befala eg þier minn kiæraste Gud og drottinn, med öllum þijnum vtvólldum og heilogum til eilijfrar gledi og / saluhialpar, vmm allar allder allda Amen.

Ein lytil bæn!

Jesu þu kongur dyrdarinnar, hvad miog þyrster myna sal effter þier, mijnum lifanda Gudi. Nær mun eg koma þangad ad skoda þitt blessada andlit Amen. /

Ein bæn umm þijnuna CHRISTI. Äljttu Gud fader þinn elskulega son, hvor ed soddan pynu heffur minna vegna lidid, sia þu allra nadarfullasti kongur, hvor sa er sem lydur soddan þijsl, og þjnu og vertu lyknsamur þeim fyrer hvorn þu he / fur þetta allt lidid. Minn Drottinn er það ecke þinn elskulegur sonur hvorn þu heffur utgieffid þrælnum til endurlausnar, er það ecke brunnur lyffsins — hvor ed leiddur verður sem lamb til slátrunar becksins, og verid heffur hlydenn allt til dauda, og lided / heffur þann allra svjvirdelegasta krossins dauda: Drottinn alls hialprædis, hugleid þú ad þessi er þinn sonur, öummrædilega aff þier fæddur, og þu heffur latid hann þo verda hluttakara mijns veikleika, hann er jaffn þier j guddomenum, og heffur a sig tekid mijna auma natturu og / er festur a krossinn og hefur j manndomlegri natturu lidid þa beisku þjnu og kvól krossins. Drottinn Gud minn ljtt þjnum majestatis augum a þetta þitt öummrædilega myskunar verk, aljttu nu þinn elskulega son a krossinum hangandi, hvorsu allur hans / ljikame er vt þanenn. Sia hvorsu hann er alblodugur og fyrergeff mier myskunsamlega mijnar synder, sem eg heffi drygt med mijnum hóndum. Sia hvórsu grymmlega hans sijda er lógd J gegnum, og endurljffga mig med þvij heilaga blode sem þar ut aff rann, Lyttu a hans fætur / hvórj er ad voru flecklauser og geingu ei a veige syndugra helldur hafa þeir alla tijma geingid a gótu þinna bodorda, og sia hvorsu þeir eru j gegnum lagder og greid þu gotu mijna, epter þjnum fotsporum, og unn mier þess myskunsamlega ad eg utvelie veiginn / sannleiksins, enn hati alla ranga vegu, snu þú mier fra folskum veigi, og hialpa mier myskunsamlega. Eg bid þig þú kongur dyrdarinnar, fyrer þennan þinn allra helgasta son minn frelsara, lat mig ganga a veigi þinna bodorda, og med þvij hann heffur jklædst mijnu holldi, þa hiä / lpa mier til ad eg j daudanum mætti verda eitt med honum. Sier þu ecke, godi fader, hvorsu hoffudid þjns elskulega sonar hangier nidur j daudanum hvorjum ad eckiert er fyrer þier elskulegra, sia þu giæskufulli skapare kjarleik þjns elskulega sonar, og myskuna / þig yfer veikleik þinnar aumu skiepnu. Ljtt þu til o fader, hvorsu bert er hans hiarta, hvorsu raud og blödu er hans sijda — hvórsu veiker eru aller hans limer. Hvorsu sortnar fyrer hans blessudu augum, þa hans varer folnudu, þa hans armleggier styrnudu og hans / sterkier fotleggier hiengu og fætturnar voru sundurborader og alblodugier.

Hugleid þu, fader dyrdarinnar, og sia hvorsu lider og lymer þijns elskulega sonar eru sundur teigder, togader og særder, og mynstu nadarsamlega a þad, hvad vier aumar / manneskjur erum. Hugleid þijsl og þijnu sonar þijns sem er Gud og Madur, og lina eimd mannskepnu þinnar hvoria þu heffur skapad, lijttü a þijnu vors lausnara og fyrergeff þeim syndernar sem þu heffur frelsad. O þu hymneske fader, þessi er sa sem þu he / fur sleigid vegna synda þijns folks, þo hann væri þinn elskulegur sonur, hvor ad þier þocknadist, þesse er sa saklause og meynlause, med hvorjum ad ei voru nockur svik, þo var hann reiknadur medal illvyrkia. Myskunsame og mylldi fader hialpadu /

mier, so ad eg alla tijma
kunne ad hugga mig J þijns
elskulega sonar þijnu og
dauda, og med stóðug
ri trú þar uppa ad
treista, allt til
æfeloka.
Amen.

Ein fógur bæn.

Herra Jesu CHRISTE

/ hlyf þu mier med þinne hægre hende, og vernda mig so diófullinn kome mier alldrei nær, og hafe hvorke valld nie makt yfer mier, helldur hialpa þu mier svo ad eg meigi ohræddur vera under hymnesku skioli þinnar hægre handar, og enda / so mijna lijfdaga j fridi, þetta veittu mier, saker þijns heilaga naffns. Amen. /

ÚR ÆVISÖGU VIGFÚSAR HÁKONARSONAR

(AM 96 8vo:bl.44v–55v)

Var þessi heidurlegur ehrlegur og ættgoffugur hoffdingssueirn sínum astkiæru elsku forelldrú fæddur og J heiminn borinn a attunda ari þeirra hionabands sem fyrr skriffad er Anno 1647, huorn sinn vngann son þau strax þar effter sem fyrst matte, offrudu og gaffu, sialffum giaffaranum Gudi almattugum fyr- er þa heilogu endurgetningarlaug skyrnina; J huórri hann afftur endurbarst og fæddist Jesu Christo til oskabarns og nyrrar skiepnu fyrer krafft H. Anda J

ordinu og Sacramentenu. Sidann olst hann upp J sinne barnæsku, heima hiä sinum agiætum foreldrum, under þeirra Bæn og blessun, forsiön fostri og vmmhyggiu. Þar til hann fyrer Guds Naad smamsamann þroadist ad all dri vitsku og nad hia gudi og monnum sem og odrum likamans vexte og þroska.

Sem nu var þanninn hans vngdoms arum komid kalladi gud almättugur fra honum og odrum virdulegum astvinum vr þessu veralldar volki til sin J eilyffann frid og fognud, hans goffuga fodur Hakon Gislason sællrar Minningar fyrer timanlegann affgang. A þessa hans elskulega sonar fiorda edur fimta alldurs äri og tok þa þegar hans Ehruprydda moder vid allri vmhiggiu, rädi og forstodu, bædi fyrer honum og ollum odrum hans ungum systrum og ollum þeirra eignum sem ollum odrum huss og heimilis radum og gieck þeim so lofflega og þridilega J fodur og modur stad sem fyrer ollu þessu landi er vidfrægt og alkunnugt ordid. Lagdi hun þa strax alla stund ä þennann sinn vnga son, asamt ollum hinum odrum sinum elskulegum bornum J christilegum aga vmmvondun og otta drottins og ollu pryðilegu sidgiædi, sem og somasamlegum listum og mentum, sem ser huoriu kyni fyrer sig hliddi og hæfdi. Enn þessum sinum vnga syni hieilt hun til boklegra lista og kunnattu fyrst heima hiä ser under sinne vmmision aga og vmmvondun enn tilsogn þeirra sem henni leist þar til ad trua. Skómmu þar effter a þa henni syndist hann þar til fær fyrer alldurs saker let hun hann sendast J tilsogn heidurlegs kennimans S. Erasmi Paalssonar ad Holum J Ytra Repp til ad nema þar fyrstu vpptók Latinu malsens skrifftar og saunglistar, þar dualdist hann med agiætu mannordi og vitnisburdi gödrar natturu og sidpyrdis J tuo vetur. Þar effter ä var hann til enn meiri frammferdar J Latinu malsinns vnderstödu og annars lofflegs bokanäms J kiendslu sendur til heidurlegs og vellærds kennimans s. Thorffa Jonssonar soknarprests ad Gaulveriabæar og Stoxeyrar kyrkna; enn profasts her J Arness þingi, huar hann og stadnæmdist adra tuo vetur, huar hann ser og J besta mata kom J ollu godu frammferdi og sidpyrði, þeckur og giedfelldur ollum, sem gödu og sidsömu vngmenni hæffer bædi til orda og athæffis.

Og sem hann haffdi þar nockurn gödann grundvoll lagt bokamentanna og Latinu tungumäls var hann nu frammveigis aff sinne agiætu og elskulegu modur, feinginn til vmmisionar Biskupenum M. Bryniolffi Sueinssyni huorn hann þegar medtök og skickadi asamt annarra heidurlegra og erlegra manna bornum J Skalhollts domkyrkiu skola. Og dualdist hann þar J sex vetur samfleitt J gödri frammför bædi lærdöms og liffnadar bædi sinum scholameisturum og medbrædrum og ollum odrum þægilegur og þocknanlegur J allann mäta.

Ad lidinne þessara sexueta scholavist gíeck hann þaðann með heidurlegum lofflegum og ærlegum vitnisburdi allra þeirra sem hlut ad attu og til hans ærlegs dagferdis vissu aff þeim ollum og sierhuorium J besta mata virdtur og elskadur.

Síðann þar effter vmm næstu tuo ár var hann einatt vid og vid J vmgeingni og samferdum vid Biskupenn, huorium hann so vel þá, sem fyrr sierlega vel gediadist og þocknadist vegna þeirrar æru og dygðar, hoguærdar og hreinlyndis sem hann liet þá ä sier siäst og sannast, þui meir sem ár og alldur Jukust og afærdust verandi suo huors mans hugliuffi meirahattar mans og minna.

Nu sem hann var ordinn fulltida og arborinn⁷ var hann með Biskupsens Commendatiu og sinna scholameistara pridelegum vitnisburdum aff sinne virdulegu elsku mödur utsendur til þess vidfræga og lofflega universitetz Academie og haaskola J Kaupinhaffn huar Jnni hann skylldi enn frammar og frekar byggia uppa þann grundvöll sem hann haffdi adur J fodurlandinu til boklegra menta og lista lagt; huar til hann var og medtekenn aff heidurlegum og haalærdum herrum og professorum þeirrar konungl. Academiae og Deponeradi; það er gíeck með sínum ceremonium Jnn J tølu og ordu studenta og lærisueina sem boklegar lister Jdka og með hond haffa; huad effter almennilegri visu skiedi þann 14 dag September Anno 1668. Var þá það ar Magnificus Academiae Rector heidurlegur og haalærdur mann D. Christian Ostensfeld læknings listar Doctor einhuór hinn vidfrægasti og Professor þeirrar lofflegu listar J sama Academia. Enn decanus philosophiae er hann hertil medtok og vigdi heidurlegur og haalærdur mann M. Jens Birckerod þann tíð professor J hinne somu Academiu þess griska tungumäls. Kaus hann ser þá og vtvaldi til serdeylis scholameistara og forsonar mans sinna Jdkana velneffndann herra Doctor Ostensfeld og þar effter var hann Jnnleiddur J almennilegt klaustur, huórt Kongl. Majestas helldur til naudsynlegs vppheldis fosturs og fædis, þeim studiosis sem þar til verda medteknir komandi sier þar og sem fyrr vid alla J hinn allra besta og æskilegasta mäta. Eigi løngu þar effter fysti hann ad kannu onnur framandi og okiend lond og framandi stadi sialffum ser til meyri frodleiks og frama J vmmgeingni vid ökunnugar pioder, heyra tal og sia sidferdi vitra og velskickádra manna og það effter ad haffa sem honum þötti sæmilegast: og með þui þá gaffst gott færi þar til aff þui ad konungl. Majest. Haaborinn Herra og fyrsti Kong Frederick sa þridie Danmerkur og Noregs Gauta og Vinda etc. arffherra og kongur vort hädsta yffervalld, haffdi þá vt-

⁷ Þ.e. réttborinn til arfs.

buid Gesanta og legata til haaborens herra Chiorfurstans aff Saxen hans Kongl. Majest: dottur manns til ad vera Gudfader ad skyrnar embætti Herra Churforstans nyfædda unga sonar hans Majest: dottur sonar J hans hatignar stad. Þa var þar til kosinn og vtualinn Ehrlegur og hædla Herramann Jost Haug etc.

Nu sem þessi sæli og salugi vngi hoffdings sueirn þad fornam ad þessi konungsens legata ferd og reysa var fyrer hendi villdi hann sig þar J bland til samferda geffa med herra legatans fylgd og foruneyti; med leyffi og samþycki sins scholameistara og annara haalærdra Herra Professorum J Kaupinhaffn enn ad radi og underlagi heidurlegs og hælærds mans M. Thordar Thorlaks-sonar; Nu til neffnds vice superintendentis þessa Skalhollts stiftis aff kongl. Majest. hatign Enn Ordinarii Superintendentis þegar Gud vill so tilfalla lata, ad honum þad plats og embætti tilfalli, sins hävirtda nafrænda og astvinar var hann og so aff velneffndum herra legatanum J þa ferd liufflega medtekinn og Reysti so ut J hans fylgd frá Kaupinhaffn 2 Januarii J fyrra vetur 1669 og Reysti umm Selland retta leid ad Belltis sionum og þar yffer sioleydis til Nyborgar ä Fione þadann Reysti hann til þess gamla stadar og borgar sem Biskups stollinn a Fione stendur er neffndest Odensey Og suo þuert Fions land ad Medalfells sundi og so Jnn J Holsetu land til Flens borgar, kom og so J þeirri ferd til þeirrar mektugu og vidfrægu Hamborgar, þadann yffer Elffina til Lineborgar og so upp effter Pyskalandi, til margra stada og borga einkum Magdeburg og til Leipzig þar til hann umm sider med fyrrskriffadri fylgd, komst vel og farsællega til Herra Kiorforstans Residentiz og heimilis bustadar Dresen [svo], huar hann sa þad pridelega Solemmte⁸ statz dyrd og fegurð og alla tignarlega skickun sem hoffd var bædi J medtoku og Jnnleidslu storcherra sendiboda bædi þess Romverska keysara hans Majest aff Danmorck Kiorforstans brodurs og margra annara þyskra Herra; huorium til þessa barns skyrnar statz og vegsemdar haffdi boded verid. So var hann og einninn nærstaddur og vidverandi vid skyrnar Embættid sialfft Jnnann þeirrar kyrkiu sem þad vard frammflutt og sa allt og serhuad þess hattalag og frammferdi og þann Process sem til kyrkiu og frá var haffdur og allt þad skraut og skart sem vid var hafft bædi J kyrkiunni vid barnid, a þeim herralegum personum sem vidstaddar voru, vissi og til huorminn sidan framm för J þui tignarlegu gestabodi er sidan var hafft og halldid J Chorforstans holl og sal effter þad heim var komed afftur fra kyrkiunni og su skyrnarþionusta var frammflutt.

⁸ P.e. solennität (þý.) úr lat. sollemnitas, hátíðleiki, hátíðahöld.

Effter þetta sa hann onnur herlegheit og vegsemd bæði a Chorforstans kunsta Camertze, Radhuse og thihuse⁹ Þar J Dresen huad hann sialffur allt giorla og glogglega vppteiknad heffur J sitt Reysukuer og mä þad þar aff gior siast og vitast aff þeim sem þess verdur unt og þess girnast: Fra Dresen Reiste hann sidan afftur J veg og kom vid vmm leid, sä og skodadi þann naffnfræga stad og borg Wittenberg huar hann skodadi þær hellstu meniar og Monument sem þar er ad finna. Reysti þadan afftur offann effter Pyskalandi og kom vid J morgum stodum og borgum bædi þeim sem adur haffdi hann gist J framforinne og so odrum þeim sem fyrr haffdi hann eckj J dualist. Kom so vmm sider med lucku og farsælld heim afftur til Kaupinhaffnar vmm vorid under paska. Þar dualdist hann enn sidann nockrar vikur frammeffter þar til hann tok sier fyrer ad reysa til Noregs med velneffndum Herra M. Thordi Thorlakssyne. Kom þa til þess lands plats sem neffnist Stangarland og gisti þar hia sinum landsmanni, Erlegum Heidurlegum og Vellærdum Manni, Þormödi Thorffasyni, Kongl. Maystetis Antiqvario, huor þar sitiandi og bufastur var a Jord og eign sinnar Ehrlegu Eckta quinnu þar J Noregi adalborinni Og þad sumar ut dualdist hann þar, kom sidan afftur vmm haustid til Kaupinhaffnar og utendi þar allann næstfygiandi vetur Jaffnan þa sem alltid fyrr J æru og sidsemi astsemd og liufflegri vmmgeigni vid alla menn Meyri hattar og minni, bædi sina lands menn og þar lenda, med gudhrædslu hogværd mäta og hoffsemi og ollum þeim Manddygdum sem goffugum loffligum manni ber og hæffer ad sier ad haffa.

Enn ad vmmlidnum þeim vetri og framm a vorid lided fieck hann J sinne sins fodurlands afftur ad vitia, kann vera og aff radi og forlagi sinnar Ehrugoffugu modur. Tok þar fyrer faraleyffi og vitnisburd sins haalærda skola-meistara D. Ostenfeldi med þeim odrumm sem honum þotti vmmvarda huorier aller hann hingad recommenderudu afftur til syns fosturlands og heima þeir vitnisburder ser likast huad loffligu mannordi hann heffur þar akomist J ollu agiætu sidgiædi dygdum og Mannkostum vid alla menn huar sem kom var og för. Var so afftur hingad til vor kominn aff godri hylli vinsælld og æskulegu ollu Einkum og sierdeylis kærkominn sinne dygdum pryddri modur og Elskulegum systurum.

Heffur ser sidann utkom a vmmlidnu sumri verid hagad og hegdad med ollu sømu Ehrlegu radvöndu og lastvóru frammferdi, lofflegu mannordi og

⁹ Hér mun vera átt við tøjhus eða tyghus á dönsku sem er sama orðið og Zeughaus á þýsku og merkir vopnageymsla. Ég þakka Ólafi Halldórssyni fyrir að aðstoða mig við að lesa og skilja þetta orð.

astudlegri Vmmgeingni med bestu tillogum fyrer alla Menn, komandi þar æ tíð framm sem ollum matti betur haga og gegna so sem hans almennings Romur enn nu a þessum deigi og Jaffnan þangad til vitnar og hliomar, þurffandi þui ei framar ad fiolyrda umm þad sem heyrum er kunnugt og almennilega vidfrægt.

Nu þann 6. Novembris J haust þessa ars 1670 fann hann til sottar kuilla og veikleika huor so odladist og þröadist fyrst hægt sidann framar so hann lagdist til sængur og hieilt þar vid olldungis J þriä daga sem var fostudaginn laugardaginn og sunnudaginn, alla tíma fyrer Guds Naad med allri heillri rænu, viti og skinsemi J heilagri þolinmæði, sem hann Nu fann og formerkti til huors enda þessi sott (er menn hallda verid haffi Mislingasott sem her nu vmmgeingid heffur Og hellst ungt folk heimsokt huoria hann haffdi ecki adur feingid til huórrar og menn þottust sia meniar og likendi) mundi draga vilia eda meiga, girntist hann alvarlega og hiartanlega og oskadi Jnnelega Herrans kuolldmaltidar Sacramentis sier til styrkingar og vegar nestis, huad sem Gud villdi aff verda lata; Huad göður gud og effter honum liet þui hann þad odladist og medtok aff Heidurlegum vellærdum kennimanni s Teite Peturssyni dömkýrkiunnar prestis ad Skalholti þui hans soknarprestur s. Hordur Bardarson var þa ei heima fyrer hendi so Menn vogudu ecki hans heimkomu ad biða J þeirri Naudsyn sem tilstöð sem litlu sidar gaff raun vitni effter heilags Sacramentis medtoku var eckert annad ad merkia enn ad hann sig med ollu litilæti, Gudhrædslu og godfysi tru von ast og effterlongun og bæñ affhendti sig Gudi til göðrar og Gudlegrar heimferdar til guds rikis, Liggiandi J spekt og kyrd framm a Nottina J mille sunnudags og mänudags; þa uppfyllti drottinn hans girnd, osk og Bæñ sómu Nott sem var i midli hins 13 og 14 dags Novembris a þessu ari 1670 Enn a 23 ari hans alldurs J nærveru adur neffnds heidurlegs kennimans sera Teits Peturssonar og annara fleyri erlegra danumanna J þann mäta ad hann vmm lesna drottinlega Bæñ Fader Vor sneri sier sialffur til veggjar upp J sænginni effter dæmi Ezechiaë kongs befallandi sig godum Gudi lagdi saman sínar fætur; sofnadi so med hægasta moti so sem til naturlegrar huilldar og gaff þeim upp sina blessudu og helgudu ond, þeim J Myskunar hendur sem honum haffdi hana adur geffid J skopuninni Endurlausninni og Helguninni Gudi fodur og syni og H. Anda; Huort haleitt hennar heilaga Naffn sie loffad vegsamad og blessad Vm allar Allder Allda Amen.

HEIMILDIR

- Árni Magnússons levned og skrifter udgivet af kommissionen for det arnamagnæanske legat I-II. 1930. København.
- Bjarni Einarsson. 1993. Um Eglutexta Möðruvallabókar í 17du aldar eftirritum. *Gripla* 8:7–53.
- Frederiksen, Britta Olrik. 1993. Prayer Books. 1. East Norse. *Medieval Scandinavia. An Encyclopedia*:514–515. New York.
- Guðrún Kvaran. 1997. Íslensk málfræði Jóns A. Hjaltalín. *Milli himins og jarðar*. Erindi flutt á hugvísindafingi guðfræðideildar og heimspekideildar 18. og 19. okt. 1996: 287–297. Reykjavík.
- Hansson, Stina. 1991. *Ett språk för själen*. Litterära former i den svenska andaktslitteraturen 1650–1720. (Skrifter utgivna av Litteraturvetenskapliga institutionen vid Göteborgs universitet 20). Göteborg.
- von Heinemann, Otto 1900. Die Augusteischen Handschriften 4, *Die Handschriften der herzoglichen Bibliothek zu Wolfenbüttel* 7:2. Wolfenbüttel.
- von Heinemann, Otto 1903. Die Weissenburger Handschriften, *Die Handschriften der herzoglichen Bibliothek zu Wolfenbüttel* 8:3. Wolfenbüttel.
- Helk, Vello. 1991. *Dansk-norske studierejser 1661–1813 I-II*. Odense Universitetsforlag, Odense.
- ÍÆ = Páll Eggert Ólason. 1948–1952. *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940 I–V*. Reykjavík.
- Jón Helgason (ed.). 1956. The Saga Manuscript 9.10. Aug. 4to in the Herzog August Library, Wolfenbüttel. *MI* 3. København.
- Krummacher, Hans-Henrik. 1986. Überlegungen zur literarischen Eigenart und Bedeutung der protestantischen Erbauungsliteratur im frühen 17. Jahrhundert. *Rhetorik. Ein internationales Jahrbuch* 5:97–113.
- Lexikon zur Geschichte und Gegenwart der Herzog August Bibliothek Wolfenbüttel*. 1992. Útg. Georg Ruppelt og Sabine Solf. (Lexika europäischer Bibliotheken 1). Wiesbaden.
- Lindgärde, Valborg. 1996. *Jesu Christi Pijnos Historia Rijmwijs betrachtad. Svenska passionsdikter under 1600- och 1700-talet*. Lund University Press, Lund.
- Lindgärde, Valborg. 1998. Andaktslitteratur och svenskt 1700-tal. *Opplysning i Norden*. Foredrag på den XXI. studiekonferanse i International Association for Scandinavian studies (IASS) arrangert av Skandinavistische Abteilung, Germanistisches Seminar, Universität Bonn 5.–11. August 1996:317–324. Ritstj. Heiko Uecker. Peter Lang, Frankfurt.
- Már Jónsson. 1998. *Árni Magnússon. Ævisaga*. Reykjavík.
- Moller, Martin. 1655. *Meditationes Sanctorum Patrum*. Godar Bæner / Gudrækelegar Huxaner / Aluarlegar Idranar Aminningar / Hiartnæmar Þackargjörder ... Vr Bokum þeirrar Heilogu Lærefedra / Augustini / Bernhardi / Tauleri / og fleire annara. Saman lesnar í þysku mæle ... Prenntadar ad nyu a Hoolum j Hiallta Dal.
- Ólafur Halldórsson (ed.). 1968. *Kollsbók = Codex Guelferbytanus 42. 7*. Augusteus quarto. Handritastofnun Íslands, Reykjavík.
- Ólafur Halldórsson. 1973. *Áns rímur bog sveigis*. Íslenzkar miðaldarímur II. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Páll Eggert Ólason. 1926. *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi IV*. Reykjavík.

- Richter, Daniel. 1660. *Thesaurus oratorius novus: Oder ein neuer Vorschlag, wie man zu der Rednerkunst nach dem Ingenio dieses seculi, gelangen ... koenne* / - Nuernberg.
- Stefán Karlsson. 1997. Skrifarar Þorláks biskups Skúlasonar. *Skæðagrös*. Skrif til heiðurs Sigurjóni Björnssyni sjötugum 25. nóvember 1996:175–200. Reykjavík.
- Svavar Sigmundsson. 1977. Handritið Uppsala R:719. *Opuscula* II. Bibliotheca Arnamagnæana XXV. Munksgaard, København.
- Svavar Sigmundsson. 1993. Prayer Books. 2. West Norse. *Medieval Scandinavia*. An Encyclopedia:515. Garland, New York.
- Sýslumannaæfir* = Bogi Benediktsson. 1881–1932. *Sýslumannaæfir*. Með skýringum og viðaukum eptir Jón Pétursson jústítíarius. I–V. Reykjavík.
- Porleifur Hauksson og Þórir Óskarsson. 1994. *Íslensk stílfraði*. Mál og menning, Reykjavík.

SUMMARY

The Herzog August Library in Wolfenbüttel possesses a large collection of manuscripts and printed books from the early modern period. Three Icelandic manuscripts were known to be there, and a fourth came to light in the summer of 1996 when the author of this article was in Wolfenbüttel on research leave. When she was invited to examine an attractive prayer-book from the seventeenth century, registered as Swedish in the library's catalogue, she quickly discovered that the prayer-book was Icelandic, and that its first owner was Elín Þorláksdóttir (1640-1726), daughter of the Hólar bishop Þorlákur Skúlason. Elín appears to have given the book to her cousin, Elín Hákonardóttir, who in turn gave it to her brother Vigfús. Vigfús died at the early age of 23; an account of his life, preserved in manuscripts, was written by Bishop Brynjólfur Sveinsson and delivered at the Bræðratunga church on the occasion of Vigfús's funeral in 1670. From this account we may infer how the manuscript came to Germany. This article discusses the owners of the manuscript, as well as its contents and history. It also prints a passage from the prayer-book and another from the account of Vigfús Hákonarson's life.

Margrét Eggertsdóttir
Stofnun Árna Magnússonar
Árnaverði við Suðurgötu
101 Reykjavík
megg@hi.is

MÁLSTOFA

CARL PHELPSTEAD

A NEW EDITION OF BISKUPA SÖGUR¹

1

The one thousandth anniversary of the conversion of Iceland to Christianity is being marked by the publication of a new edition of sagas, *þættir* and other short texts dealing with the history of the church in medieval Iceland. The texts are being included in the *Íslensk fornrit* series published by Hið íslenska fornritafélag and constitute a welcome extension of that series beyond the genres of *Íslendingasögur* and *konungasögur*. Three volumes have so far appeared, with editions of the sagas of Bishop Guðmundr Arason still to come.

The new edition is entitled *Biskupa sögur*, but the contents of the volumes are more diverse than this title might suggest. Alongside a history of the first five bishops of Skálholt there are hagiographic lives of Iceland's two saint-bishops, and *samtíðarsögur* of two later bishops. The new edition also includes collections of miracle stories, fragments of the Latin life of St Þorlákur, a saga about the Conversion of Iceland, and several short narratives (not all involving a bishop) extracted from larger texts. A common aim of all the texts, however, is to ensure, as the author of *Hungrvaka* puts it, that readers may know 'hvernig eða með hverjum hætti at hér hefir magnazk kristnin ok byskupsstólar settir verit hér á Íslandi, ok vita síðan hverir merkismenn þeir hafa verit byskuparnir er hér hafa verit' (*ÍF* XVI:4).

¹ Biskupa sögur I–III. 1998–2003. General editor Jónas Kristjánsson. *Íslensk fornrit* XV–XVII. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

Kristni saga, Kristni þættir, Jóns saga helga, Gísls þátrr Illugasonar, Sæmundar þátrr. 2003. Ed. Sigurgeir Steingrímsson, Ólafur Halldórsson, and Peter Foote. *Íslensk fornrit* XV. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

Hungrvaka, Þorláks sögur helga, Jarleinabækur Þorláks helga, Páls saga byskups, Ísleifs þátrr byskups, Latínubrot um Þorlák byskup. 2002. Ed. Ásdís Egilsdóttir. *Íslensk fornrit* XVI. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

Árna saga byskups, Lárentíus saga byskups, Söguþátrr Jóns Halldórssonar byskups, Biskupa ættir. 1998. Ed. Guðrún Ása Grímsdóttir. *Íslensk fornrit* XVII. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

The first volume of the new edition (published most recently of those that have appeared) comprises two separate parts, one containing introductory material, and the other the texts themselves. The first part begins with two general essays introducing the edition as a whole. Ásdís Egilsdóttir puts the bishops' sagas into a literary historical context, relating them to European hagiography and to the *gesta episcoporum*. She uses an Icelandic version of a martyr's *passio* (*Lárentíus saga píslarvotts*) and Snorri Sturluson's saga of St Óláfr in *Heimskringla* to illustrate the conventions of hagiography for a non-specialist audience and then proceeds to discussion of the rise of confessors' cults, noting that the Icelandic bishops who became saints belong to a subgroup of 'holy bishops', many of whose *vitae* were translated into Icelandic (p. xvii). Guðrún Ása Grímsdóttir contributes an essay which puts the conversion and Christianisation of Iceland into a broader European historical perspective. She also provides a brief overview of some aspects of Icelandic ecclesiastical history, drawing on material other than the bishops' sagas (annals, diplomas and the *máldagar*).

These essays are followed by introductions to the texts which occupy the second part of *ÍF* XV, beginning with *Kristni saga*, which is edited and introduced by Sigurgeir Steingrímsson. This saga, which spans the period 981–1121, can be dated to between c.1237–50 on the basis of comparison with other texts (*ÍF* XV:cliv). A fragment of the text is preserved in Hauksbók (AM 371 4to; copied c.1300) and a complete copy in a seventeenth-century manuscript, AM 105 fol. Sturla Þórðarson has been suggested as a possible author of the saga, but although many saga editors in the past have given the impression that hunting down named individuals as authors of anonymous texts was some kind of obligatory sport, Sigurgeir Steingrímsson seems happy to accept that '[h]öfundur sögunnar er óþekktur' (*ÍF* XV:clv).

The writer of *Kristni saga* provides a fuller (though not necessarily trustworthy) account of events reported in Ari Þorgilsson's *Íslendingabók*. The saga begins with Þorvaldr Koðránsson raiding abroad and encountering and being baptized by a bishop Friðrekr. At Þorvaldr's invitation the bishop comes to Iceland to evangelise, with Þorvaldr acting as interpreter. The activities of the bishop and his assistant open them to ridicule, however, and Þorvaldr takes revenge for some scurrilous verses accusing him of having fathered nine children on Friðrekr. The bishop refuses to remain in his company after this and they go their separate ways. After the failure of a further mission to Iceland by an Icelander called Stefnir, Óláfr Tryggvason sends his priest Pang-

brandr to Iceland. He achieves a notable success by converting Síðu-Hallr, but also faces powerful opposition, surviving the loss of his horse when the ground opens under him, and the wreck of his ship (attributed by the poet Steinunn to the action of Þórr). When Pangbrandr returns to Norway and reports on his reception the king's anger is assuaged only by two Icelandic Christians, Hjalti Skeggjason and Gizurr hvíti, who promise to go back to Iceland to secure its conversion. When the Christians and pagans meet at the Alþingi, the pagan law-speaker Þorgeirr emerges from under his cloak to declare that all Icelanders are to become Christian. At this point the saga returns to Þorvaldr Koðráns­son and Stefnir Þorgilsson who are both said to have gone to Jerusalem, Constantinople and Kiev, with Þorvaldr dying at Polotsk 'ok kalla þeir hann helgan' (ÍF XV:37). Stefnir is later killed in Denmark. The final part of the saga recounts the role of Gizurr hvíti and his family in the establishment of the church in Iceland.

The longest section of Sigurgeir Steingrímsson's introduction to *Kristni saga* (pp. lxii–cxxxix) is a painstaking comparison of the contents of the text with other accounts of the conversion and early ecclesiastical history of Iceland (the relevant texts are helpfully listed on p. lxii). This discussion begins with a summary of the views of the five scholars (only) who have dealt in detail with the question of *Kristni saga's* relations with other texts, from the important and influential work of Björn M. Ólsen published in 1893 to a recent article by Siân Duke which appeared in 2001. Sigurgeir endeavours to keep his presentation of the evidence separate from his interpretation of it. He argues against Ólsen's view that there was a *Þorvalds þáttur* in Gunnlaugr Leifsson's life of Óláfr Tryggvason and in favour of the idea that *Kristni saga* itself was a source for the *Kristni þættir* preserved in *Óláfs saga Tryggvasonar en mesta* (p. cxxxix). Where so much depends on speculation about the contents (or even existence) of lost source texts a variety of views is, however, always likely to remain: Sigurgeir's conclusions contrast remarkably with those of Ólafur Halldórsson later in the volume.

Several short episodes concerning the conversion of Iceland are preserved in *Óláfs saga Tryggvasonar en mesta* and Ólafur Halldórsson, who was responsible for the recently completed edition of that text, has edited these *þættir* for inclusion here. *Óláfs saga Tryggvasonar en mesta* was put together in the first part of the fourteenth century from a variety of sources and Ólafur suggests its compiler intended to produce a comprehensive account of the king's reign comparable to the *Separate Saga of St Óláfr* by Snorri Sturluson

(p. clxi). The base text of the saga used for this edition of the þættir is AM 61 fol, a manuscript from the second half of the fourteenth century. This is the first time the conversion episodes from the saga have been extracted in this way and printed as a corpus, and some readers may question whether there are substantial advantages to be gained from thus detaching them from their context in the larger work.

